KLÆDDU AF ÞÉR KULDANN
TÍSKA 86



SLITNIR GÍTARSTRENGIR OG TÓMAR BJÓRFLÖSKUR

Fréttablaðið fylgist með múm á túr.
HELGIN 56









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

5. desember 2009 — 288. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


VIÐTAL 48



Huldar Breiðfjörð og Færeyingarnir

UMFJÖLLUN 38

Minni afleiðingar kreppu í Dúbaí

BÆKUR 60

Bestu og verstu bókakápur ársins



TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG







**Á KAFI Í JÓLAUNDIRBÚNINGI** Nú styttist óðum í að jólin gangi í garð enda er annar í aðventu á morgun. Undirbúningur jólanna er kominn á fullt og mörgum þykir ekki seinna vænna að huga að jólagjöfum og jafnvel jólafötunum FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Icesave að slá met

**Þingmenn hafa tekið til máls í 2.387 skipti um Icesave. Umræðurnar slá við lengstu umræðum hingað til, sem stóðu í 101 klukkustund um EES-samninginn.**

**ALÞINGI** Umræður um síðara Icesave-frumvarp ríkisstjórnarinnar höfðu staðið í um 95 klukkustundir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Þá stóð yfir kvöldfundur á Alþingi. Fjölmargir þingmenn voru á mælendaskrá.

Í gærkvöldi vantaði sex klukkustundir til þess að Icesave-umræðurnar yrðu þær lengstu sem staðið hafa á Alþingi, frá því að þingið fór að starfa í einni málstofu árið 1991. Þrjár umræður um EES-samninginn stóðu samtals í 101 klukkustund þingveturinn 1992-1993. Rætt var um fjölmiðlafrumvarp í 83 klukkustundir árin 2003 og 2004.

Icesave-frumvarpið er annað frumvarp ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgð á lántöku tryggingasjóðs innstæðueigenda. Fyrra Icesave-frumvarpið var rætt í 43 klukkustundir á Alþingi í sumar.

Ef ræðutími fyrra og seinna Icesave-frumvarpsins er lagður saman var hann í gærkvöldi orðinn 138 klukkustundir.

Þingmenn hafa farið 1.754 sinnum í ræðustól til að tjá sig um seinna Icesave-frumvarp ríkisstjórnarinnar. Fluttar hafa verið 172 ræður en 1.581 stutt athugasemd. Á sumarþingi fóru þingmenn 633 sinnum í ræðustól, fluttu 86 ræður en gerðu 547 athugasemdir. Alls hafa þingmenn því tekið til máls í 2.387 skipti um Icesave.

Fram til 1991 starfaði Alþingi í tveimur málstofum. Lagafrumvörp gátu þá þurft allt að níu umræður í þinginu. Ekki eru til upplýsingar um umræðutíma einstakra mála fyrir 1991.

Samkomulag um framhald þingfunda lá ekki fyrir um áttaleytið í gærkvöldi. Forseti Alþingis átti þá fund með fulltrúum flokkanna.

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna kynntu í gær tillögu um að vísa Icesave-málinu frá Alþingi og til meðferðar hjá ESB.

„Við höfum gert þrjár meiriháttar tilraunir til að koma vitinu fyrir þau, en þær hafa ekki borið árangur,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

- pg / sjá síðu 6

Dregið í riðla fyrir HM:

## Brasilía er í dauðariðlinum

**FÓTBOLTI** Brasilía og Portúgal verða í dauðariðlinum á HM næsta sumar ásamt Fílabeinsströndinni og Norður-Kóreu. Dregið var í riðlana í gær.

Englendingar sluppu vel og mæta Bandaríkjunum, Alsír og Slóveníu.

Ítalía og Spánn sluppu samt líklega hvað best en þær þjóðir eru í afar veikum riðlum.

Opnunarleikur keppninnar verður viðureign heimamanna í Suður-Afríku gegn Mexíkó.

- hbg / nánar á síðu 100

Fráfarandi bankastjóri Arion:

## Eðlileg beiskja hjá almenningi

**FÓLK** „Af því að fólk er að glíma við erfiðar afleiðingar hrunsins þá er tilhneiging til að kenna öðrum um eigin ófarir eða erfiðleika sem við er að glíma. Í gangi er því einhver beiskja og vantraust og trúnaðartraust milli fólks og banka hefur beðið skaða,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, sem hættir sem bankastjóri Arion banka um áramótin.



FINNUR SVEINBJÖRNSSON

Í helgarviðtali segir Finnur einnig frá því að honum hafi komið þægilega á óvart að ótti um afskipti stjórnmálamanna af rekstri Nýja Kaupþings – síðar Arions – reyndist ástæðulaus. „Einhverjar sögusagnir sem verið hafa á kreiki um að ráðherrar hafi verið á vappi og beitt sér í 1998/Haga-málinu eru bara rangar,“ segir bankastjórinn. - gar










## SPURNING DAGSINS



*Halldór, vitið þið þá nokkuð um hvað þið verðið að fjalla, bræðurnir?*

**„Já, já, við komum ekki af fjöllum í þessum efnum."**

Karlakórinn Fjallabræður tekur þátt í risavöxnu alþjóðlegu verkefni þar sem kórar um allan heim syngja Bítlalagið All You Need Is Love á sama tíma. Halldór Gunnar Pálsson sagði kórfélögum að henda textablöðunum, þetta væri ekkert flókið.

Vegagerðin ámálgar breytingar á grunnáætlun Eyjaferjunnar Herjólfs:

# Vilja fækka ferðum til Eyja

**SAMGÖNGUR** Bæjarráð Vestmannaeyja harmar að sú hugmynd sé komin upp að fækka ferðum Herjólfs enn frá því sem nú er. Ráðið fjallaði um málið í gær og sagði hugmyndirnar færa samgöngur til Eyja langt niður fyrir skynsamleg sársaukamörk, eins og segir í frétt á Eyjar.is.

Vegagerðin hefur óskað eftir því að kannaðir verði möguleikar til lækkunar kostnaðar með því að fækka ferðum Herjólfs um tvær á viku tímabilið janúar til og með apríl á næsta ári.

Rekstrarstjóri Eimskipa segir í bréfi til bæjaryfirvalda að mat Eimskipa sé að sársaukaminnst sé að farin verði ein ferð á miðvikudögum og seinni ferð þá sleppt. Einnig er lagt til að farin verði ein ferð á laugardögum.

Bæjarráð telur að samfélagið geti ekki sætt sig við skerðingu frá því sem nú er, en tvær ferðir eru grunnáætlun ferjunnar. Minnt er á að innan skamms verði hætt með flug milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, Bakkaflug liggi niðri, hætt hafi verið við nýsmíði á ferju og engar upplýsingar fáist um gjaldskrá og áætlun Herjólfs í Landeyjahöfn.

Bæjarráð mun fela bæjarstjóra að gera grein fyrir þeirri afstöðu bæjarráðs að það muni ekki taka afstöðu til þess hvort eða hvaða ferðir verði felldar niður fyrr en tilkynning um slíka ákvörðun berst frá samgönguyfirvöldum. **- shá**



**HERJÓLFUR** Bæjaryfirvöld spyrja hversu langt eigi að ganga í skerðingu samgangna við Eyjar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Utanríkisráðuneytið hagræðir:

# Varnarmálastofnun hættir

**STJÓRNMÁL** Varnarmálastofnun verður lögð niður á næsta ári og verkefni hennar færð til borgaralegra stofnanna sem eiga að verða burðarás í fyrirhuguðu innanríkisráðuneyti.

„Umrædd breyting mun ekki hafa efnisleg áhrif á varnar- og öryggisskuldbindingar Íslands, svo sem þátttöku í starfi Atlantshafsbandalagsins, varnarsamninginn við Bandaríkin eða annað fjölþjóðlegt samstarf um öryggismál. Utanríkisráðuneytið mun eftir sem áður hafa forræði yfir utanríkispólitískum þáttum á borð við samskipti við NATO," segir í frétt utanríkisráðuneytisins. **- gar**

Jólaútgáfan í fullum gangi:

## Fréttablaðið aldrei stærra



**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið er 144 síður í dag og hefur aldrei í útgáfusögu blaðsins verið stærra.

Fréttablaðið er í fjórum hlutum, almenni hlutinn er 112 síður. Þá fylgir blaðinu tólf síðna glæsilegt matarblað, tólf síðna atvinnublað og sérblaðið Allt, sem telur átta síður.

Bágar horfur um atvinnu:

## Verð á olíu snögghækkar

**OLÍUVERÐ, AP** Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði í gær eftir að birtar voru nýjar tölur um atvinnustig í Bandaríkjunum.

Atvinnuleysi reyndist minna vestra en við var búist og er það talið til marks um að eftirspurn kunni að aukast í hagkerfinu, og mögulega orkugeiranum.

Viðmiðunarverð hráolíu á skiptimarkaðnum í New York hækkaði um 78 sent, í 77,24 Bandaríkjadali.

Atvinnuleysi í Bandaríkjunum féll niður í tíu prósent í nóvember, samkvæmt nýjustu tölum. Störfum hafði fækkað um ellefu þúsund í síðasta mánuði, sem er mun betri niðurstaða en þau 130 þúsund störf sem hagfræðingar á Wall Street höfðu búist við.

## KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

### Fleiri farþegar en í fyrra

Farþegum um Keflavíkurflugvöll fjölgaði í nýliðnum mánuði samanborið við sama tíma í fyrra. Fækkun var milli mánaða í fimm mánuði þar til nú, að dæmið fór aðeins að snúast við. Alls 95 þúsund farþegar fóru um flugvöllinn í síðasta mánuði.

# Catalina tekin aftur ásamt samstarfskonu

**Catalina Mikue Ncogo hefur aftur verið hneppt í gæsluvarðhald vegna rannsóknar lögreglu á stórfelldu hórmangi og mansali. Vændishúsi í miðborginni hefur verið lokað. Erlend kona í vændi hér er talin fórnarlamb mansals.**

**LÖGREGLUMÁL** Catalina Mikue Ncogo og samstarfskona hennar hafa verið úrskurðaðar í gæsluvarðhald til 11. desember að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þær voru handteknar í fyrradag. Catalina var á þriðjudag dæmd í fangelsi fyrir hórmang og fíkniefnasmygl. Í tengslum við rannsóknina nú hefur lögreglan lokað fyrir vændisstarfsemi í húsi í miðborginni.

Konurnar tvær sem nú sæta gæsluvarðhaldi, önnur um tvítugt en hin um þrítugt, eru grunaðar um aðild að mansali og að hafa haft milligöngu um vændi. Þær eru báðar íslenskir ríkisborgarar, en Catalina er ættuð frá Miðbaugs-Gíneu. Lögregla hefur unnið að rannsókn málsins á undanförnum vikum

Samhliða handtöku Catalinu og hinnar konunnar, sem gegnt hefur starfi eins konar framkvæmdastjóra hennar voru framkvæmdar húsleitir á tveimur stöðum. Á öðrum þeirra fannst lítilræði af fíkniefnum.

Að minnsta kosti þrjár konur til viðbótar koma við sögu í málinu en þær eru taldar hafa lagt stund á vændi. Þær eru allar á fertugsaldri og af erlendu bergi brotnar. Mál einnar þeirrar er jafnframt rannsakað sem mansalsmál en konurnar þrjár hafa verið færðar til skýrslutöku hjá lögreglu. Rannsóknin tekur einnig til þeirra sem keyptu kynlífsþjónustuna sem veitt var. Ekki fékkst uppgefið hversu margir kaupendur hafa verið yfirheyrðir hjá lögreglu, en þeir eru allir íslenskir og voru að minnsta kosti sumir gómaðir á vettvangi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.



**CATALINA MIKUE NCOGO** Catalina situr í gæsluvarðhaldi ásamt samstarfskonu sinni vegna rannsóknar lögreglu á stórfelldu hórmangi og mansali. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Catalina var dæmd í Héraðsdómi Reykjaness í tveggja og hálfs árs óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft viðurværi af vændi kvenna sem hún hélt úti í miðborg Reykjavíkur. Þótti dómnum sannað, í ljósi ýmissa fyrirliggjandi gagna, að vændisstarfsemin hefði verið umfangsmikil og að vændiskonurnar sem Catalina græddi á í hórmanginu hefðu verið fjölmargar.

Þá var hún einnig dæmd fyrir að hafa skipulagt og staðið að innflutningi á 400 grömmum af kókaíni til landsins frá Hollandi. Hún var hins vegar sýknuð af ákærum um mansal. Lögmaður Catalinu sagði að dómi gengnum að honum yrði áfrýjað til Hæstaréttar.

**jss@frettabladid.is**

## Valbjörn Þorláksson látinn



Valbjörn Þorláksson frjálsíþróttamaður lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ á fimmtudag, 75 ára að aldri.

Íþróttaferill Valbjörns var farsæll en hann lagði einkum stund á tugþraut og hafði sérstakt dálæti á stangarstökki. Valbjörn keppti á þrennum Ólympíuleikum, árin 1960, 1964 og 1968, varð Norðurlandameistari 1965 og heimsmeistari öldunga 1979. Í tvígang var hann valinn íþróttamaður ársins, árin 1959 og 1965.

Valbjörn starfaði árum saman á Laugardalsvellinum og er Valbjarnarvöllur nefndur eftir honum.

Meirihlutaslit í Grindavík:

## Vilja að borgarstjóri verði í fullu starfi

**GRINDAVÍK** Bæjarfulltrúar Vinstri grænna í Grindavík styðja ekki lengur meirihlutasamstarf Framsóknarflokks og Samfylkingar, og hafa þess í stað óskað eftir viðræðum við Sjálfstæðisflokk og Samfylkingu.

Ástæða þessa er að bæjarfulltrúar Framsóknar hafa hugsað sér það fyrirkomulag að hafa engan bæjarstjóra starfandi í Grindavík til vors, eða annars þrjá bæjarstjóra. Frá þessu segir á vef Víkurfrétta. Bæjarfulltrúarnir Björn Haraldsson og Garðar Páll Vignisson hafa því sent fulltrúum D- og S-lista bréf og biðlað til þeirra að taka höndum saman við stjórn bæjarins, með bæjarstjóra í fullu starfi. **- sh**




Arion banki með nýjum eigendum boðar skuldaniðurfellinga fyrir viðskiptavini:

# Höfuðstóll íbúðarlána færður niður

**FJÁRMÁL** Arion banki hyggst ekki krefjast uppboða vegna vangoldinna húsnæðislána til loka ársins 2010. Höfuðstóll erlendra íbúðalána getur lækkað um allt að 40 prósent. Hægt verður að lækka höfuðstól bæði innlendra og erlendra íbúðalána hjá Arion í 110 prósent af markaðsvirði húseignarinnar.

Nýjar lausnir á skuldavanda viðskiptavina Arion banka voru kynntar í gær. Boðið verður upp á nokkrar leiðir eftir skuldastöðu viðskiptavina og því hvort um er að ræða erlend eða innlend íbúðalán.

Þeir sem eru með erlend húsnæðislán getið valið um að annars vegar lækka höfuðstól lánsins um 30 prósent og breyta því í fasteignalán í íslenskum krónum til allt að 40 ára eða að höfuðstóll lánsins verði lækkaður í 110 prósent af markaðsvirði eignarinnar. Láninu er þá breytt í íslenskt fasteignalán, óverðtryggt eða verðtryggt. Báðar leiðirnar gera hins vegar ráð fyrir allt að 30 til 40 prósenta lækkunum á höfuðstól núverandi lána.

Þeim sem eru með innlend íbúðalán hjá Arion býðst að lækka höfuðstólinn í 110 prósent af markaðsvirði fasteignarinnar. Vaxtakjör verða óbreytt.



**BLAÐAMANNAFUNDUR ARION BANKA** Fulltrúar Arion banka kynntu í gær nýjar lausnir fyrir lántakendur hjá bankanum. Engra uppboða verður krafist út næsta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þá býður Arion viðskiptavinum að borga eingöngu vexti af fasteignalánum í allt að eitt ár. Þannig geta mánaðarlegar greiðslur lækkað um 10 til 25 prósent eftir lengd lánstímans. **- gar**


Kringlan
Lengri laugardagur!
– opið til 22 í kvöld
Íþróttaálfurinn, Stúfur og Stekkjastaur
bregða á leik með kátum krökkum í Kringlunni.
Dagskrá á Blómatorgi
14:00 Jólasveinar
15:00 Íþróttaálfurinn
16:00 Jólasveinar
Nýtt kortatímabil
Sá sem kemur fram sem
Íþróttaálfurinn er samþykktur
af Latabæ
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 04.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,54 | 122,12 |
| Sterlingspund | 202,07 | 203,05 |
| Evra | 182,97 | 183,99 |
| Dönsk króna | 24,584 | 24,728 |
| Norsk króna | 21,565 | 21,693 |
| Sænsk króna | 17,649 | 17,753 |
| Japanskt jen | 1,3755 | 1,3835 |
| SDR | 195,32 | 196,48 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,0287

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Steingrímur J. Sigfússon er ósáttur við vaxtahækkun NIB:

# NIB ætti að standa með okkur

**EFNAHAGSMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að stjórnin hafi vonast til að Norræni fjárfestingabankinn (NIB) stæði með Íslendingum á erfiðum tímum. „Það hefði verið betra frekar en að gera lánskjör erfiðari, hvað þá að boða gjaldfellingu eða eitthvað slíkt.“

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra tók fyrirhugaða vaxtahækkun bankans á íslenskum lánum fyrir á fundi norrænna fjármálaráðherra í gær. Fjármálaráðherra segir að stjórnin hafi haft vaxandi áhyggjur af áformum bankans og málinu verði haldið opnu.

Ergilegt sé að slíkt mál komi upp, ekki síst þar sem íslensku lánin hafi verið í skilum. „Það geta verið frávik á því en að uppistöðu eru þessi lán í fullum skilum. Við hefðum viljað að á þessum erfiðu tímum héldust lánskjör óbreytt. Þetta eru oftar en ekki gamalgróin lánasambönd.“

Steingrímur segir að eðlilega sé farið með kröfur NIB í gömlu bankana. Stjórnin hafi fundað um málið með fulltrúum bankans og sent lögfræðiálit. Gæta verði jafnræðissjónarmiða við meðferð krafnanna og það hafi verið gert. „Meðferð krafnanna er í samræmi við lög og ekki hefði verið hægt að gera nokkuð annað.“ **- kóp**



**ÓSÁTTUR** Fjármálaráðherra er ósáttur við fyrirhugaða vaxtahækkun Norræna fjárfestingarbankans á íslenskum lánum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Deilt um bruðl á Bíldudal:

## Hafnarskúr tvöfaldaðist í verði

**VESTURBYGGÐ** Hafnarskúr sem nýlega var settur upp við Hafnarvogina á Bíldudal olli nokkuð hörðum orðaskiptum á fundi hafnarstjórnar Vesturbyggðar á fimmtudag.

Á fyrri fundi stjórnar hafði verið samþykkt að taka 600 þúsund króna tilboði Láss ehf. í gáminn og uppsetningu hans. Þegar upp var staðið kostaði gámurinn 1.580 þúsund krónur með öllu, og af því fæst ríflega 300 þúsund króna virðisaukaskattur endurgreiddur. Einn stjórnarmaður lét bóka mótmæla við framúrkeyrsluna, en hafnarstjórinn sagði hana hafa verið óhjákvæmilega. **- sh**




**BÓLUSETNINGAR BEÐIÐ** Biðröð eftir bólusetningu gegn svínaflensu við apótek Bobs Johnson í Seattle í Bandaríkjunum í byrjun nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bóluefni GlaxoSmithKline:

## Getur valdið hita hjá börnum

**LONDON, AP** Lyfjastofnun Evrópu hefur bent á að ung börn sem fá bóluefni GlaxoSmithKline við svínaflensu kunni að fá hita af völdum seinni skammts bóluefnisins.

Í tilkynningu stofnunarinnar í gær kemur fram að fleiri börn á aldrinum sex mánaða til þriggja ára hafi fengið hita eftir seinni bólusetninguna af bóluefninu Pandemrix. Þá voru þau líklegri til að fá aukaverkanir á borð við eymsli í vöðva, syfju og ergelsi.

Stofnunin mælir með því að börn séu bólusett tvisvar með svínaflensubóluefninu, en Glaxo segir að einu sinni nægi.

# Ísland fær alls enga sérmeðferð hjá NIB

**Forstjóri Norræna fjárfestingarbankans segir eðlilega staðið að vaxtahækkun íslenskra lána. Bankinn verði að meta áhættu við lánveitingarnar. Töluvert fé hafi tapast á lánum til Íslands. Ekki sé búið að skrúfa fyrir lán til landsins.**

**EFNAHAGSMÁL** Tilkynning Norræna fjárfestingarbankans á hærri vaxtakjörum á nokkrum íslenskum lánum er í fullu samræmi við reglur bankans, segir Johnny Åkerholm, forstjóri bankans. Hann segir Íslendinga fá sömu meðferð hjá bankanum og aðra.

„Bankinn hefur ekki tekið neina ákvörðun um að hætta að fjármagna verkefni á Íslandi, alls enga. En við störfum náttúrlega einnig, líkt og alþjóðlegar lánastofnanir og einkabankar, eftir reglum um eðlilega bankastarfsemi og við metum áhættuna þegar kemur að fjármögnun og lánveitingum.

Á Íslandi höfum við verið settir í flokk með fjárfestum í einkageiranum og það hefur að sjálfsögðu aukið áhættu okkar umtalsvert. Það sést best á því að virðisrýrnun lána okkar kemur í raun frá Íslandi.“

Líkt og Fréttablaðið greindi frá tilkynnti bankinn nokkrum íslenskum lántakendum um hærri vaxtakjör á lánum. Á langtímalánum eru vaxtakjör endurskoðuð reglulega.

„Við endurmat tökum við tillit til aukinnar áhættu. Við mátum þessi lán alveg eins og við hefðum gert við lán frá öðrum löndum, hvort sem það væri Svíþjóð eða Finnland, svo dæmi sé tekið. Áhættan hefur aukist og því hækka vextirnir.“

Johnny segir að vegna mistaka hafi það gerst í einhverjum tilvikum að lántakanum hafi ekki verið tilkynnt um endurmat innan tilskilins frests, sem er 45 dögum fyrir vaxtaákvörðunardag. Endurskoðun verði frestað í þeim tilvikum.

„Við endurskoðun hefur bankinn samband við viðskiptavini og tilkynnir um breytta vaxtaákvörðun. Viðskiptavinurinn getur þá kosið að taka lán annars staðar og greiða lánið upp hjá okkur ef hann er ósáttur, eða samþykkt kjör okkar eða endursamið. Um þetta gilda sömu reglur fyrir alla.“

Forstjórinn segir bankann fylgjast vel með því hvað alþjóðleg matsfyrirtæki gera og ljóst sé að lánshæfismati Íslands hafi hrakað umtalsvert. Ísland sé þó ekki eina landið þar sem áhættumat hafi breyst vegna efnahagsástandsins og vextir séu endurmetnir í takt við það. „Við höfum þó ekki lent í sérstökum vandræðum nema á Íslandi.“

Norræni fjárfestingarbankinn á umtalsverða kröfu í þrotabú gömlu bankanna. **kolbeinn@frettabladid.is**



**FORSTJÓRINN** Johnny Åkerholm, forstjóri Norræna fjárfestingarbankans, segir að alls ekki hafi verið skrúfað fyrir lánveitingar til Íslands. Meiri áhætta fylgi nú lánum hingað til lands og það skýri hækkun vaxta.

Þrjár líkamsárásir:

## Traðkaði tvisvar á bringu pilts

**DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Selfossi hefur ákært tvítugan pilt fyrir að fella annan pilt í jörðina og traðka tvívegis á bringu hans.**

**Þá hefur tæplega tvítugur piltur verið ákærður fyrir að kýla annan pilt einu höggi í höfuðið. Fórnarlambið steinrotaðist við höggið og féll í jörðina. Pilturinn sem fyrir árásinni varð hlaut talsverða áverka. Hann fer fram á tæpa milljón í skaðabætur.**

**Loks var maður á fertugsaldri ákærður fyrir að gefa dyraverði á 88 bar á Selfossi þungt olnbogaskot í andlitið. Dyravörðurinn fer fram á rúmar 400 þúsund krónur í skaðabætur. - jss**

Umhverfisvottun Íslands:

## Vel tekið utan landsteinanna

**UMHVERFISMÁL** Náttúrustofa Vesturlands kynnti í nóvember tillögu sína um að umhverfisvotta Ísland. Hugmyndin hefur náð eyrum forkólfa vottunarfyrirtækisins Green Globe, sem myndu sjá um umhverfisvottun landsins ef til kæmi, en það á höfuðstöðvar í Ástralíu. Hafa forsvarsmenn Green Globe sýnt því áhuga að ræða við íslenska ráðamenn um útfærslur hugmyndarinnar.

Greinargerð Náttúrustofunnar var send til allra þingmanna og auk þess valinna aðila víða um land. Á næstu dögum verður hún send til forsvarsmanna sveitarfélaga um land allt. **- shá**

### HAFNARFJÖRÐUR

**Sjö seldu börnum tóbak**

Sjö sölustaðir tóbaks af 21 seldu fimmtán ára unglingum tóbak í könnun sem forvarnafulltrúi bæjarins stóð fyrir í lok nóvember.

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn Þórarins Haraldssonar í myndatexta með grein um jólaglögg Útons sem birtist í blaðinu í fyrradag.

Í upptalningu um þá sem skipa atvinnumálahóp Reykjavíkurborgar, sem birtist í blaðinu í fyrradag, gleymdust nöfn Sigurðar Snævars borgarhagfræðings og Guðfinns Þórs Newmans.

### SVEITARSTJÓRNARMÁL

**Standa vörð um skólastarf**

Í fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2010 er tekið mið af þeim áherslum sem fram komu á nýlegum íbúafundi. Sérstök fjárveiting er veitt til að styrkja barna- og unglingastarf hjá íþrótta- og æskulýðsfélögum í bænum.


BAKKABRÆÐUR FYRIR BÖRNIN




Öllum börnum er nauðsynlegt að kynnast þessum óborganlegu bræðrum sem svo rækilega hafa greypt sig inn í þjóðarvitund Íslendinga.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is


## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir
Veðurfréttamaður

**MINNKANDI VINDUR** þegar á daginn líður og einnig dregur úr úrkomu. Það bætir svo aftur í vindinn á morgun og verður hvassast með suðurströndinni. Hitinn breytist lítið fram á mánudag og því verður úrkoman sem fellur að mestu leyti rigning.



**Á MORGUN**
Strekkingur á V-fjörðum. Hvasst með S-ströndinni.

**MÁNUDAGUR**
Strekkingur á V-fjörðum, annars hægari.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 5° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 11° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 8° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | 1° |
| París | 12° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



JÓLALJÓS
25% af öllum jólaljósum
um helgina
25% afsláttur
af öllum seríum
100 ljósa
net innisería
999
2.799
SÉR TILBOÐ
10493832
160 ljósa
net útisería
1.999
4.990
SÉR TILBOÐ
10493710
80 ljósa
útisería
799
Nei, þetta er ekki vitleysa!
10493269
Takmarkað magn
Fjör í Skútuvogi
Jólasveinar skemmta börnunum kl 15:00
Ingó tekur lagið kl 16:00
blómaval
Jólatré - kaupauki
Jólakúlur fylgja öllum jólatrjám um helgina!
HÚSASMIÐJAN
10 sm
6 sm
8 sm
4 stk. 6 stk. eða 12 stk. í kassa,
að eigin vali, ýmsir litir
Öll kerti
20%
afsláttur
20%
afsláttur
af snjóþotum og leikföngum
Álfaprinsessur
5857612
639
799
Eldhússett
5857624
1.599
1.999
Kubbar
5857647
2.399
2.999
Jólatrén seldust upp í fyrra
Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Gildir meðan birgðir endast.

## KJÖRKASSINN



*Er umræða stjórnarandstöðunnar á Alþingi um Icesave-samninginn orðin of löng?*

| | |
|---|---|
| Já | 59,1% |
| Nei | 40,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætti að skattleggja fjármagnstekjur með sömu prósentutölu og launatekjur?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Fjármálaráðherra segir stjórnarandstöðuna ekki standa við samninga:

# Reynum að koma vitinu fyrir þau

**ALÞINGI** „Auðvitað eru þarna ungir og reynslulitlir menn í forystu og verða að hafa tíma til að sanna sig, en þeir mega þá ekki færast of mikið í fang,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um leiðtoga stjórnarandstöðunnar. Hann er ósáttur við framgöngu þeirra og segir þá ekki standa við samninga.

„Þegar maður sér að það sem rætt er að kvöldi er gufað upp að morgni er ljóst að ekki er hægt að ná samningum.“ Steingrímur átti að sitja fund fjármálaráðherra Norðurlandanna í Kaupmannahöfn í gær, en segist hafa orðið að vera til staðar á Alþingi vegna umræðunnar um Icesave. Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra fór fyrir hans hönd. Steingrímur segir fullreynt í samningum við stjórnarandstöðuna.

„Við höfum gert þrjár meiri háttar tilraunir til að koma vitinu fyrir þau, en þær hafa ekki borið árangur ennþá. Mikið lengra getum við ekki teygt okkur því þá værum við að búa til slíkar aðstæður í þinginu að ekki verður búið við.“

Hann segir stjórnina hafa boðist til að lengja umræðu og bæta við dögum. Stjórnin hafi vonast til atkvæðagreiðslu um Icesave á fimmtudag og boðið afgreiðslu á föstudegi eða laugardegi. „Nú er ljóst að mánudagurinn dugar þeim ekki.“ **- kóp**



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Segir stjórnina hafa reynt sitt ýtrasta til að ná samningum við stjórnarandstöðuna um Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Vilja vísa Icesave til Evrópusambandsins

**Fulltrúar stjórnarandstöðunnar krefjast þess að Icesave-frumvarpinu verði vísað frá Alþingi. Tillaga þeirra felst í því að Evrópusambandið hafi milligöngu í deilunni. Annars eigi að hafna öllum kröfum Breta og Hollendinga.**

**STJÓRNMÁL** Umræða síðustu daga um meint málþóf stjórnarandstöðunnar er á misskilningi byggð, því Icesave-málið snýst um „árás á sjálfstæði þjóðarinnar“. Engin sannarlega fullvalda þjóð léti bjóða sér slík málslok án dóms og laga. Því á að vísa Icesave-deilunni til Evrópusambandsins.

Þetta kom fram í máli Bjarna Benediktssonar á blaðamannafundi talsmanna stjórnarandstöðunnar í alþingishúsinu í gær.

Vísa á málinu frá Alþingi til ríkisstjórnarinnar, sem tali við ESB um að hlutast til í málinu.

Ef þetta gengur ekki eftir á að hafna ríkisábyrgð samninganna svo Bretar og Hollendingar þurfi að sækja málið fyrir íslenskum dómstólum.

Stjórnarandstaðan telur ýmis Icesave-tengd mál óútkljáð, meðal annars hvort Icesave-frumvarpið samrýmist stjórnarskrá.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar, tók næst til máls og sagði að þótt hann hefði ekki viðhaft málþóf enn, væri Icesave þannig vaxið að það myndi réttlæta slíkt.

„Þetta fyrirkomulag [möguleiki þingmanna til að tefja mál] er hluti af lýðræðinu og ekki aðeins hér á Íslandi heldur víðast hvar í vestrænum lýðræðisríkjum og á að gera stjórnarandstöðu kleift að veita ríkisstjórn ákveðið aðhald,“ sagði Sigmundur.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, minnti á ummæli fjármálaráðherra Hollands um að evrópska innstæðukerfið hefði verið gert fyrir einstaka banka en ekki kerfishrun.

„Það eru alltaf að koma nýjar upplýsingar,“ segir hún og leggur áherslu á að vita hvort Íslendingar geti staðið undir skuldabagganum.

Það sem kallað er málþóf sé til að tryggja að málið sé unnið á forsendum þingsins en ekki ríkisstjórnarinnar. Þetta sé ekki skemmdarfýsn heldur til að standa vörð um lýðræðið.

Stjórnarandstaðan var þá spurð hvort ekki væri lýðræðislegur réttur meirihlutans að koma málum til atkvæðagreiðslu.

Sigmundur endurtók þá ummæli sín um ástæður þessa fyrirkomulags á þingi og Bjarni sagði ríkisstjórnina, ekki stjórnarandstöðu, koma í veg fyrir að önnur mál komist á dagskrá.

Spurður hversu lengi stjórnarandstaðan vildi ræða málið sagði Bjarni að það yrði ekki mælt í mínútum, tæma þyrfti málið efnislega. Til að mynda þyrfti að svara spurningum um stjórnarskrá.



**MÁLIN RÆDD Í HERBERGI FORSÆTISNEFNDAR** Meðal þess sem kom fram í máli stjórnarandstöðunnar var að ekki ætti að setja málið í pólitískar skotgrafir heldur sameinast um íslenska hagsmuni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar fréttamaður Stöðvar 2 spurði hvort Sjálfstæðisflokkur og Framsókn teldu sig ekki bera ábyrgð á Icesave-málinu, hvort ekki skorti hógværð í mál þeirra, svaraði Sigmundur: „Ertu að spyrja sem stjórnmálamaður?“ Flokkarnir hefðu horfst í augu við ábyrgð sína með afgerandi hætti.

**klemens@frettabladid.is**

> Þetta fyrirkomulag er hluti af lýðræðinu og ekki aðeins hér á Íslandi heldur víðast hvar í vestrænum lýðræðisríkjum.
>
> **SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**
> FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS

## RÆÐUKÓNGAR ALLRA FLOKKA Í ICESAVE

| þingmaður | flokkur | mínútur | fjöldi |
|---|---|---|---|
| Gunnar Bragi Sveinsson | B | 341 | 159 |
| Birgir Ármannsson | D | 282 | 119 |
| Pétur H. Blöndal | D | 280 | 116 |
| Höskuldur Þórhallsson | B | 277 | 90 |
| Ásbjörn Óttarsson | D | 262 | 99 |
| Ragnheiður E. Árnadóttir | D | 229 | 80 |
| Sigurður Ingi Jóhannsson | B | 219 | 78 |
| Eygló Harðardóttir | B | 206 | 86 |
| Tryggvi Þór Herbertsson | D | 195 | 71 |
| Unnur Brá Konráðsdóttir | D | 194 | 84 |
| Sigmundur D. Gunnlaugsson | B | 189 | 81 |
| Þór Saari | H | 184 | 72 |
| Vigdís Hauksdóttir | B | 183 | 69 |
| Illugi Gunnarsson | D | 177 | 63 |
| Þorgerður K. Gunnarsdóttir | D | 168 | 68 |
| Guðlaugur Þór Þórðarson | D | 166 | 58 |
| Kristján Þór Júlíusson | D | 153 | 27 |
| Birgitta Jónsdóttir | H | 138 | 54 |
| Steingrímur J. Sigfússon | V | 137 | 45 |
| Guðbjartur Hannesson | S | 74 | 30 |

* 1. OG 2. UMRÆÐA, SKV. ALTHINGI.IS, Í GÆR.

## UMDEILD MÁL Á ALÞINGI

| mál | ár | lengd umræðu |
|---|---|---|
| EES | 92-93 | 101 klst. |
| Icesave – seinna frumvarp | (1.-2. umr.) haust 09 | 90 klst* |
| Fjölmiðlalög | 03-04 | 83 klst. |
| Sveitarstjórnarlög | 97-98 | 74 klst. |
| Ríkisútvarpið | 06-07 | 70 klst. |
| Stjórnskipunarlög | 08-09 | 59 klst. |
| Gagnagrunnur | 98-99 | 53 klst. |
| Vatnalög | 05-06 | 52 klst. |
| ESB-aðildarumsókn | sumar 09 | 48 klst |
| Icesave – fyrra frumvarp | (sumar 09) | 43 klst |

SKV. UPPLÝSINGUM FRÁ SKRIFSTOFU ALÞINGIS.

*KL. 14.35 Í GÆR.



JÓLAÆVINTÝRI
Í SMÁRALIND
Opið til 22 Laugardag
Ókeypis skemmtun fyrir alla fjölskylduna!
Jólaævintýri í Vetrargarðinum, laugardag og sunnudag kl. 14.
Geir Ólafsson syngur jólalög í Vetrargarðinum kl. 15.
GJAFAKORT
Gjafakort Smáralindar
Frábær jólagjöf fyrir alla!
Jólaævintýri Smáralindar
Frábær skemmtun, úrvalsleikarar:
Örn Árnason, Helga Möller, Helga Braga, Edda Björgvins og Steinn Ármann o.fl.
NÝTT KORTATÍMABIL
Katla
Húsin úr piparkökuhúsaleik Kötlu og Smáralindar verða öll til sýnis á sunnudag!
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Íslenskum pilti hefur verið boðinn þriggja ára samningur hjá knattspyrnufélaginu Liverpool. Hvað heitir hann?*
2. *Hver er forstöðumaður Fjölsmiðjunnar?*
3. *Hvað heitir nýr afþreyingar- og menningarfréttavefur sem Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir stýrir?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 110

Þrjú ráðuneyti hafa áminnt starfsmenn sína á síðastliðnum fimm árum:

# Starfsmenn sjaldan áminntir

**STJÓRNSÝSLA** Þrjú ráðuneyti hafa á síðastliðnum fimm árum áminnt embættis- eða starfsmenn undirstofnana og eitt ráðuneyti hefur þurft að skipa tilsjónarmann með rekstri undirstofnana sinna á sama tímabili.

Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur, varaformanns Sjálfstæðisflokksins, um veittar áminningar starfsmanna á vegum ráðuneytanna og skipun tilsjónarmanna með undirstofnunum þeirra.

Á tímabilinu hafa undirstofnanir fjármálaráðuneytisins í fjórgang veitt starfsmönnum áminningu. Ríkisskattstjóri átti þar tvisvar í hlut og tollstjóri jafn oft. Menntamálaráðherra hefur veitt þremur embættismönnum áminningu, árið 2004 og tvær árið 2008.

Í tveimur tilfellum var skipaður tilsjónarmaður með rekstri stofnana menntamálaráðuneytisins, annars vegar yfir rekstur Fjölbrautaskólans í Breiðholti árið 2008 og Háskólans á Hólum á þessu ári.

Einn forstöðumaður landbúnaðarráðuneytisins var áminntur á tímabilinu og eins þrír starfsmenn Hafrannsóknastofnunar auk starfsmanns Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, undanfara Matís.

Ekki barst svar frá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um upplýsingarnar. **- shá**



**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ Á SÖLVHÓLSGÖTU** Ráðuneytið hefur bæði þurft að áminna starfsmenn og skipa tilsjónarmenn yfir undirstofnanir sínar á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ökufantur ákærður:

## Hótaði lögreglukonu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann fyrir að hóta lögreglukonu og stofna lífi hennar í augljósan háska.

Atvikið átti sér stað á bifreiðastæði við Ugluhóla 12 í Reykjavík. Maðurinn sinnti ekki fyrirmælum um að ræða við lögreglu. Hann settist upp í bíl og ók hratt og ógætilega af stað í átt að lögreglukonunni sem komst naumlega undan. Þá hótaði maðurinn henni ofbeldi í verki. Eftir atlöguna að lögreglukonunni ók maðurinn bifreiðinni af vettvangi og yfir umferðareyju, sem skilur að bifreiðastæðið og akbraut Suðurhóla. **- jss**

10 1999 2009 ÁRA

# ÖRUGGARI STAÐUR FYRIR PENINGANA ÞÍNA

Hversu stór hluti af þínum sparnaði er í ríkistryggðum bréfum? Við bjóðum þér einfalda leið til að tryggja fjármunina þína með kaupum í Ríkisskuldabréfasjóði MP.

10,2% ávöxtun sl. 12 mánuði




Eignasamsetning Ríkisskuldabréfasjóðs MP 30.11.2009

MP BANKI

Kynntu þér Ríkisskuldabréfasjóð MP á www.mp.is, í síma 540 3200 eða hjá viðskiptastjórum í Skipholti 50d eða Borgartúni 26.

Borgartúni 26 Skipholti 50d
thjonusta@mp.is www.mp.is

MP Sjóðir hf. hefur útvistað hluta af verkefnum sínum til MP Banka hf. á grundvelli 18. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. MP Sjóðir hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3.gr. og 1.-3. tölul. 1.mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfið tekur til reksturs verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 7. tölul. 1.mgr. 3.gr. laga nr. 161/2002 og til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu skv. 1.-3. tölul. 27. gr. laga nr. 161/2002. Nánari upplýsingar um verðbréfasjóði og fagfjárfestasjóði MP Sjóða hf. má finna á *www.mp.is/mp-sjodir*. **Vinsamlega hafið í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.**



**VIÐ RÉTTARHÖLDIN** Mikil öryggisgæsla var við réttarhöldin í Ítalíu í gær. Gaspare Spatuzza bar vitni hulinn hvítu tjaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vitnar um samning við mafíuna

**Dæmdur ítalskur mafíósi hefur borið fyrir rétti að Silvio Berlusconi forsætisráðherra Ítala hafi gert pólitískan samning við mafíuna á tíunda áratugnum.**

**ÍTALÍA, AP** Forsætisráðherra Ítalíu, Silvio Berlusconi, er sagður hafa gert samning við mafíuna á tíunda áratug síðustu aldar. Þetta kom fram í framburði dæmds mafíósa, Gaspare Spatuzza, í réttarhöldum sem fram fóru á Ítalíu í gær.

Berlusconi hefur borið af sér ásakanirnar.

Spatuzza er vitni saksóknara í áfrýjunarréttarhöldum sem fram fara í máli Marcello Dell'Utri, náins pólitísks samstarfsmanns Berlusconis. Sá var árið 2004 dæmdur til níu ára fangelsisvistar fyrir tengsl sín við mafíuna.

Berlusconi hefur ekki verið kallaður til að bera vitni við réttarhöldin.

Spatuzza, sem situr af sér lífstíðardóm fyrir aðild að nokkrum morðum, sagði fyrir rétti í gær að árið 1993 hefði yfirmaður hans, Giuseppe Graviano, sagt honum að mafían hefði gert samkomulag við Berlusconi sem hafa myndi í för með sér óskilgreindan „ávinning“ fyrir mafíuna. Fjölmiðlakóngurinn Berlusconi hóf feril sinn í stjórnmálum nokkrum mánuðum síðar og komst til valda í fyrsta sinn sem forsætisráðherra í kosningunum árið 1994.




**GASPARE SPATUZZA** Sá sem nú ber vitni um tengsl forsætisráðherra Ítalíu við mafíuna þar í landi sést hér skömmu eftir handtöku hans árið 1997. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áveiningur af ásökunum Spatuzzas hefur verið í umræðunni í nokkra daga.

Bæði Berlusconi og Dell'Utri hafa sagt þær vera tilhæfulausar og fáranlegar og neitað öllum tengslum við skipulagða glæpastarfsemi. **oka@frettabladid.is**

**Auglýsingasími**

**512 50 50**




– Mest lesið

## Óska eftir að kaupa íslensk-ensku námskeið

Óska eftir að kaupa **íslensk-ensku Lingapon námskeið**. En ég tel nær fullvíst að aðeins eitt íslenskt – ensku Lingapon námskeið hafi komið út á Íslandi. Kennslubókin var innbundin kilja en bæði hærri og breiðari en venjuleg kilja.

**Eigir þú námskeiðið þá borga ég glaður 40.000 kr fyrir námskeiðið. Viljir þú ekki selja getum við samið um greiðslu fyrir afnot af bókinni.**

**Sími. 865-7013**

Jólasprengja

# 40% afsláttur

## af öllu jólaskrauti og seríum



OPIÐ
TIL 22:00
í kvöld

**NÝTT**
kortatímabil










Jólin
vaxtalaus
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups

Gildir aðeins 5. og 6. desember

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár









**Á RÁÐHERRAFUNDI** Hillary Rodham Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, tekur í hendina á Sjeik Abdúlla bin Zayed Al Nahyan, utanríkisráðherra Sameinuðu arabísku furstadæmanna. David Miliband, utanríkisráðherra Breta, horfir á. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Aðrar þjóðir senda herlið

**Áætlað er að 25 þjóðir sendi 7.000 hermenn til Afganistans til viðbótar við þá 30.000 sem Bandaríkjamenn senda. Þörf er sögð á sameinuðu átaki.**

**BRUSSEL, AP** Áætlað er að 25 lönd hið minnsta sendi nálægt 7.000 hermenn til viðbótar til Afganistans á næsta ári. Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins (NATO), upplýsti um þetta í gær. Á sama tíma fundaði Hillary Rodham Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, með utanríkisráðherrum annarra NATO-ríkja og sagði þeim að sameinað átak væri nauðsynlegt til að snúa við taflinu í stríðsrekstrinum í Afganistan.

Anders Fogh segist jafnframt eiga von á að fleiri lönd bætist í hópinn. Hann segir þau 44 lönd sem þegar taki þátt í innrásinni í Afganistan vera „algjörlega sameinuð“ í viðleitni sinni í að ná viðunandi árangri í stríðinu í Afganistan sem nú hefur staðið í átta ár.

„Öflugustu skilaboð dagsins snúa að samstöðu,“ sagði hann. „Löndin standa við orð sín með aðgerðum.“

Þá sagði James Stavridis, aðmíráll í sjóher Bandaríkjanna, æðsti yfirmaður NATO og herafla Bandaríkjanna í Evrópu, í viðtali við fréttastofu AP að kalla mætti til nokkur þúsund hermenn, aðra en frá Bandaríkjunum, á næsta ári, til viðbótar við þá 7.000 sem Anders Fogh vísar til. „Við leggjum á það áherslu við þau lönd sem mögulega leggja til mannafla að við horfum helst til fólks sem kemur að þjálfun,“ sagði Stavridis. „Og mér heyrist að undirtektir séu góðar hvað það varðar.“

Hillary Clinton sagði á fundi utanríkisráðherranna að nauðsynlegt væri að öll viðbót við stríðsreksturinn ætti sér stað eins fljótt og auðið væri. Hún þakkaði Ítölum og Bretum fyrir skjót viðbrögð og yfirlýsingar um viðbótarherlið, en sagði um leið að aðstoð önnur en með fjölgun hermanna væri jafn mikilvæg. „Knýjandi þörf er á að fjölga hermönnum, en þeir verða ekki endalaust á staðnum,“ sagði hún í ræðu sinni við Norður-Atlantshafsráðið og vísaði til orða Bandaríkjaforseta um að hefja ætti brottflutning bandarískra hermanna frá Afganistan í júlí 2011. „Hraði og umfang brottflutningsins fer eftir aðstæðum í landinu.“

Anders Fogh Rasmussen lýsti svipuðum viðhorfum á blaðamannafundi í gær. Hann segir að þótt Afganar fái aukin yfirráð í landi sínu þýði það ekki endilega fullan brottflutning herafla NATO. Anders Fogh gat ekki um skiptingu milli landa vegna þeirra hermanna sem senda á til viðbótar til Afganistans, en nafnlausir heimildarmenn AP innan NATO segja að staðfest loforð nái til um 5.500 hermanna og búist sé við um 1.500 til viðbótar frá öðrum löndum.

peturg@frettabladid.is

## VIÐBÓTARHERAFLI NATO

Fjölmargar þjóðir jafnt innan Atlantshafsbandalagsins (NATO) sem utan hafa lofað að styðja með auknum mannafla sérstakt átak í hernámi þjóðarinnar. Stuðningurinn bætist við þrjátíu þúsund manna herliðið sem Barack Obama hefur sagt að bætist við setulið Bandaríkjahers í Afganistan.

Búist er við staðfestum loforðum á ráðstefnu á mánudag og einnig á alþjóðlegri ráðstefnu um málefni Afganistans í janúar. Samkvæmt upplýsingum frá NATO í gær munu í það minnsta 25 þjóðir bæta við heraflann í landinu.

| | |
|---|---|
| **NATO-þjóðir** | |
| Albanía | 125 |
| Króatía (til þjálfunar lögreglu) | 40 |
| Tékkland | 100 |
| Ítalía | 1.140 |
| Litháen | 20 |
| Pólland (+400 í varalið í Póllandi) | 680 |
| Portúgal (+1 í lögregluliði) | 120 |
| Rúmenía | 100 |
| Slóvakía | 240 |
| Tyrkland (til þjálfunar hers Afgana) | 60 |
| Bretland | 1.200 |
| **Þjóðir utan NATO** | |
| Armenía | 40 |
| Ástralía | 120 |
| Finnland | 25 |
| Makedónía | 80 |
| Georgía | 923 |
| Svíþjóð | 125 |
| Úkraína | 22 |
| **Möguleg viðbót** | |
| Kólumbía | 84 |
| Kasakstan | 5 |
| Mongólía | 40 |
| Svartfjallaland | 40 |
| S-Kórea | 400 |
| **ALLS** | **5.529** |

*HEIMILD: NATO*

# Tilboð sem snerta þig!

Netið í símann 1 GB á mán. fylgir iPhone 3G S allt árið 2010!
Gildir í áskrift og frelsi.

2.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir iPhone 3G S!
Gildir í áskrift og frelsi.

## Þú finnur úrvalið af 3G snertisímum hjá Nova!

Það er ekki langt síðan símar voru heimilistæki, í sama flokki og brauðristar, stóðu á sérstöku símaborði, voru frekar pirrandi, sögðu ring, ring og voru með skífu framan á sér. Þessir tímar eru liðnir. **Símarnir sem við bjóðum nú eru 3G snertisímar og eru það sem koma skal.** Þeir henta þeim sem vilja sækja tölvupóstinn sinn, fara á netið, fylgjast með á fotbolti.net eða facebook, hvar sem þeir eru staddir, hlaða niður tónlist eða hvað annað sem hugann lystir. Símar eru bara engar brauðristar lengur.



**9.900 kr./mán.**

**iPhone 3G S**

9.900 kr. á mánuði í 18 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 18 mán. fylgir þessu tilboði og netið í símann: 1 GB á mán. á 0 kr. allt árið 2010.
Greitt með kreditkorti.




## Ódýrasti 3G farsíminn með snertiskjá hjá Nova!

**0 kr. útborgun**

**Huawei U7510**

Afborgun 2.000 kr. á mán. í 12 mánuði.
Staðgreitt: 24.000 kr.

2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma.
Gildir í áskrift og frelsi.

**Netið í símann**
0 kr. í áskrift og 19 kr. í frelsi.
250 MB/mán. í áskrift og 5 MB/dag í frelsi.

**0 kr. Nova í Nova**
1.000 mín. símtöl/myndsímtöl og 500 SMS/MMS á mánuði.*



**14.900 kr. útborgun**

**Nokia 5230**

Afborgun 2.000 kr. á mán. í 12 mánuði.
Staðgreitt: 38.900 kr.

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. og Bíókort fylgir þessum farsíma.
Gildir í áskrift og frelsi.



**10.900 kr. útborgun**

**LG KU990i**

Afborgun 2.000 kr. á mán. í 12 mánuði.
Staðgreitt: 34.900 kr.

2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma.
Gildir í áskrift og frelsi.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

*Ekkert mánaðargjald í frelsi og aðeins 490 kr. í áskrift – 250 MB netnotkun einnig innifalin.
Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI



**ETJA KAPPI** Menn á hestbaki leika „Buzkashi“ í útjaðri Kabúl í Afganistan. Bein þýðing er „geitargrip“. Hauslaust geitarhræ er notað og tvö lið keppast um að koma því í mark. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sala á nýjum bílum hefur dregist verulega saman á þessu ári:

# 80% samdráttur í nýskráningu

**BÍLAR** Nýskráningar bíla frá janúar á þessu ári til nóvemberloka voru 2.747 sem er 77,5 prósenta fækkun frá sama tímabili í fyrra en þá voru ríflega 12.100 bílar skráðir á landinu að því er fram kemur í Hagtíðindum Hagstofunnar.

Fleiri nýir bílar voru þó skráðir í nóvember í ár en í nóvember í fyrra, 152 í stað 123. Greining Íslandsbanka túlkar það sem vísbendingu um að botni í vissum hluta neyslu sé náð en bendir jafnframt á að nýskráning bíla er enn mjög lítil.

Í Hagvísum kemur fram að síðastliðna tólf mánuði, frá desember í fyrra til nóvemberloka voru 2.824 bílar skráðir en voru 13.500 næstu tólf mánuðina á undan sem þýðir nær 80 prósenta fækkun á þessu tímabili. Árið 2007 voru nýskráðir bílar á Íslandi 22.603, árið 2008 voru þeir 12.308 en sem fyrr segir eru þeir tæplega 3.000 það sem af er ári. **- sbt**



**BÍLAFLOTI 2007** Bílar sem biðu nýs eiganda árið 2007 þegar metfjöldi bíla seldist. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Faraldur í Færeyjum:

# Sjöundi hver með klamidíu

**FÆREYJAR** Forvarna er þörf til að koma í veg fyrir að unga fólkið sýkist af klamidíu. Nú er svo komið að sjöundi hver Færeyingur er með þennan kynsjúkdóm.

Þetta segir Malan Egholm á Færeysku lýðheilsustöðinni við útvarp Færeyja.

Hann minnir á að talan geti vel verið hærri, því ekki láta allir skoða sig, þótt þeir beri einkenni sýkingar.

Hann hvetur fólk til að leita til læknis, hafi það haft samfarir án þess að nota smokk, enda getur sjúkdómurinn gert konur ófrjóar. **- kóþ**

PIPAR\TBWA • SÍA • 92254




# Hollráð um eldvarnir

**Reykskynjarar bjarga mannslífum**

Á hverju heimili ættu að vera reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnateppi.

*Fleiri hollráð og netverslun með öryggisvörur er að finna á oryggi.is.*

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

**Hringdu í 570 2400 og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!**



**HÁHRAÐATENGING Í NOTKUN** Netsjónvarpstengingar þar sem loftnet eru óþörf og aukin samskipti og gagnaflutningar á netinu hafa aukið þörfina á enn hraðari nettengingum. Ljósleiðaratengingar eru sagðar það sem koma skuli. NORDICPHOTOS/AFP

# Bara tíu ár frá tæknibyltingu

**Boðið var upp á fyrstu ADSL-háhraðanettengingarnar hér á landi í desemberbyrjun árið 1999. Spár um vaxandi þörf fyrir hraða á netinu hafa gengið eftir.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** ADSL-háhraðanettengingar hér á landi eru tíu ára um þessar mundir. Síminn tengdi fyrsta viðskiptavin sinn um ADSL 1. desember 1999. 6. desember sama ár var hafin almenn markaðssetning og sala á slíkum tengingum.

Nýju tengingarnar buðu upp á mun meiri hraða á netinu en upphringisambönd þau sem ráðandi voru áður, en þá þurftu notendur að hringja inn með mótaldi og hlusta á són og tölvubrak á meðan tölvan tengdist. „ADSL markaði tímamót í sögu gagnaflutnings því um var að ræða sítengingu eins og flestir þekkja tæknina í dag,“ segir í tilkynningu sem Síminn sendi frá sér í tilefni tímamótanna.

Í upprifjun Símans kemur jafnframt fram að þótt talað hafi verið um byltingu hvað varðaði háhraðagagnaflutninga með tilkomu ADSL-tenginga hafi tæknin fyrsta kastið verið plöguð af tæknilegum örðugleikum. Haft hafi verið á orði að ADSL stæði fyrir „Andskotans, Djöfulsins SambandsLeysi“.

ADSL stendur fyrir enska orðasambandið „Asymmetric digital subscriber line“ og þýðir að gagnaflutningur fari frá einum stað til annars ósamhverft um símalínur. „Meginkosturinn er sá að hvorki símasambandið né gagnaflutningurinn truflar hvert annað vegna ólíkrar tíðni.“

**TÍMAMÓT Á NETINU**

| Viðburður | Ár |
|---|---|
| Ísland tengist NorduNet | 1989 |
| www forskeytið verður til | 1990 |
| Mosaic-vafrinn kemur fram | 1993 |
| WikiWeb stofnaður | 1994 |
| MSN Messenger smáskilaboð | 1995 |
| Hotmail vefpóstur verður til | 1996 |
| Google fer í loftið | 1997 |
| Síminn með ADSL í desember | 1999 |
| Heimasíður fleiri en 10 milljónir | 2000 |
| MySpace-síðan opnuð | 2003 |
| YouTube-myndbandavefurinn | 2005 |
| Facebook vinsælla en MySpace | 2008 |
| Google Wave stofnað | 2009 |

*Heimild: Síminn*

Nú eru nánast allir landsmenn sem nota netið sagðir tengjast því um ADSL-tengingar. „Tölur úr nýrri skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar sýna að tæplega 100 þúsund ADSL-áskriftir eru hér á landi. Margfalt færri nota ljósleiðarann, þótt hann hafi farið vaxandi, og enn færri fá Internetsamband í gegnum örbylgjuloftnet eða gervihnött.“

Síminn segir að spár sérfræðinga árið 1999 um sívaxandi þörf fyrir bandvídd hafi gengið eftir og aðrar tegundir DSL-tenginga og ljósleiðaratengingar sagðar vera framtíðin. „Með því gefst heimilum kostur á margföldum Internethraða, allt að 100 megabitum á sekúndu, og háskerpu-, gagnvirku sjónvarpi svo fátt eitt sé nefnt.“

**olikr@frettabladid.is**

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 47244

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁕ arionbanki.is

*Vefslóð bankans*
er arionbanki.is

Arion banki

**Óska eftir að kaupa íslensk-ensku námskeið**

Óska eftir að kaupa **íslensk-ensku Lingapon námskeið**. En ég tel nær fullvíst að aðeins eitt íslenskt – ensku Lingapon námskeið hafi komið út á Íslandi. Kennslubókin var innbundin kilja en bæði hærri og breiðari en venjuleg kilja.

**Eigir þú námskeiðið þá borga ég glaður 40.000 kr fyrir námskeiðið.**
**Viljir þú ekki selja getum við samið um greiðslu fyrir afnot af bókinni.**

**Sími. 865-7013**




ENNEMM / SIA / NM40123




Nokia 2760 Gold

# 7.900 kr.

**Framúrskarandi rafhlöðuending**

Fullt verð: 14.900 kr.




Nokia 1208

# 4.400 kr.

**Einfaldur og góður sími**

Fullt verð: 6.900 kr.




Dell Inspiron Mini fartölva

**Allir sem kaupa síma í desember geta unnið litla en öfluga Dell fartölvu. Dregið 24. desember.**

Fullt verð: 109.000 kr.




Nokia 5310 XpressMusic

# 19.900 kr.

**Fullkominn sími fyrir tónlistarunnendur**

Fullt verð: 34.900 kr.




Nánar á vodafone.is, Þjónustuver sími 1414

# Jólin eru komin hjá Vodafone

vodafone

## Einstök jólatilboð í verslunum okkar um helgina

Við hjá Vodafone eru komin í glimrandi jólaskap. Þess vegna bjóðum við frábær jólatilboð í verslunum okkar um helgina. Ótrúlegur afsláttur af flottum Nokia-símum og fleiri frábær jólatilboð. Komdu þér í jólastemninguna og kíktu við í verslunum okkar. Froskurinn okkar verður í Smáralind, láttu smella ókeypis mynd af þér og honum á milli kl. 13 og 16!

Tilboðin eru í takmörkuðu magni og gilda á meðan birgðir endast. Verslanir okkar í Kringlunni, Smáralind og Glerártorgi opna kl. 10 í dag. Athugið að verslun okkar í Skútuvogi er lokuð um helgina.




Nokia 2630 LIVE

**9.900 kr.**

**Lítill, nettur og á frábæru verði**

Fullt verð: 14.900 kr.




Nokia 6700

**29.900 kr.**

**5 megapixla myndavél með Carl Zeiss linsu**

Fullt verð: 66.900 kr.




Vodafone 3G Nettengill

**4.900 kr.**

**10GB netfrelsi fylgir**

Fullt verð: 17.890 kr.




Motorola D1001

**4.900 kr.**

**Frábær þráðlaus sími frá Motorola**

Fullt verð: 10.900 kr.



Essasú krakkabolir

**790 kr.**

**Margar tegundir**










Sérhannað skart til styrktar blindum og sjónskertum börnum til aukins þroska:

# Bláliljan seld fyrir blind börn

**LÍKNARMÁL** Bláliljan – sérhannað íslenskt hálsmen – verður seld til styrktar blindum börnum. Sjóðurinn Blind börn á Íslandi var stofnaður sumarið 1992 í útvarpsþætti Jóns Axels og Gulla Helga. Er sjóðurinn í vörslu Blindrafélagsins en hlutverk hans er að styrkja blind og sjónskert börn til aukins þroska og ánægju. Eggert Pétursson listmálari og Sif Jakobs gullsmiður hönnuðu bláliljuna sem seld verður í versluninni Leonard.

Vigdís Finnbogadóttir afhenti í fyrradag Ívu Marín, ellefu ára, fyrsta bláliljuhálsmenið. Íva Marín er alblind og ein þeirra sem munu njóta góðs af sölu mensins. - bþs



**BLÁLILJAN** Íva skoðar nýja menið. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, afhenti fyrstu Bláliljuna við hátíðlega athöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BLINDUR HRÚTUR** Hornið á þessum hrúti hafði vaxið inn í augað á honum, þannig að hann var orðinn blindur á því. Augað var bólgið og það vessaði úr því.



**FÉÐ ÚR TÁLKNA** Þessi ær hefði líka átt á hættu að verða blind, þar sem hornið stefndi inn í augað á henni.

# Horn óx í auga hrúts og annan vantaði fót

**Fé það sem handsamað var í Tálkna í lok október var misjafnlega á sig komið. Horn hafði vaxið í auga hrúts, svo hann var orðinn blindur. Annar hrútur hafði misst neðan af fæti, að því er fram kemur í bókun dýraverndarráðs.**

**DÝRAHALD** Yfirvöld Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar bíða enn átekta eftir viðbrögðum þriggja ráðuneyta varðandi handsömun og slátrun útigangsfjár sem enn gengur laust á fjallshryggnum Tálkna. Í lok október náðust nítján kindur þaðan og var þeim slátrað. Þær voru í misjöfnu ásigkomulagi. Þeirra á meðal voru til dæmis hrútur með horn vaxið inn í auga, ær þar sem horn var um það bil að vaxa í auga og hrútur sem misst hafði neðan af fæti, að því er fram kemur í bókun dýraverndarráðs um málið.

Enn eru fimm til sjö kindur eftir sem ekki náðust í smöluninni.

Umhverfisráðherra vísaði málinu í haust til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, svo og dómsmálaráðuneytis til athugunar og umfjöllunar. Landbúnaðarráðuneytið skal fjalla um málið með tilliti til dýraverndunar og dómsmálaráðuneytið með tilliti til þess hvort lög hafi verið brotin við handsömun fjárins, að sögn Ragnars Jörundssonar bæjarstjóra Vesturbyggðar.

„Ég held að það geti ekki í neinu tilliti flokkast undir dýraverndunarsjónarmið að láta skepnurnar ganga svona,“ segir Ragnar.

Í hópnum sem eftir eru í Tálkna eru bæði ær og hrútar. Það má því búast við að féð fjölgi sér og fyrstu lömbin fæðist jafnvel í mars, meðan vetrarríki er enn á fjallshryggnum, að sögn Ragnars. Hann segir jafnframt að það stóra hlutfall hrúta sem var í hópnum sem náðist sýni að þeir hafi frekar komist á legg við harðan kost heldur en gimbrarnar, enda séu þeir harðgerari.

Í ályktun dýraverndarráðs segir meðal annars að aðstæður á Tálkna séu þannig að „ekki er unnt að sinna eftirliti með dýrunum og grípa inn í til að koma í veg fyrir eða stöðva þjáningar þeirra. Af þessum ástæðum styður dýraverndarráð að féð sé fangað og því komið undir manna hendur“.

Hins vegar harmar ráðið að við aðgerðirnar hafi dýr hrapað fyrir björg, en hefur skilning á að erfitt getur verið að koma í veg fyrir slíkt.

Bændasamtök Íslands hafa samþykkt að „lýsa eindregnum stuðningi stjórnar Bændasamtaka Íslands við framgöngu yfirvalda í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi við að framfylgja lögum um fjallskil og búfjárhald“.

jss@frettabladid.is




Krabbameinsfélag Íslands:

# Nýr forstjóri um áramótin

**FÓLK** Ragnheiður Haraldsdóttir tekur við starfi forstjóra Krabbameinsfélags Íslands eftir áramótin. Ragnheiður er nú sviðsstjóri í heilbrigðisráðuneytinu.



**RAGNHEIÐUR HARALDSDÓTTIR**

„Ragnheiður er traustur og öflugur leiðtogi með mikla reynslu af stjórnun og störfum á heilbrigðissviði,“ segir Sigríður Snæbjörnsdóttir, formaður Krabbameinsfélagsins, í tilkynningu. „Baráttan gegn krabbameini er krefjandi og erfið, fram undan eru miklar áskoranir vegna þjóðfélagsástandsins,“ segir Ragnheiður. Hún tekur við forstjórastarfinu af Guðrúnu Agnarsdóttur. - gar


M·A·C
VIVA GLAM
Með kaupum á M·A·C Viva Glam varalit og varaglossi
styrkir þú baráttuna gegn alnæmi á Íslandi
Jónsi úr Svörtum Fötum
er talsmaður Viva Glam
dagsins og mun fyrir hönd
MAC afhenda HIV/Íslandi
ávísun upp á kr. 2.200.000
í dag kl. 15
í MAC Debenhams,
Smáralind.
Á milli kl. 14 og 16
munu þjóðþekktir
Íslendingar verða
á staðnum að selja
rauða borðann og
safna fyrir samtökin.
Hver króna af hverjum
seldum M·A·C Viva Glam
varalit og varaglossi
rennur í alnæmissjóð M·A·C
sem styrkir baráttuna
gegn alnæmi á Íslandi.
M·A·C
VIVA GLAM uppákoma í Debenhams í dag kl. 14 til 16
15% afsláttur af öllum vörum MAC í dag
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

AURIS

AUR-OM-201

**Klínísk lyfjarannsókn**

# Er barnið þitt með eyrnabólgu?



**Óskað er eftir börnum tveggja ára eða eldri sem þjást af vægri eða meðalsvæsinni bráðri miðeyrnabólgu í klíníska lyfjarannsókn.**

Sprotafyrirtækið Auris ehf. vinnur að þróun lyfs til meðhöndlunar á bráðri miðeyrnabólgu. Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar, Persónuverndar og Lyfjastofnunar. Aðalrannsakandi er Hannes Petersen, sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum.

Rannsóknarlyfið inniheldur virka efnið týmól, sem er þekkt jurtalyf innan læknis- og lyfjafræðinnar fyrir bakteríudrepandi eiginleika sína. Týmól er algengt innihaldsefni í ýmsum kvef- og hóstalyfjum, munnskoli og húðsmyrslum.

Tilgangur rannsóknarinnar er að leggja mat á verkun, öryggi og þol rannsóknalyfsins við meðferð á börnum, tveggja ára eða eldri, sem eru með væga eða meðalsvæsna bráða miðeyrnabólgu. Gert er ráð fyrir að hver þátttakandi sem klárar rannsóknina fái 6 skammta (meðferð) af lyfinu yfir þriggja daga tímabil. Rannsóknarlyfið verður gefið í eyrnagang í þar til gerðum eyrnatappa.

Mögulegar aukaverkanir af útvortis notkun týmóls eru m.a. erting (sviði, roði, kláði).Önnur áhætta af þátttöku felst í mögulegum ófyrirséðum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins.

Þetta er í fyrsta skipti sem týmól er gefið börnum með eyrnabólgu í klíniskri lyfjarannsókn. Lyfið hefur áður verið gefið heilbrigðum fullorðnum einstaklingum í rannsókn sem fór fram á Íslandi 2008.

Alls er gert ráð fyrir 75 þátttakendum í rannsókninni. Rannsóknin mun fara fram á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Háls-, nef- og eyrnadeild, Fossvogi, 108 Reykjavík. Þátttakendur koma í þrjár heimsóknir á u.þ.b 8 daga tímabili á rannsóknarsetur og hitta rannsóknarlækni. Gert er ráð fyrir að skimunarheimsóknin muni taka um 60 til 75 mínútur en aðrar heimsóknir muni taka um 45 mínútur eða skemur

Ekki verður greitt fyrir þátttöku. Hins vegar verður ferðakostnaður vegna þátttöku greiddur, að hámarki 3000 fyrir hverja heimsókn.

Þeir foreldrar/forráðamenn barna sem kynnu að hafa áhuga er bent á að leita frekari upplýsinga um rannsóknina á rannsóknarsetri í síma 664 9901 eða 664 9902.

***Tekið skal fram að þeir sem hafa samband við rannsóknarsetur hafa á engan hátt skuldbundið sig (barnið sitt) til að taka þátt í rannsókninni. Taki barnið þátt, getur foreldri/forráðamaður þess dregið það út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.***

Forstjóri Landspítalans:

# Skert þjónusta á spítalanum kynnt fljótlega



**BJÖRN ZÖEGA** Forstjóri Landspítalans ræðir sparnað á fundum með starfsfólki.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Á sama tíma og spara þarf verulega í starfseminni, enn eitt árið í röð, er ljóst að þjónustan mun að öllum líkindum skerðast,“ segir í ávarpi sem Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, sem birt var á heimasíðu spítalans í gær. „Á næstu vikum mun ég, ásamt framkvæmdastjórum og öðrum stjórnendum spítalans, boða til funda með starfsmönnum deilda um sparnað og hagræðingu,“ segir Björn og biðlar til starfsmanna um tillögur um sparnað. „Þannig getur hver og einn lagt af mörkum til að spara í því umhverfi sem hann þekkir best, með öryggi sjúklinga að leiðarljósi,“ segir forstjórinn og sendir starfsmönnum baráttukveðjur. **- gar**



**SÖFNUNARFÉ AFHENT** Íslendingar borguðu þriðjunginn af húsinu.

# Athvarf fyrir sextíu konur

**Mæðrahús opnaði í Namibíu í vikunni. Áður þurftu barnshafandi konur að hafast við úti meðan þær biðu eftir fæðingunni. Húsið reist fyrir íslenskt fé að hluta.**

**HJÁLPARSTARF** Hjálparstarf Mæðrahús sem reist var að frumkvæði Íslendinga var formlega opnað í bænum Engela í Namibíu í vikunni. Forsetafrú Namibíu, frú Penehupifo Pohamba, opnaði húsið að viðstöddu fjölmenni, en hún var verndari söfnunar til byggingar hússins.

Saga hússins á rætur sínar að rekja til þess er Vilhjálmur Wiium, umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Namibíu, ók fram á konur sem biðu fæðingar á spítalanum í Engela í Ohangwena-sýslu nyrst í Namibíu. Spítalinn er sá eini í sýslunni en í henni búa 230 þúsund manns og þangað koma mæður hvaðanæva að. Einkum sækjast konur sem óttast vandamál við fæðingu eftir að fæða á spítalanum. Ekkert pláss var hins vegar til þess að taka konurnar inn fyrr en hríðir hófust. Höfðust þungaðar konur því við undir tveimur trjám í nágrenni spítalans, elduðu sér mat á hlóðum og sváfu úti, oft í talsverðum kulda.

Við svo búið mátti ekki una og eftir umræður og bollaleggingar var hafist handa við að safna fé til húsbyggingar.

Margir lögðu hönd á plóginn við að reisa húsið, fyrirtæki og stofnanir á svæðinu til að mynda. Íslendingar lögðu til um þriðjung af heildarkostnaði, Reykjanesbær stóð fyrir fjáröflun á Ljósanótt árið 2007, en þar söfnuðust 300.000 krónur sem runnu í byggingu mæðrahússins. Þróunarsamvinnustofnun Íslands lagði einnig til fé.

Talsverðar tafir urðu á byggingu hússins, meðal annars vegna flóða. En það reis að lokum og er mikil ánægja með það í héraðinu samkvæmt upplýsingum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Í húsinu eru átta gististofur sem geta hýsta sextíu konur samtímis. Þar er eldunaraðstaða sem konurnar geta nýtt sér og einnig er góð hreinlætisaðstaða með sturtum. Í húsinu er aðstaða til að veita mæðrum ráðgjöf um fæðingar og umönnun barna. **sigridur@frettabladid.is**




## ÞRÓUNARSAMVINNU LÝKUR

Íslendingar hófu þróunarsamvinnu við Namibíu sama ár og landið fékk sjálfstæði frá Suður-Afríku, árið 1990. Í upphafi var samvinnan fyrst og fremst á sviði sjávarútvegs. Íslenskir sérfræðingar og sjómenn hafa starfað við hafrannsóknir og namibískir líffræðingar hafa verið í þjálfun á Íslandi, en einnig störfuðu íslenskir kennarar í Namibíu við undirbúning og kennslu í sjómannaskóla. Á liðnum misserum hafa verkefni ÞSSÍ í Namibíu þó einkum verið félagsleg og í dag eru verkefnin fyrst og fremst til stuðnings jaðarhópum í namibísku samfélagi.

Þróunarsamvinnu Íslands og Namibíu mun ljúka í lok næsta árs, árið 2010. Íslendingar hafa jafnframt heitið því að standa við allar skuldbindingar og fyrirheit um framkvæmd samningsbundinna verkefna.

19. desember
14 nátta jólaferð

Frá kr. 149.990
– með „öllu inniföldu“



Kanarí

HOTEL DUNAS MIRADOR
Ótrúlegt sértilboð!

Kr. 149.990
– með „öllu inniföldu“
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi á Hotel Dunas Mirador *** í 14 nætur með “öllu inniföldu”. Verð m.v. 2 í herbergi með “öllu inniföldu” kr. 187.900. Aukalega fyrir einbýli kr. 29.000. Sértilboð 19. des.

Frábær gisting – aðeins örfá herbergi!

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum um jólin á ótrúlegu tilboði. Í boði er m.a. frábært sértilboð með „öllu inniföldu“ á Hotel Dunas Mirador Maspalomas, sem er gott hótel í Sonnenland í Maspalomas sem er frábær kostur fyrir bæði pör og barnafjölskyldur. Fleiri sértilboð einnig í boði. Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta og herbergja í boði. Verð getur hækkað án fyrirvara!







Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA • NM40175

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

# FYRSTI VALKOSTUR ÍSLENDINGA!

**„Um helmingur landsmanna setur sparisjóðina sem fyrsta valkost."**

**Við þökkum traustið,**
**starfsfólk sparisjóða**




*Markaðsrannsókn MMR í september 2009 um hlutdeild banka og sparisjóða

## Áfram fyrir þig og þína

**Um helmingur landsmanna eða 47,5%** setur sparisjóðina sem fyrsta valkost, hyggist menn skipta um fjármálafyrirtæki. Einungis 26,7% myndu velja Íslandsbanka, Landsbanka eða Arion banka þrátt fyrir að þeir séu með um 75% hlutdeild á markaði í dag.*

SPARISJÓÐIRNIR
Á ÍSLANDI
*– áfram fyrir þig og þína*

**Byr sparisjóður** - Akureyri - Garðabær - Hafnarfjörður - Kópavogur - Reykjavík) **Sparisjóður Bolungarvíkur** - Bolungarvík - Suðureyri **Sparisjóður Höfðhverfinga** - Grenivík **Sparisjóðurinn í Keflavík** - Keflavík - Vogar - Sandgerði - Njarðvík - Garður - Grindavík - Hvammstangi - Þingeyri - Ísafjörður - Flateyri - Súðavík - Patreksfirði - Króksfjarðarnes - Bíldudalur - Tálknafjörður – **AFL - sparisjóður** - Siglufjörður - Sauðárkrókur **Sparisjóður Norðfjarðar** - Neskaupsstaður - Reyðarfjörður **Sparisjóður Ólafsfjarðar** – Ólafsfjörður **Sparisjóður Strandamanna** - Hólmavík - Norðurfjörður **Sparisjóður Suður-Þingeyinga** - Laugar - Húsavík - Reykjahlíð - Fosshóll **Sparisjóður Svarfdæla** - Dalvík - Hrísey **Sparisjóður Vestmannaeyja** - Vestmannaeyjar - Selfoss - Hveragerði **Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis** - Hornafjörður - Djúpavogur - Breiðdalsvík **Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis** - Þórshöfn - Kópasker - Raufarhöfn.

DYNAMO REYKJAVÍK

OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA



## GARÐHEIMAR 10 ÁRA

Garðheimar er fjölskyldufyrirtæki, rekið af Gísla H. Sigurðssyni, Jónínu S. Lárusdóttur, börnum þeirra og starfsfólki.

Hugsjónin á bak við opnun Garðheima, árið 1999, var að gera grænum lífsstíl hátt undir höfði og kynda undir frekari þróun garðyrkju á Íslandi.

Í Garðheimum er kappkostað við að taka vel á móti viðskiptavinum í öllum aldurshópum með góðri þjónustu og notalegu andrúmslofti.

## Kæru viðskiptavinir!

Við þökkum ánægjuleg samskipti í gegnum árin og bjóðum ykkur ávallt velkomin!

Við höldum upp á afmælið um helgina með 20 % afmælisafslætti af öllum vörum.

Auk þess skemmtanir, uppákomur, kynningar og jólasýnikennslur.

-Starfsfólk Garðheima



# AFMÆLISTILBOÐ
laugardag og sunnudag

# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

GARÐHEIMAR
10 ára!

## Afmælisdagskrá

**laugardagurinn 5. desember**

**13:00 Sýnikennsla**
*í jóla- og kertaskreytingum*
**15:00 Kórinn Norðurljós syngur**
**16:00 Leikrit á Loftinu:**
*atriði úr barnaleikritinu "Horn á höfði"*



Horn og Höfði
kl.16:00 á laugardag

**sunnudagurinn 6. desember**

**13:00 Sýnikennsla og hugmyndir**
*að innpökkun á jólagjöfum*
**15:00 Töframaðurinn Lalli**
*skemmtir börnum og fullorðnum*
**16:00 Listasmiðjan Litróf**
*syngur frumsamin jólalög af nýútkomnum geisladisk*


Lalli Töframaður
kl.15:00 á sunnudag


Listasmiðjan Litróf
kl.16:00 á sunnudag

*Samstarfsaðilar á 10 ára afmæli Garðheima:* Ölgerðin – Heilsa – Nói Sirius – Mjólkursamsalan - Emmess – Te&Kaffi

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Velferðarkerfið má ekki brotna.

## Sjálfstætt líf

**ÞORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR**

Á alþjóðadegi fatlaðra hinn 3. desember voru hvatningarverðlaun Öryrkjabandalagsins veitt í þriðja sinn. Veitt eru verðlaun til einstaklings, fyrirtækis og stofnunar sem hafa að mati dómnefndar staðið sig vel og verið góð fyrirmynd í að berjast fyrir málefnum fatlaðra, veita þeim þjónustu eða vera hvatning fyrir betra samfélagi fyrir alla. Edda Heiðrún Backman, SÍBS og Öskjuhlíðarskóli fengu verðlaunin að þessu sinni. Þessi hvatningarverðlaun eru verðlaunahöfum áreiðanlega mikils virði og okkur landsmönnum öllum hvatning til að gera betur.

Í tengslum við þennan dag veitti Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra kærleikskúluna í sjötta sinn. Ás styrktarfélag og landssamtökin Þroskahjálp og Sjálfsbjörg voru einnig með sín verðlaun og Öryrkjabandalagið hélt ásamt fleirum ráðstefnu sem fjallaði um sjálfstætt líf. Á þessari ráðstefnu flutti dr. Adolf D. Ratzka afar athyglisvert erindi, en hann er frumkvöðull samtaka um sjálfstætt líf í Svíþjóð. Svíar og reyndar fleiri Norðurlandaþjóðir hafa lagt áherslu á sjálfstætt líf fatlaðs fólks, en umræðan um þetta málefni er fyrir alvöru að breiðast út hér á landi. Segja má að þetta sé framhald af því góða starfi sem Sjálfsbjörg hefur staðið fyrir allt frá stofnun félagsins árið 1958. Síðan þá hefur verið lögð áhersla á sjálfsbjörg fatlaðs fólks og núna þurfum við að gera enn betur svo fatlaðir geti verið sjálfstæðir og notið frelsis í daglegu lífi. Það byggir á því að fá persónulega notendastýrða aðstoð þar sem hinn fatlaði ákveður hver veitir aðstoðina, hvar, hvenær og hvernig hún er veitt. Þetta er andstæðan við stofnanastýrða þjónustu sem byggir á því að steypa flesta í sama mót hvað aðstoð varðar.

Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalagsins, lýsti vel við afhendingu hvatningarverðlaunanna þeirri hugsun sem er á bak við sjálfstætt líf fatlaðra. Eins og aðrir í þjóðfélaginu eiga fatlaðir að hafa þann rétt að stýra sjálfir lífi sínu og þeirri þjónustu sem þeir fá, en þjónustan miðist ekki við hagsmuni og þarfir þeirra sem þjónustuna veita. Ferðaþjónusta fatlaðra, betra aðgengi, heimaþjónusta og margvíslegur annar stuðningur er mikið framfaraspor og hefur losað marga úr stofufangelsi, en það er enn langt í land. Enn lifa fjölmargir fatlaðir ekki sjálfstæðu lífi og eru þess vegna ekki virkir þátttakendur í daglegu starfi. Þess vegna hefur orðið til hreyfing sem byggir á þessum hugsunarhætti sem kallast „notendastýrð persónuleg aðstoð“ (NPA) eða „independent living“. Jafnrétti snýst ekki einungis um jafnrétti til náms, atvinnu, launa og atkvæðisréttar svo dæmi séu nefnd heldur einnig jafnrétti til að lifa sjálfstæðu lífi þótt fólk búi við einhverja fötlun. Ráðherrar hafa aðstoðarmenn og bílstjóra og fatlaðir þurfa ekki síður á þessu að halda til að geta verið virkari í daglegu lífi.

Bambus bognar, en brotnar ekki. Þess vegna er Adolf Ratzka með níu tegundir af bambus í garðinum sínum. Velferðarkerfi okkar má ekki brotna. Þjóðin vill verja grunngildi okkar samfélagsgerðar sem er velferð og menntun. Undirstaða þess alls er öflugt atvinnulíf sem getur staðið undir kostnaði við okkar velferðarkerfi og að þjóðin geti verið fjárhagslega sjálfstæð. Við hljótum að vilja sjálfstætt líf fyrir alla Íslendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







**AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR**

## Klípa forsetaembættisins



ÞORSTEINN PÁLSSON

Forseti Íslands er í nokkurri klípu þegar kemur að staðfestingu ríkisábyrgðarlaganna vegna Icesave-skulda Landsbankamanna. Ósennilegt er að fyrir honum vefjist að finna rökstuðning fyrir undirskriftinni með einum eða öðrum hætti. Vandi forsetans er hins vegar í því fólginn að hann kemst ekki frá málinu án þess að lenda í mótsögn við fyrri orð og athafnir við staðfestingu laga.

Slík staða lækkar ris embættisins. Hún kemur til viðbótar þeim atburðum sem forseti hefur sjálfur lýst á þann veg að embættið hafi í tíð hans verið misnotað af forystumönnum í fjármálalífinu. Þó að slík misnotkun sé eftir stjórnarskránni á ábyrgð ráðherra en ekki forseta sjálfs eru áhrifin þau sömu á stöðu embættisins.

Það eru einkum tvö fordæmi sem leiða forsetann í nýjan vanda. Fyrra fordæmið lýtur að fjölmiðlalögunum. Þá synjaði forseti um staðfestingu með þeim rökum að gjá hefði skapast milli þings og þjóðar. Umræður í þinginu og undirskriftir almennings til forseta gefa sterklega til kynna að þær aðstæður séu jafnvel ríkari nú en þá.

Síðara fordæmið er staðfesting forseta á Icesavelögunum frá því í sumar. Þá féllst forseti á lögin með sérstakri skírskotun til þeirra fyrirvara og takmarkana sem Alþingi hafði bætt við frumvarp ríkisstjórnarinnar. Fyrirvararnir voru þannig forsenda staðfestingar. Nú er óumdeilt að fyrirvararnir hafa verið rýrðir. Stjórn og stjórnarandstöðu greinir hins vegar á um að hve miklu leyti.

Forsetinn hefur komið embættinu í þá stöðu að þurfa að taka pólitíska afstöðu með mati ríkisstjórnarinnar á fyrirvörunum þegar hann staðfestir nýju lögin. Einu gildir hvaða búningur þeim rökum verður búinn. Niðurstaðan verður óhjákvæmilega stuðningur við mat ríkisstjórnarinnar. Fari svo ólíklega að forseti synji um staðfestingu verður það að gerast eftir mati stjórnarandstöðunnar á fyrirvörunum.

Niðurstaðan er sú að forsetaembættið er í trúverðugleikaklípu hvorn kostinn sem forseti velur. Sú klípa getur haft áhrif á stöðu embættisins um langa framtíð.

## Réttur þjóðarinnar

Á sínum tíma notaði forsetinn skilgreininguna um gjá milli þings og þjóðar til þess að synja um lagastaðfestingu. Í sjálfu sér var þetta ágæt skilgreining á ástandi sem réttlætt getur að þjóðin fái úrslitavald um gildistöku laga.

Spurningin er þá sú hvort hagsmunir þjóðarinnar séu best tryggðir með því að hafa það mat alfarið á hendi þjóðhöfðingjans eins og stjórnarskráin gerir nú ráð fyrir. Ástæða er til að skoða það álitaefni í víðu samhengi.

Í fyrsta lagi getur sú staða verið uppi að forseti vilji heldur varðveita stöðu sína sem einingartákn fremur en að tefla henni í tvísýnu. Það gerði Vigdís Finnbogadóttir í miklu deilumáli um EES-samninginn. Vera má að það hafi með öðru ráðið talsverðu um að hún skilaði jafn risháu embætti og hún hafði tekið við.

Í öðru lagi getur staðið svo á að forseti sé efnislega sömu skoðunar og meirihluti þingsins og telji það ekki í þjóðarþágu að tefla slíku máli í tvísýnu. Sú staða sýnist hafa verið upp á teningnum á liðnu sumri þegar forseti undirritaði ríkisábyrgðarlögin með sérstakri tilvísun í tiltekna efnisþætti þeirra þó að þá þegar hafi verið sýnileg gjá milli þings og þjóðar í málinu.

Í þriðja lagi hefur það gerst að forseti hafi hafnað óskum frá almenningi um að synja um staðfestingu á lögum með þeim rökum að dómstólar ættu að skera úr þeim ágreiningi sem fyrir hendi var.

Af þessum dæmum má ráða að gildandi stjórnarskrárákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu, ef forseti synjar lögum um staðfestingu, er ekki einhlít leið til að fá kjósendum úrslitaáhrif þegar gjá er milli þings og þjóðar. Þessar athugasemdir eru jafngildar hver sem á hlut að máli á forsetastóli og eiga því ekki við núverandi forseta fremur en aðra.

## Betri lausn

Þegar stjórnskipunin gerir ráð fyrir fullri aðgreiningu framkvæmdavalds og löggjafarvalds eins og í Bandaríkjunum er lagasynjunarréttur forseta eðlilegt tæki til að tryggja jafnvægi milli þessara tveggja valdþátta. Þessu víkur á annan veg við þegar stjórnskipunin byggir á þingræðisreglu.

Vilji menn koma málum í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar gjá er staðfest milli þings og þjóðar er skynsamlegt að pólitísk ábyrgð liggi að baki mati á því hvenær þær aðstæður eru fyrir hendi. Í dönsku stjórnarskránni er tilteknum minnihluta þingmanna fengið það vald og sú ábyrgð að meta þessar aðstæður með ákveðnum tilgreindum undantekningum.

Slík lausn var rædd á árunum 2005 til 2007 í stjórnarskrárnefnd er laut forystu Jóns Kristjánssonar, þáverandi heilbrigðisráðherra. Erfitt er að meta hvað hindraði framgang þess máls en sennilega réði þó mestu að Samfylkingin vildi ekki ræða úrlausnir sem lutu að forsetanum, jafnvel þó að þær hefðu þann tilgang að rétta hlut Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu.

Margt bendir hins vegar til að forsetaembættið væri í betri stöðu í dag hefði slík breyting náð fram að ganga á þeim tíma. Sú trúverðugleikaklípa sem forsetaembættið stendur nú andspænis er áminning um hversu brýnt það er að ljúka yfirvegaðri heildarendurskoðun á stjórnarskránni og losa þá umræðu undan oki lýðskrumsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

NÝTT N

Í FYRSTA SKIPTI Á ÍSLANDI

Disney

# ANDRÉS ÖND

## ÁSKRIFTARKASSINN




## Andrésblað í hverri viku - harður jólapakki!

**Andrés Önd Áskriftarkassinn, gjöf í hverri viku**
**Í Áskriftarkassanum er áskrift að Andrési Önd**

**Það þarf ekki að bíða eftir Andrési Önd!**
Með kassanum fylgja Andrésblöð og spennandi Andrésardót þannig að nýir aðdáendur Andrésar þurfa ekkert að bíða og geta strax byrjað að skemmta sér konunglega.

**Hvernig virkar Áskriftarkassinn?**
Hægt er að velja milli þriggja áskriftaleiða; 3ja, 6 og 12 mánaða sem greiddar eru fyrirfram. Sá sem fær gjöfina virkjar áskriftina á netinu í einföldu skráningarferli og um leið og því er lokið berast ný Andrésblöð vikulega.
**Svona einfalt er það!**

**Inniheldur**
- Áskrift að Andrési Önd
- 3 til 5 Andrésblöð
- Andabæjar-happdrætti
- Smá-Syrpa
- Andrés Önd Sérútgáfa
- Andrés krossgáta
- Lukkuludó Andrésar
- 313 veggspjald
- Bókamerki
- Stafarugl Andrésar
- Andrés Önd segull

Áskriftarkassinn fæst á göngugötu Kringlunnar fyrir jólin, í verslun Eddu útgáfu Síðumúla 28 og á www.andrésönd.is.

**WWW.ANDRÉSÖND.IS**

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁕ arionbanki.is

# Arion banki kynnir lausnir fyrir *viðskiptavini*

## Erlend íbúðalán

### 1 Þér býðst allt að *30% leiðrétting** og möguleiki á föstum 6,0% óverðtryggðum vöxtum í 3 ár

Höfuðstóll erlendra íbúðalána er leiðréttur um allt að 30%. Lánunum er breytt í fasteignalán í íslenskum krónum til allt að 40 ára. Þú hefur m.a. val um að fá lán með föstum 6,0% óverðtryggðum vöxtum til næstu þriggja ára. Að þeim tíma liðnum færist vaxtaprósentan yfir í bestu fáanlegu íbúðalánavexti sem bjóðast hjá bankanum á þeim tíma. Hægt verður að velja um annaðhvort óverðtryggða eða verðtryggða vexti. Eftir leiðréttingu verður staða lánsins sú sama og hún var þann 29. september 2008, sem þýðir allt að 30%* lækkun en hlutfallið er mismunandi eftir samsetningu lánsins. Í stað 6,0% óverðtryggðra fastra vaxta til þriggja ára hefur þú val um breytilega óverðtryggða markaðsvexti sem í dag eru 9,75% eða breytilega verðtryggða markaðsvexti sem eru í dag 5,4%.

***Kostir***
Höfuðstóll og greiðslubyrði lánsins lækkar. Mögulegt er að létta greiðslubyrði enn frekar með því að lengja lánið í 40 ár.

***Ókostir***
Óverðtryggðu fastvaxtaláni fylgir óvissa um hver vaxtaprósenta lána verður eftir þrjú ár. Ekki er hægt að nýta sér leiðina samhliða sértækri skuldaaðlögun nema að vöxtum sé breytt í markaðsvexti.

***Fyrir hvern***
Hentar þeim best sem eru með veðhlutfall lægra en 155%*.

** 30% leiðrétting er m.v. algengustu samsetningu erlendra lána, 50% JPY og 50% CHF, viðskiptavina Arion banka. Eftir leiðréttingu verður staða lánsins sú sama og hún var 29. september 2008 en hlutfallið er mismunandi eftir samsetningu lánsins. Hlutfallið **getur hækkað eða lækkað eftir gengisþróun.***




*Leiðrétt lán er með óbreyttum lánstíma*

## Erlend íbúðalán

### 2 Þér býðst leiðrétting á *höfuðstól* í 110% af markaðsvirði eignar

Erlend íbúðalán verða leiðrétt niður í 110% veðhlutfall. Lánunum er breytt í fasteignalán í íslenskum krónum, óverðtryggð eða verðtryggð. Hægt verður að velja annaðhvort breytilega markaðsvexti verðtryggðra lána, nú 5,4%, eða breytilega markaðsvexti óverðtryggðra lána, nú 9,75%. Til viðbótar býðst sértæk skuldaaðlögun sé greiðslugeta minni en 110% af veðhlutfalli. Virði eigna miðast við núverandi markaðsvirði, en mat á virði eigna fer ekki niður fyrir fasteignamat m.v. 1.12.2009.

***Kostir***
Höfuðstóll lánsins lækkar. Mögulegt er að lækka greiðslubyrði enn frekar með því að lengja lánið til allt að 40 ára.

***Ókostir***
Þessi leiðrétting býðst ekki samhliða 30% höfuðstólslækkun.

***Fyrir hvern***
Hentar best þeim sem eru með veðhlutfall hærra en 155%*. Leiðréttingin getur numið allt að 35–40% af láninu*.

** Hlutfallið **getur hækkað eða lækkað eftir gengisþróun.***




*Leiðrétt lán er með óbreyttum lánstíma*

Við hvetjum alla viðskiptavini Arion banka til að kynna sér þessar lausnir á arionbanki.is.
Nánari upplýsingar fást hjá þjónustufulltrúum í útibúum Arion banka.

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 47794 12/09

# Innlend íbúðalán

## 3 Þér býðst leiðrétting á *höfuðstól* í 110% af markaðsvirði eignar

Innlend íbúðalán verða leiðrétt niður í 110% veðhlutfall. Til viðbótar býðst fólki sértæk skuldaaðlögun, sé núverandi greiðslugeta minni en sem nemur 110% veðhlutfalli. Virði eigna miðast við núverandi markaðsvirði, en mat á virði eigna fer ekki niður fyrir fasteignamat m.v. 1.12.2009.

***Kostir***
Höfuðstóll lánsins lækkar. Vaxtakjör lána haldast óbreytt.

***Ókostir***
Greiðslubyrði lækkar óverulega sé lækkun láns hlutfallslega lág.

***Fyrir hvern***
Þessi lausn hentar þeim sem eru með veðskuldir sem eru orðnar hærri en 110% af verðmæti eignar. Einkum er um að ræða lán sem veitt voru með 80–100% veðhlutfalli.




*Leiðrétt lán er með óbreyttum lánstíma*

## 4 Eingöngu *vaxtagreiðslur* í eitt ár

Viðskiptavinir með íbúðalán geta óskað eftir að greiða eingöngu vexti í allt að eitt ár*.

***Kostir***
Mánaðarlegar greiðslur lækka um 10–25%, en hlutfallið fer eftir lánstíma.

***Ókostir***
Lánstími lengist um eitt ár.

** Leiðin býðst ekki þeim sem skipta úr erlendum lánum og velja 30% höfuðstólslækkun og 6% óverðtryggða vexti.*

## 5 Kjör *verðtryggðra* lána haldast óbreytt

Lofað var föstum vöxtum á verðtryggðum íbúðalánum út lánstímann og mun Arion banki standa við þau kjör. Innlend íbúðalán sem veitt hafa verið frá árinu 2004 með föstum verðtryggðum vöxtum, halda óbreyttum vöxtum, þ.e. þeim verður ekki breytt til hækkunar út lánstímann.

***Kostir***
Vextirnir breytast ekki við sértæka skuldaaðlögun eða við leiðréttingu höfuðstóls verðtryggðra lána í 110%.

***Ókostir***
Ekki er hægt að lengja lánstíma þessara lána nema að breyta vöxtum í breytilega markaðsvexti.

Leiðir 1-4 standa *viðskiptavinum* til boða fram til 1. júlí 2010.

## Engar *uppboðsbeiðnir* íbúðalána út árið 2010

Bankinn mun fresta öllum uppboðsbeiðnum til sýslumanna út árið 2010. Það mun gera fleirum kleift að greiða úr sínum málum.

## Aðgerðir *stjórnvalda*

Einnig eru í boði úrræði stjórnvalda svo sem greiðslujöfnun lána. Bæði þeir sem völdu að segja sig úr greiðslujöfnun og þeir sem völdu að gera það ekki eiga kost á öllum framangreindum leiðum.

## FJÁR*mál,* vettvangur fjármálafræðslu Arion banka

**Miðvikudaginn 9. desember kl. 18** stendur Arion banki fyrir kynningarfundi um lánalausnir í höfuðstöðvum sínum **Borgartúni 19**. Þar mun starfsfólk Arion banka útskýra helstu leiðir og lausnir í lánamálum. Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, skoðar úrræðin með gagnrýnum augum. Sérfræðingar verða á staðnum og svara þeim spurningum sem kunna að vakna að dagskrá lokinni.

Kynningafundurinn er hluti af FJÁR*málum*, fyrirlestraröð og fræðsluátaki á vegum bankans.

Skráðu þig á arionbanki.is – komdu og njóttu góðra veitinga í bland við verðmætan fróðleik.

Arion banki

# Mikilvægasti dagur ársins 2009

**UMRÆÐAN**

Ingrid Kuhlman skrifar um Þjóðfundinn



INGRID KUHLMAN

Þegar áramótin nálgast horfa margir til baka og rifja upp merka atburði sem gerðust á árinu sem er að líða. Merkasti dagur ársins 2009 er fyrir mér Þjóðfundardagurinn 14. nóvember í Laugardalshöll. Þetta var sögulegur og algjörlega magnaður dagur sem fyllti mig bjartsýni og trú á að hlutir geti breyst þegar við snúum bökum saman. Þarna fengu 1.500 fulltrúar heillar þjóðar, þekktir og óþekktir, tækifæri til að kynnast viðhorfum hver annarra og koma sjónarmiðum sínum á framfæri um gildi þjóðarinnar og framtíðarsýn. Krafturinn og orkan sem leystist úr læðingi var ótrúleg og nánast áþreifanleg og maður fann einlægan vilja þátttakenda til að horfa fram á við og finna lausnir í sameiningu. Hugmyndaauðgi var ríkjandi og andrúmsloftið einkenndist af virðingu – virðingu fyrir hvert öðru og virðingu fyrir skoðunum annarra. Gildi þess að fá að ræða hugmyndir, hugsanir og skoðanir er ómetanlegt. Fólk fór með bros á vör inn í framtíðina að fundinum loknum og ég held að enginn hafi farið heim ósnortinn. Sú jákvæðni, bjartsýni og samhugur sem maður fann á svo áþreifanlegan hátt í Laugardalshöllinni hitti mig í hjartastað og var staðfesting á því að þessi þjóð getur hvað sem er.

Þátttakendur veltu fyrir sér þeim grunngildum sem þeir vilja leggja til grundvallar í samfélaginu, hvernig samfélagi þeir vilja vera þátttakendur í og hvernig samfélagi þeir vilja skila til barna sinna. Haldið hefur verið utan um allar þær tæplega 30.000 hugmyndir sem komu fram á fundinum og verða þær aðgengilegar öllum þeim sem áhuga hafa á vefsíðunni www.thjodfundur2009.is. Gagnabankinn, sem er gjöf Þjóðfundarins til þjóðarinnar, verður án efa verðugt rannsóknarviðfangsefni næstu ára auk þess sem samtök, vinnustaðir landsins, sveitarfélög, stjórnmálaflokkar og fleiri aðilar geta nýtt sér hann í sinni stefnumótun. Hugmyndum fundarins verður síðan fylgt eftir á næstu 12 mánuðum með ýmsum verkefnum, uppákomum og fundum.

Allir þeir sem tóku þátt í Þjóðfundinum og komu að honum með einum eða öðrum hætti bera ábygð á að tryggja að það sem kom fram verði ekki aðeins stafir á blaði. Við þurfum öll að tileinka okkur gildin og sýna þau í verki. Velta fyrir okkur hvernig við sýnum heiðarleika, virðingu, réttlæti og jafnrétti í verki og hafa þau til hliðsjónar við allar þær ákvarðanir sem við tökum. Setjast niður í okkar hópi og spyrja okkur: Fyrir hvað viljum við standa sem einstaklingar, fjölskylda, vinnustaður, samfélag? Hvernig viljum við hafa hlutina? Framtíðin er á okkar ábyrgð.

*Höfundur er svæðisstjóri á Þjóðfundinum.*

# Undarlegir „upplýsingafulltrúar“

**UMRÆÐAN**

Björn S. Lárusson skrifar um upplýsingafulltrúa



BJÖRN S. LÁRUSSON

Nú á tímum er ekkert alvöru fyrirtæki eða stofnun án „upplýsingafulltrúa eða almannatengils“. Ég set þetta í gæsalappir vegna þess að hlutverk þessara starfsmanna innan fyrirtækja og stofnana virðist vera á reiki og allt annað en tíðkast erlendis. Þessi titill er líka samnefnari fyrir það sem ýmist er kallað upplýsingafulltrúi, almannatengill eða blaðafulltrúi. Til starfa veljast oftast blaðamenn, sjálfmenntaðir álitsgjafar eða þeir sem þekkja vel til í frumskógi stjórnsýslunnar (einkavinir). Sárafáir eru menntaðir eða hafa umtalsverða reynslu af upplýsingamálum og þess vegna hafðir að skotspæni fyrir afglöp og mistök í starfi sem stafa af vanþekkingu.

Hér á landi er upplýsingafulltrúa ætlað að vera einskonar blaðamaður innan fyrirtækisins og hann er settur hinum megin við borðið til að svara fyrrum kollegum á fjölmiðlum, skrifa fréttatilkynningar og hóa í fyrrum félaga á fjölmiðlum ef eitthvað mikið liggur við. Þeir raða upp stólum á blaðamannafundum, stilla hljóðnema og sjá um að skjávarpinn virki sem skyldi. Ef það detta inn fyrirspurnir um einhver mál sem varða starfsemi fyrirtækisins og forstjórinn er ekki við, eru svörin yfirleitt út í hött og skaða fyrirtækið. „Það er ekkert hægt að segja um málið á þessu stigi“ er dæmigert svar og þýðir einfaldlega; ég hef ekki hugmynd um hvað þú ert að tala. Upplýsingafulltrúarnir eru upp til hópa óupplýstir um starfsemina eða það sem fer fram innan fyrirtækisins nema það sem þeim hefur verið sagt að segja. Þeir leggja ekkert mat á hvaða upplýsingar er gagnlegt að láta frá sér eða hagsmunaaðilar eiga heimtingu á og hafa ekkert frumkvæði. Ástæðan er sú að þeir vita yfirleitt ekki hvað er að gerast. Sumir svokallaðir upplýsingafulltrúar verða eins og gúrúar í augum fyrirtækjarekenda eða innan stjórnsýslunnar enda farið víða í „störfum“ sinum sem þeim hefur verið úthlutað. Þeir hafa valist til starfa vegna þess að þeir eru innvígðir og innmúraðir en fagleg þekking á upplýsingamálum skiptir mun minna máli.

Þegar ég hóf störf hjá Bechtel sem byggði álver Alcoa á Reyðarfirði var mér tjáð að ég þyrfti að taka kúrsa í almannatengslum, samfélagssamskiptum og upplýsingamálum við viðurkennda háskóla á netinu allan starfstímann á kostnað fyrirtækisins. Að auki þyrfti ég að fara í höfuðstöðvarnar í San Francisco og kynna mér menningu fyrirtækisins. Ég maldaði í móinn og sagði að ég væri með menntun í viðskiptafræði með markaðsmál sem sérgrein auk mikillar reynslu. Jú, það var gott og blessað „en þið Íslendingar hafið svo undarlegar hugmyndir um svona störf að við viljum að þú tileinkir þér viðurkennd vinnubrögð sem tíðkast í flestum löndum“. Mér var ekki ætlað að skrifa fréttatilkynningar eða sjá til þess að hljóðneminn væri í lagi á blaðamannafundum. Mér var ætlað að taka frumkvæði í að koma á framfæri upplýsingum um alla starfsemina, viðhalda tengslum við alla hagsmunaaðila, hlera samfélagið um hvaða upplýsingar mættu að gagni koma og bregðast við ef með þyrfti. Aðalatriðið væri að samfélagið fengi upplýsingar óumbeðið til að fyrirbyggja tortryggni og viðhalda góðum samskiptum við hagsmunaaðila. Meginmarkmið; að láta framkvæmdirnar ganga vel fyrir sig í sátt við umhverfi og samfélag. – Og það gerðu þær svo sannarlega.

Mér var gert að sitja alla fundi sem vörðuðu framkvæmdirnar og kæmu mér að gagni við upplýsingaflæði til samfélagsins. Fyrsta reglan var að segja alltaf sannleikann. Önnur regla var að segja aldrei; ég get ekkert sagt um málið á þessu stigi – segja heldur; ég skal segja þér allt sem ég get og veit um málið og meira þegar ég fæ meiri upplýsingar. Það kom mér verulega á óvart að eitt stærsta verktakafyrirtæki í heimi og var heldur ljósfælið fyrirtæki skyldi vera fúsara að gefa upplýsingar en pínu litlar stofnanir á Íslandi þar sem draga þurfti allt út með töngum. Ástæðan var einföld. Upplýsingafulltrúar þessara stofnana vita minna en ekki neitt um starfsemina eða eru logandi hræddir um að veita upplýsingar um það sem þeir eru að gera. Því meiri leynd, því mikilvægara starf. Það er því undarlegt að enn skuli ráðnir „upplýsingafulltrúar“ í ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki sem í raun er ekki ætlað að gera neitt sem að gagni getur komið. Blaðamenn, uppgjafa pólitíkusar og besservisserar sitja í flestum þessum störfum. Að ekki sé talað um upplýsingafulltrúa sem tóku þátt í hrunadansinum og sitja enn í bönkum og gjaldþrota fyrirtækjum í eigu bankanna. Þetta er því undarlegra að „hið nýja Ísland“ á að vera upplýsingasamfélag þar sem allt á að vera uppi á borðum. Í þessum efnum hefur ekkert breyst og jafnvel ráðnir óhæfir starfsmenn án auglýsinga í störf sem skipta mestu máli í þróun okkar frá lokuðu samtryggingarkerfi einkavinavæðingar til nútíma upplýsingasamfélags.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*





VEISLA
ALLA HELGINA Í BYKO
Vöfflur kl. 13-15
Gómsætar vöfflur með rjóma og sultu í öllum verslunum bæði laugardag og sunnudag.
BYKO Kauptúni:
Laugardag kl. 14 er spilað BINGÓ.
Eigðu góða stund með fjölskyldunni og taktu þátt í skemmtilegu jólabingói með glæsilegum vinningum. Frítt að spila.
Kaffihlaðborð laugardag kl. 15-17
Glæsilegt kaffihlaðborð fyrir aðeins 790 kr.
BYKO Breidd:
Sunnudag kl. 14 verður hið sívinsæla uppboð er nú komið í jólabúning. Flottar vörur slegnar hæstbjóðanda.
Gerðu frábær kaup!
299 kr./lm.
Fullt verð: 399
Vnr. 88948640/4-5
Slönguljós
Slönguljós inni og úti, 13 mm, rautt, glært eða marglit,
ÓDÝRT
Vnr. 88904086
Prufulampi
Ljósaperuprófari
990
25% afsláttur af öllum jólaseríum
Gildir 5. - 6. desember 2009.
Verð frá 2.990 Fullt verð: 3.990
Vnr. 88949245-58
Útisería
Netsería, 100/150/200 eða 360 ljósa, glær eða marglitar. Við mælum með að úða allar útiseríur með silikoni til að tryggja betri endingu.
Verð frá 1.090
Fullt verð: 1.490
Vnr. 88900722-67
Útiseríur
Útisería, 40/60/80 eða 120 ljósa, marglit, blá, græn eða rauð.
Vnr. 88902999-3017
Jólatré
Ljósa jólatré, hvítt eða grænt, 90cm-180cm.
90 cm 8.990 kr.
150 cm 13.990 kr.
180 cm 18.990 kr.
Verð frá 8.990
Vnr. 88968024-34
Jólatré
Gervijólatré, 90-240 cm.
90 cm 1.590 kr.
120 cm 3.590 kr.
150 cm 5.490 kr.
180 cm 8.690 kr.
210 cm 10.990 kr.
240 cm 15.990 kr.
ÓDÝRT
Verð frá 1.590
Við mælum með að úða allar útifígúrur og útiseríum með sílikonsprey til að tryggja betri endingu.
Vnr. 88902957
Snjókarl
Snjókarl, 43x47 cm.
3.990
2.490
Fullt verð: 3.490
Syngjandi jólasveinar!
Vnr. 49800309-10
Jólasveinn
Jólasveinn með tónlist 36 cm.
ÓDÝRT
Vnr. 51880172/5
Gluggaskraut
HELLA stjarna, tvær stærðir, messing.
1.890
BYKO
EXPO · www.expo.is

# ESB og íslenskur sjávarútvegur

**UMRÆÐAN**

Úlfar Hauksson skrifar um örlög íslensks sjávarútvegs í ESB



ÚLFAR HAUKSSON

Ef Ísland gerist aðili að ESB er ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að Íslendingar geti staðið alfarið fyrir utan sjávarútvegsstefnu ESB til framtíðar; auk þess er spurning hvort slíkt þjónaði hagsmunum Íslands. Um þetta er þó ekkert hægt að fullyrða. Aðalspurningin er hins vegar sú hvort Íslendingar geti tryggt hagsmuni sína og yfirráð á íslensku hafsvæði í aðildarviðræðum. Í þessari síðustu grein af þremur verður farið yfir samningsstöðu Íslands í aðildarviðræðum en í fyrri greinum var farið ofan í saumana á sjávarútvegsstefnu ESB og aðildarsamninga Noregs og Möltu.

## Samningsmarkmið

Leiða má líkum að því að samningsmarkmið Íslendinga verði í grundvallaratriðum þau sömu og Norðmanna, þ.e. að tryggja veiðimöguleika Íslendinga til frambúðar og áframhaldandi ábyrga stjórn fisveiða innan íslenskrar efnahagslögsögu. Áherslur Íslendinga verða samt augljóslega að mörgu leyti aðrar en Norðmanna og á það sér efnahags- og landfræðilegar skýringar. Íslendingar munu leggja áherslu á að um þjóðarhagsmuni sé að ræða en ekki svæðisbundna eins og Norðmenn gerðu. Eins og kom fram í síðustu grein þá deila Norðmenn fiskistofnum með ESB þar sem efnahagslögsögur þeirra og sambandsins liggja saman. Efnahagslögsaga Íslendinga liggur hvergi að efnahagslögsögu ESB og eru flestir okkar helstu nytjastofnar innan íslenskrar lögsögu staðbundnir. Á milli Íslendinga og ESB eru því engir samningar í gildi um nýtingu á deilistofnum í lögsögu hvors annars líkt og er á milli Norðmanna og sambandsins. Samningsstaða Íslendinga er því augljóslega töluvert frábrugðin samningsstöðu Norðmanna hvað þetta varðar.

## Veiðiréttindi og aflahlutdeild

Í tengslum við EES-samningin gerðu íslensk stjórnvöld samning við ESB um gagnkvæm fiskveiðiréttindi og hefur ESB rétt til að veiða allt að þrjú þúsund tonn af karfa á afmörkuðu svæði í íslenskri lögsögu innan ákveðins tímaramma. Á móti fá Íslendingar 30 þúsund tonn af loðnu sem ESB hefur fengið frá Grænlendingum. Um veiðar ESB gilda strangar reglur og hefur eftirtekjan verið frekar rýr. Hvað varðar aðrar veiðiheimildir ESB á Íslandsmiðum þá höfðu Belgar um tíma rétt til að veiða allt að fjögur þúsund tonn af botnfiski hér við land. Síðustu árin náðu þeir einungis að nýta rúm þúsund tonn. Sú veiðireynsla sem ESB hefur innan íslenskrar lögsögu, og byggt yrði á við úthlutun kvóta, er því sáralítil. Veiðireynsla fyrir útfærslu landhelginnar í 200 mílur yrði ekki tekin gild, ESB hefur gefið fordæmi fyrir því, og veiðireynsla Belga er einnig það gömul að hún er í raun fyrnd. Reglan um hlutfallslegan stöðugleika myndi því tryggja að lítil ef nokkur breyting yrði á úthlutun veiðiheimilda í íslenskri lögsögu.

## Gagnkvæmar kröfur í aðildarviðræðum

Óhætt er að ganga út frá því sem vísu að í aðildarviðræðum komi fram krafa af hálfu einstakra ESB ríkja um aflahlutdeild á Íslandsmiðum. Slík krafa kom fram í EES ferlinu og verður örugglega einnig varpað fram í komandi aðildarviðræðum. Að sama skapi má slá því föstu að krafa Íslendinga verði sú að aflaheimildir ESB muni ekki aukast frá því sem nú er. Hér er um sambærilega kröfu og Norðmenn settu fram en þeim tókst að tryggja svo til óbreytta stöðu mála frá EES-samningnum. Leiða má líkum að því að þróun aðildarviðræðna verði sú að ESB muni leggja áherslu á að sambandsþjóðunum verði gert tæknilega mögulegt að veiða þau þrjú þúsund tonn af karfa á Íslandsmiðum sem þau hafa rétt á samkvæmt EES-samningnum. Líkleg niðurstaða er sú að gengið verði að þeim kröfum. Jafnframt má gera ráð fyrir því að í stað þess að semja um fasta aflatölu verði samið um ákveðna prósentutölu líkt og gert var um þorskafla norðan 62. breiddargráðu í norska samningnum. Hlutdeild ESB í karfa á Íslandsmiðum verður því háð sveiflum í leyfilegum hámarksafla. Meðafli í öðrum tegundum yrði svo bundin við ákveðið hlutfall eins og venja er í slíkum samningum. Ef út í það er farið má túlka meðaflann þannig að þar með sé komið til móts við þó fyrnda veiðireynslu Belga. Í aðildarviðræðunum yrði því um að ræða nánari útfærslu á gildandi samningi við sambandið um gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Að öðru leyti er engin ástæða til að ætla að sókn ESB-þjóða á Íslandsmið myndi aukast sem nokkru nemi frá því sem nú er nema ef til kæmi gagnkvæmur réttur Íslendinga í lögsögu ESB. Ólíklegt verður að teljast að ESB standi fast á kröfum um að við greiðum „aðgangseyri“ að sambandinu í formi umfangsmikilla veiðiheimilda. Aðilum sem málið varðar innan ESB er fullljóst að slík krafa yrði með öllu óásættanleg fyrir Íslendinga. Í EES-ferlinu á sínum tíma féll ESB frá öllum kröfum um veiðiheimildir í íslenskri lögsögu í skiptum fyrir aðgang að mörkuðum og staðfesti „gífurlegt mikilvægi fiskveiða fyrir Ísland“ og að sjávarútvegur sé „grundvöllur efnahagsstarfseminnar“. Engin ástæða er til að ætla að sambandið snúi við blaðinu hvað þetta varðar í aðildarviðræðum.

## Fjárfestingar í sjávarútvegi

Uppi hafa verið raddir um að slaka beri á núverandi löggjöf sem bannar beina eignaraðild útlendinga í sjávarútvegi. Samt sem áður má ætla að Íslendingar muni leggja töluvert upp úr því að ákvæði EES-samningsins um varanlega undanþágu frá fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi yrði fest í aðildarsamningi. Öruggt má telja að tímabundin undanþága fáist en ólíklegt er að varanleg undanþága næði fram að ganga. Þó má benda á að í tengslum við EES-samninginn héldu talsmenn ESB því fram, allt fram á síðustu stundu, að slík undanþága væri óhugsandi. Jafnframt má benda á skýra undanþágu sem Danir hafa um fjárfestingar útlendinga í sumarbústaðalöndum og undanþágu Maltverja gagnvart fjárfestingum útlendinga í fasteignum og komið var inn á í fyrri greinum.

Í aðildarviðræðum virðist um þrjá kosti að ræða sem grundvöll í samningum um takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi: Að fá varanlega undanþágu líkt og nú er að finna í EES-samningnum; að fá ótvírætt leyfi til að setja lög sem binda heimild til fjárfestinga í sjávarútvegi við búsetu – svipað og danska sumarbústaðaákvæðið; að fá heimild til að setja lög sem kveða á um sterk efnahagsleg tengsl á milli útgerðar og heimahöfn skips eins og fordæmi eru fyrir.

*Uppi hafa verið raddir um að slaka beri á núverandi löggjöf sem bannar beina eignaraðild útlendinga í sjávarútvegi.*

## Ákvörðun heildarafla

Að því gefnu að Ísland fái ekki undanþágu hvað varðar ákvörðun heildarafla á Íslandsmiðum blasir sú staðreynd við að við aðild yrði endaleg ákvörðun tekin í ráðherraráðinu. Eitt og sér er þessi staðreynd frágangssök að margara mati og má líkja þessu við deiluna um ríkisráðsákvæðið á tímum sjálfstæðisstjórnmála. Þá settu margir sig upp á móti því að sérmál Íslands, sem Alþingi samþykkti, væru borin upp af ráðherra Íslands í ríkisráði Dana til formlegrar staðfestingar. Engin dæmi voru um að ríkisráðið gerði grundvallarbreytingar á tillögum ráðherra Íslands. Samt sem áður snérust íslensk stjórnmál um þetta formlega ferli í marga áratugi og má með góðum rökum segja að sú deila hafi tafið framfarir í mörgum þjóðþrifamálum eins og félags- og atvinnumálum. Engin ástæða er til að ætla að önnur sjónarmið en Íslendinga yrðu ráðandi við formlega ákvarðanatöku á hámarksafla á Íslandsmiðum í ráðherraráði ESB þar sem engin önnur ríki hefðu af því verulega hagsmuni. Eftir sem áður myndi sjávarútvegsráðherra Íslands móta tillögur um hámarksafla á Íslandsmiðum byggða á ráðleggingum fremstu vísindamanna og í samráði við hagsmunaaðila. Formleg ákvörðun færi síðan fram á vettvangi ráðherraráðsins þar sem sjávarútvegsráðherra Íslands mun eiga sæti. Íslendingar gætu svo úthlutað aflanum eftir því kerfi sem þeim hugnaðist best. Þetta er sá veruleiki sem blasir við án þess að nokkuð yrði sérstaklega að gert til að formfesta sérhagsmuni Íslands í aðildarsamningi.

## Sérákvæði

Sjávarútvegur snertir grundvallarhagsmuni Íslendinga. Á því leikur enginn vafi og samninganefnd ESB er það fullkunnugt. Eins og kom fram í fyrri greinum hefur aldrei reynt á þennan málaflokk að neinu marki í aðildarviðræðum vegna þess að þjóð með ríkjandi hagsmuni í sjávarútvegi hefur aldrei sótt um aðild að ESB. Það er því alls ekki hægt að útiloka þann möguleika að Íslendingar geti náð fram í aðildarsamningi sérákvæðum sem tryggðu óbreytt fyrirkomulag á Íslandsmiðum til frambúðar. Að auki blasir sú staðreynd við að íslenska fiskveiðilögsagan er eins einagruð frá lögsögum annara ESB ríkja og hugsast getur. Jean-Luc Dehane, fyrrverandi forsætisráðherra Belgíu, viðraði á sínum tíma hugmyndir þess eðlis að gera íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið hluta af sjávarútvegsstefnu ESB ef til aðildarviðræðna kæmi. Hann sagði fordæmi fyrir því að önnur stjórnunarkerfi gildi á ákveðnum hafsvæðum, eins og til dæmis á svæðum við Írland og Hjaltlandseyjar. Hér var Dehane að opna á þá umræðu að íslenska fiskveiðilögsagan verði gerð að sérstöku stjórnsýslusvæði innan ESB. John Maddison, fyrrum sendiherra ESB í Noregi og á Íslandi, léði á sínum tíma einnig máls á svipuðum hugmyndum. Segja má að þessi umræða hafi náð hámarki í umtalaðri „Berlínarræðu“ Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi utanríkisráðherra, árið 2002. Rökin fyrir þessu sjónarmiði eru þau að ESB hefur vikið frá meginstefnu sinni í sjávarútvegsmálum og skapast hefur fordæmi fyrir því að tekið sé tillit til sérþarfa einstakra svæða og byggðalaga sem háð eru fiskveiðum. Á það einkum og sér í lagi við í tilvikum þar sem ekki getur orðið um að ræða mismunun á grundvelli þjóðernis vegna staðbundinna stofna sem einungis eru nýttir af innlendum aðilum. Sú staða er ríkjandi á Íslandsmiðum.

## Samantekt

Hér hafa verið reifaðar hugmyndir um það hvort og þá hvernig Íslendingar geti tryggt hagsmuni sína í sjávarútvegsmálum í aðildarviðræðum við ESB. Ísland á hvergi lögsögu að ESB og Íslendingar sitja einir að staðbundnum nytjastofnum. Sterk rök hníga að því að lítil sem engin breyting yrði þar á við aðild. Varðandi deilistofna á alþjóða hafssvæðum, sem lítið hefur verið hægt að fjalla um hér, þá hefur þegar verið samið um skiptingu þeirra og yrði til framtíðar byggt á þeim samningum. Eina undantekningin er makríll, sem Íslendingar eru nýlega farnir að nýta. Jafnframt hefur lítið verið hægt að fjalla um hugsanleg tækifæri fyrir íslenskan sjávarútveg sem gætu opnast við aðild að ESB. Hér verður því ekki haldið fram að aðildarviðræður verði einhver dans á rósum fyrir samninganefnd Íslands. Það er alveg ljóst að Íslendingar þurfa á öllu sínu að halda í glímunni við samninganefnd framkvæmdastjórnarinnar. Jafnframt er augljóst að fullyrðingar í þá veru að það sé ekki um neitt að semja standast ekki gagnrýna hugsun.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur og vélstjóri á Sólbaki EA-1. Greinin byggir á rannsókn höfundar sem birtist í bókinni Gert út frá Brussel? árið 2002. Jafnframt er stuðst við grein höfundar „Hvalreki eða skipbrot“ sem birtist í bókinni Ný staða Íslands í utanríkismálum frá 2007.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

ÖRYGGISMÖRK
Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU
• Er endalaust hægt að skera niður í heilbrigðisþjónustunni?
• Hvenær er öryggismörkum náð í mönnun heilbrigðisstofnanna?
• Hver ber ábyrgðina sé þjónusta undir öryggismörkum?



Frummælendur verða:
Álfheiður Ingadóttir *heilbrigðisráðherra*
Árni Páll Árnason *félags- og tryggingamálaráðherra*
Anna Stefánsdóttir *framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala Háskólasjúkrahúsi*
Eva Þengilsdóttir *formaður samtakanna Almannaheill*
Pétur Blöndal *alþingismaður*

Fundarstjóri: Þóra Arnórsdóttir *fjölmiðlakona*
Setning: Gísli Páll Pálsson *formaður Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónu*

*Að lokinni framsögu verða pallborðsumræður*

Ráðstefna á vegum Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu á Grand hótel miðvikudaginnn 9. desember kl. 13:30

AÐGANGUR ÓKEYPIS

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

# JÓLATILBOÐ DORMA




## PANNA STILLANLEG HEILSURÚM

- Panna stillanlegt heilsurúm
- Bólstraður botn
- Val um tvo liti; Drappað eða dökk-grátt
- Gentle þrýstijöfnunar heilsudýna
- Vandaðar kantstyrkingar
- Mikil gæði

**2x80x200 cm 379.000 kr.**

**2x90x200 cm 399.000 kr.**

Innifalið í verði:
Dýna, stillanlegur botn og lappir

Dýnuhlífar og lök fylgja





**Stubbastólarnir komnir aftur**

**aðeins 28.900 kr. með skemli**

DORMA
– býður góða nótt

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18:30
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17

www.dorma.is

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is


VINSÆLASTA MYND ÁRSINS
HANG
Aðrir vinningar
Nokia 5230
42" Samsung
komin út
komin út
10. des.
10. des.
15. des.
15. des.


ER KOMIN Á DVD OG BLU-RAY
Tryggðu þér eintak og þú gætir unnið helgarferð
til Las Vegas með icelandair og gistingu á
Ceasars Palace fyrir þig og þrjá vini þína.
Nánari upplýsingar á www.icelandair.is
THE OVER
Playstation 3
HP DM3 fartölva
G-FORCE
15.
des.
SAMFILM
ICELANDAIR

# Bankarnir hafa ekki átt sterkt bakland í pólitíkinni

Gremja og beiskja almennings í garð bankanna er eðlileg að mati **Finns Sveinbjörnssonar,** fráfarandi bankastjóra Arion banka. ***Óli Kristján Ármannsson*** tók Finn tali í tilefni starfslokanna. Finnur segir úrvinnslu Arion banka vegna stórra fyrirtækja í greiðsluvanda klárast í vetur, en lengur taki að vinna úr málum þeirra smærri. Tímaspursmál sé hvenær stórum bönkum fækki í tvo.

Tímabundin ráðning Finns Sveinbjörnssonar í starf bankastjóra Arion banka (sem þar til fyrir skömmu hét Nýja Kaupþing) rennur út um áramót. Finnur segir framtíðina óráðna, en sér þó fyrir sér starf í fjármálageiranum. „Ekki vantar verkefnin á þeim vettvangi,“ segir hann. Ólíkt þeim bankastjórum sem kallaðir voru til starfa á undan honum, Elínu Sigfúsdóttur í Nýja Landsbankanum og Birnu Einarsdóttur í Íslandsbanka, voru ekki ákvæði í ráðningarsamningi Finns um greiðslur á uppsagnarfresti. „Þetta er búið um mánaðamótin,“ segir hann glaðbeittur.

Eftir endurreisn bankanna í fyrrahaust segir Finnur í raun hafa komið sér þægilega á óvart hversu mikill friður hafi fengist fyrir væng stjórnmálanna. Eigendavaldið hafi legið hjá ríkisstjórninni og þótt handhafi eignarhlutarins hafi verið í fjármálaráðuneytinu þá heyri málefni bankanna undir fleiri ráðuneyti. „Efnahags- og viðskiptaráðuneytið fer með málefni fjármálamarkaðarins og félagsmálaráðuneytið kemur að íbúðalánum. Þessir aðilar hafa ekki beitt valdi sínu en ég átti satt að segja von á því þegar ég tók að mér þetta starf að ég myndi heyra miklu meira í þingmönnum og ráðherrum þar sem þeir væru að biðja um eitthvað fyrir efnið væri að endurvinna traust á bönkunum meðal þjóðarinnar. Og þetta voru eiginlega einu leiðarljósin sem stjórnirnar fengu.“ Finnur segir hins vegar líka ljóst að bankarnir hafi ekki átt sterkt bakland í pólitíkinni. „Þegar bankarnir hafa lent í deilumálum þá hafa stjórnmálamenn annaðhvort farið í hóp gagnrýnenda, eða þagað þunnu hljóði. Bankarnir hafa því lítinn stuðning átt í stjórnmálunum.“ Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir Finnur þó að hafi gætt sín í umfjöllun um bankana. „En sumir stjórnmálamenn hafa stundum verið mjög glannalegir í yfirlýsingum, og horfi ég þar til mála á borð við lögbannsmálið og Hagamálsins,“ segir hann, en hörð viðbrögð vakti í sumar þegar Nýja Kaupþing fór fram á lögbann á fréttaflutning upp úr lánagögnum bankans sem lekið hafði verið á WikiLeaksvefinn og þá hafa allnokkrir orðið til að tjá sig um hvernig bankinn ætti helst að haga málum vegna skuldamála félags Jóhannesar Jónssonar (í Bónusi), 1998, sem á Haga. „Ég held að þessi banki verði ekki sakaður um að læðast með veggjum. Við höfum verið reiðubúin að taka okkar ákvarðanir og vindhviðurnar í kjölfarið. Það hefði alveg verið hægt að fara í felur og taka sem fæstar ákvarðanir. Það höfum við ekki gert.“

> Við sjáum fyrir okkur að öll stærstu málin ættu að klárast í vetur, en það taki langt fram á árið 2010 að klára mál smærri og meðalstórra fyrirtækja, einfaldlega vegna þess að fjöldinn er meiri.

sína umbjóðendur, en það hefur ekki verið,“ segir hann og telur stjórnmálamenn kannski orðna meðvitaða um að slík afskipti séu óæskileg. „Einhverjar sögusagnir sem verið hafa á kreiki um að ráðherrar hafi verið á vappi og beitt sér í 1998/Haga-málinu eru bara rangar. Við Gylfi Magnússon [viðskiptaráðherra, innsk. blm.] höfum talast við í örfá skipti og alls ekki um einstök mál, heldur fremur að við höfum verið að kynna almennt fyrir honum hvernig við ætluðum að fara í þessi skuldavandamál fyrirtækja og heimila. Sama gildir um fjármálaráðuneytið og enginn þrýstingur á einn eða annan veg.“

### Bankarnir eiga þátt í hruninu

Um leið segir Finnur að stjórnir bankanna þriggja sem kosnar voru á Alþingi og áttu framan af að endurspegla einhvern pólitískan vilja, hafi í raun ekki fengið mjög skýrar leiðbeiningar um til hvers væri ætlast af bönkunum. „Eftir því sem ég kemst næst var jú talað um að starfrækja ætti bankana á viðskiptalegum forsendum og að helsta verk-

Almennt segir Finnur hins vegar að vinnuumhverfi bankanna sé erfitt. „Alveg ljóst er að stór hluti almennings telur að bankarnir eigi mjög stóran þátt í því hvernig hér fór. Og af því fólk er að glíma við erfiðar afleiðingar hrunsins þá er tilhneiging til að kenna öðrum um eigin ófarir eða erfiðleika sem við er að glíma. Í gangi er því einhver beiskja og vantraust og trúnaðartraust milli fólks og banka hefur beðið skaða,“ segir hann og bætir við að vitanlega sé erfitt fyrir banka, líkt og hvaða fyrirtæki sem er, að starfa í slíku umhverfi.

Finnur segist um leið hafa fulla samúð með sjónarmiðum sem þessum. „Auðvitað er deginum ljósara að bankarnir eiga sinn þátt í hruninu, en um leið tel ég jafnljóst að fleiri eiga þar sinn þátt. Þar eru stjórnmálin, eftirlitsstofnanirnar og aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Það spilar því ýmislegt þarna inn í.“ Bankarnir fái hins vegar ekki hlaupist undan eigin ábyrgð á peningamarkaðssjóðum, erlendum lánum og upplifun fólks á stöðutöku þeirra gegn krónunni og því geri ýmislegt að verkum að almenningur telji bankana bera mikla sök. „Og það er erfitt fyrir fólk að starfa í fyrirtæki og finna fyrir slíku vantrausti og beiskju.“

### Vinna í Högum/1998

Neikvæðar tilfinningar í garð bankanna segir Finnur hins vegar hreint ekki algildar. Víða úti á landi þar sem efnahagssveiflan hafi verið minni en á höfuðborgarsvæðinu, bæði þensla og niðursveifla, sé fólk afslappaðra. „Þetta hef ég fundið í heimsóknum í útibúin og í viðræðum við útibússtjórana. Það gekk minna á og því minna rof núna.“

Tilfinningahiti og reiði í garð bankanna segir Finnur hins vegar að hafi haft ýmsar afleiðingar. Þannig hafi bæði hann og aðrir yfirmenn bankans fengið hótanir og mörg dæmi séu um að stutt sé í kveikiþræðinum hjá viðskiptavinum. „Ég held það endurspeglist í erfiðri stöðu fólks sem sér kannski fáar bjargir fram undan og upplifir bankana sem ósveigjanlega í kröfum sínum. Það er ljóst að einhver hópur í þjóðfélaginu telur eðlilegt að einhver hluti skulda verði afskrifaður. Að þessi tvöföldun gengislánanna sé bara ósanngjörn og fólk hafi alls ekki mátt reikna með þessu og jafnvel að bankarnir hafi átt sök á þessu og þess vegna sé réttlæti í afskriftum. Býsna margir eru harðir í þessari afstöðu. En síðan er sem betur fer

FRAMHALD Á SÍÐU 34



**TEKINN TALI Á SKRIFSTOFUNNI** Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Arion banka, sem áður hét Nýja Kaupþing, segir banka oft liggja vel við höggi í umræðunni því bankaleynd geri þeim ekki fært að bera hönd fyrir höfuð sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### STUTT ÁGRIP

Finnur Sveinbjörnsson var bankastjóri Sparisjóðabankans, sem síðar var breytt í Icebank. Þar var honum óvænt sagt upp störfum milli jóla og nýárs árið 2007. Finnur hafði þá starfað hjá bankanum frá árinu 2002. Í ársbyrjun 2008 hóf Finnur störf fyrir forsætisráðuneytið sem nokkurs konar tengiliður ráðuneytisins við fjármálaheiminn. Unnið var að samræmingu aðgerða vegna alþjóðlegu lausafjárkreppunnar. Stjórnvöld vildu leggjast á árar vegna slæmrar stöðu á mörkuðum, lausafjárskorts og hás skuldatryggingarálags íslenskra banka. 22. október í fyrra var Finnur svo ráðinn bankastjóri Nýja-Kaupþings.

## ENN ER ÓVISSA UM PERSÓNULEGAR ÁBYRGÐIR VEGNA LÁNA TIL STARFSMANNA

Eitt mál sem undir hefur kraumað allt frá hruni bankanna er spurningin um hvernig verði farið með lán sem starfsfólk Kaupþings hafi fengið vegna kaupa á hlutabréfum í bankanum. Finnur vill þó ekki meina að ákvarðanafælnin ein liggi að baki því að ekki sé búið að taka á þeim málum. „Það er alveg ljóst að þetta mál verður erfitt, á hvorn veginn sem það endar. Málið snýr þó með dálítið mismunandi hætti að starfsmönnum. Í sumum tilvikum ber fólk einhverja persónulega ábyrgð, stundum eru bara bréfin að veði og í öðrum málum eru það bréfin og aðrar ábyrgðir. En að verulegu leyti snýst þetta um þessa niðurfellingu á persónulegum ábyrgðum sem stjórn gamla Kaupþings ákvað í september í fyrra,“ segir hann og telur að verði það niðurstaðan að sú ákvörðun standi þá geti komið til skattskylda vegna eftirgjafar þessara tekna sem gæti því orðið fólkinu fjárhagslega þungbær.

Málið segir Finnur því að sé erfitt bæði inn á við og út á við fyrir bankann og það geti auðvitað valdið ákveðnu hiki í að taka á því. Við bætist svo að bankinn hafi viljað fá skorið úr um mögulegar skattalegar afleiðingar fyrir bankann vegna ákvörðunarinnar sem tekin verður. Því hafi verið ákveðið að óska eftir bindandi áliti frá Ríkisskattstjóra um þau mál. „Fyrir mig sem stjórnanda þessa fyrirtækis skiptir máli að fá þær upplýsingar og vonandi fæst niðurstaða sem fyrst. Síðan kom líka upp að hluthafi í gamla Kaupþingi vísaði því til sérstaks saksóknara hvort ákvörðun stjórnarinnar um niðurfellingu persónulegu ábyrgðanna stæðist lög. Þar er því óvissa uppi líka og ómögulegt að segja um hvenær embættið kemst að einhverri niðurstöðu,“ segir Finnur en kveðst um leið meðvitaður um að allur málatilbúnaðurinn líti út eins og bankinn vilji fresta því sem lengst að taka ákvörðun. „En þarna eru ákveðnar skýringar og sjónarmið sem skýra afstöðu bankans.“

# Vikutilboð

## allt að *40%* afsl. af nýjum bókum

IÐA



Næstkomandi þriðjudag, 8 des. kl. 20.30
koma þeir **Bubbi** og **Einar Falur** í IÐU með nýju bókina sína **Áin**.
Upplestur, áritun og myndasýning.






fullt verð 7.990,-
tilboðsverð 5.990,-




fullt verð 6.490,-
tilboðsverð 5.270,-




fullt verð 5.280,-
tilboðsverð 4.280,-




fullt verð 4.990.-
tilboðsverð 3.990,-




fullt verð 3.680,-
tilboðsverð 2.520,-




llt verð 5.490,-
tilboðsverð 4.290,-




fullt verð 5.490,-
tilboðsverð 4.115,-




fullt verð 3.490,-
tilboðsverð 2.590,-




fullt verð 3.780,-
tilboðsverð 2.290,-




fullt verð 5.690,-
tilboðsverð 3.995,-




fullt verð 6.990,-
tilboðsverð 4.990,-




fullt verð 3.990,-
tilboðsverð 2.490,-

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga 9.00 - 22.00

FRAMHALD AF SÍÐU 32

megnið af viðskiptavinum sem tekur atburðum af æðruleysi og hugsar um þetta sem nánast hvert annað ólán sem dynur yfir þjóðina og spurningin sé bara um að vinna sig út úr þessu.“ Finnur segir á stundum hafa verið brugðist við þessu andrúmslofti með aukinni öryggisgæslu í útibúum og í höfuðstöðvum bankans í Borgartúni. Eitt eða tvö mál hafi líka verið kærð til lögreglu. „En annars reynum við auðvitað að líta þetta þeim augum að fólk sé í þröngri stöðu og eðlilegt að tilfinningar séu heitar.“

Mál Haga og 1998 er eitt stærsta úrvinnsluefni bankans meðal íslenskra stórfyrirtækja og hefur vissulega vakið mikinn tilfinningahita. Finnur segir á vissan hátt ágætt að fá þann hita upp á yfirborðið, en áréttar um leið að málið sé enn í vinnslu. „Það hefur ekki verið ákveðið að ganga til samninga við Jóhannes Jónsson um að hann fái að kaupa fyrirtækið. Enn er verið að skoða hvaða lausnir koma til greina og hverjar eru bestar.“ Hann áréttar um leið að við lokaákvörðun verði haft að leiðarljósi að bjarga sem mestum verðmætum en að teknu tilliti til ýmissa áhættuþátta. Nokkrir kostir komi til greina, þar á meðal að ganga til samninga við Jóhannes og meðfjárfesta hans, selja félagið í opinni sölu, skrá félagið í kauphöll, eða skipta því upp og selja í bútum. „Við þurfum að greina kosti og galla hverrar leiðar á faglegan hátt, hvað hver leið þýði í peningalegum ávinningi fyrir bankann og hvaða skaði gæti verið því samfara að velja eina leið frekar en aðra, svo sem vegna þess að viðskiptavinir myndu hverfa frá bankanum í stórum stíl eða vegna ills umtals. Þetta þurfum við að reyna að vega og meta og komast svo að faglegri niðurstöðu.“

### Bankar liggja vel við höggi

Annað mál sem Finnur segir að hafi vakinn mikinn hita að ósekju var þegar nýverið var send út til starfsfólks viðbót við reglur um fjárhagsstöðu starfsfólks. „Í öllum bönkum og sparisjóðum hafa verið í gildi mjög strangar reglur um fjárhagsstöðu starfsfólks og starfsmenn miskunnarlaust verið látnir fara ef eitthvað hefur á bjátað. Starfsfólk okkar hefur kallað eftir því, í ljósi samfélagsástandsins, hvort gengið verði fram með þeim hætti. Þá var ákveðið að eyða óvissunni með því að koma með þessa viðbót við reglurnar, en hún gengur út á það að starfsfólk sem er að kljást við sömu vandamál og þjóðfélagið í heild og nýti sér sömu úrræði og viðskiptavinum bankans standi til boða þurfi ekkert að óttast. Þannig að við vorum í raun að milda reglurnar. En um leið var því bætt við að litið yrði til þess að flytja starfsfólk til í starfi, eða jafnvel segja þeim upp, sem þurfi að fara í ströngustu úrræðin, greiðsluaðlögun, sem þýðir í raun sviptingu fjárræðis. Síðan var áréttað að um æðstu stjórnendur bankans gildi áfram mjög strangar reglur.“ Fregnir af þessum bréfaskrifum segir Finnur svo strax hafa verið túlkaðar á versta veg úti í samfélaginu, að verið væri að meina starfsfólki að nýta úrræði sem í boði væru. „Ég veit að hinir bankarnir eru að velta þessu mikið fyrir sér og eru í grunninn á svipaðri skoðun og við, án þess þó að setja þetta niður á blað eða segja mikið frá. En við viljum koma heiðarlega fram og segja starfsfólki hver staðan er en gjöldum fyrir með ósanngjarnri umræðu víða í þjóðfélaginu.“

Annað mál sem Finnur segir að hafi getið af sér pósta frá reiðum viðskiptavinum og önnur neikvæð viðbrögð er mál hjóna í Hafnarfirði sem nýlega rataði á síður blaða. Þar sé bankinn í þeirri stöðu að geta ekki sagt sína hlið mála. „En það er alveg hægt að fullyrða að reynt var að gera allt sem hægt var og vinna með þessum hjónum. En það er mjög óþægilegt að vera í þeirri stöðu að geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér og í raun getur hver sem er komið með hvaða ásakanir sem er á hendur bankanum og við þá í stökustu vandræðum.“ Enn eitt nýlegt dæmi segir Finnur að hafi komið upp í orrahríðinni miðri um mál 1998. Þá hafi komið tilkynning frá eignarhaldsfélaginu Atorku um að þeim hafi ekki staðið til boða að vera í viðræðum eða að rætt hafi verið við eigendur félagsins. „Staðreyndin er hins vegar sú að þessi banki átti innan við fimm prósent krafna á hendur Atorku og Landsbankinn sem átti yfir fjörutíu prósent af kröfunum stýrði málinu.“

Finnur segist þó ekki vilja vorkenna sér eða bankanum að fást við umræðu sem þessa, enda sé hún bara partur af tilverunni. „En það er oft mjög erfitt að geta ekki sagt sannleikann eins og hann er.“

### Skuldaúrræði komu seint

Eitt af því sem Finni hefur þótt óþægilegast og hafi verið líklegt til að auka á gremju í samfélaginu, var hversu langan tíma það hafi tekið bankann að koma fram með góð skuldaúrræði fyrir einstaklinga og heimili en nú séu þau hins vegar orðin ljós. „Það er reglulega ánægjulegt að geta greint frá því að í gær [föstudaginn 4. desember, innsk. blm.] kynntum við nýjar lausnir fyrir einstaklinga og heimili sem eru í viðskiptum við okkur og ég er sannfærður um að þær muni gagnast fólki. Bankinn hefur í nokkurn tíma unnið að útfærslu á þessum skuldaúrræðum og nú þegar nýir eigendur hafa tekið við bankanum er hægt að kynna þau opinberlega. Í þessum lausnum er reynt eftir megni að koma til móts við þær kröfur sem eru uppi í þjóðfélaginu um raunverulegar lausnir.“

### Klára stóru málin í vetur

Mál fyrirtækjanna eru einnig að komast ágætlega í gang að mati Finns. Þar hafi hins vegar líka orðið dálítill dráttur á að gengið yrði í að vinna úr skuldastöðunni vegna þess að allir sem eftir því hafi leitað hafi fengið frystingu skulda. „Menn voru að vonast til þess að krónan myndi styrkjast og eitthvað af þessum vandamálum minnka, en frystingartímabilinu lauk eiginlega í september þannig að smátt og smátt hefur þurft að fara að taka á þessum málum,“ segir hann og kveður þennan biðtíma í raun hafa verið til blessunar fyrir fyrirtækin. „Þarna var nokkurra mánaða tímabil þar sem fátt var gert af hálfu bankanna, en um leið skýrðist ýmislegt í rekstri þessara fyrirtækja. Menn áttuðu sig betur á hvaða fyrirtæki búa við gjörbreyttar aðstæður í eftirspurn eftir vörum og þjónustu og hvaða fyrirtæki hafa tekið til hjá sér og náð tökum á rekstrinum.“

Finnur segir hins vegar erfiðara að negla niður ákveðinn tíma varðandi lok ákveðinna stórra mála sem verið sé að leysa úr. Þannig hafi bankinn til að mynda gefið sér tíma fram í miðjan janúar til þess að meta þá kosti sem í stöðunni séu hvað varðar mál 1998 og Haga. „Og vel getur verið að þetta klárist eitthvað fyrr. Ég skal bara ekkert um það segja. Aðalatriðið er að ganga til verka og komast að góðri niðurstöðu.“

Almennt segir Finnur hins vegar að skipta megi málum fyrirtækja í tvennt. Annars vegar séu stærri mál, 1998 þar á meðal, og þá megi nefna sem dæmi mál Pennans sem bankinn hafi tekið yfir og bílaumboðsins Heklu. „Í stærri málum þarf sérsniðnar lausnir í hverju tilviki og samningar flóknari þar sem jafnvel koma fleiri fjármálafyrirtæki að samningum,“ segir hann, en um leið hafi verið búnar til tiltölulega staðlaðar lausnir fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki. „Þar reynum við frekar að horfa á atvinnugreinina og þróa lausnir fyrir hana, svo sem fyrir kúabændur, smábátaútgerðir og þar fram eftir götunum.“ Þarna segir Finnur hægt að fara hraðar í málin. „Við sjáum fyrir okkur að öll stærstu málin ættu að klárast í vetur, en það taki langt fram á árið 2010 að klára mál smærri og meðalstórra fyrirtækja, einfaldlega vegna þess að fjöldinn er meiri.“

Finnur segir að í þeim hamförum sem gengið hafi yfir fjármálaheiminn hafi orðið til mikilvæg reynsla í bankakerfinu og er lítt hrifinn af orðræðu sem borið hafi á að fólk sem unnið hafi í bönkum sé á einhvern hátt óalandi og óferjandi. „Yfirleitt lærir fólk og reynsla safnast upp. Fólk býr að þessu þótt reynslan hafi verið óskemmtileg. Og þótt fólk hafi verið hér millistjórnendur og sérfræðingar þá voru aðrir í ökumannssætinu og stýrðu þessu. Ég held því að það sé firra að afskrifa fólk sem óhæft fyrir það eitt að hafa starfað í bankakerfinu.“ Um leið bendir Finnur á að í Arion banka hafi orðið mikil breyting á stjórnendahópnum. „Ég fletti því upp til gamans um daginn að í síðustu ársskýrslu Kaupþings, sem er fyrir árið 2007, skrifuð einhvern tímann í ársbyrjun 2008, eru nafngreindir 24 einstaklingar sem stjórnuðu Kaupþingi sem alþjóðafyrirtæki og hér á Íslandi. Fjórir eru starfandi í bankanum nú. Hinir voru annaðhvort ekki ráðnir til nýja bankans, eða hafa horfið til annarra starfa síðan. Það hefur því átt sér stað töluverð endurnýjun.“

### Bönkum mun fækka

Í bankakerfinu á hins vegar að mati Finns eftir að vinna töluvert hagræðingarstarf. „Það er klárlega offramboð á bankaþjónustu hér á landi, svona ef maður lítur á alþjóðlega mælikvarða á borð við fjölda íbúa á hvert útibú, fjölda bankastarfsmanna á hverja þúsund íbúa og þar fram eftir götunum. Allir mælikvarðar sýna sama offramboðið,“ segir hann og bætir um leið við að einstakir landshlutar hafi jafnvel verið með furðulega hátt hlutfall útibúa. Þannig hafi Skagafjörður af einhverjum sögulegum ástæðum til dæmis verið með fjögur útibú og afgreiðslustaði frá Kaupþingi. En upp á síðkastið hafi Arion banki tekið töluvert til í útibúaneti sínu og telur Finnur að sú hagræðing sem bankinn hafi tekið þátt í eða átt frumkvæði að sé trúlega sú mesta sem verið hafi í íslenskri bankasögu. „Og þá undanskil ég ekki sameininguna þegar Íslandsbanki varð til,“ segir hann og bendir á að bankinn hafi yfirtekið innlán SPRON og þjónusti nú útlánin fyrir skilanefnd SPRON. Falli SPRON fylgdi lokun sex útibúa. Þá hafi útibúi bankans í Borgarnesi verið lokað þegar Sparisjóður Mýrasýslu var keyptur. „Síðan erum við búin að loka tveimur útibúum á höfuðborgarsvæðinu, útibúum á Akranesi og í Reykjanesbæ og tveimur afgreiðslustöðum í Skagafirði. Við höfum stytt afgreiðslutíma í Grundarfirði, á Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri og erum búin að breyta útibúinu í Búðardal í afgreiðslustað frá Borgarnesi. Þetta eru afar róttækar breytingar á stuttum tíma.“

Hagræðingar bankans í útibúanetinu segir Finnur tengjast offramboði bankaþjónustu í landinu og telur hann einboðið að bönkum muni fækka. „Núna veita fjórar einingar þjónustu um allt land, Arion banki, Íslandsbanki, sparisjóðakerfið og Landsbankinn. Ég hef sagt að hefðbundin bankaþjónusta þurfi bara tvær einingar,“ segir hann, en bætir um leið við að fleiri gæti þó þurft til að starfrækja gjaldeyris- og millibankamarkað. En þar gæti Seðlabankinn líka komið inn í. „Við þurfum hins vegar ekki nema tvo banka sem veita alhliða bankaþjónustu um allt land. Ég er þó ekkert viss um að samkeppnisyfirvöld myndu kyngja því, en kannski væri rétt að breyta bara löggjöfinni til að leyfa þetta.“ Finnur segist þó hvorki geta sagt fyrir um hvenær eða í hvaða áföngum þessi breyting á bankalandslaginu muni eiga sér stað. „En þetta gerist á endanum, það er ég viss um.“



**GLAÐBEITTUR** Finnur slær á létta strengi þótt viðfangsefni bankans sem hann stýrir séu mörg erfið og flókin. Hann segir kominn skrið á úrvinnslu verkefna vegna fyrirtækja sem ratað hafi í vandræði og telur að þau klárist fyrir lok vetrar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Það hefur ekki verið ákveðið að ganga til samninga við Jóhannes Jónsson um að hann fái að kaupa fyrirtækið. Enn er verið að skoða hvaða lausnir koma til greina og hverjar eru bestar.

> Það er klárlega offramboð á bankaþjónustu hér á landi, svona ef maður lítur á alþjóðlega mælikvarða á borð við fjölda íbúa á hvert útibú, fjölda bankastarfsmanna á hverja þúsund íbúa og þar fram eftir götunum. Allir mælikvarðar sýna sama offramboðið.



10 ÁRA AFMÆLI ADSL SÍMANS

# Allt niðurhal á 0 kr. allan sunnudaginn

Síminn heldur upp á að 10 ár eru liðin frá því að ADSL þjónusta var fyrst boðin á Íslandi. Við fögnum afmælinu sunnudaginn 6. desember með því að mæla ekki niðurhal hjá viðskiptavinum frá miðnætti til miðnættis. Njóttu þess að vera viðskiptavinur Símans.

10 ÁRA
AFMÆLI ADSL
SÍMANS

Það er Síminn

800 7000 • siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM40174

ÚRVAL FALLEGRAR GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI

# gjöfina í ORMSSON

GULLFALLEG HEIMILIS- OG GJAFAVARA FRÁ SVÍÞJÓÐ

## VILLAGE



HEIMA ER BEST

## home art

ALLT TIL AÐ FEGRA HEIMILIÐ OG BÚSTAÐINN



Falleg gjafavara
á góðu verði!

BT
BT VERSLUN
Í SMÁRALIND

Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA

ORMSSON

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

UMBOÐSMENN
UM LAND ALLT



**BLÖÐIN SKOÐUÐ Í KAUPHÖLLINNI** Fjárfestar í Kúvæt voru uggandi yfir fjármálavandræðum vina sinna í Dúbaí í vikunni. Fjármálaspekúlantar eru sammála um að vinaþjóðirnar í Sameinuðu arabísku furstadæmunum muni standa saman og styðja hver aðra þegar kreppi að. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FURSTINN HYLLTUR** Íbúar Dúbaí sýna stuðning sinn við sjeik Mohammed bin Rashid Al Maktoum og ættingja hans á þriðjudag í skugga fjármálavandræða fyrirtækjasamsteypu landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sól skín enn í eyðimerkurparadís

Hlutabréfamarkaðir hafa titrað beggja vegna Atlantsála vegna fjármálavandræða í olíuríkinu **Dúbaí.** Gríðarleg uppbygging hefur staðið yfir í furstadæminu í kringum þrjátíu ár. Þegar verð á olíu tók að lækka, fasteignaverð að hrapa og lánsfé þurrkaðist upp þrengdi að fyrstadæminu og var það talið ramba á barmi þjóðargjaldþrots. Flestir telja þó að skotið hafi verið yfir markið. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* kynnti sér ástandið.

Augu heimsins hafa síðustu vikuna beinst að arabíska smáríkinu Dúbaí við Persaflóa. Það er nákvæmlega eins og Rashid bin Saeed Al Maktoum, sjeikinn í Dúbaí og fyrrverandi leiðtogi Sameinuðu arabísku furstadæmanna og einvaldur yfir ríkinu, sá fyrir sér eftir að svarta gullið fannst þar við upphaf sjöunda áratugar síðustu aldar. Synir hans fjórir unnu að því hörðum höndum að uppfylla drauma föður síns að honum gengnum. Þá komu tengsl furstadæmisins við aðrar konungsfjölskyldur á Arabíuskaga til við að gera draumsýn sjeiksins að veruleika en tengdafaðir dóttur hans var emírinn af Katar. Sá mokaði olíuauði yfir í ýmis verkefni í Dúbaí. Önnur ríki á Arabíuskaganum hjálpuðu til, svo sem Kúvæt.

### Hraður uppgangur

Á fyrstu valdaárum föðurins í kringum seinni heimsstyrjöld var Dúbaí fremur lítið og hefðbundið eyðimerkurhérað sem hafði tekjur af millilríkjaverslun og viðskiptum. Þegar olían fannst var það eitt fyrsta verk sjeiksins að byggja upp hafnaraðstöðu, flugvelli og önnur samgöngumannvirki.

Olían í Dúbaí var hins vegar í mun minni mæli en nágrannaríkin stærðu sig af, ekki nema brot af gullinu sem Sádi-Arabar sátu á. Þrátt fyrir villta drauma í kjölfar skyndigróða var sjeikinn raunsær. Honum var ljóst að olían væri ekki endalaus og sárafáir áratugir kynnu að líða þar til síðasti dropinn yrði uppurinn. Því taldi hann nauðsynlegt að byggja upp nokkrar stoðir undir efnahag furstadæmisins.

Frá sjöunda og fram á níunda áratug síðustu aldar var allt sett á fullt. Með fjármögnun tryggða frá vinum og nánum ættingjum í valdastétt nágrannaríkjanna risu verslunarmiðstöðvar og nokkur af fyrstu frísvæðum Dúbaí litu dagsins ljós. Þeim átti eftir að fjölga eftir því sem á leið. Þá eru ótaldar hafnirnar. Þeirra stærst er Jebel Ali-höfnin, ein sú stærsta manngerða í heimi.

Eftir fráfall sjeiksins árið 1990 tók uppbygging furstadæmisins kipp í höndum sona hans. Uppgangurinn var öðru fremur keyrður áfram af olíutekjum og ódýru lánsfé sem streymdi til Dúbaí. Slík hefur uppbyggingin verið að nú er hlutfall olíutekna aðeins um sex til átta prósent af landsframleiðslu en bygginga- og framkvæmdageirinn í kringum áttatíu prósent.

Rithöfundurinn og blaðamaðurinn Jim Krane segir í nýlegri bók sinni um furstaveldið að sjeik Mohammed bin Rashid al-Maktoum, sem tók við valdasprotanum af föður sínum, hafi séð fyrir sér að saxa á markaðshlutdeild Grikklands og Spánar og gera furstadæmið að heitasta áfangastað Evrópubúa yfir vetrartímann. Í kjölfarið tóku manngerðar eyjar að líta dagsins ljós, hæstu skýjakljúfar heims teygðu sig til himins og eyðimerkurlandið tók á sig blæ fjölþjóðlegrar heimsborgar þar sem íbúar af Arabíuskaga voru rétt um fimmtungur íbúa.

### Draumur verður martröð

Sólin reis hæst í Dúbaí um svipað leyti og heimsmarkaðsverð á hráolíu snerti hæsta verð í sögunni í júlí 2007 en þá stóð olíufatið í 147 Bandaríkjadölum. Þegar tak fjármálakreppunnar tók að þrengja að efnahagslífi heimshagkerfisins lækkaði verðið. Það kom illa við furstaveldið, sem hafði keyrt áfram uppbygginguna á væntum framtíðarhagnaði. Svo virðist sem hvorki hafi verið gert ráð fyrir lækkun olíuverðsins né að skuldadagar myndu nokkru sinni renna upp.

Draumurinn breyttist í martröð til skamms tíma fyrir rúmri viku þegar stjórnendur fyrirtækjasamstæðunnar Dubai World, hjartað í uppbyggingu furstadæmisins og í eigu furstaveldisins líkt og mörg grunnfyrirtæki Dúbaí, óskaði eftir greiðslufresti á erlendum lánum. Ekki liggur ljóst fyrir hver skuldabyrði fyrirtækisins í erlendri mynt er nákvæmlega en undir fyrirtækið heyrir fjöldi dótturfélaga. Skuldir Dubai World og tengdra félaga eru taldar nema á bilinu 60 til 100 milljörðum dala, jafnvirði allt að rúmra tólf þúsund milljarða króna.

Rætt hefur verið um það í vikunni að Dúbaí sé „Nýja Ísland“, það er, að það geti ekki staðið við skuldbindingar og muni hugsanlega lýsa yfir þjóðargjaldþroti. Sjeik Mohammed bin Rashid al-Maktoum vísaði því hins vegar á bug í samtali við breska viðskiptablaðið Financial Times í vikunni og sagði umræðu fjölmiðla um fjárhagsstöðu Dubai World bera vott um skilningsleysi. Furstinn hefur neitað að ríkið gangist í ábyrgð fyrir þau fyrirtæki sem berjast í bökkum enda verði að gera greinarmun á skuldum fyrirtækja og ríkisins. Skuldir ríkisins eru agnarsmáar í hlutfalli við skuldir fyrirtækjanna og í heimamyntinni.

Þrátt fyrir það lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfismat sex fyrirtækja furstadæmisins í ruslbréfaflokk ásamt fjórum bönkum sem þeim tengjast. Alla jafna mun þetta leiða til þess að fyrirtækin munu vart geta fjármagnað sig á erlendum vettvangi í allra nánustu framtíð.

Hlutabréfamarkaðir í Evrópu titruðu af þessum sökum í vikunni, ekki síst í Bretlandi, en bankar þar hafa verið viljugri en aðrir að veita þangað fjármagn. Það skýrist ekki síst af náinni tengingu landanna fram á áttunda áratug síðustu aldar.

Markaðirnir hafa jafnað sig að mestu síðan þá, stjórnendur Dubai World sögðu í vikunni viðræður standa yfir við lánardrottna á um þriðjungi af erlendum skuldum fyrirtækisins. Að hluta er það talið fela í sér að skuldum verður breytt í dirham, sameiginlega mynt Sameinuðu arabísku furstadæmanna.

### Einangruð kreppa

Stórvesírar í alþjóðlegum fjármálaheimi telja titringinn á mörkuðum fyrr í vikunni hafa verið yfirskot. Það megi bæði réttlæta með því að lítið þurfi til að hreyfa við taugastrekktum mönnum eftir efnahagskreppuna.

Hollenski hagfræðingurinn og Íslandsvinurinn Willem Buiter bendir á það í pistli sínum á vef breska dagblaðsins Financial Times í vikunni að titringsins hafi ekki síst gætt á helstu mörkuðum af þeirri einföldu ástæðu að vandræðin hafi komið upp á yfirborðið á sama tíma og tvær hátíðir sköruðust; múslimar fögnuðu Eid al-Fitr-hátíðinni sem markar lok föstunnar á sama tíma og Bandaríkjamenn héldu þakkargjörðarhátíð. Hlutabréfamarkaðir og fjármálafyrirtæki voru lokuð í báðum heimsálfum í nokkra daga og fengu menn takmarkaðar upplýsingar yfir matseldinni. Það eitt hafi valdið titringi þegar markaðirnir opnuðu á nýjan leik að hátíðahöldum loknum.

Ósennilegt sé að áhrifa af fjárhagsvandræðum fyrirtækja í Dúbaí muni smita frekar út frá sér á aðra markaði, hvað þá að áhrifa muni gæta hér.



**HEIMSINS STÆRSTA BYGGING** Dúbaí-turninn, eða Burj Dubai, er hæsta bygging heimsins. Turninn er dæmigerður fyrir þá ævintýralegu uppbyggingu sem hefur átt sér stað í Dubai. Honum er ekki lokið að fullu en stefnt er að því að fyrstu íbúarnir geti flutt í hann snemma á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## VAR FURSTINN BLEKKTUR?



**FURSTINN EINRÁÐI** Myndir af sjeik Mohammed bin Rashid al-Maktoum má sjá víða um Dúbaí. Frá mánaðamótum hafa ættingjar hans tögl og hagldir í öllum ríkisfyrirtækjum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríska stórblaðið New York Times segir ráðamenn í Dúbaí ekki hafa greint sjeik Mohammed bin Rashid al-Maktoum satt og rétt frá stöðu landsmála um nokkurra mánaða skeið um slæma fjárhagsstöðu fyrirtækjasamstæðunnar Dubai World og kenndra fyrirtækja í eigu ríkisins sem á stundum eru nefnd Dubai Inc.

Þetta kunni að vera ástæða þess að furstinn hefur upp á síðkastið brugðist einkennilega við váfréttum og vísað þeim á bug þegar hann hefur verið inntur eftir viðbrögðum við þeim, jafnvel hugsanlegu greiðsluþroti landsins.

Þó er fjarri því að furstinn loki augunum fyrir ástandinu en í síðustu viku sparkaði hann þremur af fjórum nánustu stjórnarmönnum í eignarhaldsfélagi sem fer með yfirstjórn helstu fyrirtækjasamstæðna landsins. Í þeirra stað hafa nú sest nánir ættingjar furstans og eru þá allar stjórnir ríkisfyrirtækjanna skipaðar vandamönnum, að sögn dagblaðsins.

Óvíst er hvað framtíðin ber í skauti sér en staða fyrirtækjasamstæðu landsins sem staðið hefur fyrir uppbyggingunni er slík að ómögulegt er að ráða hvað gerist. Fjöldi fasteignaþróunarverkefna hefur verið sett í salt og óvíst er um mörg þeirra.

# Vönduð tekjuáætlun – Réttari greiðslur

**Ágætu lífeyrisþegar, tillaga Tryggingastofnunar að tekjuáætlun 2010 er aðgengileg á www.tryggur.is til að skoða og laga.**



Tillagan er byggð á fyrirliggjandi upplýsingum um tekjur það sem af er árinu 2009. Í tillögunni er miðað við eftirtaldar breytingar á tekjum milli ára:

- **Launatekjur:** 2% hækkun
- **Lífeyrissjóðstekjur:** 8% hækkun
- **Fjármagnstekjur:** 30% lækkun frá fjármagnstekjum 2008

**Hægt er að breyta tekjuáætlun vegna janúargreiðslu frá 1. - 14. desember. Breytingar eftir það hafa áhrif á síðari greiðslur.**

**Í janúar** sendir Tryggingastofnun lífeyrisþegum tillögu að tekjuáætlun og greiðsluáætlun fyrir árið 2010 heim í pósti. Mikilvægt er að lífeyrisþegar leiðrétti tekjuáætlunina ef þörf er á.

Það er **einfalt** og **þægilegt** að skoða og breyta tillögu að tekjuáætlun 2010 á **www.Tryggur.is**. Nota þarf **veflykil** RSK við innskráningu. Ef það hentar geta lífeyrisþegar veitt öðrum umboð til þess að sinna sínum málum á þjónustuvefnum tryggur.is.

Tekjuáætlun er **forsenda greiðslna** Trygginga-stofnunar og það er á ábyrgð lífeyrisþega að hún sé vönduð.

Rétt tekjuáætlun kemur í veg fyrir óþægindi sem skapast þegar lífeyrisþegar fá ekki réttar greiðslur.

**Tryggur.is – Fljótlegt, einfalt og öruggt.**

**Allar skattskyldar tekjur hafa áhrif.**

**Fjármagnstekjur breytast oft á milli ára.**

**Starfsfólk þjónustumiðstöðvar Tryggingastofnunar og umboða um land allt veitir fúslega ráðgjöf og aðstoð við gerð tekjuáætlunar.**

TRYGGINGASTOFNUN

**Hafðu samband** — **Veldu þá leið sem hentar best – *fyrir þig!*** — **Ný þjónusta**

- > Þú finnur ítarlegar upplýsingar á www.tr.is
- > Þjónustufulltrúar í síma 560 4400 og 800 6044 (grænt nr.)
- > Sendu okkur fyrirspurn á netfangið tr@tr.is
- > Netsamtal – beint samband í gegnum www.tr.is
- > Umboðsmenn TR á landsbyggðinni veita upplýsingar
- > Tryggur.is þjónustuvefur Tryggingastofnunar

# Er ekki mikið fyrir föndur

Í **Guðmundi Óskarssyni** búa tveir menn. Annar er skrifstofumaður í Landsbankanum, hinn er rithöfundur. Bók rithöfundarins um atvinnulausan bankamann er tilnefnd til Bókmenntaverðlaunanna. *Bergsteinn Sigurðsson* spjallaði við Guðmundana tvo.

Þetta kom ánægjulega á óvart,“ segir Guðmundur, sólarhring eftir að tilkynnt var að hann hefði verið tilnefndur til íslensku bókmenntaverðlaunanna. „Það var að vísu lítil geðshræring, ég lét mömmu það alveg eftir. Ég er fyrst og fremst ánægður fyrir hönd útgefandans.“ Bankster er þriðja bók Guðmundar, sem er liðlega þrítugur og hefur verið skrifstofumaður hjá Landsbanka Íslands um nokkurra ára skeið. Fyrir tveimur árum kom út örsagnasafnið Vaxandi nánd og í fyrra skáldsagan Hola í lífi fyrrverandi golfara.

Þótt Guðmundur hafi verið í fullu starfi í Landsbankanum í nokkur ár lítur hann á ritstörfin sem sitt aðalstarf. Hann ákvað að verða rithöfundur árið 2003 en fjögur ár liðu þar til hans fyrsta bók kom út.

„Maður þarf alltaf að stíga yfir ákveðinn þröskuld áður en maður byrjar af fullum krafti. Undanfarin þrjú ár hef ég stillt því þannig upp að skriftirnar eru númer eitt. Ég vinn í bankanum á daginn til að eiga fyrir íbúðarláninu en skriftirnar verða að vera í forgangi. Öðruvísi er ekki hægt að taka þetta alvarlega, þá verður þetta bara föndur. Og ég er ekki mikið fyrir föndur, nema kannski núna rétt fyrir jólin.“ partur af þessum þröskuldi sem maður verður að komast yfir, sem ég minntist á áðan – að leyfa sér að meðtaka áhrifin en um leið láta þau ekki gegnsýra sig heldur að finna sína eigin rödd.“

Svo vill til að Gyrðir er líka tilnefndur til íslensku bókmenntaverðlaunanna í ár. „Já, og ég saknaði hans þegar tilnefningarnar voru tilkynntar, það hefði verið gaman að standa við hliðina á honum – en ég gerði mér útgefanda hans að góðu í staðinn.“ Hann er lítið farinn að velta því fyrir sér líkunum á að hreppa hnossið. „Ég kem ekki sérstaklega grimmur inn í fimm manna úrslitin, ég er að minnsta kosti ekki búinn að skrifa neina ræðu. Ég er ennþá svo þakklátur. Maður verður að vera það í garð þeirra sem gleðja móður manns.“

**Saga hins venjulega bankamanns**

Í Bankster sækir Guðmundur í eigin reynsluheim úr bankanum. Bókin fjallar um Markús, starfsmann í ónefndum banka, sem missir vinnuna þegar bankarnir hrynja. Unnusta hans er í sömu sporum. Til að drepa tímann í atvinnuleysinu ákveður Markús að halda dagbók og er bókin sögð í gegnum hana. Guðmundur segist hafa viljað skrifa um hlutskipti hins venjulega bankamanns.

> Ég kem ekki sérstaklega grimmur inn í fimm manna úrslitin, ég er að minnsta kosti ekki búinn að skrifa neina ræðu. Ég er ennþá svo þakklátur. Maður verður að vera það í garð þeirra sem gleðja móður manns.

**Agi er frumforsenda**

Þetta vinnufyrirkomulag útheimtir talsverðan aga. „Það er frumforsendan. Ég skrifaði Bankster til dæmis á einu ári. Frá nóvember fram í apríl gengu dagarnir þannig fyrir sig að ég kom heim úr vinnu og sat við skriftir til eitt eða tvö á nóttunni og lagði upp drögin að bókinni. Síðan þurfti ég að liggja yfir textanum. Maður verður að vera reiðubúinn að leggja á sig vinnu. Hæfileikar verða aldrei meira en ónýttir möguleikar ef maður er ekki reiðubúinn að leggja sig fram.“

Guðmundur segist muna vel hvenær hann ákvað að leggja skriftirnar fyrir sig. „Það var nóttin sem ég kláraði að lesa Bréfbátarigninguna eftir Gyrði Elíasson. Ég hafði áður tekið mitt Þórbergs-tímabil og stutt Laxness-tímabil, en það var hjá Gyrði sem ég sá hvernig er hægt að skapa visst andrúmsloft með því að raða orðum smekklega saman. Þetta var nokkuð sem ég vildi gera líka. Gyrðir er tvímælalaust einn af mínum mestu áhrifavöldum. En það er líka

„Mér fannst það áberandi tilhneiging þegar ósköpin gengu yfir að draga upp eina mynd af bankamönnum, ákveðna staðalmynd, sem passaði ekkert sérstaklega vel við mína upplifun. Það hefði alveg verið hægt að skrifa bók um gosana; þeir eru vissulega til. En fólkið sem sem ég vann með var að mestum hluta venjulegt fólk, sem brást jafn illa við hruninu og aðrir. Mig langaði að draga það fram í aðalpersónunni. Ég hjó líka sérstaklega eftir hvað fólk brást misjafnlega við. Sumir voru fljótir að ná sér, söðluðu um og fundu sér annað að gera; aðrir bara meikuðu þetta ekki. Þessi bók varð til sem eins konar viðbragð við því. Fyrir marga hrundi heimsmyndin með bönkunum og mig langaði að draga það fram í gegnum sögu einstaklings. Vinnutitill bókarinnar var Framtíðarmissir og ég gætti mín á að missa ekki sjónar á því.“

Spurður hvort það sé mikið af honum sjálfum í persónu Markúsar, kveðst Guðmundur ekki geta neitað því. „Ég var að vísu ekki í sambandi þegar ég skrifaði bókina og er ekki utan af landi, heldur úr Grafarvoginum. Við Markús eigum það kannski sameiginlegt að við hefðum ef til vill getað endað allt annars staðar en að vinna í banka. Það er stundum talað um að bankarnir hafi „rænt“ heilli kynslóð. Ætli Markús sé ekki í þeim hópi; hann er ritheigður og daðraði við að fara í íslensku, en valdi þessa leið út af starfsmöguleikunum og vegna þess að svo margir aðrir fóru hana. Viðbrögð hans við hruninu eru að byrja að skrifa; þar með er hann ef til vill kominn á braut sem hann átti alltaf að vera á.“

**BANKSTER**

„En hafiði heyrt það nýjasta strákar, ha? Ég heyrði það í vikunni og það er helvíti gott, gott og satt. Þið kannist náttúrulega við orðið gangster, ha, þetta gamla og góða? En hafiði heyrt um bankster? Nei? Jæja, en það þýðir auðvitað það nákvæmlega sama. Helvíti gott! En þessi yfirgengilega vitleysa öll strákar og ...“

Ég stóð upp eins rólega og ég gat til að velta ekki borðinu og trufla ekki sessunaut minn á meðan hann saup á kaffinu sínu. Það hafðist, en reiðin var farin af stað og þess tvö stuttu skref sem voru í manninn komu ekki í veg fyrir að hún gysi, nægðu ekki til að ég gæti hugsað mig um. Hendur hans hvíldu á borðinu og fingurnir mynduðu enn tvær guttaskambyssur sín hvorum megin við kaffibollann þegar ég stóð yfir honum án þess að hafa hugmynd um hvað ég ætlaði að gera.






**ÚR REYNSLUBANKANUM** „Mér fannst það áberandi tilhneiging þegar ósköpin gengu yfir að draga upp eina mynd af bankamönnum, ákveðna staðalmynd, sem passaði ekkert sérstaklega vel við mína upplifun.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Gjörbreytt stemning**

Bókin er skrifuð svo til á rauntíma. Guðmundur hóf skriftir strax í nóvember í fyrra, þegar Hola í lífi fyrrverandi golfara var enn í prentsmiðju. „Allar veðurlýsingar og þvíumlíkt eru til dæmis réttar. Ég sótti mér líka mikinn efnivið í bankann, reyndi að fanga andrúmsloftið eins og það var og birtist meðal annars í tungutakinu – á fundum var reiðufé til dæmis alltaf kallað „kassmó“.“

Guðmundur segir merkilegt hversu mikið áhyggjuleysi hafi verið í bönkunum í aðdraganda hrunsins. „Það er erfitt að botna í því, þetta var næstum eins og stefnulaus skutla á fullri ferð út í geim. Það hefur orðið mikil breyting á andrúmsloftinu hvað þetta varðar; það er erfitt að festa fingur nákvæmlega á það en stemningin er breytt. Menn eru alveg hættir að reyna að stytta sér leið, eins og bar stundum á.“

Hann segist þó ekki hafa lagt upp með það að gagnrýna bankakerfið sérstaklega né taka hanskann upp fyrir það. „Ég vildi fara einhvern milliveg og gefa einstaklingunum svigrúm. Það er búið að skrifa gagnrýnar bækur um bankana og það verða skrifaðar fleiri. Ég tók meðvitaða ákvörðun um að láta frásögnina byggjast á sambandi tveggja einstaklinga sem eru í sömu sporum, en bregðast ólíkt við. Úr því verður togstreita sem speglar samfélagið að vissu leyti, eða verður að minnsta kosti loftvog á það hvernig spennan eykst.“

**Svigrúm fyrir lesandann**

Guðmundur segir að vilji einhver túlka bókina sem einhvers konar varnarrit, sé sjálfsagt auðvelt að gera það. „Ég hef að vísu ekki fengið þau viðbrögð, ekki enn að minnsta kosti. Sumum finnst að afstaða höfundar eigi að birtast eins og lesandinn sitji í kirkju eða á fundi þar sem höfundurinn heldur þrumandi ræðu.

Ég á ekki gott með að setja mig í slíkar stellingar; ég vil að það sé svigrúm fyrir lesandann til að skilja og upplifa og taka afstöðu eftir því. Það eru vissulega menn sem verðskulda gagnrýni fyrir sinn hlut í aðdraganda hrunsins. Þessi bók er hins vegar ekki um það. Ég vona að minnsta kosti að þegar við lítum um öxl verði aðdragandi hrunsins hinn raunverulegi dökki blettur, en ekki viðbrögðin við því – að þau skyggi ekki á allt sem á undan er gengið.“

*Loksins á íslensku*

# Hamingjuhátíð á Smáratorgi

**Útgáfufagnaður A4 Smáratorgi**
í dag (5.des) kl. 14. Allir velkomnir!
Ásdís Olsen kynnir hamingjufræðin.



**Karl Ágúst** mætir með trommurnar sínar og stjórnar hamingju-trommuhring.

## Lærðu að auka hamingju þína!

**Hamingjan er lífsgæði** sem kosta ekki neitt og það er nóg til handa öllum. Því fleiri sem auka hamingju sína því betra og gjöfulla verður samfélag okkar. Hin byltingarkennda **jákvæða sálfræði** fer nú sigurför um heiminn og miðlar hagnýtum upplýsingum til venjulegs fólks um einfaldar leiðir til að auka hamingjuna í daglegu lífi.

„Kærkomin bók í samfélagi þar sem glímt er við afleiðingar efnahagskreppu og tíðrætt er um grundvallar lífsgildi"
**– Auður R. Gunnarsdóttir, sálfræðingur**

„Gagnleg bók fyrir alla sem vilja sjá hamingjuna í kringum sig."
**– Hugo Þórisson, sálfræðingur**

„Uppbyggjandi og skemmtilegt ferðalag um götuslóðana sem liggja til hamingjunnar"
**– Ásgeir R. Helgason, dósent í sálfræði**



**TAL BEN-SHAHAR** er vinsælasti fyrirlesarinn við Harvard háskólann. Hann hefur vakið þjóðarathygli í Bandaríkjunum með kenningum sínum og kennslu í **jákvæðri sálfræði**

*Hamingjan er óþrjótandi auðlind sem allir hafa aðgang að!*

UNDUR OG STÓRMERKI
www.undur.is




**Útgáfutilboð um helgina kr. 2.460!**

## Fjöldi eldri titla á frábæru verði



690 kr. | 690 kr. | 690 kr. | 790 kr. | 290 kr. | 390 kr. | 490 kr.



390 kr. | 490 kr. | 490 kr. | 490 kr. | 290 kr. | 290 kr. | 690 kr.

**20% AFSLÁTTUR** Af öllum barnabókum um helgina



Afgreiðslutími um helgina: laugard. 10-18 og sunnud. 12-18

A4 **Skrifstofa og skóli** | Smáratorgi + Kópavogi
Sími 580 0000 + www.a4.is

# Jólaboðskapur í sinni allra bestu og skemmtilegustu mynd

Tragískar, skemmtilegar og hlaðnar siðferðislegum boðskap. Allt eru þetta einkenni þeirra bóka sem nefndar voru til sögunnar þegar *Roald V. Eyvindsson* bað fjóra valinkunna áhugamenn um bókmenntir og listir að nefna uppáhaldsjólasöguna sína.

## MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON



**MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON** Sögur Charles Dickens og H.C. Andersen eru í eftirlæti hjá Magnúsi Geir Þórðarsyni, sem er í miklu jólaskapi um þessar mundir þar sem leikritið Jesú litli hefur verið sett upp í Borgarleikhúsinu. „Í stykkinu kryfja trúðarnir Barbara og Úlfar jólaguðspjallið, Stefanía Kristjánsdóttir syngur og Benedikt Erlingsson leikstýrir.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Sögur rithöfundanna H.C. Andersen og Charles Dickens koma fyrst upp í hugann, þær eru eitthvað svo sárar og tragískar,“ segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, beðinn um að minnast þeirra jólasagna sem eru í mestu uppáhaldi. „Sögurnar sitja enn í mér síðan í barnaskóla, því þær fá mann til að hugsa um þá sem minna mega sín,“ segir hann og bætir við að í þeim séu líka ýmsar áhugaverðar persónur. „Til dæmis Skröggur úr Jólasögu og þá vegna þeirrar innri togstreitu sem hann á í. Lengst framan af er tvísýnt hvort hafi betur, hið góða eða illa, en í sögulok bendir þó flest til að hið góð sigri.“



NORDICPHOTOS/GETTY

**SKRÖGGUR Í JÓLASÖGU CHARLES DICKENS** Á í innri togstreitu.

## KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Sögur Astrid Lindgren eru Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra hugleiknar, einkum og sér í lagi bókin Jól í Ólátagarði. „Bókin er með litlum texta en mikið af fallegum myndum, sem koma mér í rosalegt jólastuð,“ útskýrir Katrín og segist hafa endurnýjað kynni sín við bókina þegar hún keypti eintak í Svíþjóð og ætlar að gefa það sonum sínum í jólagjöf. „Allt snýst um undirbúninginn í sögunni, hefðirnar sem hreyfa við manni og vekja tilhlökkun,“ segir hún og bætir við að jólasagan þar sem Emil í Kattholti býður fátækrahæli í mat sé sömuleiðis frábær. „Það er stórkostleg saga og auðvitað jólaboðskapur í sinni bestu og skemmtilegustu mynd.“




**JÓL Í ÓLÁTAGARÐI** Er búin fallegum myndskreytingum.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Hrífst af Jólum í Ólátagarði. Hún segir söguna búa yfir ákveðnum göldrum sem komi börnum á öllum aldri í jólaskap. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR

Úlfhildur Dagsdóttir segir brúðumyndina A Nightmare Before Christmas hafa að geyma sína uppáhalds jólasögu. „Þar er á ferð samsláttur hrekkjavöku og jóla, þar sem konungur Hrekkjavökulands sölsar undir sig hlutverk jólasveinsins til að ná sér upp úr tilvistarkreppu en verður loks sáttur við sitt upphaflega hlutskipti.“ Hún bætir við að vegna yfirnáttúrulegra skírskotana höfði sagan vel til Íslendinga. „Fyrir okkur eru jólin svolítið eins og hrekkjavaka í Bandaríkjunum. Á jóla- og nýársnótt á Íslandi verður einhver að gæta bús meðan aðrir fara í messu og dýrin öðlast málgetu rétt eins og yfirnáttúrulegar verur fara á kreik á hrekkjavöku. Svo á boðskapurinn vel við í dag, þar sem Íslendingum er vonandi eins og Hrekkjavökukónginum orðið ljóst að þeir fara ekki fyrir heimsveldi.“




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR BÓKMENNTAFRÆÐINGUR** Heldur upp á A Nightmare Before Christmas.



**JACK SKELETON** Konungur Hrekkjavökulands lendir í tilvistarkreppu og ákveður að hressa sig við með því að sölsa undir sig hlutverk jólasveinsins.

## STEINAR BRAGI GUÐMUNDSSON



**STEINAR BRAGI RITHÖFUNDUR** Segist ekki vera mikið gefinn fyrir jólasögur og álítur þær hálfgerðar hunangsgildrur fyrir börn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Steinar Bragi Guðmundsson rithöfundur kveðst ekki vera mikið jólabarn í sér en segist þó helst muna eftir Jólasögum úr samtímanum eftir Guðberg Bergsson, sem sé skemmtileg aflestrar. „Önnur skemmtileg er The Santaland Diaries eftir David Sedaris, þar sem hann útlistar reynslu sína af að vinna sem álfur jólasveins í Macy‘s-stórversluninni. Til að fá starfið útfyllti hann eyðublöð upp á tugi blaðsíðna, fór í persónuleikapróf og röð viðtala og skilaði þvagsýni, en var svo ráðinn – ásamt dverg – af því að hann var lágvaxinn.“

Þá minnist Steinar Bragi þess að rithöfundurinn Paul Auster hafi eitt sinn spreytt sig á jólasöguforminu með smásögunni Auggie Wren‘s Christmas. „Auster reynir að sneiða hjá tilfinningasemi og prédikun í sögunni og tekst það, en hún líður óhjákvæmilega fyrir að gerast um jól,“ segir hann og bætir við að svo megi auðvitað ekki gleyma Nýja testamentinu.



**NÝJA TESTAMENTIÐ**




**THE SANTALAND DIARIES** Skemmtileg aflestrar.

Nikon

*At the heart of the image*

# HANDHÆGT TÆKNIUNDUR

**TILBOÐ!**
MEÐ ÖLLUM
NIKON D3000 FYLGIR
**VÖNDUÐ TASKA OG**
**2x2GB MINNISKORT**
(VERÐMÆTI: 14.995 kr.)










## NIKON D3000

Nikon D3000 er fullkomin stafræn myndavél fyrir metnaðarfulla áhugaljósmyndarann. Einfaldar leiðbeiningar í stýrikerfi vélarinnar auðvelda þér að taka frábærar myndir strax frá byrjun!

**Verð: 114.995 kr.**

Einnig fáanleg með AFS18-55VR linsu: 122.995 kr.

Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**
**Nikon skólinn**
Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

**www.nikon.is**

**Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Hagkaup** – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

**Samkaup** – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; **Hljómsýn** – Akranesi; **Blómsturvellir** – Hellissandi; **Skipavík** – Stykkishólmi; **Kaupfélag V-Húnvetninga** – Hvammstanga; **Smárabær** – Blönduósi; **Skagfirðingabúð** – Sauðárkróki; **Verslunin Pan** – Neskaupstað; **Geisli** – Vestmannaeyjum; **Foto** – Vestmannaeyjum; **Tækniráð** – Grindavík; **Mosfell** – Hellu; **Heimilistæki** – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; **Omnis** – Borgarnesi, Akranesi og Reykjanesbæ.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

Mynd: Morten Rygaard

# nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*



**BIRKIREYKT HANGILÆRI ÚRBEINAÐ**

**2.239** kr/kg
áður 3.198 kr/kg

# *Gleðjumst saman*

**HAMBORGARHRYGGUR**



30% afsláttur

**998** kr/kg
áður 1.425 kr/kg

KJÖTSEL

**NAUTAPIPARSTEIK**
FERSK



41% afsláttur

**1.889** kr/kg
áður 3.198 kr/kg

**REYKTUR GRÍSABÓGUR**



30% afsláttur

**599** kr/kg
áður 855 kr/kg

KJÖTSEL

**HANGIFRAMPARTUR**
ÚRBEINAÐUR



30% afsláttur

**1.399** kr/kg
áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

**HUMAR**
2kg ASKJA




20% verðlækkun

**UNGNAUTAHAKK**

ÓDÝRT



**948** kr/kg

**KALKÚNABRINGUR**
FERSKAR

40% afsláttur



**1.791** kr/kg
áður 2.985 kr/kg

**ÝSU FISKIBOLLUR**
1kg

ÓDÝRT



**798** kr/kg

**FÓTBOLTAMYNDIRNAR**
FÁST HJÁ OKKUR




**RAUÐKÁL**
ÍSLENSKT



**160** kr/kg
áður 229 kr/kg

**AGÚRKUR**



**76** kr/stk.
áður 108 kr/stk.

**GALA SMÁEPLI**
Í POKA, 1,5kg

50% afsláttur



**149** kr/pk.
áður 298 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

www.markhonnun.is

## GILLE PIPARKÖKUHJÖRTU Í PAKKA
-TIL AÐ SKREYTA




198kr/pk.




## KÖTLU GLASSÚR
GULUR, RAUÐUR, GRÆNN, OG HVÍTUR

149kr/stk.

# á aðventunni

## AÐVENTULJÓS




2.490kr/stk.

## JÓLASTJARNA
MEÐ LJÓSI




1.890kr/stk.

## KERTASTJAKI
MEÐ RAFMAGNSKERTUM




4.490kr/stk.

## LJÓSATRÉ
YMSIR LITIR




990kr/stk.

## JÓLAKRANS



990kr/stk.

## GILLE PIPARKÖKUR
Í POKA



179kr/pk.

## ELDHÚSRÚLLA
STÓR, 60 BLÖÐ

**33% afsláttur**




199kr/pk.
áður 1.998 kr/pk.

## PANDA WC PAPPÍR
4 RÚLLUR XL, 200 BLÖÐ

**25% afsláttur**




299kr/pk.
áður 398 kr/pk.

## JÓLALEGIR BOLLAR
4STK. Í PAKKA



1.490kr/pk.

## HVEITI
2kg




149kr/stk.

## COLGATE HERBAL WHITE
TANNKREM




98kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 3. - 6. desember eða meðan birgðir endast

# Hugsaðu þig um – þrisvar

Ef eitthvað er til sölu á útimarkaði, eða þú finnur eitthvað gamalt og hrörlegt á háaloftinu, er ekki þar með sagt að það sé verðlaust. *Svavar Hávarðsson* mun eftirleiðis hugsa sig vandlega um áður en hann hendir gömlu málverki eða selur fyrir lítið.

Maður er nefndur Peter Silverman, Kanadamaður og listaverkasafnari. Fyrir rúmum tveimur árum var hann staddur í New York, þvældist þar á milli listasafna og leitaði fanga. Hann átti leið fram hjá Ganz-listagalleríinu einn eftirmiðdag og ákvað að kíkja inn.

Á vegg hékk lítil andlitsmynd af stúlku sem bar nafnið „La Bella Principessa.“ Hjarta Silvermans stöðvaðist eitt augnablik. „Getur það verið,“ hugsaði hann með sér. Hugur hans hvarflaði aftur um tíu ár þar sem hann sat á uppboði hjá hinu virta uppboðsfyrirtæki Christie‘s. Þá hafði hann boðið í þessa sömu mynd, byggt á þeirri tilfinningu að verkið væri rangfeðrað og verðmætara en sérfræðingar uppboðsfyrirtækisins töldu. Hann bauð í verkið en það var slegið öðrum fyrir nítján þúsund dali eða um tvær milljónir króna. Verðið endurspeglaði mat listfræðinga um að verkið væri málað í Norður-Evrópu einhvern tímann á 19. öld.

Það reyndist hafa verið Kate Ganz, eigandi gallerísins, sem hafði keypt verkið á uppboðinu 1998. Hún féllst á að selja Silverman verkið og verðið var það sama.

**Da Vinci**

Þessi litla saga er upphafið að einum makalausasta listfundi allra tíma. Tilfinning Silvermans um að verkið væri sérstakt reyndist rétt. Hann hafði strax fengið á tilfinninguna að verkið hefði verið málað á Ítalíu af samtímamanni Leonardo Da Vinci. Stíl og litanotkun taldi hann benda til þess. Handverkið og myndefnið mat hann svo að verkið gæti meira að segja verið málað af gamla meistaranum sjálfum. Hann taldi þá pælingu þó helst til villta enda eru örfá málverk til eftir Da Vinci og það síðasta kom fram á sjónarsviðið fyrir meira en hundrað árum. Fjöldi listfræðinga er nú þeirrar skoðunar að verkið sé eftir Da Vinci enda benda allar rannsóknir í þá átt.



**LA BELLA PRINCIPESSA** Verkið er aðeins 33x23 sentimetrar að stærð. Allt virðist benda til að verkið sé málað af Leonardo Da Vinci um aldamótin 1500. MYND/NORDICPHOTOS/AFP

**Fingrafarið**

Fyrir nokkrum dögum var svo tilkynnt að sannreynt hefði verið af Lumière-rannsóknastofunni í París að fingrafar sem fannst efst í vinstra horni myndarinnar væri meistarans. Farið hefur verið borið saman við annað fingrafar sem fannst á verki Da Vincis, St. Gerome, sem hefur verið geymt í Vatikaninu í Róm um aldir. Fleira bendir í þessa átt. Kolefnisaldursgreining og greining með innrauðu ljósi á striganum sýnir að verkið var málað á líftíma Da Vincis, fyrir eða um aldamótin 1500. Eins var myndin máluð af örvhentum manni, líkt og Da Vinci var, einn fárra þekktra málara frá þessum tíma, og það líkist frægasta verki Da Vincis, Monu Lísu, á svo margan hátt að útilokað er talið að einhver annar hafi haft yfir tækni að ráða til að líkja svo vel eftir handbragði hans.

**Bianca**

Martin Kemp, prófessor emeritus við Oxford-háskóla, hefur skrifað bók um málið. Í viðtali við blaðamann The Times sagðist hann aldrei hafa orðið vitni að öðrum eins viðburði í listasögunni. Hann er sannfærður um að verkið sé eftir Da Vinci og eftir að hafa beitt útilokunaraðferðinni telur Kemp að stúlkan á myndinni sé Bianca Sforza, dóttir Ludovico Sforza, hertogans af Mílanó og hjákonu hans, Bernardinu de Corradis. Hann hefur sýnt fram á að aðferðin sem Da Vinci beitti við að mála komi heim og saman við þau sönnunargögn sem hafa fundist. Ekki aðeins fingrafarið heldur einnig lófafar sem greinilegt er á öðrum stað á myndinni.

**Fúlt**

Kate Ganz, sem átti myndina í ellefu ár, heldur því fram að myndin geti ekki verið eftir Da Vinci. Hún heldur því til streitu að þýskur listnemi hafi málað hana með myndir gamla meistarans sem fyrirmynd. Hér sé ekkert meira á ferðinni en verk þar sem hermt hafi verið eftir stílbrögðum frægasta listamanns allra tíma.

Það er skiljanlegt að Kate haldi þessu fram. Reynist hún hafa rangt fyrir sér getur hún varla lifað með því að hafa selt listaverk, sem nú er metið á tuttugu milljarða króna, á verði smábíls.

## ÞAÐ SEM FÓLK HENDIR Í RUSLIÐ

Elísabet Gibson fann meistarastykki eftir mexíkóska málarann Rufino Tamayo inni í ruslaporti í New York árið 2003. Verkið lá innan um ruslapoka sem voru hirtir upp nokkrum mínútum síðar. Elísabet var á leiðinni á kaffihús í Upper West Side hverfinu, eins og hún gerir á hverjum degi, og vissi ekki að verkinu hafði verið stolið fyrir tuttugu árum. Í bakaleiðinni ákvað hún að taka verkið með sér heim þar sem henni þótti myndin falleg.

Myndin er 130x97 sentimetrar að stærð og Tamayo málaði hana árið 1970. Hún er talin afbragðsdæmi um list Tamayos en bandarískur safnari keypti hana sem afmælisgjöf handa eiginkonu sinni árið 1977. Hún hvarf úr vörugeymslu nokkrum árum seinna og hjónin höfðu gefið upp alla von um að myndin kæmi fram.



**TRES PERSONAJES** Mexíkóski listmálarinn Rufino Tamayo málaði myndina árið 1970. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Myndin hékk í íbúð Elísabetar í nokkra mánuði þangað til hún sá þátt af bandarísku útgáfunni af þættinum Antiques Roadshow, en þar eru leitaðir uppi listmunir í eigu fólks.

August Uribe, listsérfræðingur frá Sotheby's-uppboðsfyrirtækinu, fjallaði þar um myndina og verðmæti hennar. Elísabet mælti sér mót við Uribe, sem athugaði málið Honum til mikillar furðu hékk myndin uppi í íbúð hennar alveg óskemmd. Myndin var seld á uppboði fyrir rúmlega 130 milljónir í október 2007. Elísabet fékk hluta kaupverðsins í sinn hlut.

## HVER VAR EIGINLEGA JACK THE DRIPPER?

Teri Horton, 73 ára gamall vörubílstjóri, ákvað fyrir nokkrum árum að gleðja vinkonu sína sem þjáðist af þunglyndi. Lagði hún leið sína á markað og keypti forljótt, að því er henni fannst, málverk á 500 kall. Þunglynd vinkona hennar deildi skoðun hennar á málverkinu og afþakkaði gjöfina.

Teri tók málverkið með sér þar sem hún taldi það tilvalda skotskífu. Málverkið endaði inn í bílskúr og sá ekki dagsins ljós fyrr en nokkrum árum seinna þegar eigandinn ákvað að tæma skúrinn og selja innihaldið.

Listkennari átti leið hjá og spurði Teri hvar hún hefði keypt verkið. Ástæðan var sú að honum fannst verkinu svipa mjög til verka bandaríska listmálarans Jacksons Pollock (1912-1956). Hann var áhrifamikill bandarískur listmálari. Þekktasta tækni hans fólst í því að láta málningu drjúpa úr pensli á liggjandi léreft.

Spurning listmálarans hóf áralanga baráttu Teri fyrir að fá það viðurkennt að verkið væri eftir Pollock og er baráttu hennar lýst í stórgóðri heimildarmynd sem heitir Who the *$&% is Jackson Pollock.

Teri var boðinn milljarður króna í verkið nýlega. Hún afþakkaði enda sannfærð um að verkið sé mun meira virði sannist að það sé eftir Pollock. Margt bendir til að svo sé, ekki síst fingrafar sem fannst á bakhlið verksins og er nú til rannsóknar af sama manni og rannsakaði fingrafarið á mynd Da Vincis.



**MYNDIN HENNAR TERI**



**NUMBER ONE** Frægt málverk eftir Jackson Pollock. MYND/NORDIC PHOTOS/AFP

## TVÍBENT AÐ SENDA VERK TIL HOLLANDS

Pablo Picasso sagði einhvern tíma að mesta viðurkenning listmálara væri þegar einhver byrjaði að falsa verk þeirra. Hollenski listmálarinn Vincent Van Gogh naut ekki þeirrar upphafningar í lifanda lífi en því meira hefur verið um getgátur um uppruna listaverka hans á seinni tímum.



**MAÐUR MEÐ SKEGG**

Í febrúar 2003 staðfestu sérfræðingar að ómerkt málverk af bóndakonu nokkurri væri eftir Vincent Van Gogh og það var selt á uppboði í Japan fyrir 80 milljónir króna stuttu síðar. Það hafði verið talið lengi að um eftirlíkingu væri að ræða og verðlagt á 7.000 kall af eiganda þess.

Þeir voru ekki eins hamingjusamir forsvarsmenn listasafns Melbourne í Ástralíu þegar þeir fengu niðurstöður rannsóknar Van Gogh-safnsins í Amsterdam á einu af verkum þeirra árið 2007. Þeir þurftu að viðurkenna að verk sem hafði verið í eigu safnsins í fjörutíu ár var ekki eftir Van Gogh, eins og þeir höfðu talið, heldur eftir lítt þekktan landa hans. Málverkið, sem sýnir dökkhærðan skeggjaðan karlmann, var fyrir úrskurðinn metið á tvo til þrjá milljarða króna. Í dag er það frægt, en að heita verðlaust.



**BÓNDAKONA**

## RENOIR INNAN UM AMFETAMÍNIÐ

Sænska lögreglan réðist inn í eiturlyfjabæli í Stokkhólmi árið 2001. Aðgerðin var venjubundin en það sama verður ekki sagt um árangurinn. Fyrir utan töluvert magn eiturlyfja fundu þeir listaverkið La Conversation eftir franska impressjónistann Pierre-August Renoir (1841-1919), einn allra frægasta listmálara sögunnar.

Verkið, sem metið er á tugi milljóna, er í eigu Listasafns Svíþjóðar og hafði verið rænt þaðan nokkrum árum fyrr.



**LA CONVERSATION EFTIR RENOIR**

# „Ég elska þessa bók ... skyldulesning fyrir þá sem hafa gaman af krassandi sögum.“

Jenný Anna Baldursdóttir / eyjan.is

## Ný bók eftir höfund *Viltu vinna milljarð?*

„Sagan er spennandi, fyndin í margvíslegum og skrautlegum sögum af ólgandi og spennuríku lífi ... hin besta afþreying ... lyktirnar margfaldar í roðinu og koma lesanda á óvart, allt til síðustu síðu.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið




„Bókin er svo skemmtileg að ég gat ekki lagt hana frá mér. Ég las frammi í stofu, las inni á baði, las uppi í rúmi, las meðan suðan kom upp á kartöflunum og las meira að segja úti í bíl meðan ég beið eftir dætrunum ... minnir mig enn og aftur á það hvað bækur eru mikill gleðigjafi.“

Ragnhildur Vigfúsdóttir / midjan.is

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

**Hugvitssamleg og afhjúpandi spennusaga eftir metsöluhöfundinn Vikas Swarup.**



# Færeyingar glotta minna en við

Fimm árum eftir að hann flæktist meðfram Kínamúrnum birtist **Huldar Breiðfjörð** nú með ferðabókina Færeyskur dansur. Huldar sagði *Dr. Gunna* að Færeyingar litu enn upp til Íslendinga og teldu þá afburðamenn í viðskiptum.

Bókin er viðbragð við færeyska láninu," segir Huldar. „Þegar Færeyingar lánuðu okkur pening þá rifjuðust Færeyjar upp fyrir mér. Ég var ekki búinn að hugsa þangað árum saman og eiginlega búinn að gleyma að eyjarnar væru til. Viðbrögð íslensku þjóðarinnar komu mér líka á óvart. Það fór í gang ákveðin Færeyjavæmni og þeir voru allt í einu orðnir okkar eina sanna vinaþjóð. Mér fannst skrítið að upplifa það því ég hafði aldrei komið til Færeyja og ekki einu sinni talað við Færeying. Ég fór að velta Færeyjum fyrir mér. Að maður vissi allt um eyjarnar en samt ekki neitt. Að þær virtust fjarlægar en væru samt bara einn og hálfan tíma í burtu. Þetta allt gerði mig forvitinn og ég fékk eyjarnar hálfpartinn á heilann. Ákvað svo að skella mér."



**ÞRÁ EFTIR SAMHENGI** Huldar Breiðfjörð segir að hann hafi haft Færeyjar á heilanum áður en hann skellti sér þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Eins og gallalausir Íslendingar

Fyrst lýsti Huldar ferðum sínum um Ísland á gömlum jeppa í bókinni Góðir Íslendingar sem kom út 1998. Svo flæktist hann yfir fjöll og firnindi meðfram Kínamúrnum í bókinni Múrinn í Kína, sem kom út 2004. Færeyskur dansur lýsir mánaðarlöngu flandri um stærstu eyjarnar af þeim átján sem saman mynda Færeyjar.

„Í öllum þessum þremur bókum hef ég gert í því að vera grænn þegar ég fer af stað. Að vita ekki mikið um staðina sem ég er að heimsækja. Mér finnst skemmtilegra að mæta sem venjulegur maður og mig grunar að maður sé nær lesandanum þannig," segir Huldar.

*Þú hlýtur samt að hafa haft einhverjar væntingar til Færeyja.*

„Jú, jú, maður hafði séð sjarmerandi ljósmyndir af trillum og svona. Eyjarnar voru miklu minni ég átti von á. Fyrstu viðbrögðin þegar ég kom til Þórshafnar voru að ég væri kominn til Hafnarfjarðar."

*Það má lesa í bókinni að þú kunnir vel við Færeyinga.*

„Já, þeir eru stundum eins og gallalausir Íslendingar. Þeir eru hægari en við og lifa meira í núinu. Minna stressaðir. Það er reyndar fyndið hvernig þeir horfa á okkur. Það er sagt í Færeyjum að það þurfi tíu gyðinga til að plata einn Íslending í fjármálum en einn gyðing til að plata tíu Færeyinga. Þetta segja þeir meira að segja ennþá. Það er rasismi í þessu kommenti en það sýnir samt hvaða augum þeir líta á okkur. Sérstaklega líta þeir upp til okkar í sjálfstæðismálunum af því að við kýldum á það en þeir hafa ekki gert það ennþá. Danir fara mjög mikið og mjög auðveldlega í taugarnar á þeim, kannski skiljanlega, en Íslendingarnir ekki. Þeir vilja meina að við séum ennþá voða klárir þrátt fyrir hrunið. Við lentum bara í því. Þeir lentu náttúrlega sjálfir í svipuðu á sínum tíma."

### Glottandi tuddar

*Er færeyski lífsstíllinn eitthvað sem við ættum að tileinka okkur?*

„Við getum lært eitt og annað af þeim, já. Daglega lífið er fallegt hjá þeim. Miklu afslappaðra og rembingslausara. Þegar maður horfði heim frá Færeyjum fannst manni Íslendingarnir svolítið gráðugir og grimmir. Íslendingar glotta mun meira en Færeyingar. Þeir eru grunlausari og vænta einskis ills á meðan við erum með svartan húmor og getum verið tuddar."

*Höfum við breyst eitthvað eftir bankahrunið?*

> „Það er sagt í Færeyjum að það þurfi tíu gyðinga til að plata einn Íslending í fjármálum en einn gyðing til að plata tíu Færeyinga. Þeir segja þetta meira að segja ennþá.

„Tja… við erum ennþá stödd í miðjunni á þessu öllu svo það er erfitt að sjá það. Mér finnst þó meiri samkennd á meðal fólks og meiri samstaða. Fólk er meira boðið og búið. Ég vona að þetta sé breyting til frambúðar. Ég kann þó alveg ágætlega við geggjunina í Íslendingum þó að hún hafi reyndar keyrt úr hófi fram í þetta skiptið."

*Ertu búinn að ákveða hverjum hrunið er um að kenna? Hvern myndirðu velja ef þú værir í rannsóknarnefndinni?*

„Úff, það eru svo margir sem koma til greina. Nei. Maður flengist fram og til baka í þessari umræðu og nær aldrei utan um hana. Maður er ennþá að reyna að koma sér upp skoðun á þessu."

*Ertu ekkert farinn að loka bara á þetta allt saman?*

„Jú smá, en samt upplifir maður það þannig að maður megi ekki loka á þetta. Að það sé ábyrgðarhlutverk að láta sig hafa það og hlusta á allan helvítis Spegilinn til enda. Að vera meðvitaður."

*Hefur eitthvað breyst í þínu lífi?*

„Í sjálfu sér ekki. Ég er enn að vinna á auglýsingastofu og að kenna. Það er helst að aðgangur manns að útlöndum hafi breyst. Ég fór til dæmis til Danmerkur um þarsíðustu helgi og var að drekka kaffibolla á 1.200 kall og borða pylsu á 600 kall. Ég hef aldrei verið eins feginn að komast heim í íslenskt verðlag!"

*Svo ég spyrji þig nú allra kreppuklisjuspurninganna: Hver er leiðin út úr kreppunni?*

„Er það ekki bara að halda áfram að lifa og láta tímann líða? Að halda áfram að vakna á morgnana hlýtur að vera eina leiðin."

### Annað en ævintýraþrá sem togar

Allnokkrir höfundar sérhæfa sig í ferðasögum, en Huldar er líklega sá eini hér á landi.

„Þetta æxlaðist svona og ég er bara glaður og ánægður með það. Það detta alltaf einhverjar ferðasögur inn, en það er furðulega lítið af þeim miðað við hvað Íslendingar ferðast mikið og miðað við að annan hvern Íslending dreymir um að skrifa. Ég var búinn að ferðast svolítið áður en ég skrifaði Góðir Íslendingar. Sú bók og þessi nýja eru tengdar að því leyti að í þeim er þrá eftir samhengi, þrá eftir að setja sjálfan sig í samhengi. Mér finnst íslenska þjóðin oft vera samhengislaus. Þó hún eigi að heita ein af Norðurlöndunum upplifi ég okkur ekki sérstaklega mikið þannig. Ég var búinn að flækjast um allan heim áður en ég ferðaðist um Ísland og upplifði svipaða hluti með Færeyjar, sem er næsta land við okkur. Ég var búinn að fara út um allt en ekki þangað."

*Hefur þú augastað á einhverjum stað fyrir næstu bók?*

„Nei, en ég er hrifinn af úthverfum og frekar flötum stöðum. Ég er ekki hrifinn af ævintýrastöðum eins og að fara til Kúbu, Afganistan eða Afríku. Það er annað sem togar í mig en ævintýraþrá þó að Kínabókin hafi verið hálfgert rugl. Það var mikil þrekraun að ganga yfir fjöll í þrjá mánuði. Ég vissi bara ekkert hvað ég var að fara út í þegar ég lagði af stað."

*Lestu mikið af ferðabókum sjálfur?*

„Nánast aldrei, nei. Ég hef til dæmis aldrei lesið bók eftir Bill Bryson. Ég tek eina og eina. Ég er hrifinn af bókum Pauls Theroux. Hann er alltaf svo skemmtilega pirraður og þreyttur á þessu og ég hef gaman af því."

### Fókus á Flateyri

*Hversu sannleikanum samkvæmar eru bækurnar þínar?*

„Ég vil að þær renni vel og að atburðarásin ráði. Ég vinn þetta upp úr dagbókum og færi kannski aðeins til upp á flæðið. Ég er aðeins búinn að fikta í þessu enda finnst mér skemmtilegt að hafa lesandann stundum á mörkum staðreynda og skáldskapar. Frá og með fyrsta degi þegar ég er að skrifa bækurnar þá byrja ég daginn á að skrifa í dagbókina. Það stillir mann af og maður fer fókuseraður út úr húsi í leit að efni og stöðugt að hugsa."

*Hvar kláraðir þú svo bókina?*

„Ég skrifaði hana á Flateyri. Eftir Færeyjaferðina fór ég vestur og kom mér fyrir í Önundarfirði. Það var hinn fullkomni fókuspunktur. Fallegur fjörður sem er rammaður inn af fjöllunum. Það er búið að dynja svo mikið á þessum stað að það er bara æðrulaust fólk eftir. Það eru tæplega 200 eftir af 450, skemmtilegt og sterkt fólk. Færeyingar gáfu Flateyri leikskólann eftir flóðin svo Flateyringum þykir vænt um Færeyinga."

*Gætirðu hugsað þér að búa í Færeyjum eða á Flateyri til frambúðar?*

„Nei, ekki eins og er. Það kemur kannski að því síðar. Maður þyrfti að vera með fjölskyldu með sér. Það er gott að vera þarna hluta úr ári, en koma svo aftur í bæinn og halda áfram að rugla."

## HULDAR UM KÓPHATTAN

SUNDLAUGIN Í KÓPHATTAN



„Ég fer í Kópavog á hverjum degi og syndi í sundlauginni. Þetta er besta sundlaug á landinu. Maður nær að tengja í ræturnar. Ég bjó þarna í gegnum allan grunnskólann. Bjó á Nýbýlavegi og fór í Digranesskóla. Kópavogur er bara staðurinn. Ég á eftir að flytja þangað aftur. Mér er sagt að þeir sem alist upp í Kópavogi og flytji í burtu komi alltaf til baka. Mér þótti hræðilegt að flytja á sínum tíma, en það var ágætt að sjá heiminn. Fara alla leið til Reykjavíkur. Ég skil samt ekki alveg hvað er í gangi þarna í Smáralindinni. Mér finnst það ekki hafa tekist mjög vel. En „Kópavogur classic" – austurbærinn og vesturbærinn – er orðinn að einhvers konar Kóphattan nú þegar öll þessi nýju úthverfi eru risin. Sundlaugin heldur þessu bæjarfélagi í topp þremur á Íslandi. Ekki skemmir fyrir að Blikarnir eru orðnir bikarmeistarar. Arnar Grétarsson, gamli bekkjarfélagi minn, náði loksins að lyfta bikar. Það er búið að leyfa hundahald í bænum. Manni fannst það alltaf svo ómanneskjulegt að hundahald væri bannað. Svo er Gunnsteinn, gamli smíðakennarinn minn, orðinn bæjarstjóri, þannig að það mælir allt með því að ég flytji í Kópavoginn bara strax á morgun!"

# Þyrstir koma, þyrstir fá!




**4.790 kr.**

~~5.290 kr.~~
Nýtt tungl

★★★★½
Amazon.com

**Nýtt tungl er komin í bíó! Margföld metsölubók um allan heim er orðin frábær bíómynd. Stephenie Meyer sló rækilega í gegn með Ljósaskiptum. Í Nýju tungli heldur sagan áfram og söguþráðurinn teygir sig víða.**



**Bíómiðar á Nýtt tungl fylgja 50 fyrstu keyptu eintökunum af bókinni.***

*„Fólk mun gleypa þetta nýja ævintýri í sig og hungra í meira.“*
Booklist

*„Nýtt tungl skilur aðdáendurna eftir í andnauð af spennu eftir þriðju bókinni.“*
School Library Journal

SAMBÍÓIN

*Tilboð gildir aðeins í Eymundsson Smáralind þessa helgi.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




Skeinkur, Hugur, þokki 1998 (Sumir staðir, ljósmyndir)



Héðan í frá 1998 (Pottjárn og steinsteypa)

# Hér getur allt gerst

Myndlistarmaðurinn **Kristinn E. Hrafnsson** hefur á ferli sínum meðal annars fengist við minnismerki til þess að varðveita atburði, minningar og hugmyndir. Nýverið kom út glæsileg bók með verkum hans hjá bókaútgáfunni Crymogeu í ritröð Listasjóðs Dungal. ***Fréttablaðið*** fékk að skyggnast inn í hugarheim Kristins.




Hér getur eitthvað gerst 1994 (Pottjárn 50 x 50)



gullinsnið 2008 (grafík/þrykk á pappír)



Umsnúnar eftirmyndir – Þórisvatn 1993 (grafík)



Marconi skeyti 2006 (Eir/kopar)



Útlína norðanvindsins 2008 (cor-ten stál )



Frón
Vanilluhringir
Súkkulaðibitakökur
Loftkökur
Jólasmákökur
Gleðilega hátíð


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ Í DAG FRÁ 10-19 Í ÖLLUM VERSLUNUM BÓNUS
598 KR.KG
HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
539 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
998 KR.1KG
N.F FROSIN GRÆNMETISBUFF 1 KG
1698 KR.KG
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
995 KR. 3 PK
GEVALÍA 3 x 500G 39% lægra verð
279 KR. STK
BÓNUS FETAOSTUR 250G
129 KR. STK
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 185ML 10 OG 18%
SÉRVALDAR ÍSLENSKAR KARTÖLFUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
136 KR.KG
159 KR. 2 LTR
BÓNUS APPELSÍN 2 LTR.
649 KR.PK
JÓLAKAFFIÐ
FRÁ TE OG KAFFI 400G
MALAÐ OG BAUNIR
298 KR.PK
BÓNUS
PIPARKÖKUR 500G
298 KR.
659 KR.KG
AMERÍSK RAUÐ STEINALAUS VÍNBER
198 KR.KG
CONSÚL BANANAR
198 KR.STK
DIRAFROST HINDBER
FROSIN 450G
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-19:00 SUNNUD: 12:00-18:00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
NÝTT KORTATÍMABIL
HEFST Í DAG
898
KR.KG
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR FRÁ ALI
Unnið eingöngu úr grísalæri
898
KR.KG
BÓNUS BAJONSKINKA FRÁ ALI
Coke kippur 6 fl. x 2 ltr.
Venjulegt-Light-Zero og
4dósir Víking jólaöl í kaupbæti.
Verðmæti kaupauka ca 460 kr.
SAMTALS: 14 LTR.
TÍU SÖLUHÆSTU
JÓLABÆKURNAR Í BÓNUS
1 SVÖRTULOFT
2 VIGDÍS KONA VERÐUR FORSETI
3 SÖKNUÐUR VIL. VILHJÁLMSSON
4 STÓRSKEMMTILEGA STELPUBÓKIN
5 LOFTKASTALINN SEM HRUNDI
6 ÚTKALL
7 KARLSVAGNINN
8 JÓLASVEINARNIR 13
9 HORFÐU Á MIG
10 HJARTSLÁTTUR SR. HJÁLMAR
1998
KR.KG
FJALLA ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
398
KR.PK
GRÍMS PLOKKFISKUR 400G
Tilbúinn í ofninn.
198
KR.DS
BÓNUS MAJONES 550ML
1398
KR.KG
FJALLA ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
BÓNUS
50% meiri trefjar
KJARNABRAUÐ
159
KR.STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G
2500 DÓSIR EFTIR Á ÞESSU VERÐI.
1598
KR.STK
NÓA KONFEKT 650G
Allir bestu molarnir í einum kassa.
1479
KR.STK
MACKINTOSH 1,1 KG
298
KR.STK
G.K SUÐUSÚKKULAÐI 300G
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-19:00 SUNNUD: 12:00-18:00

# Tónleikaferðir til Íslands héldu fjölskyldunni uppi

**Þórunn Ashkenazy** var undrabarn sem einungis sjö ára gömul hóf nám í píanóleik við konunglegu tónlistarakademíuna í Lundúnum. Í nýútkominni bók eftir Elínu Albertsdóttur er átakamikilli æsku hennar lýst og viðburðaríkri ævi en Þórunn hefur farið víða um heim ásamt eiginmanni sínum Vladimír Ashkenazy píanóleikara. *Fréttablaðið* birtir hér kafla úr bókinni.



**ÞÓRUNN LITLA MEÐ FÖÐUR SÍNUM JÓHANNI TRYGGVASYNI** Feðginin standa á tröppum Royal Academy of Music í Lundúnum. Þórunn er yngsti nemandi sem hefur útskrifast úr skólanum.

Þegar Þórunn var á sjötta ári (1945) var farið að ræða á heimilinu að fjölskyldan flyttist til Englands, en Jóhann, faðir Þórunnar hafði mikinn áhuga á að mennta sig frekar í tónlist, einkum hljómsveitarstjórn. Jafnframt var rætt um að Þórunn héldi tónlistarnámi sínu áfram í Lundúnum á meðan fjölskyldan byggi þar. Þessi Englandsför var því hugsuð fyrir þau bæði. Hvorki Jóhann né Klöru grunaði þá að borgin yrði heimili þeirra næstu áratugina enda var í fyrstu aðeins ætlunin að vera eitt ár í burtu.

Það var þó ekki hlaupið að því að fá landvistarleyfi. Umsókn Jóhanns var synjað af yfirvöldum enda var matarskortur mikill í borginni og húsnæðismál í ólestri. Jóhann lét fylgja með landvistarumsókninni til breska innanríkisráðuneytisins að kornung dóttir hans væri á leið í tónlistarnám við Royal Academy of Music. Þá óskaði breska innanríkisráðuneytið eftir skriflegri staðfestingu frá skólanum þess efnis. Þegar Jóhann fór á fund rektors var honum tjáð að það væri algjörlega óraunhæft að sjö ára barn ætti erindi í slíkan skóla. Rektorinn spurði þó hvort til væri hljóðupptaka með píanóleik barnsins. Þá mundi Jóhann eftir hljóðupptökunni, sem var í vörslu útvarpsins, með Beethovensónötunni. Hann lét senda sér hana til Englands og eftir að skólastjórinn hafði hlýtt á upptökuna samþykkti hann að barnið fengi inngöngu í yngri deild skólans. Þórunn var með þessu orðin yngsti nemandinn sem tekinn hafði verið inn í Royal Academy of Music, aðeins sjö ára gömul, en yngri deildin var ætluð tólf ára nemendum.

## Basl

Þórunni finnst óskemmtilegt að hugsa til þessara fyrstu ára fjölskyldunnar í stórborginni. Kuldi og raki, slæm húsakynni og endalausir flutningar eru henni ofarlega í huga. „Mér var alltaf kalt.“ Klöru, móður Þórunnar, fannst eins og hún væri að fara hundrað ár aftur í tímann að koma til Lundúna. Það voru engir skápar í fyrstu íbúðinni, sem fjölskyldan bjó í, og það var ekki þægilegt fyrir stóra fjölskyldu, auk þess sem hún var ísköld. Síðan þurftu þau að sætta sig við matarskömmtun. Fiskur og grænmeti var þó ekki skammtað og nýtti fjölskyldan sér það þótt fiskmetið væri dýrt. Hins vegar fengu þau næga mjólk, einn pott fyrir hvert barn, og var það jafnvel meira heldur en fékkst í Reykjavík á þeim tíma. Kjötmáltíð fékkst einu sinni í viku, en lítið var til af smjöri og sykri. Þá var brauð af skornum skammti.

„Við bjuggum fyrst í Gloucester Road í Kensington, fluttum okkur fljótlega í aðra íbúð í því hverfi og síðan vorum við á hóteli í skamman tíma. Við vorum stöðugt að flytja á milli íbúða, bjuggum einnig um tíma í Earls Court. Fjölskyldan var eins og sígaunar á endalausum þvælingi um borgina.“

„Fyrstu árin eftir að ég flutti út sótti ég ekki nám í venjulegum breskum barnaskólum heldur kenndi pabbi mér heima. Ég fékk því íslenska, bóklega menntun þar til ég varð ellefu ára. Pabbi fékk allar námsbækur að heiman til að ég fengi sömu menntun og jafnaldrar mínir á Íslandi. Hann hafði töluverðan metnað til þess að ég héldi íslenskunni góðri og við töluðum alltaf íslensku á heimilinu. Á meðal þess sem pabbi kenndi mér var íslenska, landafræði, kristinfræði, dýrafræði og stærðfræði. Drjúgur tími fór síðan í æfingar á píanóið. Yfirleitt æfði ég mig í þrjár til fimm klukkustundir á dag, alla daga vikunnar.“

## Tónleikaferðir til Íslands

Til að fjölskylda Þórunnar gæti framfleytt sér í Lundúnum varð hún að hafa einhverjar tekjur og þær komu frá Íslandi. „Mín fyrsta tónleikaferð til Íslands var árið 1947 þegar ég var átta ára gömul. Þetta var skelfileg flugferð með einni fyrstu farþegaflugvélinni, sem Lofleiðir keyptu, Douglas DC-4 Skymaster. Hún tók 38 farþega og 7 voru í áhöfninni. Það var ískalt um borð í vélinni og ferðin tók margar klukkustundir.“

Fyrstu tónleikarnir áttu að fara fram í Trípólíbíói. Þar flutti Þórunn Mozart, Chopin og Haydn en einnig verk sem hún hafði samið sjálf þegar hún var sex ára. Þessi ferð var frekar stutt en síðar voru þau feðginin oft mánuð í senn á Íslandi. Þá ferðaðist Þórunn um landið og hélt tónleika.

Blöðin slógu því iðulega upp þegar Þórunn litla, eða „undrabarnið“, eins og hún var kölluð, og faðir hennar komu til landsins og margir sóttust eftir því að fá hana til að vera með tónleika. Almennur áhugi var á að heyra þetta íslenska undrabarn, sem stundaði nám í enskum tónlistarháskóla, leika.

Oft var farið til Akureyrar, Húsavíkur, Dalvíkur, Siglufjarðar, Akraness, Selfoss, Vestmannaeyja og einnig vestur á Ísafjörð.



**UNDRABARNIÐ** Þórunn var þaulvön að koma fram þegar á unga aldri. Á myndinni er hún átta ára.



**HEIMSKONA** Þórunn og eiginmaður hennar hafa ferðast víða og eiga sér athvarf í mörgum löndum.



**VILLUR VÍÐA UM HEIM** Hér sést í hluta af villu þeirra hjóna á eyjunni St.Lucia í Karíbahafi, en þau eiga húseignir í nokkrum löndum, meðal annars fornan kastala í Frakklandi.

„Við fórum þó aldrei á Austfirði. Ég man eftir því í eitt skipti að við vorum í Vestmannaeyjum þar sem ég hafði verið með tónleika. Daginn eftir átti ég að spila á Akranesi og við áttum að fljúga til Reykjavíkur en þar sem ekki var flogið vegna veðurs sigldum við með litlum mjólkurbát yfir til Þorlákshafnar og þaðan var keyrt á Skagann. Mér leið ekki vel, var eiginlega fárveik og kastaði upp. Í bátnum var stæk lykt af bensíni og mjólk sem blandaðist saman og það var hræðilegt. Þegar ég byrjaði að spila á tónleikunum fannst mér eins og nóturnar gengju í bylgjum. Ég sagði pabba frá því hvernig mér leið og hann sagði að ég mætti engum segja frá því. Það var auðvitað ekki gott til afspurnar hve strangt tónleikaprógramm hafði verið sett upp fyrir barnið. En þessar tónleikaferðir héldu fjölskyldunni uppi.“

## Erfiðleikar heima

Hinir sífelldu flutningar fjölskyldunnar á milli staða fyrstu árin í Lundúnum auðvelduðu Þórunni ekki lífið. Enn þungbærara þótti henni þó hversu vínhneigður faðir hennar var. „Pabbi drakk allt of mikið og þurfti ekki nema örlítinn sopa af áfengi, að mér fannst, til að það yrði á honum persónuleikabreyting. Hann minnti mig stundum á sögupersónuna Dr. Jekyll and Mr. Hyde en slíkar breytingar verða oft á fólki sem á við áfengisvanda að glíma.“

Þórunn hafði jafnframt áhyggjur af því hversu illa faðir hennar fór með fé fjölskyldunnar og hversu ótrúlega óskipulagður hann var í þeim málum. Endalausir erfiðleikar urðu þegar borga átti húsaleiguna um hver mánaðamót.

„Pabbi var að öðru leyti vænn maður, góðhjartaður og vildi allt fyrir alla gera. Auk þess var hann mjög hæfileikaríkur á tónlistarsviðinu. Það fóru bara alltaf allir hlutir í bölvaða vitleysu hjá honum. Það sem fór með hann var þessi áfengisdrykkja og kæruleysi í peningamálum. Þetta ástand á heimilinu gerði mig mjög áhyggjufulla og ég hugsaði oft með mér: Af hverju getum við ekki bara átt venjulegt og heilbrigt fjölskyldulíf?“

Öryggisleysið, sem áfengisdrykkja Jóhanns olli Þórunni á barnsaldri, hefur mótað hana alla tíð og stundum segist hún fá óþarfa áhyggjur sem hún telur að séu afleiðingar frá æskunni. Öryggi, traust og gott skipulag á hlutunum hafa alla tíð síðan skipt hana miklu máli.

„Einnig fannst mér óþægilegt að svo virtist sem foreldrar mínir teldu mig eldri en ég var í raun því alveg frá sjö, átta ára aldri var ég þátttakandi í foreldratali, vandamál foreldra minna urðu einnig mín vandamál. Peningamál og áhyggjur af húsnæðismálum voru rædd við mig eins og ég væri fullorðin. Stundum þótti mér nóg um. Það var eins og við værum þrjú að reka heimilið. Eflaust var það einmitt þannig því að ég fékk töluverðar tekjur af tónleikunum mínum sem allar runnu til reksturs heimilisins.“

*Um tvítugt kynntist Þórunn eiginmanni sínum Vladimír Ashkenazy, sem var líkt og hún afar efnilegur píanóleikari. Þau giftust og eignuðust fimm börn. Þórunn lagði píanóleik á hilluna og gerðist helsti tónlistarráðgjafi eiginmanns síns. Hann er nú talinn einn besti og virtasti píanóleikari heims.*

## Skútusiglingar og St. Lucia

„Sumarið sem ég varð fimmtug, árið 1989, sigldum við í tíu daga og fórum þá til Kýpur sem er nokkuð löng sigling en var mjög ánægjuleg ferð. Við leigðum skútu í þrjú sumur og þar sem okkur og börnunum okkar líkaði þessi ferðaaðferð svo vel ákváðum við árið 1992 að fjárfesta í 70 feta skútu sem var undir breskum fána og hét Aquarius.

Stundum bjóða þau hjón gestum með sér í siglingu enda er skútan rúmgóð. Þar eru tvær góðar káetur með litlum baðherbergjum, stofa og eldhús auk rýmis fyrir áhöfn. Bæði fjölskyldan og vinir þeirra hafa siglt með þeim. ...

Skútunni hafa þau siglt talsvert í Eyjahafinu og í Miðjarðarhafinu en einnig við St. Lucia í Karíbahafi, þar sem þau hafa átt frístundahús í fimm ár. Húsið létu þau smíða sérstaklega fyrir sig en það stendur hátt uppi í fjalli og frá því er afar fallegt útsýni. Frá húsinu og niður í sundlaugargarðinn eru 96 þrep svo að það er talsverð líkamsrækt að ganga það. Undanfarin jól hafa þau hjón farið til St. Lucia og dvalið þar í sex vikur. „Við njótum þess mjög að slaka þar á og endurnýja okkur fyrir næsta áhlaup. ...

Sasha, yngsta dóttir okkar, gifti sig í St. Lucia og þá kom öll fjölskyldan þar saman. Það var mjög skemmtilegt þótt mér finnist stundum vera fullmikil læti í kringum okkur þegar svona margt fólk kemur saman. Við eigum sjö barnabörn og þetta er því orðinn stór hópur. Það var mikið líf og fjör hjá okkur og brúðkaupsveislan mjög vel heppnuð á þessum fallega stað.“




# ERU EKKI ALLIR Í STUÐI?

**Fimmfaldur Lottópottur** stefnir beinustu leið í **37 milljónir**.
**Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

Fiton/SÍA 5X05122009



**New York** „Síðan í ágúst höfum við að mestu leyti búið í rútu. Hér erum við fyrir utan heimili okkar, sem að þessu sinni er lagt fyrir utan tónleikastaðinn í New York.“ MYND/ANGEL CEBALLOS



**París** „Við tókum upp nokkur lög fyrir „Take-Away-Show“ seríuna sem vakið hafa svo mikla athygli á hinu franska Blogotheque. Hér erum við í strætó, nýbúinn að syngja lagið „If I Were a Fish“ fyrir farþegana, sem þó virtust varla taka eftir okkur.“ MYND/SAM HISCOX

# múm flengist um heiminn

**Slitnir gítarstrengir, tómar bjórflöskur, kaldar rútur, óvæntar uppákomur, sólgleraugu og táfýlusokkar. Þetta er allt hluti af lífi tónlistarmannsins á vegum úti.**

Íslenska tónlistarútrásin heldur áfram eins og ekkert hafi í skorist. Hljómsveitin múm hefur verið að fylgja eftir nýjustu plötunni sinni, Sing along to songs you don‘t know, síðan í ágúst og spilað á hátt í áttatíu tónleikum fyrir alls konar fólk á alls konar stöðum. Bandið hefur ferðast þvers og kruss um Evrópu, til Japans og Ísraels og hringinn í kringum Bandaríkin og Kanada. Heimkomutónleikar múm fara fram föstudagskvöldið 18. desember í Iðnó og verða fyrstu tónleikar hljómsveitarinnar hérlendis síðan 2004, ef framkoma sveitarinnar á Airwaves 2007 er undanskilin. Ýmislegt skemmtilegt getur gerst á vegum úti. Hér eru nokkur sýnishorn frá heimstúr múm. Örvar Þóreyjarson Smárason sér um að útskýra myndirnar.



**Winterthur í Sviss** „Eftir miðnætti að loknum tónleikum okkar í Winterthur var ákveðið að Hildur ætti afmæli. Henni voru færðar þessar litríku makkarónur og fyrir einskæra tilviljun var hún í kjól í stíl við kökurnar. Vakti það kátínu.“ MYND/SAM HISCOX



**Aftur París** „Við enduðum upptökurnar fyrir Blogotheque í þessum útsýnisskála í Buttes Chaumont-garðinum með útsýni yfir borgina.“ MYND/SAM HISCOX



**Brussel** „Hljómsveitin múm á sviði.“ MYND/SAM HISCOX



**Eyjan Vlieland við norðurströnd Hollands** „Daginn eftir makkarónuafmælið flugum við svo beint til Hollands þar sem okkur var smalað í ferju á leið á tónlistarhátíðina Great Wide Open sem fer fram á huggulegri eyju þarna fyrir norðan. Skyndilega brast á aftakaveður og áður en við spiluðum var okkur tilkynnt að báturinn sem átti að fara með okkur til baka væri ekki byggður fyrir svoleiðis sjóferðir. Þar sem samkvæmt dagatalinu var ennþá afmælið hennar Hildar var ákveðið að halda upp á að við værum veðurteppt með því að taka þátt í skemmtilegum hollenskum leik, sem gengur út á að negla tíu tommu nagla í viðardrumb. Eftir langa keppni stóð Eiríkur uppi sem sigurvegari og var hann hylltur sem slíkur.“ MYND/SAM HISCOX



**Seattle** „Við fórum í nokkrar útvarpsupptökur á meðan á ferðalaginu stóð. Hér erum við í útvarpstúdíói KEXP í Seattle.“ MYND/SAM HISCOX



**Katowice í Póllandi** „Benni Hemm Hemm hitaði upp fyrir okkur á stórum hluta Evróputúrsins og eins og lesa má úr svipnum á Gunnari er hann ljúfur ferðafélagi. Það er alltaf gaman fyrir okkur að spila í Póllandi, enda eru landsmenn mjög hlýir og opnir og kunna vel að meta svona hálf-ringlaða popptónlist.“ MYND/SIGURLAUG GÍSLADÓTTIR



**Portland** „Frítími getur verið af skornum skammti á hljómleikaferðalögum og því mikilvægt að nýta tímann vel. Hér erum við strákarnir komnir með bæjarleyfi og á leiðinni í átt að miðborg Portland í Oregon. Eftirvæntingin leynir sér ekki.“ MYND/EIRÍKUR ORRI ÓLAFSSON



**Swift Current í Kanada** „Við fengum einn frídag allan Norður-Ameríkutúrinn og eyddum honum í smábæ í Saskatchewan-fylki í Kanada. Það var einmitt hrekkjavaka þetta kvöldið, en fátt í boði í þessum bæ nema sýning á Rocky Horror Picture Show. Við náðum ekki að safna saman nægilega mikilli orku til að fara, en Róbert og Sindri úr Sin Fang Bous létu þó ekki sitt eftir liggja og klæddust þessum fallegu kjólum.“ MYND/SAM HISCOX



**Tókýó** „Japansferðin var skemmtileg eins og áður og virðist landið liggja vel fyrir okkur. Á þessari mynd eru Róbert, Samuli, Hildur, Gunnar og Sigurlaug að skoða sig um í almenningsgarði.“ MYND/EIRÍKUR ORRI ÓLAFSSON



**Í Lúxemborg** „Eiríkur Orri er sérstaklega hress maður og gerir allt til þess að létta lundina og stytta stundirnar á ferðalögum okkar. Á þessari mynd er hann að sýna vel þekkta stellingu í svörtum grunnbúningi.“ MYND/SAM HISCOX

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

desember 2009




## Gómsæt og holl

Guðleif Fríður Sigurjónsdóttir hefur ávaxtaköku á aðfangadagskvöld sem hún býr til í nóvember. SÍÐA 4



## Gerir allt frá grunni

Álfheiður Vilhjálmsdóttur bakar sörur fyrir hver jól. SÍÐA 8

# Dísætt og draumkennt

Í Skandinavíu er rík hefð fyrir því að bakarar fylli borðin hjá sér af skrautlegum marsípanfígúrum fyrir jól, enda fallegar á veisluborðið og með eindæmum góðar.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

KOMIÐ Í VERSLANIR!

Sölutímabil 5. – 19. desember



Markmiðið með sölunni er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna og rennur allur ágóði til starfs í þeirra þágu.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA - www.slf.is

# JÓLATRIFFLI FÍNU FRÚARINNAR

Sólveig Gísladóttir skrifar

Jólin eru tími hefða. Hvort sem hefðin snýr að mat, skrauti eða athöfnum er einna víst að einhverjar slíkar er að finna á öllum heimilum. Á mínu heimili eru til dæmis engin jól án jólabúðingsins gómsæta sem ég hlakka til að borða allt árið.

Búðingur þessi, sem er í raun frómas og jafnvel upphaflega fínasta triffli, á sér langa sögu innan fjölskyldunnar. Upphafið má rekja til þess þegar Salóme, amma mín, fór ung að aldri í vist til fínnar frúar á Stokkseyri en sjálf var amma mín formannsdóttir úr Vestmannaeyjum. Fína frúin kenndi henni ýmislegt varðandi heimilishald en þó lagði hún mesta áherslu á eldhússtörfin. Til dæmis kenndi hún ömmu að gera „heimsins bestu súpu“ og var amma ævinlega stolt af því að vera hálfgerður súpugerðarmeistari, útskrifuð úr eldhúsi frúarinnar á Stokkseyri. Súputæknin týndist þó með láti ömmu en trifflið sem hún lærði einnig að gera frá grunni lifir enn góðu lífi í örlítið breyttri mynd.

Amma átti aðeins einn son, föður minn, og hún var af þeirri kynslóð sem stjanaði í kringum karlmennina og fékk sting í hjartað ef þeir ætluðu sér svo mikið sem ganga frá disknum sínum eftir matinn. Það kom því í hlut móður minnar að læra búðingsgerðina á áttunda áratugnum. Á þeim tíma hafði uppskriftin breyst nokkuð enda matarlím orðið algengt í verslunum sem gerði allt umstangið auðveldara. Þó getur matarlímið verið til ófriðs ef það er of heitt eða of kalt þegar því er hrært út í grautinn. Það getur móðir mín staðfest. Í fyrsta sinn sem hún bjó til búðinginn sjálf klúðraðist matarlímið og búðingurinn varð svo kekkjóttur að nauðsynlegt reyndist að tyggja hann. Amma var hins vegar svo glöð yfir að þurfa ekki að elda sjálf, auk þess sem hún kunni sannarlega að hrósa, jafnt sjálfri sér sem öðrum, að hún hrósaði tengdadóttur sinni í hástert og átti ekki til orð yfir gæðum búðingsins. Hún hefði bara aldrei smakkað hann betri. Mamma varð því lítið bangin að gera aðra tilraun að ári því hún vissi að búðingurinn gat ekki orðið verri.

Ég tók síðan sjálf við keflinu fyrir þremur árum þegar ég hélt í fyrsta sinn mín eigin jól. Stressið var mikið. Skyldi búðingurinn kekkjast? Ég var með móður mína í símanum og hún leiðbeindi mér skref fyrir skref hvernig ég ætti að bera mig að. Og viti menn, allt tókst með einstakri prýði. Mér til mikillar furðu voru stjúpdæturnar ekki jafn himinlifandi yfir búðingnum góða, þær voru vanar að fá ís…



**Jólabúðingurinn góði**
6 egg
10-12 msk. sykur
12-14 stk. matarlímsblöð
750 ml rjómi
jarðarberjasafi
makkarónukökur
sérrí
súkkulaðirasp

*Þeytið rjóma og geymið í ísskáp. Þeytið egg og sykur út í hið óendanlega. Setjið matarlím í kalt vatn í u.þ.b. 6 mín. Vindið blöðin og hitið yfir gufu ásamt jarðarberjasafa. Blandið rjóma og eggjablöndu saman. Hellið volgu matarlími í mjórri bunu í blönduna og hrærið varlega í á meðan. Bætið súkkulaði út í. Makkarónukökurnar eru muldar og settar í botn á skál. Jarðarberjasafa og smá sérrí bætt út í og látið bíða smá stund. Rjómablöndunni er síðan hellt ofan á. Búðingurinn er skreyttur með rjóma og jarðarberjum áður en hann er borinn fram.*

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

E Eftirréttur · Hvunndags/til hátíðabrigða · Til hátíðabrigða · Kökur · Sætindi

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins.
**Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir
**Forsíðumynd:** Gunnnar V. Andrésson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Roald Viðar Eyvindsson, Sólveig Gísladóttir, Vera Einarsdóttir og Unnur H. Jóhannsdóttir.
**Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*



Biscotti bætir, hressir og kætir. Bollarnir eru úr keramik og eftir Hönnu Margréti.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kökur sem kæta

Hann leikur í höndunum á henni, baksturinn, ekkert síður en keramikið. Hanna Margrét Einarsdóttir, kennari og hönnunarnemi, segir að ekki sé svo ólíkt að móta hluti í leir og að baka. Þeir sem vinna í keramiki kannist vel við þessi tengsl.

Gott á jólunum!

Hanna segist hlakka til jólanna og börnin hennar, Margrét Birta og Ólafur, taka svo sannarlega undir það. Þau hlakka þó mest til að fá pakkana. „Mér finnst aðventan skemmtilegur tími og ég nýt þess að skreyta og fegra heimilið. Bökunarilmurinn setur punktinn yfir i-ið.“

Hanna er með uppskrift að súkkulaðibiscotti sem er tilvalið með jólakaffinu eða sérrítári. „Ég fékk uppskriftina hjá einum kennara mínum í Myndlistaskólanum í Reykjavík,” segir Hanna sem finnst gaman að gefa óvæntar gjafir. „Á aðventunni pakka ég oft nokkrum biscottistöngum fallega inn og gef öðrum. Það vekur iðulega lukku þótt lítið sé.“

Enn er ónefnd sú ástríða Hönnu að leggja á borð. „Japanir segja að maður borði tvisvar, fyrst með augunum og svo með munninum. Fallega framreiddur matur geymir þannig minninguna um góða máltíð. Ég legg því mikið upp úr matarstelli og skreytingum við hátíðlegt borðhald. Oft nota ég hluti sem ég hef gert sjálf og í skreytingum leyfi ég hugmyndafluginu og innblæstri þá stundina að ráða og nota jafnvel eitthvað úr leikfangakassa barnanna,“ segir Hanna, sem einnig er mikið fyrir kertaljós. „Þá má ekki gleyma kertum og blómum. Kerti lýsa upp skammdegið, gefa notalega og sérstaka birtu og eru nauðsynlegur staðalbúnaður í góðu boði.“

- uhj



Hanna Margrét með börnum sínum sem hlakka til að gæða sér á gotterínu.

## SÚKKULAÐI-BISCOTTI

*40–60 kökur*

**100 g smjör, mjúkt**
**190 g sykur**
**2 stór egg**
**280 g hveiti**
**1 tsk. matarsódi**
**¼ tsk. salt**
**1 dl kakó**
**100 g pistasíu- eða heslihnetur**
**50 g súkkulaði, saxað**

*Hitið ofn í 200° C. Hrærið saman smjör og sykur þar til blanda verður létt og ljós. Bætið eggjum við einu í einu og hrærið vel á milli. Setjið hveiti, matarsóda, salt og kakó út í og hnoðið. Hnoðið hnetum og súkkulaði saman við. Mótið tvo hleifa úr deigi, ca. 7x30 cm, og setjið á ofnplötu þakta bökunarpappír. Bakið í 25 mín. og kælið í 20. Skerið hleifa í 1 cm þykkar sneiðar, raðið á plötu og bakið aftur í ca. 10-15 mín. Seinni bökunartími fer eftir kökuþykkt.*




MUFFIN BAKERY

# Betri en almennt gerist

„Við erum hér með alls kyns gerðir, einar sjö til átta tegundir á hverjum degi og meira að segja eina í piparkökustíl fyrir jól,“ segir Jón Gunnarsson, eigandi kaffi- og veitingahússins Muffin Bakery, við Hamraborg 3 í Kópavogi, en staðurinn gefur sig út fyrir að vera sá eini á landinu sem sérhæfir sig í múffubakstri. Þótt múffurnar sem þar fást séu af ýmsum gerðum eiga þær allar það sameiginlegt að vera mun stærri en menn eiga að venjast. „Með því móti tekst okkur að halda þeim mjúkum, matarmiklum og betri en almennt gerist,“ útskýrir Jón og bætir við að Íslendingar hafi tekið vel í framtakið. Til marks um það hafa um 30.000 múffur selst á staðnum frá því hann var opnaður fyrir ári. Fleira er þó þar á boðstólum, til dæmis salöt, súpur, ristaðar samlokur, pastaréttir, fiskur og réttur dagsins. Jón hvetur sem flesta að kíkja í heimsókn og tekur fram að þar rúmist vel allt að 15 til 20 manna hópar.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ego dekor






**DIVANY**
– hvítt háglans
Skenkur 240cm (einnig fáanlegur í 180cm)
Verð: 199.000,-

**Borðstofuborð**
200x100cm
Verð:
118.000,-



**TV skenkur**
180cm
Verð: 105.000,-



**TV skenkur**
200cm
Verð: 89.000,-




# MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM




**CROCO**
leðurstóll
Einnig fáanlegur í svörtu
Verð áður:
35.000,-
Verð nú:
28.000,-



**SARINA**
stóll
Einnig fáanlegur í hvítu
Verð:
14.800,-



**ORIANA**
stóll
Einnig fáanlegur í svörtu
Verð:
15.900,-



**SABINE**
leðurstóll
Einnig fáanlegur í svörtu og hvítu
Verð:
16.800,-




**NEW ENGLAND tungusófi**
Stærð: 252X165
Færanleg tunga
Verð áður: 188.000,-
Verð nú: 169.200,-



**LUCAS leðurtungusófi**
Stærð: 285X223
Verð: 299.000,-



**ROMEO leðurtungusófi**
Stærð: 285X165
Fáanlegur í svörtu leðri
Verð: 289.000,-

**Opið mán-fös: 10.00-18.00**
**Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**

## Í ELDHÚSKRÓKNUM



**DESERTSKÁLAR** má vitanlega nota undir ís og aðra eftirrétti en þær geta allt eins nýst sem nammi, hnetu- og konfektskálar og þannig verið hið fínasta punt. Duka, verð 3.600 krónur.



**FAGURSKREYTT KÖKUBOX** eru órjúfanlegur hluti af jólunum. Börnin horfa hugfangin á myndirnar og láta sig dreyma um innihaldið. Stundum er þeim leyft að lauma hendinni ofan í og fá sér lúku af góðgæti áður en jólin koma. Í Duka fást þrjú misstór box skreytt snjóflyksum á 4.950 krónur.



**ÞESSI SILÍKONMÓT** eru sérstök fyrir þær sakir að þau eru gerð eftir tvö hundruð ára gömlum koparmótum frá tímum Ernests Augustus Hannover konungs. Með þeim er hægt að búa til konunglega jólaköku, nú eða jólaís. Tvær gerðir fást í Búsáhöldum í Kringlunni og kosta báðar 2.495 krónur.

K Æ R L E I K S K Ú L A N



S N E R T I N G

H. Friðfinnsson

„Við erum í sífellu að snerta hluti sem á vegi okkar verða.
Manneskjan skilur eftir sig slóð af fingraförum í gegnum lífið.
Við snertum fólk og það okkur.
Snerting er notuð í lækninga- og líknarskyni.
Við tökum upp hluti, réttum þá öðrum, búum til hluti,
breytum hlutum.
Immanuel Kant sagði að hendurnar væru
hinn ytri heili mannsins."

*Hreinn Friðfinnsson*

**Sölutímabil 5. – 19. desember**

Söluaðilar:
**Epal** - Skeifunni og Leifsstöð · **Kokka** - Laugavegi
**Kúnígúnd** - Kringlunni · **Listasafn Reykjavíkur** - Hafnarhúsinu
**Líf og list** - Smáralind · **Hafnarborg** - Hafnarfirði
**Blóma - og gjafabúðin** - Sauðárkróki
**Blómaturninn** - Ísafirði · **Norska húsið** - Stykkishólmi
**Póley** - Vestmannaeyjum · **Valrós** - Akureyri

Markmiðið með sölu Kærleikskúlunnar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna og rennur allur ágóði til starfs í þeirra þágu.

Útgefandi er Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

**Auglýsingasími**
**512 50 50**




– Mest lesið



Hún er gómsæt og holl ávaxtatertan hennar Guðleifar og mjög einfalt að gera hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skipar heiðurssess

Þegar Guðleif Sigurjónsdóttir lauk störfum á bókasafninu í Kvennaskólanum í vor, settist hún aldeilis ekki í helgan stein heldur ákvað að gefa út matreiðslubók.

Hún nefnist Íslenskur uppáhaldsmatur en auk uppskrifta, prýða hana myndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. „Reyndar kom hugmyndin að bókinni til vegna þess að andrúmsloftið í þessum gömlu ljósmyndum heillaði mig og mig langaði að koma þeim á framfæri," segir Guðleif Fríður Sigurjónsdóttir, sem kveðst ekki vera nein listakona í eldhúsinu. „Uppskriftirnar eru með blárri handskrift á línustrikuðum blaðsíðum og er ljósmynd við hverja en eiginmaðurinn Ólafur Ólafsson á heiðurinn að umbrotinu."

Í bókinni eru meðal annars uppskriftir að fiskibollum, pönnukökum og laufabrauði. „Hún er gefin út á íslensku, ensku, dönsku og svo á þýsku en Coletta Bürling sá um þýsku þýðinguna," segir Guðleif, en þau Ólafur hafa gert allt sjálf frá upphafi til enda. „Prentvélin er í stofunni en við prentum eftir eftirspurn. Ég veit samt ekki hvort ég muni koma jólatrénu fyrir en það lýtur þá í lægra haldi fyrir prentvélinni og ég skreyti hana bara með nokkrum kúlum," segir hún hlæjandi. Ávaxtakakan sem Guðleif gefur uppskrift að er í bókinni. „Ég fékk hana hjá vinkonu minni fyrir tuttugu árum, sem bjó kökuna til handa frænku sinni sem átti engan bakaraofn, en það er nóg að setja hana í frost. Ég hef kökuna á aðfangadagskvöld en bý hana til í nóvember. Hún hefur alltaf skipað heiðurssess hér á heimilinu." - uhj



Guðleif vann lengi á bókasafni og þegar hún hætti ákvað hún að gefa út bók!

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÁVAXTAKAKA AÐ HÆTTI GUÐLEIFAR

**250 g harðar makkarónukökur (einnig hægt að nota mjúkar makkarónukökur eða ladyfingers)**
**2 epli**
**125 g döðlur**
**100 g dökkt suðusúkkulaði**
**jarðarber**
**vínber**
**bláber**
**hindber**

*Myljið makkarónurnar með kökukefli, skerið eplið í litla bita, sem og döðlur og súkkulaði og jafnið öllu vel saman. Ekki er verra að vökva blönduna aðeins með líkjör eða góðum appelsínusafa. Þessi blanda er notuð til þess að þekja botn á grunnu fati sem þolir frost.*

*Því næst er berjunum raðað yfir og er fallegt að raða saman steinlausum vínberjum sem búið er að kljúfa í tvennt ásamt jarðarberjum, bláberjum og hindberjum. Athugið að berin eiga að þekja alveg botnlagið.*

*Þegar kakan er tilbúin er hún sett í frysti þar sem hægt er að geyma hana í nokkrar vikur. Hún er tekin úr frystinum um það bil tveimur tímum áður en hún er borin fram.*

*Þegar frostið er farið úr kökunni og aðeins þunnt hvítt frostlag þekur hana þá er hún tilbúin og mjög falleg. Kakan er borin fram með þeyttum rjóma eða vanilluís.*




...það sem Íslendingar velja
GEVALIA
ANNO 1920
brygg
MELLANROST
NY!
Bättre bönor
Fylligare smak
500g
GEVALIA
ANNO 1920
Jóla
...Það er kaffið



Heill ævintýraheimur gerður úr ljúffengu marsípani.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heillandi marsípanheimur

Um víða veröld svigna hillur undan jólalegum marsípanfígúrum um þetta leyti árs en það sama á ekki við hér heima. Það hefur ekkert með getu íslenskra bakara að gera eins og meðfylgjandi myndir sýna heldur hefur hefðin ekki orðið til.

**Litríkt lostæti**

Víða á Norðurlöndunum, og þá sérstaklega í Svíþjóð og í Danmörku, er rík hefð fyrir því að bakarar fylli borðin hjá sér af skrautlegum marsípanfígúrum um þetta leyti árs en sama hefð hefur ekki skapast hér.

Fréttablaðið leitaði skýringa hjá Ásgeiri Þór Tómassyni, fagstjóra bakaradeildar Hótel- og matvælaskólans.

## Skandinavísk munaðarvara

„Í Svíþjóð og Danmörku er rík hefð fyrir því að borða svínasteik á jólunum og hafa dísætir marsípangrísir sem minna á steikina notið sams konar vinsælda. Hér á landi þótti svínasteik lengst af munaðarvara og náði hún ekki sömu fótfestu og hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. Það sama held ég að eigi við um marsípangrísina,“ segir Ásgeir.



Til að fá sterkari liti hnoðar Þorvaldur matarliti inn í marsípanið.



Ásgeir segir ekki fráleitt að leggja meiri áherslu á marsípanfígúrur.

Hann segist vita til þess að þegar afi hans, Ásgeir Sandholt heitinn, og fleiri voru að koma sprenglærðir heim úr bakaranámi í kringum 1930 þá hafi þeir búið yfir þeirri þekkingu sem þurfti. „Þá skorti hins vegar rétta hráefnið þar sem þá ríkti kreppa eins og nú. Þekkingin lá því í dvala og hefðin varð aldrei til. Í dag er hráefnið og þekkingin til staðar en ég held að bakarar gefi sér ekki tíma til að búa til marsípanfígúrur enda að drukkna í öðru. Okkar jólabakstursarfleifð er randalínan auk þess sem enska jólakakan hefur sótt í sig veðrið en það væri hins vegar gaman ef marsípanfígúruhefðin kæmist á því fígúrurnar eru óneitanlega mikil prýði, bæði fyrir bakarí og veisluborð.“

## Upprunið í Suður-Evrópu

Ásgeir segir að vissu leyti hægt að gera hann ábyrgan fyrir því að íslenskir bakarar leggi ekki meiri áherslu á marsípanfígúrur. „Ég hef lagt höfuðáherslu á að þeir kunni að hjúpa kökur og búa til rósir og annað kökuskraut. En þegar þú komst að máli við mig fór ég að velta því fyrir mér hvort ég ætti ekki að fara að gera meira úr þessu, þó að auðvitað sé það líka á ábyrgð hvers og eins að æfa sig. Þegar ég vann hjá Sandholtbakaríi um árið gerði ég mikið af svona fígúrum. Þær seldust vel auk þess sem þær prýddu búðina svo hugmyndin er alls ekki fjarstæðukennd.“

Marsípanið nýtur víðar vinsælda en á Norðurlöndum en það er upprunnið í Suður-Evrópu. „Þar er mikil og löng hefð fyrir því að búa til alla skapaða hluti úr marsípani og er til dæmis mikið úrval af litríku marsípangrænmeti og ávöxtum.“

Eftir að hafa grennslast fyrir hjá nokkrum bakaríum í Reykjavík komst blaðamaður að því að lítið sem ekkert er um marsípanfígúrur. Þorvaldur Borgar Hauksson hjá Jóa Fel féllst þó á að gera nokkrar. „Það var gaman að rifja upp gamla takta en marsípan er nánast eins og leir. Það er skemmtilegur efniviður og upplagður í fjölskylduföndur.“ Þorvaldur segir víða hægt að kaupa marsípan í ljósum litatónum en vilji fólk skærari liti sé hægt að hnoða matarlit inn í marsípanið. Hann segir svolítið föndur að gera fígúrur í þrívídd og að auðveldara sé að stinga þær út með piparkökuformum. „Hvort heldur sem er þá punta þær mikið.“ Fígúrurnar liggja ekki frammi hjá Jóa Fel en Þorvaldur segir hægt að panta nánast hvað sem er. - ve



Myndir þú lýsa barnabörnum þínum sem þokukenndum?

Þá stingum við upp á mælingu og margskiptum gæðaglerjum frá Zeiss í Þýskalandi.

ZEISS

Listaverð í Þýskalandi er um 105.000 krónur

Tilboðsverð hjá prooptik

39.900 krónur

prooptik gleraugu

Hagkaupshúsinu, Skeifunni
Kringlunni, 2. hæð
Spönginni, Grafarvogi

5 700 900




**SMUGAN**, listasmiðja og tæknisetur verður með jólamarkað á Klapparstíg 27 í miðbæ Reykjavíkur í dag frá 12 til 17. Í boði verður handgert jólaskraut, flóamarkaður, ljósmyndasýning, myndlist og margt fleira.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordis@365.is 512 5447

**Jólagjafirnar hans póker - billiard - dart**




Ármúli 38, 108 Rvk. • hobbyroom@hobbyroom.is • S: 841 8800 / 565 5200




Ómar við flugvélina TF-FRU sem hann eignaðist fyrst árið 1979 og svo aftur árið 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Verður á hlaupum allar helgar fram að jólum

**Sunnudagar hjá Ómari Ragnarssyni eru yfirleitt helgaðir fjölskyldunni. Aðra daga hefur hann vart undan við að sinna hinum og þessum verkefnum og fyrir jól fer svo vanalega allt á annan endann um helgar.**

„Ég verð á fullu að veita áritanir í dag, í Hagkaupum og á fleiri stöðum," segir Ómar og vísar þar til útgáfu tveggja nýrra klukkutímalangra þátta í seríunni Stiklur, þar sem Hornstrandir eru sóttar heim í annarri og svo fetað í fótspor Fjalla-Eyvindar í hinni. Hann bætir við að þetta sé jafnframt í fyrsta sinn sem Stiklur fáist með ensku tali og texta.

Eiginhandaráritanir í bænum marka þó aðeins upphafið á annasamri helgi Ómars, sem segist varla vita sjálfur hvernig hann ætlar að koma öllu í verk. „Helst hefði ég líka þurft að komast til Ísafjarðar til að halda áfram að árita. Svo væri gott ef tími gæfist til að sækja heim Ystafell á morgun, en ég ætla að gera heimildarmynd um bílasafnið þar. Hún ætti að vera frekar einföld í framkvæmd og þar af leiðandi ódýr, en ég er kominn í strand með nokkur verkefni sem ég hef verið vinna að vegna fjárskorts," segir hann og dæsir.

Umrædd verkefni eru heimildarmyndir sem fjalla um framkvæmdir við Gjástykki og Leirhnjúk annars vegar og hins vegar um siglingar um Hofslón og Keldulón. „Ætli ég sé ekki búinn að fara samtals áttatíu sinnum héðan úr Reykjavík og austur á hálendið að skjóta. Vinnudagarnir fyrir austan eru orðnir um 200 talsins og þar af leiðandi er þetta orðið hræðilega dýrt. En mér fannst ég verða að skjóta myndir þarna og sýna svæðið áður en framkvæmdir hæfust og það liti út eins og Hellisheiðin," útskýrir Ómar.

Hann viðurkennir að undir venjulegum kringumstæðum séu helgarnar, eða í það minnsta sunnudagar, þó helgaðir fjölskyldunni. „Við Helga, konan mín, erum vön að bjóða krökkunum í heimsókn til okkar í kaffi og svona. Það fyrirkomulag hentar langbest því þau eru náttúrlega svo mörg að við höfum ekki tíma til að heimsækja þau öll," segir hann hlæjandi og bætir við að hann hlakki sérstaklega til að fá alla fjölskylduna saman á næsta ári þegar sjötugsafmælið ber upp.

„Já, ég er að hugsa um að gera eitthvað skemmtilegt í tilefni af því, enda hálf öld síðan ég byrjaði að skemmta. Kannski að maður gefi bara út nýja plötu; ég hef nú verið iðinn við að semja lög í gegnum tíðina og á örugglega efni í hundrað laga plötu með tónlist af öllu tagi. Svo væri jafnvel gaman að halda einhverja sýningu," segir Ómar, fullur tilhlökkunar.

*roald@frettabladid.is*



Sigga & Timo
GULLSMIÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS




Lín Design, gamla sjónvarpshúsið • Laugavegi 176 • Sími 533 2220 • www.lindesign.is

**Yfir 40 tegundir**
af íslenskum rúmfatnaði til jólagjafa fyrir alla fjölskylduna.

*Einstök gæði og frábært verð.*

Nýtt kortatímabil

Lín DESIGN

# JÓLIN KOMA

**JÓLAKORT** Soroptimistaklúbbs Grafarvogs eru prýdd myndinni Vetrardrottningin eftir Ólöfu Erlu Einarsdóttur.




20% afsláttur
af úlpum og kápum
www.hjahrafnhildi.is
hjá Hrafnhildi
Engjateigur 5 - 105 Reykjavík - s: 581 2141






Ingibjörg Þorbergs, söngkona og tónskáld, samdi jólalög í stað þess að baka smákökur en á hægri myndinni er Magnús Scheving með öskju sem hann fékk í jólagjöf frá dóttur sinni þegar hún var fjögurra ára. MYND/ÚR BÓKINNI JÓLAMINNINGAR

# Fékk rakspíra átta ára og Íslandspúsl fjórtán ára

**Hátíð ljóssins í hugum Íslendinga er undirtitill nýrrar bókar sem Bókafélagið Ugla gefur út. Hún heitir Jólaminningar og þar eru birtar frásagnir þekktra Íslendinga og viðtöl við aðra um jólin í þeirra lífi.**

„Sumar gjafirnar voru skrýtnar, til dæmis þegar ættingjarnir rugluðust á hvað maður væri gamall. Ég fékk rakspíra í jólagjöf átta ára og púsluspil með Íslandskorti fjórtán ára.“ Þetta og margt fleira skemmtilegt rifjar Magnús Scheving meðal annars upp í bókinni Jólaminningar sem birtir viðtöl við tólf þekkta Íslendinga og endurminningakafla eftir aðra tólf sem nú eru látnir. Þó mikill aldursmunur sé á sögumönnunum er ljóst að hátíðin á alltaf sinn sess í hugum fólks þótt tímarnir hafi breyst og ytri umgjörð jólanna líka.

Ingibjörg Þorbergs, söngkona og tónskáld, er einn viðmælenda í bókinni. Hún segir meðal annars: „Ég var voða mikið jólabarn og hef alltaf verið. Þegar ég var orðin fullorðin fór ég að semja jólalög í staðinn fyrir að baka smákökur.“ Þetta rifjar hún upp nú þegar fimmtíu og fimm ár eru frá því lag hennar „Hin fyrstu jól“ kom út á 78 snúninga plötu.



Í bókinni er líka brot úr grein eftir Bríeti Bjarnhéðinsdóttur frá 1912. Þar stendur meðal annars: „Margir kvarta yfir umstanginu við jólin og kostnaðinum við þau. En það er ekki rétt, jólin leiða það besta fram í mönnunum, þar sem þau fá að njóta sín. Þau gera okkur kærleiksríkari. Á jólunum langar okkur til að sjá alla glaða. Þá óskum við að friður á jörðu og guðsvelþóknun hvíli yfir öllum mönnum.“

Í þriðja kafla Jólaminninga eru rifjaðar upp fréttir úr fjölmiðlum sem tengjast jólahaldi á tuttugustu öld. Sem dæmi má nefna frétt Morgunblaðsins frá 19. desember 1937 af því að gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefði ákveðið að synja beiðni kaupsýslumanna um innflutning á ávöxtum fyrir jólin. Við annan tón kveður 1941. Þá skrifar Freysteinn Gunnarsson skólastjóri meðal annars: „Aldrei hefur kaupgeta manna í þessum bæ verið slík sem nú og munu jólakaup almennings bera því órækt vitni.“

Jónas Ragnarsson tók saman þessa bók og í formála kemur fram að það sé ósk hans og útgefanda að hún hjálpi landsmönnum að komast í jólaskap.

*gun@frettabladid.is*


Nýtt - Nýtt - Nýtt





Ný sending af **hringtreflum**
Margar gerðir og litir
Verð frá kr 2.500-3.500
Mikið úrval af **ullargrifflum** og **vettlingum.**
SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66





Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Jólaskeiðin 2009 er hönnuð af Sóleyju Þórisdóttur. Skeiðin er smíðuð á Íslandi úr ósviknu silfri.
Verð 14.900.-
ERNA
Skipholti 3 sími 552 0775 www.erna.is
Veljum íslenskt – okkar hagur! SI





HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11
Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár
Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting
550 9800
www.skatar.is
Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123
Bandalag íslenskra skáta







sia HOME FASHION
Zeus heildverslun - Sia
Austurströnd 4 • 170 Seltjarnarnes



Skemmtileg jólagjöf!
Láttu okkur setja uppháhalds myndina þína á striga.
Jólakort með þinni persónulegu mynd!
kr. 159.- m/umslagi. 10x20 cm. og 15x15 cm.





Verðdæmi: 20x30 cm. komin á blindramma kr. 5.490.-






Frábær jólagjöf!
Stækkun 15x20 cm. og rammi að eigin vali kr. 1.590.-
Íslenskur valkostur í 21 ár.
Myndhraði
Framköllunarþjónusta
Hraunbæ 102a
S: 561-1502
www.myndhradi.is
netfang: myndhradi@myndhradi.is
Sendum hvert á land sem er.




# Ljósmyndir öðlast nýtt líf utan tölvunnar

**Margt er hægt að gera við stafrænar ljósmyndir svo hægt sé að þreifa á þeim og horfa. Útprentun er ekki dauð úr öllum æðum þótt tölvuskjáir séu nú vinsælustu myndamöppur samtímans.**

Með tilkomu stafrænna myndavéla varð nokkuð tilgangslaust að framkalla myndir dýrum dómum eins og í gamla daga fyrst hægt var að skoða þær í tölvu. Óneitanlega er tölvuskjár ekki jafn rómantískur og útprentuð mynd og myndamappan á harða disknum ekki jafn áþreifanleg og sú gamla uppi í hillu. Ljósmynda- og prentfyrirtæki hafa þó fundið tóm í þessum bransa sem þurfti greinilega að fylla því margt annað stendur nú til boða en hefðbundin framköllun. Vert er að minnast á möguleikana.

Maður getur búið til sína eigin ljósmyndabók. Fyrirtæki eins og Oddi, Hans-Petersen, Samskipti og fleiri bjóða upp á slíka þjónustu á heimasíðum sínum. Uppsetning ljósmyndabókar er á flestra færi sem hafa einhvern tíma komist í kast við tölvu. Í raun er þetta eins og að raða myndum í gamaldags ljósmyndamöppu nema allt fer þetta fram í rafreikninum. Svo er bókin prentuð út og verður hún ekkert síðri að gæðum en gengur og gerist með ljósmyndabækur almennt.

Á sama hátt getur maður hannað sitt eigið tækifæriskort til að senda ástvinum. Á sérsniðið dagatal má velja eina mynd fyrir hvern mánuð ársins og hengja upp á vegg. Og sé einhver orðinn leiður á veggspjöldum af rokkstjörnum er hægt að búa til sitt eigið og gera rokkstjörnu úr mömmu sinni. Virkilega veglegt væri líka að prenta afa sinn á striga og hengja ættföðurinn upp á vegg um ókomin ár.

Eru nú upptaldir vænlegustu kostirnir en það má halda áfram að telja upp fyndna hluti sem hægt er að prenta á eins og spilastokka, segulmottur, músamottur, púsl og bolla. Ljósmyndatómið sem fylltist sýnir glögglega að tæknin leysir ekki aðeins af hólmi gamlar hefðir heldur skapar um leið nýjar.

*niels@frettabladid.is*



Persónuleg dagatöl eru skemmtilegar jólagjafir.



Ljósmyndabók er nýlegur kostur sem vert er að kynna sér.

Myndaalbúm eru yfirleitt vegleg og með harðspjöldum.



Kertagerð er eitt af því sem sýnt er á jólasýningu Árbæjarsafnsins en einnig er þar matargerð og föndur ásamt jólaskemmtun og guðþjónustu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Jólin í Árbæjarsafni

**Gömlu hrekkjóttu jólasveinarnir heimsækja Árbæjarsafn á morgun en auk þess verður margt skemmtilegt í boði á jólasýningu Árbæjarsafns.**

Nú er tækifæri til þess að sýna börnunum hvernig jólaundirbúningurinn og jólin voru í gamla daga en hin árlega jólasýning Árbæjarsafns hefst nú á sunnudaginn. „Á jólasýningunni gefst fólki færi á að rölta á milli húsanna á safninu og fylgjast með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga,“ segir Guðbrandur Benediktsson, sagnfræðingur á Árbæjarsafni. „Margt mun án efa rifja upp góðar minningar hjá eldri kynslóðinni og vekja athygli þeirra yngri eins og matargerð og matarhefðir. Þá verður handverksfólk við vinnu, svo sem við útskurð á jólaskrauti, kertasteypu og gerð jólakorta. Loks má nefna sérsýninguna „Af grænni grein“ þar sem sjá má jólaskraut frá um 1950,“ segir Guðbrandur.

En gestir fá ekki bara að horfa, þeir geta líka tekið þátt. „Gestum jólasýningarinnar gefst kostur á að föndra en umsjón með því hefur Krambúðin sem verður að sjálfssögðu opin og í Dillonshúsi verða til sölu ljúffengar veitingar og meðlæti.Í gömlu torfkirkjunni verður guðsþjónusta klukkan 14 og jólatrésskemmtun verður síðan á torginu klukkan 15, þar sem gengið verður í kringum jólatréð, dansað og sungin jólalög. Þá eru ónefndir gestirnir sem börnin hlakka mörg hver mest til að hitta en það eru gömlu jólasveinarnir. Þeir eru pínulítið hrekkjóttir en samt góðir.“

Jólasýningar Árbæjarsafns verða sunnudagana 6., 13. og 20. desember.

*- uhj*


# Jól í Napoli



*Fallegir skór og töskur frá*

Rudi & Harald Nielsen

*Ítölsk gæði*







*Þeir sem skrá sig á síðuna*
***facebook.com/Drangey.Napoli***
*og verða í tengslaneti okkar*
*geta dottið í lukkupottinn.*

*Heppinn vinur gæti hreppt*
*gjafabréf fyrir kr. 40.000.*
*Dregið verður laugardagskvöld 5. des.*
***Opið til kl. 10 í kvöld***

*Napoli*

***Smáralind - 557 1414***

## Flóamarkaður í KR

ÖLLUM ER VELKOMIÐ AÐ KOMA OG SELJA ALLT MILLI HIMINS OG JARÐAR Á FLÓAMARKAÐI Í KR-HEIMILINU Í DAG.

Risamarkaður verður haldinn í KR-heimilinu, Frostaskjóli 35, frá klukkan 12 til 17 í dag.

Eins og verið hefur er öllum velkomið að koma með það sem þeim dettur í hug að selja, hvort sem það eru smákökur, sultur eða föt úr geymslunni, prjónavörur eða annað.

2.000 krónur kostar að leigja borð en fólk getur komið með eigin borð og slár og fær plássið frítt.

Ungmennaráð Vesturbæjar verður með jólapappír og jólakort til sölu. Hægt verður að kaupa veitingar og unglingar í Frosta sjá um kakósölu.


Allt skal seljast.











Ágústa heldur mikið upp á hreindýr frá Himneskum herskörum. Jólatréð keypti hún í Jólahúsinu á Akrureyri.


Ágústa heldur jólin heima með litlu fjölskyldunni sinni annað árið í röð og er hún hægt og bítandi að skapa eigin jólahefðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# *Hefðirnar verða til*

**Á notalegu heimili í Kleppsholtinu er allt að verða til fyrir jólin en húsmóðirin er mikið jólabarn og lýkur öllum gjafakaupum löngu fyrir jól. Desember notar hún svo til að skreyta og njóta aðventunnar.**

Ágústa Dröfn Sigmarsdóttir geislafræðingur byrjar að hlakka til jólanna strax í lok sumars og er ávallt búin að kaupa allar jólagjafirnar fyrir fyrsta desember. Desembermánuði eyðir hún svo í að baka, skreyta og njóta aðventunnar með eiginmanni sínum og börnum. Beðin um að benda á jólaskraut í uppáhaldi nefnir hún hvíta fjaðurengla sem hún bjó til ásamt öðrum foreldrum barna á Waldorfleikskólanum Sólstöfum fyrir jólabasar leikskólans í fyrra. „Þeir eru bæði ódýrir og einfaldir að gerð en vekja mikla lukku hjá börnum jafnt sem fullorðnum. Silfruðu girni er vafið utan um endann á hvítri fjöður, lím sett á endann og girnið þrætt í gegnum trékúlu. Á hana er síðan festur annað hvort gylltur eða silfraður geislabaugur," lýsir Ágústa. Englana hengir hún í ljósakrónuna sem trónir yfir borðstofuborðinu og horfa börnin hugfangin á þá bærast til og frá. Hún segir einnig fallegt að hengja þá í kórulus-grein eins og sést í stofuglugganum en þær fást í flestöllum föndurverslunum.

Ágústa heldur nú jólin heima með litlu fjölskyldunni sinni annað árið í röð en áður varði hún þeim í foreldrahúsum. „Þetta er nú ekki komið í mjög fastar skorður hjá okkur en við erum hægt og bítandi að skapa okkar eigin hefðir." Ágústa sér um að skreyta matarborðið og að þessu sinni valdi hún fjólubláar tauservíettur með silkiböndum og fjólublá kerti í stíl. „Ég var líka búin að dreifa silfurkúlum yfir borðið," segir Ágústa sem skreytti borðið kvöldið áður en hún átti von á ljósmyndaranum í hús. Þær eru þó hvergi sjáanlegar. „Skýringin á því er sú að leikskólaprinsinn á heimilinu vaknaði á undan mér morguninn eftir og dundaði sér við að tína kúlurnar af borðinu og hengja þær á dótið sitt inni í herberginu sínu. Ég áttaði mig ekki á því fyrr en eftir að ljósmyndarinn var farinn enda enn í hálfgerðri brjóstaþoku," segir Ágústa þar sem hún situr með sjö mánaða dóttur sína í fanginu. „Við erum ekki lítið búin að hlæja að þessu síðan."

*vera@frettabladid.is*


Ásta Dísa Hlynsdóttir horfir hugfangin á englana, sem mamma hennar föndraði, bærast til og frá.


Stellið er úr Líf og list í Smáralind og hnífapörin og glösin úr Kokku.



# ;ALLT ATVINNA

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar**
**Viðar Ingi Pétursson** vip@365.is 512 5426
**Hrannar Helgason** hrannar@365.is 512 5441

## Laus staða á Bæjarbóli frá 1. jan. 2010

Leikskólinn Bæjarból óskar eftir leikskólakennara/uppeldismenntuðum starfsmanni á eldri deild 3ja – 5 ára barna.

Sjá nánar á vef Garðabæjar
www. gardabaer.is

**Nánari upplýsingar:**
Kristín Sigurbergsdóttir leikskólastjóri
Rósa Arnardóttir aðstoðarleikskólastjóri
Sími: 565 6470
netfang: baejarbol@leikskolarnir.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fræðslu- og menningarsvið

## Öflugur sölumaður heilbrigðisvara

Traustur starfsmaður með góða reynslu af sölu- og markaðsmálum óskast til starfa. Við leitum að öflugum einstaklingi með skipulagshæfileika, frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi.

### Starfssvið

- Sérhæfð sala og ráðgjöf fyrir heilbrigðisstofnanir og fagfólk
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila
- Afgreiðsla í verslun
- Tilboðsgerð samkvæmt útboðslýsingum
- Gerð sölu- og markaðsáætlana

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun er æskileg
- Reynsla af sölumennsku
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

*Nánari upplýsingar er að finna á www.eirberg.is*

Umsóknarfrestur er til 14. desember og skal senda umsóknir á netfangið ahj@eirberg.is

*Eirberg er innflutnings- og þjónustufyrirtæki fyrir heilbrigðisstofnanir, fagfólk og almenning sem hefur að markmiði að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að hagræði og vinnuvernd.*

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • www.eirberg.is

Eirberg

# Staða *bankastjóra* Arion banka hf. er laus til umsóknar

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48346 12/09

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

**Við leitum að metnaðarfullum leiðtoga til að veita Arion banka forystu með framsækni og árangur að leiðarljósi.**

*Helstu verkefni og ábyrgð:*
Bankastjóri er æðsti stjórnandi bankans og talsmaður hans. Hann ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og að settum markmiðum sé náð. Hann vinnur með stjórn að áætlanagerð og þróun á skipulagi bankans. Honum ber að tryggja að viðhafðir séu góðir stjórnarhættir, fagmennska og hlutlægni í þjónustu við viðskiptavini. Hann ber ábyrgð á útlána- og fjárfestingaákvörðunum samkvæmt innri reglum bankans.

*Menntunar- og hæfniskröfur:*
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð þekking á íslenskri og alþjóðlegri fjármálastarfsemi.
- Víðtæk stjórnunarreynsla og frumkvæði.
- Skipulagsfærni og greiningarhæfni.
- Gott vald á íslensku og ensku.

*Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.*
*Umsóknarfrestur er til og með 20. desember 2009.*
Nánari upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir framkvæmdastjóri Hagvangs, sími 520 4700, netfang: katrin@hagvangur.is og tekur hún einnig við umsóknum.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavini okkar í fyrsta sæti.

Arion banki



Álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð er eitt af þeim fullkomnustu í heiminum og mikið hefur verið lagt upp úr því að búa til góðan og öruggan vinnustað. Starfsmenn vinna saman í teymum og hafa stöðugar umbætur að leiðarljósi. Vinnustaðurinn býður upp á margvísleg tækifæri til starfsþróunar.

# Framtíðarstörf hjá Alcoa Fjarðaáli

## Iðnfræðingur eða tæknifræðingur í álframleiðsluteymi

Við leitum að iðnfræðingi eða tæknifræðingi til að stýra framleiðsluferlum í kerskála Alcoa Fjarðaáls. Keralína álversins við Reyðarfjörð er meðal þeirra öflugustu í heiminum. Álið er framleitt í 336 tölvustýrðum rafgreiningarkerum. Framleiðslugetan er um 355.000 tonn á ári. Alcoa er alþjóðlegt fyrirtæki þar sem verkefnin eru krefjandi og miklir möguleikar eru á endurmenntun og þróun í starfi.

### Ábyrgðarsvið:

- Tæknileg stýring framleiðsluferla í kerskála
- Leiðbeina starfsfólki álframleiðslu um rétta framkvæmd verkferla
- Hámarka nýtni keralínu á sem umhverfisvænstan hátt
- Stilla kerstýringar
- Stýra umbótaverkefnum
- Greining á niðurstöðum mælinga og sýnataka

### Hæfniskröfur:

- Iðnfræði, tæknifræði eða iðnmenntun auk reynslu
- Hæfni til að miðla þekkingu og þjálfa starfsfólk
- Lipurð í samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Athugið að um vaktavinnu er að ræða.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. desember.**

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu starfi, hafðu þá samband við Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent í síma 540 1000 eða netfangið tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

**Alcoa Fjarðaál**

www.alcoa.is

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 48388 11/09

## Framkvæmdastjóri óskast fyrir Landvernd

Um er að ræða hálft starf frá áramótum til að byrja með. Nánari upplýsingar á **www.landvernd.is**

Umsóknir óskast sendar á netfang **bth@landvernd.is**.

CARBON RECYCLING INTERNATIONAL

CRI is recruiting multiple positions

## Sr. Project Engineer;

**Your Tasks will include:**
-Responsible for planning, forecasting, scheduling, conducting and coordinating the technical and management aspects of projects.

**Qualifications:**
-Over 5-10 years of chemical or power industry experience as a mechanical or chemical engineer.
-Excellent English written and oral communication skills.

**Other required skills:**
Practical Problem Solving, Rigorous Quantitative Reasoning, Careful Modeling Mathematics and Engineering, Work Self Check Ability, Quality Driven and Superior Communication and Reporting.

## Development Engineer

**Your Tasks will include:**
-Research and understand the gatekeepers of the latest process, technologies and market. Develop future technologies for CRI. Responsible for researching and writing reports from multiple disciplines, able to multi task and work in a fast paced environment.

**Qualifications:**
-Up to 5 years of industry experience as a Chemical, Mechanical Engineer or related fields.
-Excellent written English skills.

**Other required skills:**
Practical Problem Solving, Rigorous Quantitative Reasoning, Careful Modeling Mathematics and Engineering, Work Self Check Ability, Quality Driven and Superior Communication and Reporting.

**Please send CV by email to andri@cri.is with Engineer in the subject line. For further information please refer to the careers at www.carbonrecycling.is**

**CRI is a Cleantech company - building chemical plants to produce renewable fuel from CO2**

Capacent Ráðningar

# SKRIFSTOFUMAÐUR AFLSTÖÐVADEILDAR

Landsvirkjun

Landsvirkjun er leiðandi í raforkuvinnslu á Íslandi, fyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála. Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða í starf skrifstofumanns aflstöðvadeildar. Starfsstöð hans verður á skrifstofu Landsvirkjunar á Glerárgötu 30, Akureyri.**

Aflstöðvadeild tilheyrir orkusviði Landsvirkjunar og annast rekstur raforkuvinnslu Landsvirkjunar. Deildin ber ábyrgð á rekstri, eftirliti og viðhaldi á eignum sem tilheyra aflstöðvum Landsvirkjunar. Starfsmenn deildarinnar eru rúmlega 100.

**Helstu verkþættir**

- Almenn skrifstofuþjónusta
- Skjalavarsla
- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Færsla og vinnsla reikninga
- Ritvinnsla

**Í boði er**

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg
- Mjög góð kunnátta og færni í íslensku máli
- Góð kunnátta í ensku
- Góð tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og framtakssemi

**Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um ofangreint starf.**

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigríður Ólafsdóttir (sigridur.olafsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Capacent Ráðningar

# STERK HEILD

SKÝRR

**Skýrr óskar eftir að ráða öfluga sérfræðinga til starfa. Skýrr veitir atvinnulífinu fjölbreyttar og samþættar heildarlausnir á sviði hugbúnaðar og rekstrarþjónustu. Skýrr er stærsta og öflugasta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni.**

## MICROSOFT-VIÐSKIPTALAUSNIR
## RÁÐGJAFI 091204-02

Skýrr vill ráða til starfa ráðgjafa í Microsoft-viðskiptalausnum. Starfið felst í að skilgreina þarfir og væntingar viðskiptavina, og laga þarfir að staðlaðri lausn hugbúnaðarins, ásamt því að hafa yfirumsjón með innleiðingu á Microsoft-viðskiptalausnum hjá viðskiptavinum.

Hæfniskröfur eru háskólamenntun á sviði viðskipta-, kerfis-, verk- eða tölvunarfræði eða sambærileg menntun/starfsreynsla. Jafnframt er nauðsynleg haldgóð starfsreynsla af ráðgjafarstörfum í upplýsingatækni. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af Microsoft Dynamics NAV.

## MICROSOFT-VIÐSKIPTALAUSNIR
## FORRITARI 091204-03

Skýrr vill ráða til starfa forritara í Microsoft Dynamics NAV. Forritarinn mun ganga til liðs við samhentan og ört stækkandi hóp mjög öflugra forritara með mikla reynslu. Hópurinn ber ábyrgð á uppsetningu, þróun og þjónustu á hinum ýmsu kerfishlutum Microsoft Dynamics NAV fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina.

Háskólamenntun á sviði kerfis-, verk- eða tölvunarfræði eða sambærileg menntun/starfsreynsla er nauðsynleg. Haldgóð starfsreynsla af þróun hugbúnaðarkerfa sömuleiðis. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af Microsoft Dynamics NAV.

## MICROSOFT-VIÐSKIPTALAUSNIR
## SÖLURÁÐGJAFI 091204-04

Skýrr vill ráða reyndan og öflugan söluráðgjafa til starfa á sviði Microsoft-viðskiptalausna. Viðkomandi mun sjá um sölu á vörum og þjónustu fyrirtækisins og tengda ráðgjöf. Einnig verður á ábyrgðarsviði viðkomandi samskipti við núverandi viðskiptavini og öflun nýrra.

Hæfniskröfur fela í sér góða reynslu af sölustörfum og umtalsverðan árangur. Þekking á íslensku atvinnulífi og víðfeðmt tengslanet eru nauðsynleg. Þekking á upplýsingatækni er æskileg, áhugi nauðsynlegur. Viðkomandi þarf að hafa til að bera mikla lipurð í mannlegum samskiptum, ásamt skipulagshæfileikum og öguðum vinnubrögðum.

## HUGBÚNAÐUR
## SAMÞÆTTING UPPLÝSINGAKERFA 091126-01

Samþætting upplýsingakerfa hefur verið áherslusvið hjá Skýrr til fjölda ára. Beitt er verkfærum frá WebMethods, Tibco og Microsoft og unnið með það sem best gerist í þessari tækni. Við vinnum að fjölda verkefna á þessu sviði fyrir viðskiptavini, bæði hér á landi og erlendis.

Við leitum að verkfræðingum, tölvunarfræðingum og kerfisfræðingum með reynslu af hugbúnaðargerð í fjölbreyttu umhverfi. Ef þú hefur góða þekkingu og/eða reynslu á sviði gagnagrunna, Java/J2EE, XML, .NET eða forritun viðskiptakerfa og vilt vinna við það sem efst er á baugi í upplýsingatækni og rafrænum viðskiptum er þetta starf fyrir þig.

## HUGBÚNAÐARÞRÓUN
## SÉRLAUSNIR/RÁÐGJÖF 091204-05

Mörg stærstu fyrirtæki og stofnanir landsins eru viðskiptavinir Skýrr á sviði sérlausna eða almennrar ráðgjafar á sviði upplýsingatækni. Við vinnum í fjölbreyttu tækniumhverfi þar sem okkar aðalmarkmið er að mæta þörfum viðskiptavinarins með fyrsta flokks þjónustu. Sérfræðingar okkar þjónusta aðila í öllum atvinnugreinum og við sinnum þar fjölbreyttum verkefnum allt frá smáum ráðgjafaverkefnum upp í sérsmíði á stórum rauntímakerfum.

Ef þú vilt slást í hóp fremstu hugbúnaðarsérfræðinga landsins þá hvetjum við þig til að hafa samband og heyra meira um það sem við höfum að bjóða. Við leitum sérstaklega að öflugum einstaklingum sem hafa reynslu í margs konar tækniumhverfi, eru með háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum og hafa a.m.k. 3-5 ára starfsreynslu.

## VIÐSKIPTAGREIND
## RÁÐGJAFI 091204-06

Skýrr þjónustar fjölda fyrirtækja og stofnana á sviði viðskiptagreindar (Business Intelligence). Við vinnum með vörur frá SAP Business Objects, Targit, Oracle og Microsoft. Við leitum nú að öflugum einstaklingum með reynslu af hönnun, útfærslu og/eða ráðgjöf á þessu sviði til að slást í hóp sérfræðinga okkar.

Æskileg menntun er háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði, ásamt reynslu af útfærslu og beitingu verkfæra og gagnagrunna á sviði viðskiptagreindar.

## ÞJÓNUSTA OG VÖKTUN
## ÞJÓNUSTUBORÐ 24/7 091204-07

Þjónustuborð 24/7 er hluti af framvarðarsveitum Skýrr, vegna þeirra miklu samskipta sem það hefur við viðskiptavini fyrirtækisins. Þjónustuverið veitir margþætta þjónustu við rekstur tölvukerfa. Það veitir fyrsta stigs svörun við fyrirspurnum frá viðskiptavinum gegnum síma og/eða með tölvupósti, ásamt eftirliti með skilgreindum vöktunarkerfum. Þjónustuborðið er mannað allan sólarhringinn alla daga vikunnar.

Menntun á sviði tölvunarfræði er æskileg. Umtalsverð reynsla af störfum í upplýsingatækni er nauðsynleg.

## KERFISSTJÓRI
## REKSTRARLAUSNIR 091204-08

Skýrr vill ráða kerfisstjóra til starfa. Við sækjumst eftir orkumiklum og jákvæðum einstaklingi, sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni. Í boði eru spennandi verkefni hjá öflugu fyrirtæki. Starfsviðið felur í sér rekstur á tölvukerfum viðskiptavina, þjónustu við kerfisleiguumhverfi Skýrr, almenna notenda- og tölvuþjónustu, ásamt umsjón verkefna hjá viðskiptavinum.

Hæfniskröfur eru haldbær reynsla og/eða þekking á Microsoft-umhverfi, æskilegt er að viðkomandi hafi Microsoft-prófgráðu(r). Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi eru nauðsynlegir eiginleikar, ásamt lipurð í mannlegum samskiptum.

Skýrr er samstarfsaðili Microsoft, Oracle, SAP BusinessObjects, WebMethods og VeriSign. Starfsemi Skýrr er vottuð samkvæmt alþjóðlegu gæða- og öryggisstöðlunum ISO 9001 og ISO 27001. Fjöldi starfsfólks fyrirtækisins er um 330 og viðskiptavinir eru liðlega 3.000. Þess má geta að Eskill, Kögun, Landsteinar Strengur og Skýrr voru hinn 18. nóvember sameinuð í eitt fyrirtæki, sem starfar undir nafni Skýrr.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Formhönnuður

### Vegna aukinna verkefna leitar Oddi að

hæfileikaríkum og metnaðarfullum aðila til að gegna starfi formhönnuðar. Í starfinu felst m.a. formhönnun umbúða, gerð vinnnsluteikninga, vöruþróun og annað er tengist formhönnun.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Iðnhönnuður, prentsmiður, grafískur hönnuður eða sambærileg menntun
- Reynsla af formhönnun er kostur
- Góð almenn tölvufærni við grafíska vinnslu
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri
- Færni í mannlegum samskiptum

**Við bjóðum**

- Starf hjá traustum vinnuveitanda
- Metnaðarfullt starfsumhverfi
- Góðan starfsanda
- Samkeppnishæf launakjör
- Tækifæri til endurmenntunar

Oddi var stofnaður árið 1943 og er nú eitt af dótturfyrirtækjum Kvosar hf. Viðskiptavinir Odda eru af ýmsu tagi, allt frá stórum alþjóðlegum fyrirtækjum til einstaklinga, bæði hér heima og erlendis. Oddi leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og státar af leiðandi markaðsstöðu á sínu sviði.

**Hugrekki - Metnaður – Heiðarleiki**

Umsóknarfrestur er til og með 16. desember n.k. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Kvosar www.kvos.is og skal ferilskrá fylgja sem viðhengi. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri Kvosar á netfangið hannask@kvos.is

Með allar umsóknir er farið sem trúnaðarmál.

Oddi ehf. P09.06.537

Oddi ehf., Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Framkvæmdastjóri

**Fimleikadeild Keflavíkur auglýsir eftir framkvæmdastjóra í fullt starf.**

Viðkomandi þarf að hafa góða fimleikaþekkingu til að vera með yfirumsjón yfir öllum hópum félagsins.
Starfið fellst m.a. í því að sjá um skráningu iðkenda, aðstoða við rukkun æfingagjalda, niðurröðun í hópa og sjá um öll mót á vegum félagsins . Einnig að aðstoða við ráðningu þjálfara, vera tengiliður við stjórn félagsins og FSÍ.

Sendið umsókn á eva.sveinsdottir@myllubakkaskoli.is eða maja@express.

**Umsóknafrestur til 10.desember 2009**

*Stjórn Fimleikadeildar Keflavíkur*

# Starfskraftur óskast á Stígamót

Óskað er eftir starfskrafti með áhuga og hvers kyns þekkingu og/eða reynslu á kynbundnu ofbeldi. Starfsemi Stígamóta er krefjandi, gefandi og fjölbreytt grasrótarstarf sem byggir á kynjaðri sýn á samfélagið. Samábyrgð, frumkvæði og traust eru forsendur farsæls starfs með vandasöm mál. Í starfshópnum ríkir bæði áhugi og starfsgleði sem mikilvægt er að varðveita. Viðkomandi verður að hafa góða samskipta og samstarfshæfileika. Nám í félagsráðgjöf, lögfræði, kynjafræði, eða skyldum fræðum er jafnframt eftirsóknarvert.

Við hvetjum alla með áhuga á starfsemi Stígamóta til að sækja um.

Umsóknir sendist til Stígamóta, Hverfisgötu 115, 105 R. fyrir 11. desember. merktar "Starfsumsókn" Öllum umsóknum verður svarað.



Í vefdeild Símans starfar hópur sérfræðinga með fjölbreyttan bakgrunn sem allir eiga það sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á samskiptum manns og tölvu og brennandi metnað í starfi. Deildin ber ábyrgð á öllum vefjum Símans og Skipta ásamt ýmsum vefviðmótum sem starfsmenn vinna við daglega .

Síminn.is var valinn vefur ársins 2008 af Samtökum vefiðnaðarins.

**Vefdeild Símans óskar eftir starfsfólki:**

# Vefforritari

Við leitum að snjöllum vefforritara. Helstu verkefni eru Javascript, CSS og HTML forritun. Vefforritari vinnur náið með hönnuðum og vefstjóra auk sérfræðinga Hugbúnaðarþróunar.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu.
- A.m.k. 2ja ára starfsreynsla.
- Þekking á Javascript, HTML og CSS er nauðsynleg.
- Reynsla af sambærilegum störfum er nauðsynleg.
- Frumkvæði, frábærir samskiptahæfileikar og geta til að miðla þekkingu til annarra.

# Sérfræðingur

Vegna aukinna verkefna leitum við að öflugum sérfræðingi. Helstu verkefni eru þróun og stjórnun vefja, þarfagreining fyrir vefi, eftirfylgni með vefverkefnum og samskipti við notendur.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu.
- A.m.k. 2ja ára starfsreynsla.
- Reynsla af sambærilegum störfum er nauðsynleg.
- Frumkvæði, frábærir samskiptahæfileikar og geta til að miðla þekkingu til annarra.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is

**Umsóknarfrestur er til 17. desember.**

Síminn auðgar lífið með traustum og öruggum samskipta- og upplýsingatæknilausnum. Síminn býður samhæfð samskipti, fagleg ráðgjöf, traustar tengingar, góða þjónustu, veitir hýsingu, örugga vistun gagna og rekur tölvukerfi fyrir viðskiptavini.

800 7000 - siminn.is

Það er **Síminn**

PIPAR\TBWA • SÍA • 92329

# PRÓFANASTJÓRI

EMR – Heilbrigðislausnir leita að öflugum einstaklingi til að leiða prófanir fyrirtækisins.

**Starfssvið:**
- Leiða prófanateymi
- Sinna prófunum
- Styrkja prófanaferli
- Auka og þróa sjálfvirkar prófanir

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í verk- eða tölvunarfræði
- Reynsla af prófunum og mótun prófanaferla
- Þekking á forritun og sjálfvirkum prófunum
- Frumkvæði, ögun, nákvæmni og góðir samskiptahæfileikar

# VÖRUSTJÓRI SÖGU SJÚKRASKRÁR

EMR – Heilbrigðislausnir leita að öflugum einstaklingi til að leiða mótun sjúkraskrárkerfisins Sögu.

**Starfssvið:**
- Umsjón með framtíðarsýn og stefnu fyrir Sögu
- Vinna náið með viðskiptavinum og hagsmunahópum að þróun Sögu
- Stýra greiningarvinnu og gerð kröfulýsinga
- Fylgjast með þróun sjúkraskrárkerfa og tryggja að Saga sé í fremstu röð
- Vinna að markaðs- og sölumálum

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í tækni- eða heilbrigðisgreinum
- Þekking á sjúkraskrárkerfum og reynsla af starfi tengdu heilbrigðissviði
- Reynsla af greiningarvinnu og gerð kröfulýsinga vegna hugbúnaðar
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði, metnaður og góðir samskiptahæfileikar

**Í boði er krefjandi og fjölbreytt starf hjá traustu fyrirtæki.**
Fyllsta trúnaðar er gætt varðandi allar umsóknir og fyrirspurnir.
Allar nánari upplýsingar veitir Hákon Sigurhansson framkvæmdastjóri, hakon@emr.is eða í síma 545 3300.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu, starfsmannathjonusta@emr.is fyrir 19. desember.

EMR er traust fyrirtæki í góðum rekstri. Við bjóðum og leggjum áherslu á góðan starfsanda og liðsheild, góða starfsaðstöðu, sveigjanlegan vinnutíma og margvísleg tækifæri til starfsþróunar.

EMR – Heilbrigðislausnir þróa og selja hugbúnaðarlausnir fyrir aðila á heilbrigðissviði. Meðal lausna okkar eru:
Saga sjúkraskrá, Askja – tölfræði og skýrslur, Hekla – heilbrigðisnet, Rafræn lyfseðlagátt og Medicor lyfjaafgreiðslukerfi.
Á meðal viðskiptavina okkar eru flestar heilbrigðisstofnanir, læknastofur og apótek landsins.
EMR – Heilbrigðislausnir er dótturfélag TM Software og hluti af Nýherja samstæðunni.

EMR Heilbrigðislausnir

www.emr.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 92329

# Sérfræðingar óskast:

## Vefhönnuður

Starfið felst í alhliða grafískri hönnun á viðmóti fyrir veflausnir viðskiptavina fyrirtækisins sem og önnur tilfallandi innri og ytri verkefni.

**Hæfniskröfur:**
- Viðkomandi þarf að hafa reynslu af hönnun fyrir vefinn
- Reynsla af hönnun notendavænna og aðgengilegra vefsvæða
- Þekking og reynsla af notkun Flash æskileg
- XHTML/CSS reynsla og þekking kostur

## Viðmótsforritari

Starfið felur í sér forritun viðmóts fyrir veflausnir viðskiptavina fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**
- Starfsreynsla við þróun veflausna
- Viðkomandi þarf að hafa góð tök á XHTML, CSS og Xml/Xsl
- Þekking á Ajax, Javascript, Flex og annarri Web 2.0 tækni æskileg

## Hugbúnaðarsérfræðingur í Java

Starfið felur í sér greiningu, hönnun og forritun hugbúnaðarlausna og samþættingu upplýsingakerfa fyrir viðskiptavini fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða sambærilegri menntun
- Haldgóð starfsreynsla af þróun hugbúnaðarkerfa
- Þekking á Javascript, Spring, Hibernate, JSR-168 æskileg
- Þekking á IBM WebSphere Application Server eða IBM WebSphere Portal er kostur
- Góð gagnagrunnsþekking og þekking á XSLT kostur

Við leitum að einstaklingum sem hafa metnað og vilja til að takast á við ný og krefjandi verkefni í öflugum og framsæknum hópi. Við vinnum samkvæmt agile aðferðarfræði.
Fyllsta trúnaðar verður gætt varðandi allar umsóknir og fyrirspurnir.
Nánari upplýsingar veitir Stefán Þór Stefánsson forstöðumaður, í síma **545 3047** eða **stefan@tmsoftware.is**.
Umsóknir með ferilskrá sendist til **starfsmannathjonusta@tmsoftware.is**, fyrir 19. desember.

**Við bjóðum og leggjum áherslu á:**
- Frábæran starfsanda og liðsheild
- Fjölbreytt, spennandi og krefjandi verkefni
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma
- Símenntun í starfi og virka endurmenntunarstefnu
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar
- Góða starfs- og líkamsræktaraðstöðu
- Gott mötuneyti

TM Software er framúrskarandi hugbúnaðarfyrirtæki sem nýtir þekkingu, reynslu og hæfni um 60 sérfræðinga til að styrkja starfsemi viðskiptavina sinna.

TM Software er hluti af Nýherja samstæðunni.

**Við erum sérfræðingar á sviði:**
- **Veflausna** – Viðskiptalausnir fyrir Internetið
- **Samþættingar og sérlausna** – Þjónustumiðuð högun
- **Viðskiptagreindar** – Stjórnendaupplýsingar og viðskiptaferlar

TM Software

www.tmsoftware.is

# Námsráðgjafi

Framhaldsskóli í Reykjavík óskar eftir að ráða námsráðgjafa til starfa. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2010.

**Starfssvið:**
- Almenn námsráðgjöf o.fl fyrir nemendur skólans.
- Starfshlutfall 50 – 60 %.

**Menntun:**
- Nám og réttindi til námsráðgjafar.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 13. des. nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## Laust starf tónmenntakennara

Við leitum að uppeldismenntuðum starfsmanni, helst Landakotsskóli óskar eftir að ráða tónmenntakennara til starfa við skólann frá áramótum. Um er að ræða hlutastarf, fimm kennslustundir á viku í 1. til 7. bekk.

**Nánari upplýsingar veitir Sigríður Hjálmarsdóttir, skólastjóri í síma 5108200 eða 6931360. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá til Landakotsskóla v/ Túngötu, 101 Reykjavík eða á netfang sigridurhja@landakotsskoli.is**

Landakotsskóli er sjálfseignarstofnun sem býður gott starfsumhverfi í litlum skóla þar sem áhersla er lögð á vandað námsframboð og hlýlegt umhverfi. Sérstök áhersla er lögð á tungumál, listir og vísindi í starfi skóla.

LANDAKOTSSKÓLI
Stofnsettur 1896
NÚTÍMALEGUR SKÓLI Á GÖMLUM GRUNNI

---

LANDIC PROPERTY

Landic Property Ísland er stærsta fasteignafélag landsins sem sérhæfir sig í leigu á atvinnuhúsnæði til fyrirtækja. Félagið hefur nýverið lokið við fjárhagslega endurskipulagningu og hefur trausta fjárhagsstöðu. Eignasafn Landic telur um 130 fasteignir sem eru yfir 400 þús. fm að stærð. Sjá nánar á www.landicproperty.is.

# Forstöðumaður nýrrar útleigu

Landic Ísland óskar að ráða öflugan söluráðgjafa sem fyrst.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Útleiga húsnæðis
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Viðskiptasamningar

Viðkomandi mun heyra beint undir forstjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun æskileg
- Góð tengsl í atvinnulífinu
- Reynsla af sölumennsku
- Áræði og dugnaður
- Skipulagshæfileikar
- Góðir samskiptahæfileikar
- Þekking og áhugi á fasteignarekstri er kostur

Nánari upplýsingar veita:
Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is og Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

TÖLVUMIÐLUN

Tölvumiðlun er 24 ára gamalt fyrirtæki sem hefur notið mikillar velgengni með þróun, sölu og þjónustu eigin lausna, þær þekktustu H3, H-Laun og SFS. Við förum okkur hægt í góðærinu og stöndum því styrkum fótum í kreppunni. Viðskiptavinir okkar eru úr flestum geirum atvinnulífsins.

# Viltu vinna fyrir best geymda leyndarmál hugbúnaðargeirans?

Í boði er áhugavert og krefjandi starf við hugbúnaðarþróun í forritunarumhverfi Tölvumiðlunar og Microsoft.net.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærilegt á lokastigum eða lokið
- Metnaður, drifkraftur og samviskusemi
- Brennandi áhugi á hugbúnaðargerð
- Reynsla af hugbúnaðargerð er kostur

Við gerum miklar kröfur til þín en hugsum vel um þig á móti.

Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Kíktu í heimsókn ef þú vilt kynnast okkur betur.
Brynjar, GSM 891 9200, tekur vel á móti þér.

Nánari upplýsingar veitir:
Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 13. desember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
VÉLAMIÐSTÖÐIN

Íslenska Gámafélagið leitast við að bjóða viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu. Allt frá ráðgjöf á sviði flokkunar og endurvinnslu, losunar úrgangs, götusópunar, snjómoksturs ásamt því að eiga og reka Vélamiðstöðina sem sérhæfir sig í metanbreytingum og leigu sérútbúinna bifreiða.

Hjá Íslenska Gámafélaginu starfa 220 manns víða um land. Á næstu þremur árum ætla stjórnendur Íslenska Gámafélagsins að skapa 200 ný störf hjá fyrirtækinu sem felast í að breyta 1000 bílum í tvíorku metanbifreiðar, fjölga heimilum sem flokka heimilisúrgang í þrjár tunnur ásamt því að byggja upp endurvinnsluþorp í Gufunesi.

UMHVERFISVIÐURKENNING 2008
UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

# Viltu búa til metanbíla?

Vélamiðstöðin óskar eftir að ráða kraftmikla starfsmenn til að breyta hefðbundnum bensín-/díselbifreiðum í metanbifreiðar ásamt öðrum hefðbundnum bíla- og vélaviðgerðum.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun eða haldbær starfsreynsla á sviði bifvéla-, véla- eða rafeindavirkjunar, eða sambærilegt
- Góð þekking á tölvuumhverfi bíla
- Reynsla af rafmagnssviði er æskileg
- Reynsla af bílabreytingum er æskileg
- Útsjónarsemi, metnaður og góðir samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar veita:
Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is
Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 14. desember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**Marel Food Systems er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3800 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 á Íslandi.**

**Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.**

# Við leitum að sérfræðiþekkingu

**Marel leitar að öflugum einstaklingum til að sinna krefjandi og fjölbreytilegum verkefnum á alþjóðlegum vinnustað. Nákvæmni, skapandi hugsun, sjálfstæði og samskiptahæfileikar eru mikilvægir eiginleikar. Einnig góð enskukunnátta. Umsækjendur geta þurft að ferðast erlendis vegna starfa sinna.**

## Vélahönnuður

Vélahönnuð vantar á vélahönnunarsvið. Starfið felur í sér vöruþróun á nýjum vörum sem og viðhald og aðlögun tækja og lausna að þörfum viðskiptavina. Hönnuðir fá tækifæri til að fylgja eftir tækjum allt frá hugmynd til afhendingar til viðskiptavina og taka þátt í prófunum skv. verkferlum Marel. Öll hönnun er gerð í 3D og fer fram í SolidWorks.

**Æskilegir eiginleikar:**

- menntun á sviði vélaverkfræði, véltækni- eða véliðnfræði
- reynsla af 3D teikniforritum svo sem SolidWorks eða Inventor

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Hallvarðsson, framkvæmdastjóri, kristjan.hallvardsson@marel.com, í síma 563 8000.*

## Rafeindatækjahönnuður

Rafeindatækjahönnuð vantar á rafbúnaðarsvið til að vinna við þróun rafeinda- og hugbúnaðar. Meðal þeirra tækja sem eru hönnuð og framleidd á Íslandi eru stýritölvur sem byggjast á Linux , inn- og úteiningar. Fengist er við myndgreiningarkerfi, servo-búnað og rauntímaforritun.

**Æskilegir eiginleikar:**

- reynsla af forritun, svo sem C /C++
- reynsla í útlagningu á rafeindarásum
- innsýn í stýriforritun
- þekking á FPGA tækni

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Þór Ólafsson, vörustjóri, jon.olafsson@marel.com, í síma 563 8000.*

## Tækjaforritari

Tækjaforritara vantar á tækjahugbúnaðarsvið til að vinna við þróun hugbúnaðar fyrir tæki og lausnir í matvælaiðnaði. Starfið krefst færni í hugbúnaðargerð þar sem m.a. er fengist við myndgreiningarkerfi, servo-búnað og rauntímaforritun. Áhugasömum gefst kostur á að vinna með hópi sérfræðinga að hönnun nýrra tækja, allt frá hugmynd að uppsetningu hjá viðskiptavini og sjá afrakstur í verki.

**Æskilegir eiginleikar:**

- menntun á sviði verk-, tækni- eða iðnfræði
- reynsla af forritun, s.s. C/C++
- innsýn í stýriforritun

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Þór Ólafsson, vörustjóri, jon.olafsson@marel.com, í síma 563 8000.*

## Iðnaðarverkfræðingur

Iðnaðarverkfræðingur óskast á þjónustusvið til að sinna uppsetningum, kennslu, þjónustu og ráðgjöf við notkun á kerfishugbúnaði Marel. Fengist er við breytingar á framleiðsluferlum til að hámarka ávinning viðskiptavina um allan heim. Í starfinu felst einnig aðstoð við þjónustumenn dótturfyrirtækja Marel og svæðisbundin þjónusta á Marel kerfislausnum.

**Æskilegir eiginleikar:**

- iðnaðarverkfræði eða menntun á sambærilegu sviði
- færni í Microsoft SQL gagnagrunnum og netkerfum
- innsýn í framleiðsluferli er kostur

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur G. Arnarson, hugbúnaðarsérfræðingur, ingolfur.gauti.arnarson@marel.com, í síma 563 8000.*

*Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf, www.marel.com fyrir 14. desember nk. Öllum umsóknum verður svarað og fyllsta trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.*



RETURN ON INNOVATION
www.marel.com

marel food systems

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

# Skrifstofustjóri - lögfræðingur - hagfræðingur

Í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu er laust til umsóknar starf skrifstofustjóra á skrifstofu viðskiptamála. Undir skrifstofuna heyra m.a. málefni er varða kauparétt, þjónustuviðskipti, samkeppnisrétt, samningarétt, fyrningu, félagarétt, innheimtulög og ábyrgðarmenn, viðskiptabréf, hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, endurskoðendur, bókhald og ársreikninga auk framkvæmdar EES- samningsins og almennra lögfræðimála á sviði ráðuneytisins. Þá er laust til umsóknar starf lögfræðings á sömu skrifstofu.

Einnig er laust til umsóknar starf hagfræðings á skrifstofu efnahagsmála. Undir skrifstofuna heyra m.a. hagfræðilegar athuganir, eftirfylgni við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, umsjón með efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og alþjóðagjaldeyrissjóðsins, málefni Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands og samskipti við alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.

Í öllum tilvikum er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um laun og önnur starfskjör skrifstofustjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006. Laun lögfræðings og hagfræðings greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

## Skrifstofustjóri:

**Starfssvið:**
- Ábyrgð á skrifstofu viðskiptamála og verkaskipting innan hennar
- Yfirsýn yfir málefni og verkefni sem undir skrifstofuna heyra
- Þátttaka í stefnumörkun með yfirstjórn ráðuneytisins
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Samskipti við Alþingi og hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kandídatspróf eða meistarapróf í lögfræði
- Framhaldsmenntun í lögum (LLM) æskilegt
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og leiðtogahæfileikar
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg og þá einkum þeim málaflokkum er heyra undir skrifstofu viðskiptamála.
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli nauðsynleg.

## Lögfræðingur:

**Starfssvið:**
- Þátttaka í stefnumörkun
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Samskipti við Alþingi og hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kandídatspróf eða meistarapróf í lögfræði
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg og þá einkum þeim málaflokkum er heyra undir skrifstofu viðskiptamála.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

## Hagfræðingur:

**Starfssvið:**
- Þátttaka í stefnumörkun
- Hagfræðileg greining
- Samskipti við Alþingi og hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í hagfræði eða viðskiptafræði
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg og þá einkum þeim málaflokkum er heyra undir skrifstofu efnahagsmála.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

BARNAVERNDARSTOFA

MST Multisystemic Therapy

# STÖRF ÞERAPISTA Í MST

Barnaverndarstofa hefur starfrækt svokallaða fjölkerfameðferð (Multisystemic Therapy - MST) sem er gagnreynd meðferð með fjölskyldum unglinga með alvarlegan hegðunarvanda sem annars þyrftu vistun utan heimilis. MST miðar að því að efla foreldrahæfni og bæta samheldni og samskipti í fjölskyldu. Meðferðin fer fram á heimili fjölskyldunnar og í nærsamfélagi í samstarfi við skóla og aðra lykilaðila. Aðgengi er að ákveðnum meðferðaraðilum (þerapistum) í síma allan sólarhringinn.

Óskað er eftir einstaklingum með háskólapróf á sviði heilbrigðis- eða félagsgreina og góða faglega þekkingu og reynslu af meðferðarvinnu í 3 stöður þerapista sem mynda saman 3ja manna teymi undir stjórn handleiðara/teymisstjóra. Teymið er til viðbótar við það teymi sem nú starfar. Um er að ræða fullt starf og er unnið eftir meðferðarreglum og aðferðum MST í samstarfi við erlendan MST sérfræðing. Nánari upplýsingar um störfin og ráðningarskilyrði er að finna á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Barnverndarstofu við viðkomandi stéttarfélög. Í byrjun fá starfsmenn 5 daga grunnþjálfun í MST og reglulega þjálfun í framhaldi.

**Umsóknarfrestur er til 21. desember. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf eigi síðar en 1.apríl. Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests ef starf losnar að nýju.**

**Nánari upplýsingar veitir Halldór Hauksson á Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Umsóknum má einnig skila rafrænt til halldor@bvs.is.**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Skemmtu þér með okkur í vinnunni



**Nova leitar að fólki í fullt starf í verslanir og þjónustuver. Við leitum að fólki sem vill skemmta sér í vinnunni, er metnaðarfullt og vill ná árangri í starfi.**

**Sæktu um fyrir 10. des.**

## Sölu- og þjónusturáðgjafar í þjónustuveri

Starfið felst í símsvörun, sölu og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

## Sölu- og þjónusturáðgjafar í verslun

Starfið felur í sér sölu og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

## Hæfniskröfur

Við leitum að hressu starfsfólki með ríka þjónustulund. Góð tölvukunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg. Umsækjendur þurfa að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun. Góðir tekjumöguleikar því laun eru árangurstengd. Unnið er á vöktum.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið starf@nova.is fyrir 10. desember.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

# Starfsfólk óskast.

Mjöll-frigg hf. er íslenskt framleiðslufyrirtæki sem hefur þróað og framleitt hreinlætisvörur fyrir Íslendinga í áratugi.
Við bjóðum upp á fjölbreytt og skemmtilegt starfsumhverfi hjá fyrirtæki sem fer stöðugt vaxandi.
Finnst þér gaman að vinna?
Ertu stundvís og með frumkvæði?
Þá gætir þú verið sá/sú sem við leitum af.

Okkur vantar starfsfólk í eftirfarandi störf:
-Framleiðslu
-Lager
-Bílstjóra með meirapróf

Áhugasamir sendið inn umsókn ásamt ferilskrá á netfangið richard@mjollfrigg.is

mjöll frigg
-hreinlega sterkari

Mjöll-frigg hf.
Norðurhellu 10
221 Hafnarfjörður
S: 512-3000
mjollfrigg@mjollfrigg.is

---

*Þjóðminjasafn Íslands er vísinda- og þjónustustofnun og höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar. Þjóðminjasafn Íslands starfar á grundvelli safnalaga nr. 106/2001 og þjóðminjalaga nr. 107/2001.*

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

**Þjóðminjasafn Íslands auglýsir lausa til umsóknar**

## Rannsóknarstöðu í nafni dr. Kristjáns Eldjárns

Við Þjóðminjasafn Íslands er sérstök rannsóknarstaða til rannsókna á sviði þjóðminjavörslu, tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns, fyrrum þjóðminjavarðar og forseta Íslands.

Staðan er auglýst til eins árs og er ætluð fræðimönnum sem sinna rannsóknum á íslenskum þjóðminjum eða öðrum þáttum íslenskrar menningarsögu sem falla undir starfssvið Þjóðminjasafns Íslands. Rannsóknaverkefnum sem unnið er að í rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárns er ætlað að efla rannsóknastarfsemi Þjóðminjasafns Íslands almennt. Við ráðningu í stöðuna er m.a. tekið mið af rannsóknastefnu Þjóðminjasafnsins og kemur til greina að tengja sjálfstæða rannsókn við stór rannsóknaverkefni sem þegar er unnið að innan safnsins.

Fræðimaður skal senda inn umsókn, þar sem verkefnið er vandlega skilgreint og hvernig það verði til að efla menningarsögulegar rannsóknir. Verkefnið skal skilgreint sem eins árs verkefni. Umsókn skal fylgja greinargerð um menntun og reynslu af fræðistörfum.

Verkefni, eins og það er afmarkað, lýkur með formlegum verklokum að rannsóknartíma liðnum. Stefnt skal að því að niðurstöður rannsókna verði birtar á viðurkenndum fræðilegum vettvangi en auk þess skulu þær kynntar með fyrirlestri, sýningu eða öðrum hætti innan Þjóðminjasafns Íslands.

Fræðimaður sem gegnir rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárns hefur aðstöðu hjá og starfar innan rannsókna- og varðveislusviðs Þjóðminjasafnsins. Fræðimaður skal leggja sitt af mörkum til að efla rannsóknarstarf safnsins og taka þátt í að veita nýjum straumum inn í fræðilega umræðu.

Í reglugerð nr. 896/2006 segir: "Við Þjóðminjasafn Íslands skal vera sérstök rannsóknarstaða, tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns, fyrrum þjóðminjavarðar og forseta Íslands. Staðan er ætluð fræðimönnum, er sinna rannsóknum á sviði íslenskrar menningarsögu sem fellur undir starfssvið Þjóðminjasafns Íslands. Þjóðminjavörður ræður í stöðuna til allt að tveggja ára. Þjóðminjavörður ákvarðar um launakjör fræðimannsins, innan marka kjarasamninga og fjárheimilda. Fræðimaður skilar áfanga- eða rannsóknarskýrslum árlega. Skal stefnt að því, að niðurstöður rannsókna hans meðan hann gegndi stöðunni birtist á viðurkenndum vísindalegum vettvangi að ráðningartíma loknum. Skulu þær rannsóknarniðurstöður jafnframt varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands, eins þótt óbirtar séu."

Umsókn með verkefnislýsingu og ferilskrá sendist Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 43, 101 Reykjavík, fyrir 6. janúar 2010. Upplýsingar eru veittar í síma 530 2200, eða í tölvupósti hjá Önnu Lísu Rúnarsdóttur sviðstjóra rannsókna- og varðveislusviðs (anna.lisa@thjodminjasafn.is) eða Önnu G. Ásgeirsdóttur sviðstjóra fjármála- og þjónustusviðs (anna@thjodminjasafn.is).

---

Camp America
campamerica.co.uk

# Ævintýralegt sumar í Bandaríkjunum

***Ef þér finnst gaman að vinna með fólki, ert hress og til í að prófa eitthvað nýtt, þá er Camp America fyrir þig!***

Camp America er í samstarfi við sumarbúðir víðsvegar um Bandaríkin sem leita eftir leiðbeinendum í 9-15 vikur yfir sumartímann.

***Umsóknarfrestur fyrir sumarið 2010, rennur út 10. janúar 2010.***

Allar nánari upplýsingar á
**www.namsferdir.is**

NÁMSFERÐIR
EDUCATIONAL TRAVEL
Klapparstíg 25 • Sími 578 99 77



---

» **Ráðningarþjónusta**

# Ertu besta mamma í heimi?

Veitingastaðakeðja óskar eftir að ráða ábyrgan og metnaðarfullan einstakling í starf veitingastjóra kvöld- og helgarvakta.
Unnið er á tvískiptum vöktum 2 daga aðra vikuna og 5 daga hina.
Um 72% starf er að ræða.



### » Starfssvið

· Þátttaka í almennum störfum
· Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt

### » Hæfniskröfur

· Skipulags- og leiðtogahæfileikar
· Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
· Dugnaður og metnaður í starfi

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

# Sérfræðingur í Fyrirtækjaráðgjöf

Landsbankinn

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni á fjármálamarkaði.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans sinnir fjölbreyttum verkefnum sem eiga það sammerkt að tengjast umbreytingu og þróun fyrirtækja. Helstu verkefni Fyrirtækjaráðgjafar eru ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja, ráðgjöf við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, umsjón með útboðum á hlutabréfum og skuldabréfum, skráning fyrirtækja í Kauphöll og ráðgjöf við fjármögnun fyrirtækja og verkefna.

### Helstu verkefni:

- Stjórnun og skipulagning verkefna
- Ráðgjöf og samskipti við fjárfesta og fyrirtæki
- Greining á fjárfestingakostum
- Umsjón með samningagerð

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun, t.d. í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Haldgóð reynsla af fjármálamarkaði eða rekstri fyrirtækja
- Frumkvæði í starfi
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót
- Markviss og sjálfstæð vinnubrögð

### Nánari upplýsingar veita:

Steingrímur Helgason, forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar í síma 410 7349 og Ingibjörg Jónsdóttir á Starfsmannasviði í síma 410 7902.

Umsókn merkt „sérfræðingur í Fyrirtækjaráðgjöf", fyllist út á vef bankans www.landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 13. desember nk.

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



Stjórnendur bráðamóttöku Landspítala Fossvogi

# Bráðasvið Landspítala

Á bráðasviði Landspítala starfar öflugt fagfólk sem hefur metnað til að veita landsmönnum góða og örugga bráðaþjónustu. Hlutverk bráðasviðs er að skapa umgjörð um bráðastarfsemi spítalans sem tryggir örugga þjónustu við sjúklinga, menntun og vísindastarf.

Ný bráðamóttaka verður til við sameiningu slysa- og bráðadeildar í Fossvogi, göngudeildar G-3 í Fossvogi og bráðamóttöku við Hringbraut. Hún tekur til starfa í mars 2010. Tvær deildir verða í Fossvogi, bráðadeild G-2 sem sinnir bráðveikum og slösuðum og bráða- og göngudeild G-3 sem sinnir einstaklingum með minniháttar áverka og veikindi. Leitað er eftir metnaðarfullum stjórnendum sem hafa kunnáttu og færni til að byggja upp öfluga bráðamóttöku.

## Yfirlæknir bráðadeildar G-2

Yfirlæknir er yfirmaður sérgreinar í bráðalækningum og er leiðandi um læknisfræðileg málefni innan deildar og sérgreinarinnar. Hann skipuleggur vinnufyrirkomulag, mönnun og setur fram markmið um kennslu og rannsóknir innan sérgreinarinnar. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hafi sérfræðiviðurkenningu í bráðalæknisfræði.

## Hjúkrunardeildarstjóri bráðadeildar G-2

Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deild, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Hann ber ábyrgð á þróun bráðahjúkrunar og setur fram markmið um kennslu og rannsóknir í bráðahjúkrun.

## Yfirlæknir bráða- og göngudeildar G-3

Yfirlæknir ber ábyrgð á lækningum á deildinni og er leiðandi um læknisfræðileg málefni. Hann skipuleggur vinnufyrirkomulag og mönnun innan deildarinnar og setur fram markmið um kennslu og rannsóknir.

## Hjúkrunardeildarstjóri bráða- og göngudeildar G-3

Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deild, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Hann ber ábyrgð á þróun hjúkrunar og setur fram markmið um kennslu og rannsóknir í hjúkrun.

## Menntunar- og hæfniskröfur

» Sérfræðiviðurkenning í lækningum
» Hjúkrunarmenntun, æskilegt framhaldsnám í hjúkrun
» Leiðtogahæfileikar
» Samskiptahæfni
» Stjórnunarreynsla

## Almennar kröfur til stjórnenda bráðasviðs

» Fagleg ábyrgð
» Fjárhagsleg ábyrgð
» Starfsmannaábyrgð
» Hæfni og vilji til að meta starfsemi spítalans sem eina heild

## Nánari upplýsingar

» Ráðið er í stöðurnar frá 1. mars 2010 til 5 ára.
» Umsóknarfrestur er til og með 28. desember 2009. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala www.landspitali.is. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast á skrifstofu Guðlaugar Rakelar Guðjónsdóttur framkvæmdastjóra bráðasviðs, Greniborg, Fossvogi.
» Nánari upplýsingar veita Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri bráðasviðs, Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga.
» Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.
» Umsóknir yfirlækna verða sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu og umsóknir hjúkrunardeildarstjóra til stöðunefndar hjúkrunarráðs LSH.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Starfskjör byggjast á kjarasamningum og lögum um starfsmenn ríkisins. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali er reyklaus vinnustaður.

---

**Tilkynningar**

*Sveitarfélagið Ölfus*

## Breyting á Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014.

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Ölfuss, 2002-2014.

Tillaga nær til Bitruvirkjunar, Hellisheiðavirkjunar, Þorlákshafnarlínur 2 og 3, iðnaðarsvæða við Þorlákshöfn og Gráuhnúka, niðurfellingu flugvallar, breytingar á vatnsverndarmörkum og akstursíþróttasvæðis.

Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss frá 22. ágúst 2009 til 19. september 2009. Athugasemdafrestur rann út 3. október 2009. Inn komu 1260 athugasemdir.

Bæjarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu tillögunnar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöður bæjarstjórnar geta snúið sér til skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss.

*Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss, Ólafur Áki Ragnarsson.*

---

# Skólaliði

**Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, óskar að ráða til starfa skólaliða. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Um er að ræða fjölbreytt starf í þjónustu við nemendur, starfsfólk og húsnæði skólans. **Umsóknarfrestur er til og með 20. desember nk.** og skal umsóknum skilað á netfangið geir@tskoli.is Nánari upplýsingar veitir Geir Þorsteinsson, yfirmaður fasteigna, gsm 822-2332.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

---

## Fræðslusvið Kópavogs
## Deildarstjóri grunnskóladeildar

*Deildarstjóri grunnskóladeildar hefur umsjón með faglegu starfi grunnskóladeildar, starfar að faglegri þróun og ráðgjöf til grunnskólanna og tekur þátt í stefnumótun skólamála með sviðsstjóra, skólastjórnendum og skólanefnd. Hann sinnir eftirliti með grunnskólahaldi í samræmi við lög og reglugerðir og hefur umsjón með greiningarvinnu, áætlana- og skýrslugerð vegna faglegra málefna grunnskólanna auk þess að sinna verkefnum tengdum sérfræðiþjónustu grunnskóla. Deildarstjóri grunnskóladeildar skipuleggur endur- og símenntun skólastjórnenda, kennara og annarra starfsmanna grunnskóla og stuðlar að samræmingu og samstarfi milli skólastiga.*

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Nauðsynlegt er að hafa lokið réttindanámi kennara.
- Nauðsynlegt er að hafa framhaldsmenntun á háskólastigi á sviði uppeldis- og kennslufræðimála og/eða menntastjórnunar eða aðra sambærilega menntun.
- Nauðsynlegt er að hafa góða reynslu af kennslu og stjórnun í grunnskóla.
- Góð tök á íslenskri tungu og hæfni í framsetningu texta.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðsstjóri fræðslusviðs, sími 570 1500.

KÓPAVOGSBÆR

Umsóknum skal skila með ferilskrá til sviðsstjóra á netfangið *annabs@kopavogur.is* merkt „deildarstjóri grunnskóladeildar".

Einnig er hægt að sækja um starfið á job.is Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2009.

*www.kopavogur.is job.is*

## Tilkynningar

## DANSSALUR Í SJÁLANDI GARÐABÆ

Garðabær auglýsir eftir aðilum sem vilja leigja tíma í nýjum danssal í húsnæði Sjálandsskóla sem tekinn verður í notkun í janúar 2010.

Salurinn er rúmlega 140 fm að stærð og er hannaður fyrir jazzballett en hentar vel fyrir hvers kyns dans, eróbik og sjálfsvarnaríþróttir.

Nánari upplýsingar gefur Patrekur Jóhannesson, íþróttafulltrúi, netfang: patrekurjo@gardabaer.is, sem tekur jafnframt á móti umsóknum um leigu til 17. desember 2009.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fræðslu- og menningarsvið

## Sýslumaðurinn á Húsavík

**Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300**

# UPPBOÐ

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Hrísateigur 2, fnr. 216-5246, 640 Húsavík, Norðurþing, þingl. eig. Helga Þórey Heiðberg, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Norðurþing og Vátryggingafélag Íslands hf, miðvikudaginn 9. desember 2009 kl. 13:30.

Aðalbraut 29, fnr. 216-7013, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Árni Heiðar Gylfason og Erla Guðmundsdóttir, gerðarbeiðendur Íslandsbanki h.f og Vátryggingafélag Íslands hf, fimmtudaginn 10. desember 2009 kl. 11:00.

Vogsholt 11, fnr. 216-7178, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Sigurður Hreinn Eronsson, gerðarbeiðendur Framtak-Blossi ehf og S24, fimmtudaginn 10. desember 2009 kl. 11:30.

Sýslumaðurinn á Húsavík
4. desember 2009.

## Útboð

# ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**

***Milli- og lögfræðiinnheimta og kröfuvakt.***
Reykjavíkurborg óskar eftir tilboðum í milli- og lögfræðiinnheimtu og kröfuvakt á vegum Reykjavíkurborgar og Bílastæðasjóðs samkvæmt útboðsgögnum.
Útboðsgögn á geisladiski verða seld á 3.000 kr. frá og með miðvikudeginum 9. desember 2009 í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 8. janúar 2010 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12365

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# VERSLUNARSTJÓRI

Við leitum að duglegum einstaklingi í stöðu verslunarstjóra í Karen Millen.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af þjónustu
Áhugi á tísku
Lipurð í mannlegum samskiptum
Skipulagshæfni
Frumkvæði í starfi
Reynsla af verslunarstjórastörfum æskileg

**Umsóknarfrestur er til 11. des. nk.**
Umsækjendur ekki yngri en 25 ára.
Ferilskrá sendist á hulda@hbu.is

KAREN MILLEN



DAY
BIRGER ET MIKKELSEN

**Við erum að leita að duglegum einstakling í fullt starf og hlutarstarf í verslun okkar.**

Umsóknarfrestur er til 11. des. Óskum eftir umsækjendum eldri en 25 ára. Ferilskrá sendist á hulda@hbu.is

**Hæfniskröfur**
- Reynsla í þjónustu
- Áhugi á tísku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði í starfi

ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA

# TÆKNIFRÆÐING / VERKFRÆÐING

Á RAFMAGNSSVIÐI.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu okkar www. vista.is
Umsóknum skal skilað til vista@vista.is fyrir 20. desember nk.

VISTA VERKFRÆÐISTOFA
Höfðabakki 9c 110 Reykjavík www.vista.is

Verkfræðistofan Vista vinnur að fjölbreyttum verkefnum á sviði sjálfvirkni, mælikerfa og sjálfvirkra upplýsingakerfa. Stofan er í fremstu röð varðandi hugbúnaðargerð fyrir viðvörunar- og eftirlitskerfi sem eru í notkun hér á landi og víða um heim



Tal

## Vegna ört vaxandi verkefna óskum við eftir að bæta við öflugum einstaklingum.

### Þjónustufulltrúi

Starfið felst í almennri þjónustu og sölu á vörum TAL, auk þess að fylgja málum viðskiptavina eftir til enda. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af þjónustustörfum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði, áræðni og metnaður
- Góð mannleg samskipti
- Góð ensku- og tölvukunnátta
- Áhugi á tækni og nýjungum
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun er æskileg
- 20 ára aldurstakmark
- Stundvísi

Umsóknarfrestur er til og með 18. desember næstkomandi.
Nánari upplýsingar veitir Pétur Örn, (petur.orn@tal.is).

### Kerfisstjóri

Starfið felst í því að sjá um stýringu á innri kerfum Tals.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Mjög góð reynsla af Oracle gagnagrunnum
- Menntun á sviði upplýsingatækni, svo sem kerfisfræði, kerfisstjórnun kostur
- Þekking á SQL, CCNA, Linux, MCSA eða MCSE vottun kostur
- Reynsla af stjórnun verkefna
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð færni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 18. desember næstkomandi.
Nánari upplýsingar veitir Rut Hreinsdóttir, (ruth@tal.is).

Vinsamlegast sækið um störfin með því að senda tölvupóst á ingunn.bjork@tal.is
Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Tal er ört stækkandi fjarskiptafyrirtæki. Hjá fyrirtækinu starfar samheldinn hópur sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu. Gildi fyrirtækisins eru skynsemi, vilji og gleði. Við höfum einfaldleikann í fyrirrúmi og hugsum í lausnum, erum með viljann að vopni og leggjum áherslu á góða liðsheild, góðan starfsanda og vináttu.

Þjónustuver 1817 | Sími 445 1600 | Fax 445 1601 | tal@tal.is | Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

## Bíladagar

### BÍLAR & FARATÆKI

**bílaborg.is**



HYUNDAI TUCSON 4X4. Árgerð 7/2005, ekinn 81 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.790.000. Fæst á 1430 þús stgr Uppl síma 517-1111 eða 696-1001



M.BENZ M ML230. Árgerð 2000, ekinn 160 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.290.000. Uppl síma 517-1111 696-1001 www.bilaborg.is



HONDA ACCORD SEDAN SPORT. Árgerð 6/2008, ekinn 9 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.127704 Glæsilegur bíll uppl síma 517-1111 696-1001

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Hyundai Santa Fe Árgerð 04/2003, ekinn 81þ.km, ssk, ný tímareim og dekk, góður bíll! Verð 1.490.000kr, rnr 130341. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**SPORTX**



Vespur frá 229.000 kr með skráningu full búð af frábærum og góðum Vespum sjáið fleiri tegundir á www.sportx.is

**Sport-X**
**Draupnisgötu 7, 600 Akureyri**
**Sími: 5642323 / 8976040**
**Verslun og viðgerðaþjónusta á staðnum**
**www.sportx.is**




**Vilt þú kaupa selja eða skipta ?**

Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins á bifreiðum og stórlækkaðan sölukostnað.Skráðu bílinn frítt á www.Netbilar.is sími 588-5300 eða kíktu við í Hlíðasmára 2. Netbilar.is bjóða betur

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**






HYUNDAI SANTA FE CRDI Árgerð 2007. Ekinn 71 þ.km Verð kr. 3.990.000.



TOYOTA LAND CRUISER 90 COMMONRAIL Árgerð 2002. Ekinn 151 þ.km Verð kr. 3.490.000.

**Höfðahöllin**
**Norðurhella 8, 221 Hafnarfjörður**
**Sími: 567 4840**
**Vantar bíla á skrá og á staðinn.**
**www.hofdahollin.is**




Range Rover Sport SE dísel, árg.2006, ek. 47þús.km, sjálfsk, leður, lúga, krókur, Stór glæsilegur bíll hlaðinn búnaði, Ásett verð 6890þús.kr!bíllinn er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Til sölu Lincoln Navigator Ultimatum, árg 2005, ekinn 60þ km, einn með öllu, kæling í sætum samlitur, xenonljós,cromeálfelgur 7 manna, uppl í s: 892 1116



Gallopper '98 ek. 158þ. nýsk. Grænn miði, þarfnast viðg. Ný geymir og Altenator m. vac dælum. Góð smurbók. v. 100þ. stgr. S. 892 4918.



Til sölu Bmw 318 árg.'00, ek 150 þús. Dökkar filmur allan hringinn. Uppl í s. 848 8183




**Fjarstýrðir bílar fyrir alla aldurshópa í miklu úrvali.**

Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is



Glæsilegur vel með farinn VW Passat highliner 4WD árg. '06 ek. 40þ. V. 2.990þ. Áhv. 2.0 millj. Afb. 37þ. á mán. Skoða skipti á ód. t.d sendibíl. S. 690 1074, Jón G.



Patrol 11/'07 ek. 19þ. Áhv. 3milj. Verð 5,1. Uppl. í s. 861 1020.



Til sölu Toyota Land cruiser 90 VX dísil 35" breyttur, ekinn 192,000, sjálfsskiptur, leður, intercooler, og fleira verð 1,680,000, uppl 860-1998



Honda CR-V árg. '98 ek. 178þ. Ný nagladekk og sumardekk. Mjög góður bíll. V. 500þ. S. 846 9332.



VW Passat station 99" 1,6L, beinskiftur,nýskoðaður,vetrardekk,nýkúpling,dráttarbeisli,Bíll ekinn 191 en vél ekinn 90 þúsund km,fallegur og góður bíll verð 450 þúsund staðgreitt. uppl í síma 8204640.



Til sölu Ford Escape Xlt Choise árg 2004, ek 109,000,km, sjálfsskiptur, V6 loftkæling, rafmagn í sætum og fleira, verð 1,780,000, tilboð 1,450,000, stgr uppl 860-1998



Toyota Corolla 1996, ek 138þ. Sk. 2010, nýleg nagladekk, ný tímareim. V. 290 þús. S. 893 2831



**Ódýrir bílar!!**

Peugot 306 5g. ek. 128þ. Sem nýr. Opel Vectra 5g., ssk., ek. 153þ. Toppeint. V. 165þ. S. 844 6609.



Ford Focus 2000, ek 147þ. Sk.2010, ný tímareim, nýleg nagladekk, gott viðhald v. 540 þús. S.893 2831.



Fiat Stilo '04 ek. 120þ. Bsk. Nýskoðaður, nýjar bremsur, V. 550þ. Andri s. 698 9699.



VW GOLF ÁRG. 1999, 4.DYRA, 1600 BEINSKIPTUR EKINN 138 ÞÚS. KM., ÁLFELGUR, SUMARDEKK, VETRARDEKK. VERÐ 400 ÞÚSUND. SKIPTI HUGSANLEG. S 8958956



Nissan terrano 1996 ekinn aðeins 98 þús 2 eigendur km ny Dráttarkrókur sjálfskiptur tímareim ny skoðaður verð 365 þús sími 770-6400



NISSAN PATROL DÍSEL/TURBO '35 2006 SJÁLFSK, EK 157Þ 7 MANNA FLOTT EINTAK VERÐ 4.200 ÞÚS Uppl. síma 8674069



GULLMOLI FRÁ AKUREYRI/EINN EIGANDI SUBARU FORRESTER WAGOON 2006 EK.57ÞÚS , SJÁLFSKIPTUR, ÁLFELGUR DRKRÓK,FILMUR, OFL VERÐ 2.750.000 Uppl.síma 8674069



Peugeot 406 árg. '00 bsk. 1.8 ek. 190þ. Nýsk. Verð 280þ. S. 868 4432.



Porsche Cayenne S v8. 5/2005. Ek 95þ., 20" álf. á nýjum heilsársdekkjum. Bíll sem lítur út sem nýr! Gott stgr. verð. Vill skoða skipti á HJÓLAGRÖFU. Uppl. í s. 867 1058.




Nissan Almera Lux. Árg. '03 Ek. 104þ. km. Bíll í toppstandi. Verð 970þ. Skoða skipti á jeppa/pikkup á svipuðu verði. Uppl. í s. 867 1058.



Flottasti Lancerinn á landinu! árg.04 ek.66þ, beinsk, sumar-og vetrardekk á álfelgum, topplúga, filmur, splunkunýjar alpine græjur, smurbók. Gerist ekki betra! Tilboð 1.375 þ s.694-6631



Suzuki Grand Vitara árg. '05 ek. 81þ.km. er í mjög góðu standi. V. kr. 1550þ. Uppl. í s. 661 8324.



18 bretta Scania. 08/'01 ek. 183þ. tilboð óskast, góður bíll. S. 437 1200.

Til sölu Huyndai Santa fe Lux disel. Árg. '07 S. 660 8167.

Volvo S40 árg.'06, Einn eigandi. Ek. 15 þús. km, Reyklaus, vel með farinn. Verð 2750 þús. S: 697 5447

### 0-250 þús.



Pajero til sölu '91 gamall en góður „33 breyttur skoðaður '10. Verð ca. 220þ. Uppl. í s. 664 0071.



Renault Megane Cupe '98, ek.152þús. Nýskoðaður. Verð 270þ. Uppl. 663-2047



SUBARU IMPREZA 4x4 Ný skoðaður '10 árg. 97 5gr. ek 248þ. Litur vel út og keyrir vel. 220þús eða tilboð uppl. 862 1200.



Opel Vectra'98, ssk, 2.0L, ek:145 Skoðaður og í góðu lagi. Verð 230þús. Sími 867 0248.

ÓSKA EFTIR Land Cruiser 90 eða 120, 35" breyttum 2000-2005 árg. Er með 38" LC+ pening. uppl. 897 1471

Ford Focus árg 11/1999 í mög fóðu standu. Ekinn 162þús.km. Sjálfskiptur, rafmagn, ABS ofl. Ný vetrardekk. Góður og áreyðanlegur bíll. Verð 420.000 Uppl. S: 867 4790.

### 250-499 þús.



Til sölu Dodge Ram 1500 '97 Ekinn195000km. 5,2 L Magnum V-8 5 gíra beinskiptur. Ný skoðaður. Verð: 499þ eða tilboð. skipti á 4x4 fjórhjóli koma til greina S: 894 3141.



RENAULT LAGUNA NEVADA STW sjálfsk. ek. 143 þ. skoðun án ath. verð 370þ. uppl. 899 6989.

## Fasteignir

GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

**Opið hús sunnudaginn 6. des. milli kl. 15.00-17.00**

**Sunnubraut 6 Kópavogi**




Til sölu eitt af vinsælustu húsunum við sjávarsíðuna í Kópavogi. Húsið er arkitektahannað, með stórum gluggaflötum með útsýni til suðurs að Arnarnesi og Bessastöðum. Húsið er einfalt og nýtískulegt og hannað þannig að öll íverurými fljóta saman (opið plan). Húsið er samtals 219 m2, þar af 25,6 m2 bílskúr. **Upplýsingar veitir Sigurður sími 8983708**

**5 manna fjölskylda sem er nýflutt til Íslands leitar að góðu sérbýli.**

- Amk. 4 stór svefnherbergi
- Gott útsýni
- Góður bílskúr
- Eingöngu eignir í Seljahverfi, Skógarhverfi, Smárahverfi, Salahverfi og Lindahverfi koma til greina
- Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign



RE/MAX Bær
Malarhöfða 2 110 Reykjavík

*Ásdís Ósk Valsdóttir Löggiltur fasteignasali*
asdis@remax.is - Sími: 863-0402 - 512-3400 - fax 512-3401

Auglýsingasími **512 50 50**
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

TIL LEIGU EÐA SÖLU # Skipholt 100 fm skrifstofuh. # Skipholt 254 fm skrifst og lager. # Grensásvegur 320 fm verslunar. # Breiðhella Hf. 133 fm iðnaðarbil UPPL Í SÍMA 822 5588

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhús.is**
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl. í síma 770-5144.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Copenhagen - Room to rent per night, 400 Dkr/person, 200/child. Central Nørrebro. Info: 0045.35378090/41106016, sigridaronsson@hotmail.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

vinna.is
Umsækjendur – kíkið inn á www.vinna.is
Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

**Leikskólinn 101**
**Leikskólinn 101 sem er einkarekinn 2ja deilda ungbarnaleikskóli. Óskar eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinanda í 100% stöðu frá áramótum. Æskilegt sé að umsækjandi sé í íslennskumælandi, samviskusamur og ekki yngri enn 25 ára. Umsóknir sendist á leikskólinn101@simnet.is**



**Sölufólk óskast**
Duglegt og ábyggilegt sölufólk óskast til að selja jólakort fyrir Blindrafélagið. Upplýsingar á skrifstofu Blindrafélagsins frá kl. 9-16, s: 525-0000, tölvup. blind@blind.is

SUBWAY

**Subway 60-100% starf**
**Subway Kringlunni auglýsir eftir duglegum, samviskusömum og röskum starfsmanni í 60-100% starf. Vinnutími er 12-17 virka daga eða 12-20 virka daga. Íslenskukunnátta er nauðsynleg. Lágmarksaldur er 18 ár. Nánari upplýsingar veitir Halla í síma 696-7014. Umsóknir sendist gegnum subway.is.**

ÍSBJÖRNINN
POLAR BEAR GIFTSTORE

**Verslunin Ísbjörninn**
óskar eftir verslunarstjóra í nýja og glæsilega túristaverslun á laugaveginum. Viðkomandi þarf að vera 22ára eða eldri, reyklaus, tala góða ensku og hafa reynslu af afgreiðslustörfum . Áhugasamir sendi umsókn með mynd á isbjorninn@isbjorninn.is.

**AFGREIÐSLUSTARF**
Starfsmaður óskast sem fyrst til afgreiðslustarfa. Gagnvirkni, Hamraborg 1, Kópavogi. gagnvirkni@gmail.com sími 517 4511

Vantar barngóða konu til að sinna 8 mán dreng og léttum heimilisstörfum virka daga frá 9 - 17 frá janúar og fram á sumar. Meðmæli nauðsynleg. Upplýs í síma 557 5679 eða á siggathor@yahoo.com.

Aupair í USA Íslensk fjölskylda í Connecticut óskar eftir barngóðri og reglusamri stúlku til að gæta tveggja barna í hálft ár. Áhugasamar hafi samband við Jóhönnu gegnum joagp@hotmail.com

Óska eftir manni yngri en 22 ára sem einkabílstjóra. Viðkomandi fær bíl til umráða. Sendið uppl. á lalujones@hotmail.com

## Atvinna óskast

Tek að mér allan innifrágang, eldhúsinnrettingar fatskápa hurðir veggi loft ofl. 30 ára reynsla AFsmíði 8978226 Axel axelf@simnet.is

KK óskar eftir vinnu við smíðar, ál, gifs og stál úti sem og inni. Hefur meirapróf. S. 897 3732.

34 ára mann vantar vinnu frá 10. des -6. jan. Er í skóla, meirapróf og vélstjórnarréttindi. Skoða allt! S. 898 1904 e. kl. 13.00.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt



Skemmtileg lausn fyrir útikerti,sölusýning Olíumálverk og Ísl.grjót Brautarholt 22 RVK opið 13-18 alla daga.



Sölusýning, Brautarholt 22 Rvk opið 13-18 alla daga Olíumálverk og Ísl grjót,allir velkomnir.

## Einkamál

**Símadömur. 908 66666 & 908 2000.**

**Hringdu þegar þér hentar, engin bið!! Opið allan sólahringin.**

**Símadömur 908 1616**

**Í kvöld ætlar ný stúlka að byrja! Hún elskar að daðra og verður fram eftir nóttu.**

**Hringdu við bíðum. 908 1616**

Maður á besta aldri, 66 ára óskar eftir að kynnast konu. Svar sendist til Fréttablaðsins merkt „09".

Myndarlegt heilbrigt par 29/35 ára óskar eftir að kynnast myndarlegri og þægilegri kvk til vináttu og til að eiga ánægjulegar stundir saman. Kvk er svört falleg og ófeimin. KK er myndarlegur stæltur í góðu formi. 100% trúnaður. Sendið uppl á.svortoghvitur@visir.is

## Tilkynningar

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • S: 554 2166

**Vestfirsk bókakynning**
**Laugardaginn 5. des. kl. 20:30**

**Þá lesa úr nýjum bókum sínum:**
Hafliði Magnússon, Ólafur Helgi Kjartansson, Tryggvi Þorsteinsson, Guðrún Lára Ásgeirsdóttir og Gunnlaugur Júlíusson
Einnig segja Hafliði og Ólafur Helgi vestfirskar gamasögur

**Hljómsveitin Granít frá Vík í Mýrdal leikur Rolling Stones þar sem Ólafur Helgi tekur lagið og vestfirskt gæðapopp**

**Kl. 23 – 03 Rolling Stones dansleikur með Granít - Gestasöngvari Ólafur Helgi Kjartansson**







# Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Merkja þarf hverja gjöf með merkimiða þar sem tekið er fram hvaða kyni hún hentar og hvaða aldri. Ef þú býrð úti á landi þá kemur Pósturinn gjöfunum endurgjaldslaust til skila. Þú þarft bara að fara með pakkann á næsta pósthús. Jólapappír og merkimiða er að finna við þjónustuborð Smáralindar á annarri hæð.

Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

**Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.**

Við óskum öllum gleðilegra jóla
BYLGJAN 989





# LEYNIVOPNIÐ

## Hjartað ræður för í bakstrinum



Bryndís segir góða skapið skipta sköpum í bakstrinum. Hér er hún ásamt dóttur sinni Opale Hlíf, tíu ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bryndís Marsibil Gísladóttir, starfsmaður hjá versluninni Vínberið við Laugaveg, er líkt og aðrir farin að huga að bakstrinum fyrir jólin. „Það skal nú viðurkennast eins og er að þegar maður er að vinna eins og ég langt fram á kvöld þá er ekki mikill tími aflögu í bakstur. En ég hef einsett mér að nýta hann sem best til að baka nokkrar gerðir af smákökum,“ segir hún og telur þær upp. „Kornflexkökur skreyttar með súkkulaðiperlum og smartís falla í kramið, piparkökur sem yngstu börnin telja órjúfanlegan hluta jólanna og hafrakökur með heimagerðu rækjusalati sem eru fastur liður í jólahaldi fjölskyldunnar. Þetta er góð aðferð til að sameina fjölskylduna.“ Hún segir liggja beint við að bjóða upp á gott konfekt.

Á hvaða leynivopnum skyldi Bryndís svo luma á í eldhúsinu. Hún hlær við. „Veistu að það er einna helst góða skapið, ég á ekkert annað leynivopn,“ segir hún og bætir við að hún fari aldrei nákvæmlega eftir uppskriftum heldur láti hjartað ráða för. „Einna helst að röð og regla skipti máli. Annars kveiki ég bara á kertum og góðri tónlist. það er leyndarmálið að vel heppnuðum árangri.“ - rve



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvort sem marsípanið er í þrívídd eða flatt þá er það mikil prýði.



Hér er það sem til þarf í jólasveinahúfu, poka og skúf.



Hendur, skegg og nef.



Jólasveininn er auðvelt að gera í nokkrum skrefum.

### FYRST GETIÐ 1475

Marsípan er mauk úr möluðum möndlum, eggjahvítu og sykri sem er soðið saman, kælt og hnoðað. Talið er að mauk sem Forn-Grikkir gerðu úr möluðum möndlum og hunangi hafi ekki verið ósvipað marsípani en annars er þess fyrst getið í riti sem bókavörður Vatíkansins, Bartolomeo Sacci, gaf út um 1475.

Marsípan er notað í ábætisrétti og kökur en þó einkum í ýmiss konar sætindi og konfekt. Eins er hægt að fletja það út eins og deig og þannig er það oft notað til að þekja kökur og sætindi. Víða á Norðurlöndunum njóta marsípangrísir, jólasveinar og aðrar jólalegar marsípanfígúrur vinsælda fyrir jólin og eru þær mikið keyptar sem tækifærisgjafir og látnar prýða jólaborðin yfir hátíðarnar. Á suðlægari slóðum má hins vegar sjá litríka marsípan-ávexti og grænmeti allan ársins hring. - ve




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






HUGSAÐU UM
HEILSUNA
UM JÓLIN

Veisluþjónusta SAFFRAN býður upp á ljúffengar hollar og framandi veislur á verði sem kemur þér til að brosa!

JÓLAHLAÐBORÐ
SMÁRÉTTIR
STEIKARHLAÐBORÐ
3JA RÉTTA MATSEÐLAR

Enginn hvítur sykur, ekkert hvítt hveiti og allar marineringar heimalagaðar. Við sýnum og sönnum að hollur matur er líka gómsætur matur!

Tilboð og matseðlar á SAFFRAN.is



VEISLUÞJÓNUSTA
SAFFRAN
S. 578 7875 SAFFRAN.IS

**OUTLET**

MC PLANET
MC P jeans

LAUGAVEG 94 • sími 552 8090

Full búð af nýjum flottum vörum á frábæru verði.

Kvenfatnaður frá ***MC Planet***, allir jakkar á 5.000 í nokkra daga.

KJÓLAR, JAKKAR, TOPPAR, BOLIR BUXUR.

Nýtt kortatímabil í dag laugardag 5.des.

Fallegur vandaður barnafatnaður í stærðum 74–164 á ótrúlega krúttlegu verði.

***Heelys*** rúllu skór á krakka á öllum aldri á 2.990, flott jólagjöf.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR




*Tryggir öruggan bakstur*

*Íslensk framleiðsla í yfir hálfa öld*




**Engiferöl**

Hollur, sykurlaus og lífrænn gosdrykkur.

Fáðu þér **hollan** og góðan **jóla**drykk.

Fæst í flestum matvöruverslunum



Mörgum finnst sörur ómissandi á jólaborðið.

# *Gerir sörur af því* AÐ ÞAÐ ER GAMAN

Álfheiður Vilhjálmsdóttir hefur áralanga þjálfun í að baka hinar bráðvinsælu smákökur sem kenndar eru við Söru Bernhardt, eina frægustu leikkonu í heimi í lok nítjándu aldar. Hún gerir sjálf allt frá grunni, malar möndlurnar og sýður sýrópið.

**Nammi namm!**

Mér finnst gaman að baka sörur,“ segir Álfheiður og meinar það greinilega. Hún lærði handtökin í Tei og kaffi þar sem hún hafði baksturinn með höndum í níu ár. Eftir að hún hætti þar fyrir fimm árum hefur hún bakað þær heima fyrir jólin. Ýmsir hafa komist á bragðið, kunnað vel að meta og keypt af henni kökur. Hún selur þær í kílóavís á 4.500 kílóið eða rúmlega 100 kall stykkið. „Margir vilja sleppa við þennan bakstur, finnst hann vera mikið mál, en það finnst mér hins vegar alls ekki,“ segir Álfheiður.

Hún kveðst ekki viðhafa annað handbragð en almennt gerist; gerir meira að segja allt frá grunni, malar möndlurnar og sýður sýrópið. „Mér finnst það best þannig,“ segir hún. Mest hefur hún bakað 100 kíló af sörum fyrir jól. Það var 2007. Í ár ætlar hún bara að baka til 8. desember til að eiga hluta af aðventunni sjálf en það hafi hún aldrei leyft sér áður. - gun



Álfheiður er að útskrifast úr Menntaskólanum í Kópavogi hinn 18. þessa mánaðar sem matartæknir og matsveinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## SÖRUR AÐ HÆTTI ÁLFHEIÐAR

**SÖRUR**
**60-70 stk.**
**200 g möndlur með hýði**
**100 g flórsykur**

*Malið þetta saman.*

**100 eggjahvítur (um það bil 3 stk.)**
**100 g flórsykur**

*Þeytið eggjahvíturnar og flórsykurinn þar til það er orðið stíft. Blandið möndlunum með flórsykrinum saman við og hrærið með sleif. Sprautið deiginu í fallega toppa á pappírsklædda plötu og bakið á 150 gráðu hita í 15 mínútur með blæstri.*

**KREMIÐ**
**3 dl sykur**
**1 og 1/2 dl vatn**
**160 g eggjarauður (um það bil 8 stk.)**
**400 g smjör við stofuhita**
**2 msk. gott kakó**

*Hitið vatnið og sykurinn að 121 gráðu (Ef mælir er ekki fyrir hendi er hægt að láta dropa leka í vatnsglas og ef hann verður stífur er sýrópið tilbúið.) Þeytið eggjarauðurnar og blandið heitu sýrópinu saman við og látið hrærast þar til það er orðið kalt. Þá er smjörinu og kakóinu bætt út í. Smyrjið kreminu á kökurnar með hnífi og setjið þær í frysti yfir nótt.*



**HJÚPUNIN**
**4-500 g Odense dökkt hjúpsúkkulaði**

*Bræðið súkkulaðið og dýfið kökunum í það til hjúpunar.*


Glæsilegar
jóla- og áramóta
gjafakörfur
Kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA
Ómótstæðilegar sælkeravörur fyrir þá sem skipta þig máli...
Bjóðum upp á margar gerðir af **sælkeragjafakörfum** til að gleðja viðskiptavini og starfsfólk.
Hafðu samband í síma **511 4466** eða skoðaðu heimasíðuna okkar **www.kokkarnir.is** og fáðu upplýsingar um verð og hvaða körfur henta þér.
KORTER.IS
Kokkarnir veisluþjónusta - sími 511 4466 - kokkarnir@kokkarnir.is - www.kokkarnir.is


Fljótlega og einfalda konfektið.


Konfektið hentar vel í tækifærisgjöf að sögn Unnar Dóru. Því má til að mynda pakka inn í sellofón og skella á slaufu.



# Einfalt og gott

Unnur Dóra Einarsdóttir hefur fyrir venju að útbúa konfekt ásamt vinkonum sínum fyrir jól. Einfaldleikinn er þar hafður að leiðarljósi og útkoman bæði falleg og góð.

Nammi namm!

Unnur Dóra Einarsdóttir fór ásamt vinkonum sínum úr flóknum konfektuppskriftum í einfaldari. „Við vinkonurnar erum í saumaklúbb og á hverju ári höldum við jólasaumaklúbb þar sem við búum til konfekt, skiptumst á pökkum og fáum okkur eitthvað gott að borða. Þetta eru okkar litlu-jól. Við byrjuðum á því að búa til konfekt eftir flóknum uppskriftum í anda Mozart-kúlna, en það gekk illa,“ segir Unnur Dóra og hlær. „Við vorum farnar að reyta hár okkar því ekkert gekk upp og konfektið ekkert í líkingu við fallegu myndirnar sem fylgdu uppskriftunum. Þetta voru oft langir og strangir vinnudagar og jólaandinn sveif ekki beinlínis yfir vötnum. Við ákváðum því að einfalda konfektgerðina og njóta samvistanna betur við hver aðra,“ segir Unnur Dóra. „Konfektgerðin er nú ekki bara auðveldari heldur er líka miklu skemmtilegra að gera það og litlu-jólin ánægjulegri og afslappaðri en á Mozart-tímabilinu! Mér finnst konfektið heldur ekkert síðra á bragðið.“

Það finnst börnum Unnar Dóru ekki heldur. Þau Einar Freyr, 10 ára, Arna Ýr, 7 ára og Þórður Andri, 2 ára, gátu varla beðið eftir að smakka á konfektinu. „Jólastemning kemur oft með börnunum, sem eru farin að hlakka til jólanna, enda taka þau virkan þátt í undirbúningnum á heimilinu,“ segir mamman en hann byrjar um mánaðamótin nóvember/desember.


Unnur Dóra ásamt börnum sínum en öll njóta þau aðventunnar og það sem hún hefur upp á að bjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

En hvað með jólasveinana, gefa þeir konfekt í skóinn? „Nei, þeir gera nú ekki mikið af því þótt krökkunum þyki konfektið gott,“ segir Unnur Dóra og hlær. „En ef til vill fær hvert barn að setja smá bita í gluggann sinn, svona til þess að múta honum.“

- uhj






## KONFEKT AÐ HÆTTI UNNAR DÓRU

### DÖKKT SÚKKULAÐIKONFEKT með hnetum og sultuðum engifer

**dökkt súkkulaði**
**blanda af ósöltuðum hnetum, saxað missmátt**
**sultaður engifer, saxaður mjög smátt**
**örlítið af salti**

*Bræðið gott, dökkt súkkulaði yfir vatnsbaði. Á meðan súkkulaðið bráðnar undirbúið það sem fara á í það. Brjótið hnetublönduna missmátt og saxið sultaðan engifer mjög smátt. Þegar súkkulaðið er alveg bráðið hellið því þá á smjörpappír. Gott er að strá örlitlu af sjávarsalti yfir og svo er hnetunum og engiferinu dreift yfir súkkulaðið. Unni Dóru finnst bæði fallegra og betra að hafa súkkulaðið ekki of þunnt og svo meira af góðgæti en minna. Setjið konfektið í ísskáp eða frysti í smástund og njótið svo kræsinganna.*



### DÖKKT SÚKKULAÐIKONFEKT með graskersfræjum og heslihnetum

**dökkt súkkulaði**
**heslihnetur**
**graskersfræ**
**örlítið af salti**

*Sama aðferð og að ofan. Unnur Dóra mælir með því að fólk láti hugmyndaflugið ráða og noti til dæmis raspaðan appelsínubörk, rúsínur, fræ eða jafnvel smátt skorið chilli til að fá hita í kroppinn. Þá bendir hún á að þetta geti verið skemmtileg lítil tækifærisgjöf sem maður getur pakkað í sellófon eða smjörpappír og skellt fallegri slaufu á og glatt einhvern sem manni þykir vænt um.*

## FRÓMAS FRÁBÆR EFTIRRÉTTUR

Sítrónufrómas er frábær eftirréttur með frísklegu bragði. Gerður á sama hátt og aðrir frómasar en rifinn sítrónubörkur og safi notaðir sem bragðefni. Þeir sem kaupa sítrónur mörgum dögum fyrir notkun þeirra ættu að pakka þeim inn í álpappír og koma þeim fyrir í ísskápnum svo þær haldist lengur ferskar og safaríkar. Það á þó aðeins við um heilar sítrónur en ekki skornar því safinn úr þeim getur leyst upp álþynnuna. Hið sama gildir um skorna tómata og rauðrófur.



## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**HUNANGSRISTUÐUM MÖNDLUM** Sætar möndlurnar eru stökkar undir tönn og fullkomnar milli mála eða sem snakk eftir þunga hátíðarmálsverði.



**...SMÁKÖKUBAKSTRI** í vina hópi. Af hverju að kúldrast einn innan um hveiti, sykur og lyftiduft þegar vinir geta komið saman, bakað, spjallað og smakkað afraksturinn.



**...PIPARKÖKUHÚSUM** því þau eru óneitanlega jólaleg og sameiginlegt átak fjölskyldunnar við skreytingu þeirra getur orðið að skemmtilegri hefð.



**FJÖLSKYLDUBOÐI Á AÐVENTUNNI** Hvers vegna að hlaða öllum boðum á jóladag og annan í jólum? Sniðugra er að ættin geri sér dagamun í aðdraganda jóla.









Silit
KitchenAid
Öll helstu áhöldin í eldhúsið
Hjá okkur finnast gjafirnar
Severin SM3726
250w TÖFRASPROTI með ryðfríum stálhnífum og tveimur hröðum. Mest 17.000 snúningar.
TILBOÐ 3.990
FULLT VERÐ 4.990
Severin KW3667
Eldhúsvog með LC skjá. Tekur allt að 5kg með 1gr nákvæmni. Slekkur sjálf á sér.
TILBOÐ 3.990
FULLT VERÐ 6.990
Severin SA2963
700w samlokugrill með hitaþolinnni hýsingu og viðloðunarfríum plötum. Auðvelt að þrífa.
TILBOÐ 4.490
FULLT VERÐ 6.990
Severin SM 3714
1,75 lítra blandari með plastkönnu. 600 wött.
VERÐ 5.990
SEVERIN
Frábær kaup í smátækjum
Severin AT2514
Stál BRAUÐRIST með mörgum stillingum, mylsnubakka og bolluhitara. Tekur 2 sneiðar.
VERÐ 5.790
Severin KG2396
1800w HEILSUGRILL með hitastilli og viðloðunarfríum plötum. Auðvelt að þrífa.
TILBOÐ 12.990
FULLT VERÐ 14.990
Severin AH7908
Þráðlaus handryksuga með vegg-festingu og hleðslutæki fylgja.
TILBOÐ 3.990
FULLT VERÐ 5.990
Severin BM3983
1000g BRAUÐVÉL með LCD skjá, 12 stillingum fyrir brauð, kökur ofl. 3 skorpustillingar og tímastillir.
TILBOÐ 15.900
FULLT VERÐ 17.990
KitchenAid
JÓLATILBOÐ
Glæsileg 90 ára afmælis glerskál að andvirði kr. 17.900 fylgir öllum KitchenAid hrærivélum
Fæst í mörgum litum – Verð frá kr. 79.900
Einnig fylgir frábær KitchenAid matreiðslubók!
KitchenAid 5KSB52
500w blandari með 5 hröðum, stórum stálhníf og glerkönnu.
Fæst í mörgum litum – Verð frá kr. 37.900
Severin KA5700
1450w Café Caprice KAFFIKANNA sem sýður vatnið. Dropastoppari. Tekur 8-12 bolla.
TILBOÐ 16.900
FULLT VERÐ 19.990
Saeco
Saeco eru mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil
Saeco Xsmall
1500w kaffivél með katli úr ryðfríu stáli, kvörn úr keramik, Panarello flóunarstút og framhlið úr plasti.
VERÐ 79.900
Hágæða pipar- og saltkvarnir
– handgerðar með dassi af sköpunargleði
WilliamBounds
Verð frá kr. 5.990
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

WINDOWS 7 UPPFÆRSLA MEÐ ÖLLUM TÖLVUM KR. 9.990

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

**24" PHILIPS LCD BREIÐSKJÁR**
STÍLHREIN HÖNNUN

24 Philips 240SW9FS
24" LCD breiðskjár með 1920x1080p upplausn, 10000:1 skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.

**54.990**

**VEFMYNDAVÉL** (Logitech)
Logitech WebCam C120 VGA
VGA vefmyndavél á skjái og fartölvur. Tekur 1.3MP kyrrmyndir. Virkar á skype, Windows Live Messenger ofl. Logitech VID fylgir.

**3.990**

HELGAR TILBOÐ 2.000 kr. AFSLÁTTUR

**LEIKJAMÚS** (Logitech)
Logitech MX518
Optical tölvumús með stillanlegri næmni, fjölda Macro takka ofl. Pottþétt í leikina.

**4.990**
FULLT VERÐ KR. 6.990

**HLJÓÐ NEMI** (Logitech)
Logitech USB Digital Desktop Mic
Hljóðnemi með USB.

**6.990**

**19" acer LCD SKJÁR**
19 Acer V193WBb
19" breiðskjár með 1440x 900 upplausn, 10000:1 skerpu og 5ms viðbragðstíma.

**27.990**

**LEIKJATÓL** (msi)
MSI SyrenePhone Gaming
Neodymium Magnet heyrnatól með Clear Voice hljóðnema fyrir leikina. Þægilegir eyrnapúðar ofl.

**9.990**

HELGAR TILBOÐ 3.000 kr. AFSLÁTTUR

**ÍSLENSKT LYKLABORÐ** (Logitech)
Logitech Cordless Desktop LX710
Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum, mjúkri armhvílu, 3 hallastillingum, 27MHz þráðlausri tækni, fjölda flýti- og forritanlegra takka. Þráðlaus laser mús fylgir (hliðarskrun)

**11.990**
FULLT VERÐ KR. 14.990

**WD HARÐDISKUR**
WD Elements 250GB
Utanáliggjandi 250GB 2.5 harðdiskur.

**16.990**

HELGAR TILBOÐ 3.000 kr. AFSLÁTTUR

**WD 1TB HARÐDISK FLAKKARI**
WD Elements 1 Terabyte
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

**16.990**
FULLT VERÐ KR. 19.990

**TVIX MARGMIÐLUNAR SPILARI**
Tvix R-3300
Margmiðlunarspilari með upptöku, HDMI, innbyggðu netkorti og USB tengi. Spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði.

HDMI · Full HD 1080

**29.990**
FULLT VERÐ KR. 34.990

HELGAR TILBOÐ 10.000 kr. AFSLÁTTUR

**TOSHIBA FARTÖLVA** 15,4"
Toshiba L300-25L
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 120GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Home Basic

**69.990**
FULLT VERÐ KR. 79.990

**iPOD VAGGA** (Logitech)
Logitech Pure Fi Express Plus
iPOD - iPHONE hleðslustöð og hátalarar með klukku og vekjara. Jöfn hljóðdreifing.

**19.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

OPIÐ TIL 22:00 í kvöld

# NÝTT KORTATÍMABIL




2.399




3.999




2.999




2.999

## ALLAR VINSÆLUSTU DVD MYNDIRNAR




2.399




2.499




2.399




4.299




2.999

ÁRITA
Skeifunni kl. 16 í DAG
Smáralind kl. 17 í DAG




1.999




2.199




2.399




2.899

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

**Skilamiði**
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

*Einfalt að skila og skipta!*

# VINSÆLAR JÓLAGJAFIR




1.999

**ÁRITA**
Skeifunni kl. 15 í DAG
Smáralind kl. 16 í DAG **og spila**
Kringlunni kl. 15 sunnudag
Smáralind kl. 16 sunnudag
og spila




2.699

**ÁRITAR**
Kringlunni kl. 14 sunnudag




1.999

**ÁRITAR OG SPILAR**
Smáralind kl. 15 í DAG




2.799

**ÁRITAR OG SPILAR**
Smáralind kl. 14 í DAG
Smáralind kl. 14 sunnudag




**ÁRITAR**
Kringlunni kl. 14 sunnudag

2.199

**ÁRITA OG SPILA**
Smáralind kl. 13 í DAG




2.199

**ÁRITAR**
Skeifunni kl. 13 í DAG
Kringlunni kl. 14 í DAG




2.199

3CD




2.999

**ÁRITAR OG SPILAR**
Smáralind kl. 15 sunnudag




2.199

2CD




2.399

2CD




2.799

2CD




2.399




2.399




2.999




2.999

CD DVD




2.999

Gildir til 11. desember á meðan birgðir endast.

**50 ára HAGKAUP** *fyrir Íslendinga í 50 ár*

# Bestu og verstu bókakápurnar

Fyrir viku fékk Fréttablaðið smekkfólk til að velja bestu plötuumslög ársins. Nú er komið að bókakápunum. Valinkunnu smekkfólki „úr bransanum“ var falið það vandasama verkefni að velja góðar og slæmar bókakápur. Óhemjumagn er gefið út í ár svo að fjölmargir titlar voru nefndir í báðum flokkum. Niðurstöðurnar voru engu að síður nokkuð afgerandi.

## BESTA BÓKAKÁPA ÁRSINS

### Heim til míns hjarta eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur




Kápan á skáldsögu Oddnýjar Eirar fékk afgerandi kosningu sem besta bókakápa ársins. Um hönnun sá Ragnar Helgi Ólafsson, útgefandi er Bjartur.

- „Þetta er bókakápan sem öllum á eftir að finnast fallegust. Gamaldags og með gægjugötum en þau eru alltaf spennandi.“
- „Frábær kápa – það langbesta sem ég hef séð í flóðinu.“
- „Ljómandi gaman að því þegar hrist er upp í útliti kápu og gerð tilraun með óhefðbundið efni þótt það sé sjálfsagt dýrara. Þessi kápa heppnast alveg fullkomlega. Einfalt, stílhreint og áhugavert. Eins og maður sjái svona bregða fyrir texta bókarinnar á kápunni gegnum þennan hring, maður fái að kíkja á innihaldið og inn í heim sögunnar sem í þessu tilviki lítur út fyrir að vera afar áhugaverður.“
- „Falleg bók, innan í og utan á, ein af fáum kápum sem mann langar til að snerta og strjúka. Ég lyktaði líka ósjálfrátt af henni. Undirtitillinn er Ilmskýrsla og árstíð á hæli, það er eins og hún hljóti að ilma að innan.“
- „Það að búið sé að gera gat á kápuna vísar beint í titilinn og dregur mann inn í bókina. Ragnar Helgi er fyrst og fremst klár og fjölhæfur bókamaður og virðist jafnvígur á allar bókmenntagreinar. Hann gerir ekki bara fínar kápur heldur skilgreinir hann verkið betur en flestir aðrir hönnuðir, það er að segja það fer sjaldnast á milli mála hvers konar bók maður hefur í höndunum.“
- „Eina bókin þessi jól sem nálgast að kallast „bókverk“. Gaman að halda á bókinni, gott að strjúka henni, flottar teikningar, og mjög skemmtileg gægjugötin, þó svo að það hefði verið hægt að gera meira með fráganginn. Myndi jafnvel hafa hana fremst í hillunni ef hún væri tekin lengra í fínheitum.“

## 2. SÆTI

### Færeyskur dansur eftir Huldar Breiðfjörð




- „Falleg ljósmynd og magnþrungið andrúmsloft. Handgert letrið er hressandi og mætti þannig lagað sjást oftar.“
- „Glæsileg kápa sem lýsir ferjustemningunni vel í kringum Færeyjar. Mér finnst allt sem færeyskt er frábært, og bækur Huldars eru yfirleitt afbragð.“
- „Myndin á kápunni er mynd sem lesandinn sjálfur hefði sjálfsagt getað tekið. Getur hæglega ímyndað sér þetta sjónarhorn og margur hefur sannarlega upplifað slíkt og þvílíkt. Miðlar þannig tilfinningu sem auðvelt er að samsama sig með. Ferðalag er líka alltaf spennandi og þegar myndin er tekin á farþeginn kannski stutt eftir í land. Fær sér seinustu kaffisopana áður en hann stígur á land á nýjum stað og tekur þessa mynd til að muna eftir tilhlökkuninni yfir öllu því sem bíður. Nú svo náttúrlega vita þeir það sem lásu Góða Íslendinga að Huldar skrifar frábærlega skemmtilegar ferðalýsingar. Svínvirkar.“

## AÐRAR GÓÐAR BÓKAKÁPUR

### Mynd af Ragnari Smára eftir Jón Karl Helgason

„Það er engin spurning, þetta er kápa ársins. Smekkleg, sniðug, vel útfærð og hentar efninu. Öðrum til fyrirmyndar.“

### Bankster eftir Guðmund Óskarsson

„Það er eitthvað við bókina sem virkar mystískt sökum naumhyggjuhönnunarinnar. Daufir bakgrunnstrúðar, handteiknað letur, lítið af upplýsingum en samt nóg til að gera mig forvitinn. En kannski var þetta bara góð ákvörðun hönnuðarins að vera ekkert að rembast við að klúðra kápunni með fleiri elementum, hver veit. Eins og ég sagði, mystískt.“

### Horfðu á mig eftir Yrsu Sigurðardóttur

„Sterk stílhrein mynd sem maður tekur strax eftir í bókabúðinni. Það er oft sem kápur vilja ná utan um allt efni bóka og skila einhverri niðurstöðu. Ragnar Helgi hönnuður gefur manni hins vegar vísbendingu. Þessi kápa er þess eðlis að maður verður að opna bókina og fá að vita meira, sem er það sem spennusaga snýst nú um.“

### Milli trjánna eftir Gyrði Elíasson

„Fallegt marglaga málverk með djúpum hreinum litatónum máluðum af miklu öryggi og af fagmennsku lýsir sögum Gyrðis afar vel. Þetta er svona kápa úr fullorðinsdeild en líka deild þar sem gæði og margbrotin sagnaheimur er til grundvallar.“

### Himinninn yfir Þingvöllum eftir Steinar Braga

„Einhver gotnesk stemning yfir þessu sem gefur einhvern hrylling til kynna og um leið eitthvað annars heims og yfirskilvitlegt, reimleikar og eitthvað slíkt. Torkennilegur andi sem svífur yfir. Get ekki lýst því nánar en virkar vel.“

### Yfir hafið og í steininn eftir Tapio Koivukari

„Mér finnst margar af bókum Uppheima fallegar, íslensku skáldverkin og ljóðin þá helst. Flott yfirbragð og gaman þegar bókaútgáfa hefur sinn sér stíl. Svo er Tapio alger snillingur.“

### Hlýjar hendur eftir Ágústu Þóru Jónsdóttur

„Mjög vel heppnuð kápa og tekur vel á móti manni. Greinilega mikið markaðsfólk sem stóð að útgáfunni en svo sneru prjónauppskriftirnar víst öfugt … vandræðalegt!“

### Ljóðasafn Ingibjargar Haraldsdóttur

„Jólagjöf MH-ingsins í ár. Mjög flott kápa, módern og listræn.“

### Og svo kom Ferguson eftir Bjarna Guðmundsson á Hvanneyri

„Kápa sem stingur svo í stúf við það sem gengur og gerist að maður verður að skoða hana betur. Vekur upp endalausar spurningar; hver er þessi Ferguson? Hvaðan kom hann? Hver kom á undan honum? Hvað gerðist svo? Og síðast en ekki síst: Hver í ósköpunum er konan sem situr á traktornum? Algjörlega óniðurlátanleg bók eins og þeir segja í útlandinu.“

### Manfreð Vilhjálmsson arkitekt

„Heimilislega sjarmerandi eins og hann sjálfur. Kápa sem verður bara fínni og fínni af því hún er ekkert að þykjast neitt.“

### Ljóðorkuþörf eftir Sigurð Pálsson

„Kraftmikil, margræð og töff. Hvurs lags bók getur þetta mögulega verið? Neyðir mann til að taka sig upp og kíkja í innihaldið.“

### Gæska eftir Eirík Örn Norðdahl

„Litrík og skemmtileg. Tímalaus hönnun sem neyðir mann til að taka höfundinn og verkið alvarlega. Áhrifarík kápa og dálítið töff.“

### Jón Leifs – Líf í tónum

„Mjög einföld kápa en passar vel við efnið. Dramatísk mynd eftir Jón Kaldal og leturgerð sem smellur við. Hefur eflaust sitt að segja að splæsa í gyllingu.“

### 1001 okkur eftir Hugleik Dagsson

„Krílin hans Hugleiks eru alveg geggjuð þegar þeim er raðað svona upp eins og í maurabúi. Maður stenst ekki að taka bókina upp og skoða.“

### Paradísarborgin eftir Óttar M. Norðfjörð

„Smekklegt gröns. Myndskreytingin af gatnakerfinu minnir á pressaða jurt og kápan hefur yfir sér náttúrulegan og gamaldags blæ.“

### Íslensk sjónabók

„Mjööööög falleg!! Ein sú fallegasta. Bók sem mig langar að eiga!!“

### Skrímsli í heimsókn

„Fallegustu íslensku barnabækurnar. Alltaf flottar!“

### Hvíti tígurinn eftir Aravind Adiga

„Öðruvísi! Falleg teikning, fallegir litir, flott letur. Skemmtilega klikkuð.“

### Heitar laugar á Íslandi

„Flott uppsetning með sumar- og vetrarmynd sem á við allan ársins hring. Þig langar virkilega að dýfa þér í eina laug í íslenskri náttúru þegar þú horfir á kápuna.“

### Augnablik eftir Malcolm Gladwell

„Vel heppnuð íslensk útgáfa sem líkist upprunalegu útgáfunni. Silfurstjarnan sem er stimpluð á kápunni er punkturinn yfir i-ið.“

### Áin eftir Bubba Morthens

„Klassísk og flott kápa sem skartar gamalli flottri mynd af veiðimanni með afla.“

## 3. SÆTI

### Svuntustrengur eftir Sigurlínu Bjarneyju Gísladóttur



„Afar fögur kápumynd, nostalgísk með pínku geðveikiskryddi.“ „Það er svo ánægjulegt (og sjaldgæft) að sjá íslenska bókakápu sem sleppir fótósjoppkraðakinu.“

## 4. SÆTI

### Sjúddirarí rei, ævisaga Gylfa Ægissonar eftir Sólmund Hólm Sólmundarson



„Harmonikka á bryggjunni og Gylfi Ægisson klæddur í skipstjórabúning. Hvað getur maður beðið um meira? Jú, ankerið sem hangir í titlinum er þriðji eða fjórði ef ekki bara fimmti punkturinn yfir i-ið. Eins og segull eða viðvörun frá landlækni eftir því hvort maður hefur húmor fyrir efninu.“

## 5. SÆTI

### Matur og drykkur eftir Helgu Sigurðardóttur




„Þessi matarbiblía frá matmóður Íslendinga kom út í ár eftir að hafa verið ófáanleg lengi. Síðast man ég eftir bókinni í ljótri stórbókaseríu frá Máli og menningu en núna kemur hún í afar smekklegum og áferðarfallegum búningi. Svo er mynd af Helgu Sig í ofanálag. Þörf bók í siðum og hefðum en svo er hún líka mikið eldhússtáss!“

## UMDEILDUSTU BÓKAKÁPURNAR

### Umsátrið eftir Styrmi Gunnarsson



👍 „Falleg, fagmannleg og vekur áhuga. Segir manni á augabragði um hvað bókin fjallar. Styður við bókartitilinn og bætir hreinlega við hann.“
👎 „Hvað er þetta á kápunni? Er Ísland statt úti fyrir Afríku? Jaaaá, það er hrunið!“

### Góði elskhuginn eftir Steinunni Sigurðardóttur

👍 „Bókarkápa sem mér finnst að mér eigi að finnast fyrirsjáanleg, en svo er hún bara falleg. Fínleg og vönduð. Það er eins og henni finnist hún sjálf vera geðveikt smægó og dulúðug. Sem er bara sætt.“
👎 „Fallegt og smekklegt handbragð en ekkert sérstaklega spennandi. Minnir helst til of mikið á Skáldalíf eftir sama hönnuð.“

### Memo eftir Oddbjörn

👍 „Þessi bók á að kenna manni á einfaldan hátt að öðlast betra minni. Mjög grípandi kápa, hver þekkir ekki veggfóðraða ísskápa með post-it miðum? Ég las þessa bók en man ekki hvernig mér fannst hún …?!“
👎 „Dæmi um hönnun sem er algjörlega augljós í augum hönnuðarins sem veit um hvað bókin fjallar en er öllum öðrum óskiljanleg fyrr en eftir langa yfirlegu. Virkar eins og ársskýrslur um þróun smitsjúkdóma sem maður rekst stundum á ólesnar á læknabiðstofum.“

### Mannasiðir Gillz

👍 „Einföld og flott kápa.“
👎 „Æi … burt með þennan gaur!“

### Prívat og persónulega eftir Birgi Sigurðsson

👍👎 „Þessi kápa er svo hallærisleg að hún er eiginlega mjög fín. Ég þekki engan sem myndi í alvöru detta í hug að setja Michelangelo-/Nokiahendur á bókarkápu. Sem gerir hana svona líka vandræðalega sjarmerandi.“

FRAMHALD Á SÍÐU 62



NÝJAR VÖRUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI!
Sýnishorn af vörunum okkar
OKKAR FRAMLAG GEGN KREPPU
Dömuúlpa 7.990
Dömukápa 7.990
Dömupeysa
Barnaúlpa 7.490
Barnapeysa
Dömupeysa 7.990
Herrapeysa 7.990
Undirfatasett
Barnapeysa
Barna-
flíssett
3.490
Herraúlpa 3 í 1
Herraskyrta 2.990
Fóðraðar regnbuxur
Barna regnbuxur 1.490
Barnagalli 5.990
Mikið úrval
af smávöru
Regatta
GREAT OUTDOORS
ARED
Dömuúlpa 14.990
Barnaúlpa
Barnaúlpa
Dömuúlpa
ILUS
Barnapeysa 7.990
Barnaúlpa
Dömuúlpa 12.990
Herraúlpa 17.990
Snjóbuxur
Barnasnjóbuxur 7.990
dare2b
Dúnúlpa 24.990
Dömu microflís 7.990
CRAGHOPPERS
Hjá okkur má skila og skipta
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16
ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

FRAMHALD AF SÍÐU 60

# Verstu bókakápurnar

## VERSTA BÓKARKÁPAN:

### Alltaf sama sagan eftir Þórarin Eldjárn

- „Það er hvergi griðastaður fyrir augun. Ofan á óreiðukennda naglahrúgu er settur hlemmur í þúsund litum og ofan á hann eru svo lagðir brenglaðir og öfugir stafir. Smörrebröð Satans."
- „Einstaklega vond bókakápa, naglar eru ekki sexí! En ef hún er klædd úr birtist undurfögur og rómantískt útlítandi flauelsbók."
- „Einstaklega ljótt!"
- „Forljótt kraðak. Þessa tætir maður strax af áður en maður nýtur snilldarinnar innan í."




## 2. SÆTI

### Sólstjakar eftir Viktor Arnar Ingólfsson

- „Lítur út eins og prentprufa. Það er eiginlega ekki fyrr en maður er búinn með bókina sem maður áttar sig á myndefninu, þangað til eru þetta bara brúnar og gular skellur sem mann langar ekki beint að handfjatla."
- „Ég bara skil ekki þessa kápu. Ég hélt að augun mín væru biluð þegar ég skoðaði hana. Hún glansar öll svo skringilega og jú, þarna eru einhver kerti og allt er svo skakkt og letrið aftan á gerir ráð fyrir því að ég sjái mjög illa."
- „Ósmekkleg og vond teikning og leturnotkun. Fráhrindandi kápa."




## 3. SÆTI

### Harmur englanna eftir Jón Kalman Stefánsson

- „Ein besta bók ársins, en kápan er eitthvað svo mikil redding. Þessi vængur er pirrandi og asnalegur og svo fer hástafurinn „E" í englanna í taugarnar á mér."
- „Er þetta ástarsaga eftir sjötuga kerlingu? BORING!"
- „Sólarlag, engill, fjall. Hefði þetta getað verið væmnara? Jú, hugsanlega með slettu af blóði á vængnum."




## 4. SÆTI

### Papa Jazz eftir Árna Matthíasson

- „Sorglegt að þegar loks er skráð saga þessa snillings og það af Árna Matt tónlistarskríbenti þá gleymist að huga að kápunni. Þeir hjá bókaútgáfunni Hólum slysast oft til að gefa út góðar bækur en ná iðulega að skemma það með ævintýralega sorglegum kápum og leturgerð!"
- „Æ, æ. Hann á nú eitthvað betra skilið."
- „Kápan segir ekkert um innihaldið – eða vonandi ekki. Ég myndi aldrei í lífinu smakka þennan djús. Eða borða þetta lífs-hlaup."




## 5. SÆTI

### Vormenn Íslands eftir Mikael Torfason

- „Alveg einstaklega groddalegt miðað við bók sem á að vera „fyndin og tregafull ádeila". Þetta gæti verið box utan um tölvuleik um fjöldamorð og pungrokk."
- „Stundum vill brenna við að kápur eigi að vera hráar og pönkaðar vegna þess að innvolsið sé þesslegt. Hins vegar er stutt í það að þannig kápur verði bara hroðvirknislegar og ljótar. Þessi er dæmi þar um. Letrið klaufalega samansett og (ljósrituð) myndin í rauðu einum of mikið af hinu góða. Hefði getað bjargað þessu með því að sleppa rauða litnum. En hann á náttúrulega að tákna hættuna og blóðhitann. Gefur hins vegar bara þá mynd að þarna sé á ferðinni ógurlega klisjukennd glæpasaga."




## Aðrar slæmar:

### Svörtu loft eftir Arnald Indriðason

„Mikið er ég orðinn dauðþreyttur á svona photoshop-sulli sem einkennir íslenskar spennusögur. Maður vill bara lofta þessu fenjagasi út um gluggann."

### Hrunið eftir Guðna Th. Jóhannesson

„Það er alveg grátlegt hvað allar kreppubækurnar eru foxljótar."

### Hið fullkomna landslag eftir Rögnu Sigurðardóttur

„Þessi kalda tómlega ljósmynd af litlu málverki á trönum, yfirgefið í stórri vinnustofu, á sjálfsagt að undirstrika að bókin fjalli um list öðrum þræði. En ef það er álíka áhugavert og málverkið á trönunum og álíka spennandi og þessi yfirgefna kalda vinnustofa, þá líst mér ekki á það. Á að miðla einhverju huglægu sjálfsagt en er alltof kalt og fráhrindandi og klunnalega stórt letur á titlinum."

### Núll, núll 9 eftir Þorgrím Þráinsson

„Kannski spilar þessi furðulegi titill einhverja rullu en hér á allt að vera eitthvað svo kúl en eins og Bo hefði sagt „samt eitthvað svo glatað". Að skella mótorhjólatöffara í forgrunn með píu og gengi í bakgrunni bendir til þess að miðaldra aðstandendur séu líklega fastir í sinni eigin unglingamenningu."

### Hjartsláttur eftir Ragnheiði Gestsdóttur

„Meira svona „flatliner". Flatlýst klippimynd sem er ekki bara tímaskekkja stíllega heldur efnislega líka. Kjánaleg meðferð á myndefninu. Það að drengur, dekkri á hörund leiði fölbleika stúlkuhendi er sem betur fer ekki jafn hrikalega dramatískt og gefið er í skyn."

### Þvílík vika eftir Guðmund Brynjólfsson

„Hér á sennilega að höfða til unglingsstráka og einhver talið það líklegt til vinsælda að nota leturgerð sem vísar í sverð og víkinga. Subbuleg útgáfa af einhvers konar Harry Potter ævintýra-kitchi."

### Það liggur í loftinu eftir Jónas Jónasson

„Ævisögur eru þær bækur sem jafnan skarta verstu kápunum og hér er á ferðinni kápa sem skartar mynd af umfjöllunarefnunum á góðri stund úr fjölskyldualbúminu. Nokkrar fleiri ævisögur sem skarta óunnum myndum úr fjölskyldualbúminu eru Heimshornaflakk, Niðri á sextugu og Sá á skjöld hvítan."

### Stórskemmtilega stelpubókin

„Frábær bók en kápan er fráhrindandi, flöt og alls ekki í takt við innihaldið."

### Vigdís eftir Pál Valsson

„Ótrúlegt virðingarleysi við innihaldið. Þetta er stórmerkileg bók um stórmerkilega manneskju, en lítur út eins og enn ein endurminningabókin frá gömlu dögunum á Patró. (sorrý Patró). Dauf og slöpp ljósmynd, klunnalegt letur, og óskiljanlega ópersónulegt."

### Söknuður eftir Jón Ólafsson

„Var Villi Vill geimvera? Við söknum hans svo mikið að hann er að hverfa af kápunni."

### Auður eftir Vilborgu Davíðsdóttur

„Hver hellti appelsíni yfir bókina?"

### Hyldýpi eftir Stefán Mána

Það er alveg sama hver hannar kápu á bók eftir Stefán Mána. Þær eru alltaf ljótar.

### Jón Ólafur með dauðann á hælunum eftir Kikku

„Hrikaleg kápa! Þetta er ein sú alversta. Unglingabækur eru flestar ljótar en þessi slær allt út!"

### Ofbeldi á Íslandi á mannamáli

„Ég skil ekki myndina framan á bókinni? Engin samsvörun. Ljótt!"

### Konan sem kyssti of mikið eftir Hallgrím Helgason

„Ertu að grínast? Á þetta að vera eitthvað fyndið? Kápa sem hræðir börn – og fullorðna."

### Nektarmyndin eftir Helga Jónsson

„Ekki alveg að standa sig í smekklegu deildinni. Eins og plakat fyrir blautbolakeppni á Ingólfskaffi sirka 1992."

### Bókmennta- og kartöflubökufélagið eftir Mary Ann Shaffer og Annie Barrows

„Ömurlegur titill og enn verri kápa. Leiðindi og þunglyndi öðlast nýja merkingu, myndi ekki vekja athygli mína þótt hún væri eina bókin á eyðieyju."

### Kynni eftir Milan Kundera

„Alvarlegt slys! Litblindum hönnuði tekst fullkomlega að fela nafn vinsæls höfundar. Enn verri er fáránlegur seventísfonturinn á titlinum sem er alveg út úr kú við bæði innihaldið og annað á kápunni. Minnir helst á slæmt sýruflassbakk frá hippaárunum, ef ekki bara tvö slæm flassbökk hvert á eftir öðru."

„Alger grautur. Kannski er ekki ætlast til að þessi bók seljist."

### Alfreðs saga og Loftleiða eftir Jakob F. Ásgeirsson

„Þessi bók hlýtur að hafa verið á útgáfuáætlun 1989 en ekki 2009, eða þeir byrjuðu þá á kápunni og huguðu svo að innihaldinu næstu 20 árin."

### Kaupalkinn í New York eftir Sophie Kinsella

„Þessar skvísubækur komu út fyrst hjá öðrum útgefanda en svo tók þessi við. Kápurnar voru nýtískulegar en núna, maður lifandi?! Ég efast um að konur vilji klæða sig í Pradaskó, drekka Cosmo og flagga þessari ljótu bók á B5!

### Karlsvagninn eftir Kristínu Marju Baldursdóttur

„Þetta verður ein af söluhæstum bókum þessa árs, enda er hún með endurnýttri kápu frá Arnaldi Indriðasyni síðan fyrir fáeinum árum."

### Hjá brúnni eftir Kristínu Ómarsdóttir

„Lengi hef ég persónulega verið hrifinn af Kristínu, það er að segja sögunum hennar og ljóðunum. En mikið assgoti er þetta slæmur titill og enn verri mynd. Hjá brúnni er eins og nafn á lélegu amerísku raunsæisleikriti og myndin, jú svart-hvít-brún mynd af skógarbotni. Svona eins og safn minningargreina úr Mogganum."

## ÁLITSGJAFAR:

**Bragi Valdimar Skúlason** textasmiður
**Bobby Breiðholt** hönnuður
**Dögg Hjaltalín** hjá Bókabúð máls og menningar
**Guðmundur Oddur Magnússon** hönnuður
**Halli Civelek** hönnuður
**Kristján Freyr Halldórsson** hjá Eymundsson
**Pétur Már Guðmundsson** hjá Bóksölu stúdenta
**Óttarr Proppé** hjá Pennanum
**Rán Flygenring** hönnuður
**Signý Kolbeinsdóttir** hönnuður
**Styrmir Sigurðsson** kvikmyndagerðarmaður
**Svanborg Sigurðardóttir** hjá Eymundsson
**Svavar Pétur Eysteinsson** hönnuður




Annað upplag komið í verslanir!

Gylfi segir frá ævi sinni af sjaldgæfri hreinskilni. Þetta er saga manns sem tapar miklu, lendir úti á jaðrinum og endar við dauðans dyr en kemst aftur inn í ljósið. Í henni er mikið sjúddirarí rei.



★★★★
„Frábærlega skemmtileg og rembingslaus ævisaga æringja.“
- Dr. Gunni, Fréttablaðið.

★★★★
„Þetta er jólabók sjómannsins og allra hinna sem hafa gaman af frásagnargáfu í hæsta gæðaflokki.“
- Reynir Traustason, DV.

★★★
„Stórskemmtileg bók um gallagrip af gamla skólanum...“
- Jón Yngvi Jóhannsson, Pressan.is.

„Þetta er dúndurskemmtileg bók... minnir á Góða dátann Svejk... ótrúlegur karakter.“
- Egill Helgason, Kiljan

„Einhver litríkasta og skemmtilegasta ævisaga sem hefur komið út á íslensku. 5 stjörnur!“
- Freyr Eyjólfsson, Rás 2.

„Bók Gylfa Ægis er svakalegasta og skemmtilegasta ævisaga seinni tíma“
- Bubbi Morthens.

Sjúddirarí rei, endurminningar Gylfa Ægissonar fæst næstu verslun

sena
okkar heimur // þín skemmtun



BUDDAH
h. 52cm
4.900
kr
OPNUNARTILBOÐ!!!
Sófar m. tauáklæði
99.000 kr.
Fallegir púðar
1.990 kr.
Bastkörfur
- margar stærði
Verð frá 500 kr.
50%
afsláttur
50%
afsláttur
GÆÐA
BAÐSLOPPAR
Baststóll
19.500 kr.
IKEA
TEKK
VÖRUHÚS
P
P
KAUPTÚN
3
Jóla-
stjarna
1. fl.
690 kr.
Fabrikan



OPNUNARTILBOÐ!!!
Leðursófar
99.000 kr.
Trélukt
4.900
kr
Í dag opnar í Kauptúni
TEKK
VÖRUHÚS
Meira
fyrir
minna
Borðstofusett
99.000 kr.
SERAX
kerta-
luktir og
kerti
50%
afsláttur
Trébakki
1.900
kr
Síprus
290 kr.
Blómapottar
30%
afsláttur
TEKK
VÖRUHÚS
KAUPTÚNI (GEGNT IKEA)
LÖNG HELGI - OPIÐ
LAUGARDAG 10-18
SUNNUDAG 12-18
SÍMI 564 4499

# Jólin koma í Sæborg

Jólin nálgast óðfluga og **krakkarnir í leikskólanum Sæborg** á Ægisíðunni eru farnir að hlakka til. Föndurstundirnar bera keim af komandi hátíð, krakkarnir búa til skreytingar og gjafir handa mömmu og pabba. Krakkarnir spá í jólasveininn, Grýlu og svo auðvitað gjafirnar. *Dr. Gunni* og *Gunnar V. Andrésson* ljósmyndari litu við.

## GRÝLA KEMUR ALDREI Í BÆINN

Brynja Karítas, Jón Kristján og Sigríður eru að teikna á næst elstu deildinni, Sólarkoti. „Mig langar helst í rugguhest til að rugga upp á," segir Jón Kristán, fjögurra ára. Hann segist vera að teikna Spiderman með jólasveinahúfu. Eða engil.

„Ég er búinn að velja risaeðluvélmenni handa mömmu minni," segir hann. „Mamma mín heitir Elín. Ég á líka bróðir sem heitir Ísak."

Ertu búinn að sjá einhverja jólasveina í ár?

„Nei."

Hvar heldurðu að þeir séu?

„Upp í fjöllum."

Sigríður gefur ekkert uppi um það hvað henni langar í jólagjöf en Brynju langar „bara í allskonar."

Hvað þá helst?

„Í bók."

Hvernig bók?

„Um dýrin."

Ert þú búinn að sjá einhvern jólasvein?

„Já. Á ég að segja þér hvern ég hitti fyrst?"

Já, endilega.

„Ég sá Stekkjastaur."

Varstu nokkuð hrædd við hann?

„Nei. Ég er ekki heldur hrædd við Grýlu heldur. Hún kemur aldrei í bæinn."

„Nei, hún kemur aldrei í bæinn," staðfestir Jón Kristján. „Mamma mín lesti um hana í jólabók sem ég fékk á jólasafninu um alla jólasveinana. Grýla kemur aldrei í bæinn. Það stendur. Og hún leyfir jólasveinunum aldrei að fara út nema á jólunum. Þá koma þeir til krakkanna."



**EKKERT HRÆDD VIÐ GRÝLU** Jón Kristján og Sigríður teikna og teikna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GRÝLA EÐA LÍNA LANGSOKKUR?** Brynja Karítas með ljómandi fallega klippimynd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## GARY NUMAN Á SÓLARKOTI

Tónmenntakennarinn Anik Todd er með gríðarlega töffara úr Sólarkoti í tíma. Það er þó enginn jólahugur kominn í mannskapinn ennþá og ekkert jólagutl sem verið er að syngja inn á forláta fartölvu. Nei, hér er það nýbylgjurokkið sem ræður ríkjum og strákarnir eru að syngja inn lagið Cars eftir hinn glerharða kuldarokkara Gary Numan.

„Here in my car / I feel safest of all / I can lock all my doors / It's the only way to live / In cars," syngja strákarnir á ensku eins og ekkert sé sjálfsagðara. Þeir stilla sér upp í rokkaragír en svo mega þeir ekki vera að því lengur að blanda geði við blaðasnápa. Rokkið gengur fyrir.



**EKKERT JÓLA JÓLA HÉR** Sólarkots-strákarnir í tónmennt vilja bara nýbylgjurokk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÞETTA ER NÚ BARA JÓLASVEINAHÚFA



**RIDDARA-PLAYMO** Gylfi veit hvað hann vill. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gylfi í Mánakoti er að teikna og klippa út jólamyndir. Er hann farinn að hlakka til jólanna?

„Já. Það er kominn desember."

Ertu búinn að ákveða hvað þú vilt fá í jólagjöf?

„Já, Playmo. Riddara-playmo."

Þú ert með jólasveinahúfu – ert þú nokkuð jólasveinn?

„Ne-hei, þetta er nú bara jólasveinahúfa. Ég er enginn jólasveinn!"

## PAPPAKASSI OG SNJÓKARL

Eva María á Mánakoti er að vatnslita snjókarl. Er hún búin að ákveða hvað hún vill í jólagjöf?

„Bókina um Lubba. Það er búið að vera að lesa hana hér."

Þuríður Þöll er hins vegar að vatnslita brúnan pappakassa og gefur ekkert uppi, hvorki um það hvað er innan í brúna kassanum, né hvað henni langar helst í í jólagjöf.



**VATNSLITAÐ Í MÁNAKOTI** Þuríður Þöll gerir brúnan kassa en Eva María snjókarl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# TILNEFND TIL ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNANNA

ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR:

*„Ævintýraleg örlagasaga … María Rán hefur snúið verkinu yfir á afar lipurt og litríkt íslenskt mál.“*

**METSÖLUBÓK**
***á heimsvísu***




Alþýðan í Barcelona byggði eina fegurstu kirkju heims í skugga styrjalda, hungurs og drepsótta; Kirkju hafsins.

Saga hennar er saga borgarinnar og fólksins, saga um gleði og harma, líf og dauða – margslungin og viðburðarík bók.

**María Rán Guðjónsdóttir** þýddi.

★★★★½
*Amazon.com*

„Ég gat ekki lagt hana frá mér sársaukalaust … **Ótrúlega heillandi bók.“**
*Jenný Anna Baldursdóttir / eyjan.is*

**„Æsispennandi og læsileg örlagasaga.“**
*Independent*

**„Hörkufín lesning** … ein af þessum stóru, víðfeðmu epísku sögum, full af litríkum persónum og dýrðlegum sviðsetningum … grimmd, losti, nornaveiðar og til að auka enn á spennuna – spænski rannsóknarrétturinn.“
*Estella's Books*

„Saga sem maður les af jafnmikilli ákefð og hún er skrifuð, og þegar hún tekur enda vill maður meira. **Frásögn full af undrum.“**
*La Vanguardia*



**NÓVEMBERSÓLIN UM HÁDEGISBIL** Á Mýrdalssandi blasir fjöldi hóla við vegfarendum. Þeir stilltu sér upp fyrir myndatöku í svartasta skammdeginu þegar jafnvel hádegi lítur út fyrir að vera kvöld.

# Sólardagur í skammdeginu

Á leið sinni austur í Öræfasveit einn sólardag í nóvember tók *Gunnar V. Andrésson,* ljósmyndari Fréttablaðsins, þessar myndir sem sýna landið í litbrigðum skammdegissólar. Þó að einungis sé bjart í nokkrar klukkustundir þá má vel njóta þeirra.



**LÓMAGNÚPURINN ÞVERHNÍPTUR** Öræfajökull blasir við í baksýn.




**ORRUSTUHÓLL Í BRUNAHRAUNI** Vel merktur.



**MÝRDALSJÖKULL** Skyldi Katla gjósa brátt?



**GAMLI BÆRINN Á NÚPSSTAÐ** Kúrir undir Núpsstaðaheiði og minnir á gamla tíð er torfbæir voru alvanalegur húsakostur.

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*




644 kr áður 990 kr

579 kr áður 890 kr

BANGSÍMON EÐA BÍLAR
LITUMUM OG LEIKUM
35%
AFSLÁTTUR




3.894 kr áður 6.490 kr

UMSÁTRIÐ
40%
AFSLÁTTUR




3.894 kr áður 6.490 kr

HJARTSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR




3.953 kr áður 6.480 kr

MYND AF RAGNARI SMÁRA
39%
AFSLÁTTUR




3.414 kr áður 5.690 kr

HORFÐU Á MIG
40%
AFSLÁTTUR




3.887 kr áður 5.980 kr

SÁ Á SKJÖLD HVÍTAN
VIÐTALSBÓK VIÐ JÓN BÖÐVARSSON
35%
AFSLÁTTUR




3.862 kr áður 5.680 kr

GÓÐI ELSKHUGINN
32%
AFSLÁTTUR




3.288 kr áður 5.480 kr

TÝNDA TÁKNIÐ
40%
AFSLÁTTUR




3.692 kr áður 5.680 kr

HARMUR ENGLANNA
35%
AFSLÁTTUR




3.562 kr áður 5.480 kr

MILLI MJALTA OG MESSU
35%
AFSLÁTTUR




3.569 kr áður 5.490 kr

VORMENN ÍSLANDS
35%
AFSLÁTTUR

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 4. - 6. desember eða meðan birgðir endast



MYNDIR/SIGRÚN

**VALHNETU- OG RÚSÍNUKÖKURNAR** Girnilegar og uppfullar af hollu hráefni.

## Valhnetu- og rúsínukökur

*15-20 kökur*

60 g rúsínur
40 g valhnetur
30 g kakó
1 msk. kakónibbur (e. Cacao Nibs, má sleppa)
1 tsk. agavesíróp

*Setjið valhneturnar og rúsínurnar í matvinnsluvél og malið í um 20 sekúndur eða þangað til allt blandast vel saman og er fínkornótt. Bætið kakónibbunum, kakóinu og agavesírópinu út í og blandið áfram í nokkrar sekúndur. Skafið hliðar matvinnsluvélarinnar og blandið áfram í nokkrar sekúndur. Bætið 1 tsk. af agavesírópi út í ef blandan er of þurr. Hnoðið deigið vel saman með höndunum og geymið í ísskáp í um 20 mínútur.*

*Setjið plastfilmu á borð (eða bökunarpappír). Fletjið deigið út með höndunum eða kökukefli svo það verði um 1/2 sentimeti að þykkt og skerið út kökur með smákökumóti. Geymið í ísskáp eða frysti og berið fram kalt.*

*Nota má carob í staðinn fyrir kakó. Nota má pekanhnetur í staðinn fyrir valhnetur. Sleppa má kakóinu og nota 30 gr kókosmjöl og 1 tsk. kanil í staðinn. Nota má hlynsíróp í staðinn fyrir agavesíróp.*

*Kakónibbur fást í heilsubúðum, nota má 85% dökkt súkkulaði í staðinn.*

# Ljúffengt og hollt með lítilli fyrirhöfn

**Sigrún Þorsteinsdóttir** heldur úti uppskriftavefnum www.CafeSigrun.com þar sem eingöngu eru hollir réttir. Sjálf hefur Sigrún ekki neytt skyndibita né sælgætis síðan hún var tólf ára. ***Níels Rúnar Gíslason*** kom að máli við þessa kjarnakonu og fékk hana til að gefa uppskrift að hollum sætindum.

Það er auðvelt að gera óhollan mat hollari með lítilli fyrirhöfn. Nota til dæmis spelti í stað hveitis, nota ekki hvítan sykur, kókosolíu í stað smjörs, minnka fitumagn og nota meira af óunninni matvöru,“ segir Sigrún og svarar þegar hún er spurð um gullnar reglur: „Já, önnur reglan er sú að ég borða aldrei mat sem inniheldur orð í innihaldslýsingu sem ég skil ekki. Hin reglan er sú að ég fylgi aldrei mataræði sem er í tísku. Ég fylgi alltaf mínu mataræði.“

Sigrúnu þykir Íslendingar heldur betur borða óhollan mat en þrátt fyrir það reynir hún ekki að ýta sínum lífsstíl að fólki. „Það verður að vilja þetta sjálft. Svo er heldur ekki sérlega sniðugt að fullyrða að þessar hollu tófúbollur sem þú ert að borða séu miklu betri en lambalærið sem einhver annar er að borða. Þó að mér finnist það er ekki víst að öðrum finnist það. Það fær því enginn hollustupredikanir hjá mér nema biðja sérstaklega um það,“ segir Sigrún.

Hún tekur þó fram að þegar hún bjóði fólki í mat sé óhollustufólkið forvitið og sæki í hollustuna. „Fólk heldur að það hafi ekki nægan tíma eða peninga til þess að gera mat hollari. Ég segi hins vegar alltaf að ef maður hefur nægan tíma til að horfa á sjónvarp hefur maður tíma til að elda. Og ef maður hefur tíma til að elda hefur maður tíma til að elda hollt,“ segir Sigrún.

Hún lætur hér lesendum í té þrjár uppskriftir sem ekki hafa birst á síðunni hennar. Eina að hollum smákökum, aðra að hráfæðissmákökum og þá þriðju að einföldu konfekti.



**SIGRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR** Leggur áherslu á hollustu í allri sinni matargerð.

MYND/KRISTINN MAGNÚSSON



**MACADAMIA- OG LÍMÓNUKONFEKT SIGRÚNAR** Ef til vil fremur látlaust að sjá en leikur við bragðlaukana.

## Macadamia- og límónukonfekt

*Gerir um 12-15 kúlur*

2 bollar macadamiuhnetur
1 bolli kókosmjöl
1 msk. fínt rifinn börkur af límónu
2 msk. límónusafi
2 tsk. vanilludropar eða duft úr heilsubúð (má sleppa)
¼ tsk. salt (Himalaya- eða sjávarsalt)
3 msk. agavesíróp
1 msk. kókosolía

*Setjið macadamiuhnetur, kókosmjöl, límónubörk, límónusafa, vanilludropa, salt og agavesíróp í matvinnsluvél. Malið í 5-10 sekúndur eða þangað til hneturnar hafa molnað vel en eru ekki orðnar að mauki (verða of olíukenndar ef maukaðar of mikið). Setjið kókosolíuna út í og malið í 2-3 sekúndur. Kælið deigið í 30 mínútur. Mótið kúlur og geymið í lokuðu íláti í ísskápnum.*

*Gott er að dýfa molunum í bráðið, dökkt súkkulaði. Notið dökkt súkkulaði með hrásykri til dæmis frá Green & Black's.*



**HLYNSÍRÓPS- OG VANILLUSMÁKÖKUR** Hollar og hreint út sagt ómótstæðilegar.

## Hlynsíróps- og vanillusmákökur

*um 25-30 smákökur*

130 g spelti
60 ml hlynsíróp
1 eggjahvíta
1 vanillustöng
4 msk. kókosolía
2 msk. rapadurahrásykur (eða annar hrásykur)
½ tsk. vanilludropar úr heilsubúð (má sleppa)
¼ tsk. bökunarsódi
1/8 tsk. kanill
¼ tsk. engifer
1/8 tsk. múskat

*Smá klípa salt (Himalaya- eða sjávarsalt) Sigtið saman í stóra skál; spelti, bökunarsóda, kanil, engifer, múskat og salti. Hrærið vel.*

*Í aðra skál skuluð þið blanda saman eggjahvítu, kókosolíu, hlynsírópi, vanilludropum og hrásykri. Hrærið vel saman.*

*Skerið vanillustöngina eftir endilöngu og skafið fræin (með oddi á litlum hníf) ofan í hlynsírópsblönduna.*

*Hellið hlynsírópsblöndunni ofan í stóru skálina.*

*Hnoðið deigið vel og geymið í ísskápnum í klukkutíma. Ef deigið er mjög klístrað má dreifa spelti utan um deigið svo það festist ekki við.*

*Skiptið deiginu í nokkra búta og fletjið hvern bút út með kökukefli eða stórri glerflösku. Skerið út kökur sem eru um 5,5 sentimetrar í þvermál. Setjið bökunarpappír á bökunarplötu. Dreifið kökunum á bökunarpappírinn. Bakið við 180°C í um 10-12 mínútur. Gott er að saxa eina lúku af valhnetum afar smátt og setja í deigið.*

# BLAÐINU SNÚIÐ VIÐ

## JÓLASTEIK FYLGIR JÓLABÓK




## JÓLASTEIK FYLGIR JÓLABÓK - GJÖF MEÐ GJÖF

Gjöf fylgir fylgir tugum titla um helgina

**Hamborgarhryggur** frá Gallerý Kjöt

**Geisladiskur** Hawaii

**Barndadiskur DVD** Róbert bangsi 2

**Barndadiskur DVD** Ævintýrin úr Stundinni okkar




BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

# Hugmyndir framtíðarkennara

Meistaranemar úr listkennsludeild Listaháskóla Íslands kynntu nýverið verkefni sem þróuð voru í áfanganum Leiðtoginn og verkefnastjórnun í haust. Í nemendahópnum eru myndlistarmenn, hönnuðir, tónlistarfólk og arkitektar og kynningarnar voru hressandi og fjölbreyttar eftir því. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* fylgdist með og forvitnaðist um næstu skref verkefnanna.

## Framsækni smíðavöllurinn – ný formhugsun og efnisnotkun



„Hversu margir hérna inni tóku þátt í smíðavöllunum sem krakkar?“ spurði kynnir hópsins um framsækna smíðavöllinn. Stór hluti hópsins rétti upp hönd. Þegar hann spurði svo hversu margir myndu sérstaklega eftir afrakstri smíðavinnunnar fór einungis ein hönd á loft.

Hugmyndin um framsækna smíðavöllinn gengur út á að kynna börnum nýjar leiðir í formhugsun og efnisnotkun, auk þess að efla umhverfisvitund þeirra. Krakkar gætu lært svo mikið annað en að munda hamar og sög á smíðavöllunum. Þau séu hugmyndarík og móttækileg og það eigi að byrja snemma að láta þau tileinka sér að vera meðvituð um umhverfi sitt.

Framsækni smíðavöllurinn á að verða tveggja vikna sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum níu til tólf ára. Þau munu enga forskrift fá að því hvernig bygging eigi að líta út. Þau eiga að finna sér sinn eigin ramma, byggða á náttúrunni, áhugamálum þeirra eða einhverju allt öðru. Nota á allt tiltækt efni sem fellur til í nútímasamfélagi, til dæmis flöskur, dósir, dekk, torf, grjót og snæri.

Hópurinn leitar nú styrkja og samstarfs við sveitarfélög og byggingarfyrirtæki, um að fá að nýta afganga sem falla til hjá þeim. Hann hefur fengið góð viðbrögð við hugmyndinni hjá ÍTR, þó ekkert hafi enn verið staðfest.

## Ullarblæti – kvikmynd um íslensku ullina

„Við erum áhugafólk um ullina sem vopn í baráttunni gegn kulda og tísku en einnig sem efni til listsköpunar.“ Þannig kynnti hópurinn sem aðhyllist ullarblæti hugmynd sína. Hann ætlar að búa til kvikmynd á óljósum mörkum tónlistarmyndbands og stuttmyndar um íslensku ullina. Myndin á að sýna fæðingu hnykils. Að gerð hennar koma, til viðbótar við hópmeðlimi, myndlistarmenn, tónlistarmenn og hönnuðir sem eiga það sameiginlegt að blóta ullina að íslenskum sið. Voru liðsmenn hljómsveitarinnar Flís þar sérstaklega nefndir.

Kvikmyndina segja hópmeðlimir þeirra leið til að þakka ullinni og afsprengi hennar, hnyklinum – hjarta þjóðarinnar – fyrir allt sem þau hafa gert fyrir landann í gegnum aldirnar. Ullin hafi átt ákveðna endurkomu í samfélaginu að undanförnu og því sé tímasetningin gullin.

Hin listræna stuttmynd á að þjóna þjóðinni bæði í menningarlegu samhengi en einnig sem listrænt markaðstæki. Hana á að sýna í tengslum við ýmsar listrænar uppákomur, sem á að verða til þess að auka markaðsmöguleika ullarinnar. Þessi hópur sá einnig fyrir sér samstarf við tónlistarhátíðina Réttir. Á hverju ári yrði „Rétta peysan“ hönnuð, af mismunandi hönnuði á ári hverju.



## Sveitin inn í borgina – Réttir í Reykjavík



„Til hvers að fara út úr bænum til að fara í réttir?“ spyr hópurinn sem langar að fylla Klambratún, Lækjartorg eða annað bersvæði í Reykjavík af jarmandi sauðfé. Samkvæmt hópnum hefur rof skapast á síðustu árum í íslensku samfélagi. Heil kynslóð sé að vaxa úr grasi fullkomlega úr tengslum við fortíð og sögu þjóðarinnar. Það sér hópurinn sem stórhættulega þróun. „Það dýrmætasta sem við eigum liggur í menningu okkar,“ sagði forsprakki hópsins um leið og inn í salinn var teymdur stærðarinnar hrútur í fylgd heillar bændafjölskyldu. Sú var sögð tilheyra fyrirmyndarstétt í íslensku samfélagi í dag, við dynjandi lófatak viðstaddra.

Til að færa fólk nær rótum sínum með sem minnstri fyrirhöfn leggur hópurinn til að réttirnar verði færðar inn í Reykjavík. Viðburðurinn verði upplýsandi fjölskylduskemmtun. Hugsanlega yrði féð rekið í gegnum hluta af miðbæ Reykjavíkur áður en endað yrði í réttunum. Þar yrðu settir upp kynningar- og sölubásar tengdir sauðkindinni og öðrum þjóðlegum afurðum. Hópurinn á þegar í viðræðum við tónlistarhátíðina Réttir um samstarf og ekki ólíklegt að réttirnar verði haldnar innan vébanda tónlistarhátíðarinnar, ef leyfi fæst fyrir þeim.

## Pling Plong – nútímatónlist í verslunarmiðstöð



Hópinn skipa aðdáendur nútímatónlistar sem hafa þá sameiginlegu ósk að hún verði gerð aðgengilegri fyrir almenning. Tillaga hópsins er að nútímatónlist verði hljóðheimur verslunarmiðstöðvar í einn dag eða hluta úr degi. Hópurinn telur fólk almennt ekki vita mikið um nútímatónlist. Það telji sig heldur kjósa popptónlist, af því að slíkri tónlist er haldið að þeim í fjölmiðlum og á ýmsum stöðum þar sem hópar fólks koma saman.

Hljóðheimi verslunarmiðstöðvar myndi hópurinn vilja breyta um helgi að vori. Fólk myndi sennilega ekki sækja viðburðinn, þar sem hann yrði ekki auglýstur, heldur hljóðumhverfið skyndilega breytt. Þannig gefist fólki kostur á að heyra nútímatónlist – tónlist sem það hugsanlega vill í reynd heyra en veit það bara ekki sjálft. Hópurinn telur einnig ákjósanlegt að leita til félagsfræðideildar Háskólans eftir samstarfi. Það væri áhugavert rannsóknarefni að skoða hvernig kauphegðun fólks breytist með því að skipta um tónlist á fóninum.

## Tóm hús – Tóm hús verða umhverfislistaverk

Á víð og dreif um höfuðborgarsvæðið standa hundruð tómra húsa, misjafnlega langt á veg komin í byggingu en öll laus við allt mannlíf. Þetta finnst hópnum ótækt enda hljóti að vera eðlilegt að nýta þessi verðmæti. Hann vill færa von til samfélagsins með því að umbreyta hálfkláruðum húsum í skapandi umhverfislistaverk og nýta þannig aðstæðurnar sem skapast hafa í þjóðfélaginu í eitthvað uppbyggilegt og jákvætt.

Hópurinn sér fyrir sér að kalla saman hóp listamanna í tveggja vikna vinnuferli. Í lok þess verði opnuð sýning sem myndi vara í tvær helgar. Gestir gætu farið á milli umhverfislistaverkanna, sem hvert fengi sitt sjálfstæða líf og því alltaf eitthvað nýtt að finna á hverjum stað. Ferlið yrði fest á filmu og í dagbók og síðar yrði bók gefin út um ferlið. Sú myndi grípa tíðarandann og vera dýrmæt heimild í framtíðinni. Hópurinn telur jafnframt að framtakið gæti aukið sölumöguleika fasteigna. Hann vonast til að geta haldið sýninguna í sumar og leitar nú samstarfs við listamenn og eigendur tómu húsanna.



Enn geta börn og unglingar fengið prooptik gleraugu á 0,- krónur



Við höfum frá opnun boðið gleraugnanotendum upp að 18 ára aldri gæðagleraugu fyrir framlag Sjónstöðvar og hefur hlutur notenda því verið 0,-. Þetta höfum við gert með magninnkaupum og samstarfi við prooptik-verslanir víða um heim.

Um áramótin breytist endurgreiðslufyrirkomulagið hjá Sjónstöð Íslands og fyrirsjáanlegt að viðskiptavinir koma til með að þurfa að taka einhvern þátt í kostnaði.

Við munum að sjálfsögðu, hér eftir sem áður, bjóða besta verð án þess að slaka á gæðakröfum.

prooptik gleraugu

Hagkaupshúsinu, Skeifunni
Kringlunni, 2. hæð
Spönginni, Grafarvogi

5 700 900

# Vigdís okkar!

**Páll Valsson bregður upp einstakri mynd af Vigdísi sem sýnir hana í nýju ljósi. Við kynnumst náið sorgum hennar og sigrum, saga hennar verður lesanda nákomin og hugstæð.**




**30% afsláttur**



**Vigdís Finnbogadóttir og Páll Valsson árita bókina í Suður-Kringlu kl. 14 í dag, laugardag.**

*„Verulega góð ævisaga ... Bókin lýsir heiðarlegri og góðri manneskju.“*
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

*„Við fáum að vita ýmsa hluti um Vigdísi sem við vissum ekki ... Vel unnið verk.”*
Egill Helgason / Kiljan

★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

**4.890 kr.**
~~6.990 kr.~~

1. sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
*Handbækur, fræðibækur og ævisögur

Tilboð gildir til og með 06.12.09

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


TILBOÐ DAGSINS
Ideline kaffikanna
1.989 kr.
AÐEINS LÍTIÐ BROT AF ÚRVALINU
Kenwood straujárn 6.989 kr.
Philips rakvél 8.989 kr.
Melissa hárblásari 1.989 kr.
Severin brauðvél 15.989 kr.
Severin blandari 5.989 kr.
United örbylgjuofn 11.989 kr.
Philips handþeytari 5.989 kr.
Kenwood ryksuga 8.989 kr.
Melissa fótanuddtæki 5.989 kr.
Severin kaffikanna 16.989 kr.
Philips hárblásari 2.989 kr.
Severin eldhúsvog 4.489 kr.
Philips kaffikanna 5.989 kr.
Cleanaer jónatæki Loft-hreinsi-tæki 9.989 kr.
Exido hársett 5.989 kr.
Melissa hitateppi 4.989 kr.
Melissa krullujárn 2.489 kr.
Exido eldhúsvog 2.989 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ
?
Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS í blaðinu á mánudag!
PS3
CALL OF DUTY MODERN WARFARE 2
10.989kr.
Panasonic
Þráðlaus Panasonic sími
4.989kr.
The HANGOVER
2.289kr.
2.389kr.
TROÐFULL BÚÐ AF GJAFAVÖRU
United ferða DVD
18.989kr.
Nokia farsími
5.989kr.
Doro þráðlaus sími
9.989kr.
Nikon myndavél
19.989kr.
Nikon myndavél
114.989kr.
32 tommur
32" United LCD
119.989kr.
Philips 22" LCD
35.989kr.
Toshiba fartölva L300-25L
79.989kr.
JBL iPod vagga
19.989kr.
Panasonic míkrósamstæða
29.989kr.
Philips videótæki
29.989kr.
42 tommur
42" Panasonic LCD
184.989kr.
Nýtt KORTATÍMABIL
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is
MAX RAFTÆKI

**RÚNAR JÚLÍUSSON TÓNLISTARMAÐUR (1945-2008) ANDAÐIST ÞENNAN DAG.**



*„Það þarf fólk eins og þig fyrir fólk eins og mig.“*

***Rúnar var meðal afkastamestu tónlistarmanna landsins. Hann vakti fyrst athygli með hljómsveitinni Hljómum í Keflavík árið 1963 og var æ síðan áberandi í útgáfu og tónleikahaldi.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. DESEMBER 1922

## *Írar stofnuðu fríríki*



Írar lýstu yfir stofnun írska fríríkisins þennan dag árið 1922. Írland var þó áfram hluti breska samveldisins eins og önnur sjálfstjórnarríki sem tilheyrðu því.

England hafði stjórnað Írlandi frá því á 12. öld. Öldum saman reyndu írskir kaþólikkar að brjótast undan veldi þeirra en var haldið niðri. Hreyfing sem barðist fyrir heimastjórn Írlands hóf uppreisn í kringum aldamótin 1900 sem einnig var barin niður. Írski lýðveldisherinn, IRA, hóf í áranna rás skæruhernað gegn breska hernum og þar kom að lýst var yfir friðarsáttmála. Árið 1922 var svo skrifað undir samning þar sem Írar fengu sjálfsstjórn yfir suðurhluta landsins en sex nyrstu sýslur landsins voru enn undir stjórn Bretlands.

Borgarastyrjöld braust út áður en lýst var yfir stofnun írska fríríkisins sem endaði með sigri sjálfstæðissinna. Írska þjóðin tók upp stjórnarskrá árið 1937 og lýsti því yfir að Írland væri fullvalda og sjálfstætt ríki. Írska fríríkið tók upp nafnið Írland, Eire, og árið 1949 var nafn írska lýðveldisins tekið upp.

**MERKISATBURÐIR**

**1492** Kristófer Kólumbus stígur fyrstur Evrópumanna á land á Hispaníólu.
**1796** Í Reykjavíkurskóla er frumsýnt leikritið Slaður og trúgirni eftir Sigurð Pétursson. Síðar fékk það nafnið Hrólfur.
**1848** Gullæðið rennur á í Kaliforníu er forseti Bandaríkjanna, James K. Polk, staðfestir að mikið magn gulls hafi fundist þar.
**1932** Lyfjafræðingafélag Íslands er stofnað.
**1945** Sveit fimm sprengjuflugvéla á vegum bandaríka flotans týnist í Bermúdaþríhyrningnum.
**1968** Jarðskjálfti af stærðinni 6 stig finnst í Reykjavík og er sá snarpasti frá 1929.

# Finnsk menning í Vatnsmýri

Efnt verður til finnskrar menningarhátíðar fyrir alla fjölskylduna í Norræna húsinu í dag milli klukkan 12 og 17. Fjölbreytt atriði eru á dagskránni, tónlist, letkajenkka-dans, upplestur og kökubasar, svo og kynningu á finnskri menningu, hönnun og arkitektúr. Einnig námi í finnsku við HÍ. Einnig verður jóladagatal Norræna hússins á sínum tíma klukkan 12.34.



**MÚMÍNÁLFARNIR** koma við sögu í Norræna húsinu í dag.

Kynntar verða bækur um Finnland og eftir finnska rithöfunda, meðal annars lesið úr nýjum bókum Väinö Linna og Tapio Koivukari, Óþekktur hermaður og Yfir hafið og í steininn. Sýning verður á munum tengdum Múmínálfunum, upplestur úr bókinni um þá og þættir sýndir. Aðalvinningur í spurningaleik er Nokia-farsími og á veitingastaðnum Dill verður hægt að kaupa finnskar veitingar.

Dagskráin hefst með ávarpi sendiherra Finnlands á Íslandi og lýkur síðdegis með kvikmyndinni Hugaðu að treflinum þínum, Tatjana, eftir hinn finnska leikstjóra Aki Kaurismäki.

Að hátíðinni standa Hugvísindasvið Háskóla Íslands, Finnska sendiráðið, Suomifélagið og Norræna húsið. Aðgangseyrir er enginn og allir eru velkomnir. **- gun**

# Súpa fyrir ABC

Veitingastaðurinn Basil & Lime á Klapparstíg 38 gefur vegfarendum kost á að kaupa sér súpu og brauð frá klukkan tólf til tvö á laugardögum fram að jólum. Hráefnið í súpuna er gefið og öll vinna einnig en andvirðið rennur beint í neyðarsjóð ABC barnahjálparinnar.



**HEIT SÚPA** Hressir líkama og sál og ekki spillir ef hægt er að styrkja gott málefni í leiðinni.

Súpan er seld í upphituðu tjaldi við veitingastaðinn og þetta er annað árið sem Basil & Lime styrkir ABC barnahjálp á þennan hátt.

Forsvarsmenn ABC á Íslandi hvetja alla sem eiga leið um miðbæinn í laugardögum til að staldra við og fá sér ljúffenga súpu og styrkja gott málefni. **- gun**



**JÓNÍNA OG GÍSLI** „Viðskiptavinum okkar hefur fjölgað á þessu ári frá því í fyrra, sem sýnir bara að þrátt fyrir efnahaginn hugsar fólk meira um að gera hlýlegt í kringum sig og sína nánustu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GARÐHEIMAR: TÍU ÁRA GRÓÐURMIÐSTÖÐ Í MJÓDDINNI Í REYKJAVÍK

# Hérna voru bara móar áður

„Þegar við vorum að byrja hér í Garðheimum lögðum við áherslu á að fá fólk til að líta á garðinn sinn sem hluta af heimilinu, raunverulega eins og aðra stofu. Það hefur gerst. Fólk borðar í auknum mæli úti á góðviðrisdögum á sumrin og notar garðana til afslöppunar,“ segir Gísli Sigurðsson, framkvæmdastjóri Garðheima, þegar hann er beðinn að rifja lítillega upp þróun verslunarinnar í tilefni af tíu ára afmæli hennar.

Eigendurnir hafa verið þeir sömu frá upphafi. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki,“ segir Gísli. Við Jónína S. Lárusdóttir, konan mín, höfum unnið hér frá byrjun og börn okkar fjögur hafa verið að koma meira og meira inn í dæmið. Við vonumst til að þau taki við þessu þegar tímar líða. Sömuleiðis lykilstarfsmenn sem hafa verið með okkur gegnum tíðina.“

Garðheimar voru sem sagt opnaðir í Mjóddinni 2. desember 1999. „Hérna voru bara móar áður og brúin við Staldrið var ekki komin,“ rifjar Gísli upp. Fyrirtækið Gróðurvörur sem Garðheimar grundvallast á er þó eldra. „Við keyptum árið 1991 verslun Sölufélags garðyrkjumanna á Smiðjuvegi af bændum og þá stofnuðum við fyrirtækið Gróðurvörur. Það er heildsöluhlutinn sem almenningur þekkir minna en þar erum við að selja allt frá fræjum upp í stórar garðyrkjustöðvar með öllum tæknibúnaði. Þegar við keyptum Sölufélagið fórum við strax að skoða Gardencenter erlendis og gera plön. Garðheimar var fyrsta verslunin sem byggð var með því fyrirkomulagi hér á höfuðborgarsvæðinu því Blómaval í Sigtúni var upphaflega garðyrkjustöð sem óx í að verða sölustaður. Nú erum við nýbúin að opna vefverslunina www.gardheimar.is og hún mun halda áfram að þróast á næsta ári.“

Spurður hvort Garðheimar séu með eigin ræktun svarar Gísli. „Nei, við seljum bændum bæði fræ og innfluttar smáplöntur og kaupum frá þeim fullþroskaðar afurðir til baka. Erum bæði með íslenskar og erlendar vörur því við flytjum líka mjög mikið inn.“ Hann segir fyrirhugað að opna kaffihús á efri hæðinni í vor. „Þar er fullkomin aðstaða fyrir námskeið og sýnikennslu og á því sviði erum við með ýmsar nýjungar á döfinni,“ nefnir hann og segir fræðslu ávallt hafa verið hluta af starfsemi Garðheima.

Inntur eftir afmælishaldinu svarar Gísli: „Við höfum alltaf styrkt góðgerðasamtök og rétt áður en þú hringdir vorum við að færa Hjálparstarfi kirkjunnar, Rauða krossinum og Mæðrastyrksnefnd fimm hundruð þúsund í tilefni afmælisins. Þau eru með sameiginlega söfnun fyrir þessi jól.

Svo gefum við 20 prósenta afslátt af öllum vörum verslunarinnar í tvo daga nú um helgina því fólk hefur verið duglegt að koma til okkar frá fyrstu stundu og fyrir það viljum við þakka. Svo er gaman að segja frá því að viðskiptavinum okkar hefur fjölgað á þessu ári frá því í fyrra sem sýnir bara að þrátt fyrir efnahaginn hugsar fólk meira um að gera hlýlegt í kringum sig og sína nánustu.“ **gun@frettabladid.is**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför*

**Guðlaugar Snorradóttur**
frá Syðri-Bægisá.

Fyrir hönd ástvina,

**Hulda Snorradóttir** **Halldóra Snorradóttir**
**Heiðrún Arnsteinsdóttir**






†

*Ástkær eiginkona mín, móðir mín, dóttir okkar og systir,*

**Elva Dögg Pedersen**
Mosarima 12, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 9. desember klukkan 13.00.

**Haukur Sigurðsson**
**Alexander Hauksson**
**Palle Skals Pedersen**
**Sæunn Elfa Pedersen**
**Daníel Thor Skals Pedersen**
**Arnór Ingi Ingvarsson**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Gréta Stefánsdóttir**
Þórunnarstræti 136, Akureyri,

lést miðvikudaginn 2. desember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 11. desember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar og Heimahlynningu Akureyri.

**Páll Gíslason**
**Bergþóra Pálsdóttir**
**Sigurður Pálsson** **Hólmfríður Sveinmarsdóttir**
**og barnabörn.**

**NAFNIÐ MITT:** ELLISIF SIGURJÓNSDÓTTIR

# Stolt yfir að heita sérstöku nafni

Hún er ein af átta íslenskum konum sem bera nafnið Ellisif og er stolt af því. Af þeim eru sjö konur sem bera það að fyrra nafni og ein sem millinafn. „Þegar ég var yngri bölvaði ég stundum þessu nafni og var foreldrum mínum ekki þakklát fyrir að skíra mig því. Ég lét mig dreyma um að heita einhverju venjulegra nafni eins og systur mínar,“ segir Ellisif Sigurjónsdóttir og brosir.

Hún kveðst þó aldrei hafa orðið fyrir aðkasti vegna nafnsins í æsku. „Ég held að krakkarnir hafi ekkert verið að spá í það, ég var bara Ellisif rétt eins og Jón var Jón. Það fór bara í taugarnar á mér að fólk gat aldrei stafsett nafnið mitt rétt, skrifaði það oft sem Ellen Sif eða Ellý Sif og oft hafði ég það á tilfinningunni að fólki fyndist ég tala óskýrt. Þá bar fólk nafnið mitt fram með alls konar hætti en verst þótti mér þegar það kallaði mig „elli“ eins og í merkingunni gamall. Þetta gerist auðvitað enn í dag en nú er þetta alveg hætt að fara í taugarnar á mér. En það er stundum fyndið hvað fólk getur orðið vandræðalegt,“ segir hún og hlær.

Spurð um uppruna nafnsins segir hún það norskt. „Það er víst norræn útgáfa af nafninu Elísabet. Ég á vinkonu sem er frá Noregi en systir mömmu hennar heitir einmitt Ellisif.“ Hún segir útlendinga í engum vandræðum með að bera fram nafnið sitt. „Ég hef bæði verið í London og búið í Danmörku og þar var það ekkert mál. Það eru helst Íslendingar sem hiksta á því.“ Í frjálsa alfræðiritinu Wikipedia kemur fram að nafnið Ellisif er í fyrsta skipti gefið stúlku hér á landi um 1963 og þá sem seinna nafn. Um 1965 fékk stúlkubarn það fyrst að fyrra nafni. Fram á níunda áratuginn voru Ellisifjar orðnar fimm, síðan bættust þrjár við til ársins 1990. Fallbeyging nafnsins er: Ellisif - Ellisif- Ellisif - Ellisifjar.



Ellisif Sigurjónsdóttir segir Íslendinga helst hiksta á nafninu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guttorms Ármanns Gunnarssonar**

Marteinstungu, Holtum.

**Elke Gunnarsson**

| | |
|---|---|
| **Hanna Regína Guttormsdóttir** | **Sigurður Ólafsson** |
| **Guðný Kristín Guttormsdóttir** | **Kristinn Lund** |
| **Helga María Guttormsdóttir** | |
| **Gréta Friðrika Guttormsdóttir** | **Trausti Valdimarsson** |
| **Gunnar Guttormsson** | |
| **Áslaug Berta Guttormsdóttir** | **Egill Sigurgeirsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir**

Norðurbrún 1, Reykjavík,

lést mánudaginn 30. nóvember á Landspítala Fossvogi. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 7. desember kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

| | |
|---|---|
| **Sigríður Berglind Baldursdóttir** | **Ingvi Þór Guðjónsson** |
| **Davíð Löve** | **Jóna Alexandersdóttir** |
| **Karl Löve** | |
| **María Anna Löve** | |

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fanney Jónsdóttir**

frá Gunnlaugsstöðum í Stafholtstungum, Hjallaseli 55, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 24. nóvember á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Seljahlíð. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 9. desember kl. 13.

| | |
|---|---|
| **Erlendur Guðmundsson** | **Guðlaug Hróbjartsdóttir** |
| **Ólafur Þ. Guðmundsson** | **Eybjörg D. Sigurpálsdóttir** |
| **Gísli Guðmundsson** | **Katrín Ásgrímsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn**

---







Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, amma og systir,*

**Sólveig Traustadóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja mánudaginn 30. desember.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 9. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

| | |
|---|---|
| **Magnús Þór Jónsson** | **Helga Lind Hjartardóttir** |
| **Drífa Þöll Arnardóttir** | **Gunnlaugur Erlendsson** |
| **Örn Arnarson** | **Harpa Sif Þráinsdóttir** |
| **Lucinda Hulda Fonseca** | |
| **Trausti Magnússon** | **Hulda Jónsdóttir** |

**systkini og barnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður okkat, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Lilju Guðrúnar Pétursdóttur**

áður til heimilis að Kirkjubraut 52, Akranesi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Dvalarheimilisins Höfða, Akranesi.

| | |
|---|---|
| **Guðmundur Smári Guðnason** | **Kristín Guðjónsdóttir** |
| **Eufemía Berglind Guðnadóttir** | **Kjartan Björnsson** |
| **Júlíus Víðir Guðnason** | **Fanney Björnsdóttir** |

**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur og afi,*

**Agnar Þór Hjartar**

Heiðargerði 23, Reykjavík,

lést laugardaginn 28. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 7. desember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Guðrún Anna Antonsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Hörður Agnarsson** | |
| **Haukur Agnarsson** | **Kolbrún Benediktsdóttir** |
| **Birna Björnsdóttir** | |
| **Anna Katrín Jónsdóttir** | |

**og barnabörn.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík

Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Valbjörn J. Þorláksson**

íþróttamaður, Ránargötu 13, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ fimmtudaginn 3. desember. Starfsfólk í Vesturbæ fá innilegar þakkir fyrir góða umönnun, nærgætni og hæfni í starfi sínu.

| | |
|---|---|
| **Bryndís Valbjarnardóttir** | **Gunnar Ragnar Gunnarsson** |
| **Ástríður S. Valbjörnsdóttir** | **Árni Ingi Garðarsson** |
| **Guðrún Linda Valbjörnsdóttir** | **Friðgeir Guðmundsson** |
| **Herdís Valbjörnsdóttir** | **Lúðvík Guðjónsson** |
| **Brynhildur Olgeirsdóttir** | |
| **Reinharð V. Sigurðsson** | **Kristín Helgadóttir** |
| **Stella B. Þorláksdóttir** | **Helgi Ólafsson** |
| **Páll Róbert Þorláksson** | **Irena Maria Piernicka** |

**og afabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Kristínar Friðriksdóttur**

frá Norður-Hvoli í Mýrdal.

| | |
|---|---|
| **Bjarni Kristjánsson** | **Snjólaug Bruun** |
| **Elínborg Kristjánsdóttir** | **Baldur Jóhannesson** |
| **Ester Kristjánsdóttir** | **Bjarni Gestsson** |
| **Friðrik Kristjánsson** | **Auður Sigurðardóttir** |
| **Magnús Kristjánsson** | **Tordis A. Leirvik** |
| **Þórarinn Kristjánsson** | |
| **Sigríður Kristjánsdóttir** | **Guðmundur Antonsson** |
| **Sigurður Kristjánsson** | **Alfa V. Sigurðardóttir Hjaltalín** |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi okkar,*

**Kjartan G. Waage**

Skipasundi 37,

lést fimmtudaginn 3. desember. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

| | |
|---|---|
| **Oddný M. Waage** | |
| **Jóna Jenný Waage** | **Arnbjörn Ólafsson** |
| **Vilborg Heiða Waage** | **Óskar Sveinn Gíslason** |
| **Árdís Waage** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu og heiðruðu minningu elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Jónssonar**

frá Kastalabrekku,

sem lést 9. nóvember síðastliðinn.

| | |
|---|---|
| **Steinunn Guðný Sveinsdóttir** | |
| **Sveinn Sigurðsson** | **Gróa Ingólfsdóttir** |
| **Þórunn Sigurðardóttir** | |
| **Sigurveig Þóra Sigurðardóttir** | **Lárus S. Ásgeirsson** |
| **Hildur Sigurðardóttir** | **Aðalsteinn Stefánsson** |
| **Guðlaug Sigurðardóttir** | **Agnar R. Agnarsson** |
| **Hjördís Sigurðardóttir** | |
| **Jóna Sigurðardóttir** | **S. Kolbeinn Gunnarsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




**Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511














# Þú ert aldrei einn á ferð

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar



Helgi eina í byrjun október áttum við hjónaleysin erindi austur á Egilsstaði. Illu heilli brast þó á með óveðri á föstudeginum og um kaffileytið varð ljóst að ekkert yrði úr flugi. Þar sem erindið var brýnt ákváðum við að keyra austur, enda á þokkalega útbúnum fólksbíl með fjórhjóladrifi. Við lögðum af stað um fimmleytið og gerðum ráð fyrir að ná áfangastað um tvöleytið um nóttina. Norðurleiðin varð fyrir valinu, því veðurofsinn var mestur á sunnanverðu landinu.

**Í FYRSTU** gekk ferðin að óskum. Hálkublettir og skafrenningur á Holtavörðu- og Öxnadalsheiði voru lítil fyrirstaða fyrir okkar ágæta fjölskyldubíl. Síðasti áfanginn, Möðrudalsöræfi og Jökuldalsheiði, átti að vera skástur samkvæmt upplýsingasíma Vegagerðarinnar. Þar var þó slíkt snjófjúk að á löngum köflum sáum við aðeins eina stiku fram fyrir okkur þótt vegurinn væri auður. Við ókum því löturhægt. Skyndilega rann bíllinn til og áður en ég fékk rönd við reist sat hann fastur. Nánari athugun leiddi í ljós að á u.þ.b. tíu metra kafla hafði skafið í hnédjúpan skafl þvert yfir veginn, sennilega vegna þess að til beggja handa voru vegrið sem safnað höfðu snjó á milli sín. Þarna sannaðist hið fornkveðna að engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Einn skafl nægir til að leiðin á milli Akureyrar og Egilsstaða sé ófær.

**NÚ VAR** úr vöndu að ráða. Ekkert þýddi að ýta bílnum. Við vorum pikkföst í skafli uppi á heiði í svartamyrkri um hánótt og höfðum ekki orðið vör mannaferða síðan á Mývatni. Farsíminn kom okkur til bjargar. Hringt var í 112 þar sem við fengum samband við lögregluna á Egilsstöðum. Við höfðum verið það forsjál að núllstilla kílómetramælinn á Akureyri og gátum því gefið upp nokkuð nákvæma staðarákvörðun. Tæpum hálftíma síðar birtist bóndi af nálægum bæ eins og frelsandi engill á fjallajeppa og kippti okkur yfir hindrunina.

**ÞVÍ** er ég að deila þessu með ykkur að mér finnst ekki vanþörf á að minna á að um allt land er gott fólk, sem lætur sig ekki muna um að vera dregið fram úr hlýju rúminu um hánótt til að fara út í frost og fjúk til aðstoðar kjánum eins og mér, sem asnast til að ofmeta eigin getu og sýna þeim óblíðu skilyrðum, sem landið okkar gerir okkur að búa við og ferðast í, ekki tilhlýðilega virðingu.

**HAFI** það allt Guðs þökk fyrir, ekki síst bóndinn á Skjöldólfsstöðum í Jökuldal.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**Annað upplag komið í verslanir!**

Bók um einn dáðasta listamann þjóðarinnar fyrr og síðar. Á líflegan hátt og með innsæi tónlistarmannsins rekur Jón Ólafsson lífsþráð Hólmars úr Höfnum sem að lokum varð goðsögnin Vilhjálmur Vilhjálmsson.



„Söknuður er ekki bara merkileg heimild um horfinn tíma, heldur gefur hún líka góða mynd af listamanni sem þjóðin saknar. Meira svona, takk.“
- Árni Matt, Morgunblaðið.

„Mér sýnist auðséð að Jón Ólafsson hafi verið rétti maðurinn til að vinna þetta vandasama verk“
- Ómar Ragnarsson.

„Jóni tekst að draga upp góða og að minni hyggju sanna mynd af söguhetjunni.“
- Jón Þ. Þór, DV.

„Jón Ólafsson er mjög vandvirkur í bókinni og fer vel í saumana á lífshlaupi Vilhjálms...Mjög góð bók“.
- Dr Gunni, Fréttablaðið.

Söknuður, ævisaga Vilhjálms Vilhjálmssonar fæst næstu verslun

sena
okkar heimur // þín skemmtun

# menning

menning@frettabladid.is

**! ath. kl. 16 í Guðríðarkirkju í Grafarholti**

*Kvennakór Reykjavíkur heldur þar seinni aðventutónleika sína þar sem frumflutt verður verkið Hodie eftir Harald V. Sveinbjörnsson, en dagskráin fellur í tvær áttir, létt verk og hátíðleg. Einsöngvari er Stefán Hilmarsson, Sigrún Þorgeirsdóttir stjórnar en Vignir Þór Stefánsson leikur undir.*

## Einar H. Kvaran: 150 ára minning

Á morgun verða 150 ár liðin frá fæðingu Einars Hjörleifssonar Kvaran rithöfundar. Hafa afkomendur hans af því tilefni boðað til athafnar í Borgarleikhúsinu á morgun kl. 14.30. Þar verða flutt stutt erindi um brautryðjandann, rithöfundinn, skáldið, blaðamanninn, leikhúsmanninn og spíritistann og eru þá ekki allar hliðar tæmdar á lífsstarfi þessa merkilega manns í íslensku menningarlífi.

Einar fæddist á Fljótsdalshéraði 1859 og lést 1938. Hann var alinn upp í Húnaþingi og Skagafirði, en sótti síðar nám til Hafnar. Þaðan hélt hann til Vesturheims og stóð þar að stofnun Lögbergs og Heimskringlu. Hann var þegar á Hafnarárunum brautryðjandi í skáldskap í anda raunsæisstefnunnar en hafði birt sínar fyrstu sögur fyrir tvítugt. Hann var afkastamikið sagnaskáld, bæði smásögur og skáldsögur samdi hann. Þá var hann forgöngumaður í starfi spíritista og einn stofnenda Sálarrannsóknafélagsins. Einar var einn áhrifamesti maður hér á landi í mörgum deildum menningarlífs um áratugaskeið.


EINAR H. KVARAN

Á efnisskrá athafnarinnar á morgun er frumflutningur lags af Ólöfu Arnalds við eitt ljóða hans. Þá verður leikrit hans Syndir annarra flutt í Útvarpsleikhúsinu kl. 14.

**> Ekki missa af**

tónleikum Hlífar Sigurjónsdóttur fiðluleikara í kirkjunni í Reykholti kl. 16. Þar flytur hún partítur og sónötur eftir Bach, Vetrartré eftir Jónas Tómasson, en allar partítur og sónötur Bachs hljóðritaði Hlíf í Reykholti á nær átta ára bili en þær eru nú komnar á disk og í dreifingu hér og í Bandaríkjunum.

## Fold með stóruppboð

Jólauppboð Gallerís Foldar verður haldið í tvennu lagi mánudags- og þriðjudagskvöld. Boðin verða upp um 180 verk af ýmsum toga, bæði nýleg og eftir gömlu meistaranna. Elsta verkið er frá 1891, málað af Þórarni B. Þorlákssyni. Þá verður boðin upp afar sérstæð og glæsileg geometría eftir Nínu Tryggvadóttur, frá 1955, eitt af örfáum slíkum verkum. Enn fremur verður Hafmeyjan eftir Nínu Sæmundsson boðin upp. Eftirgerð af henni, sem komið var fyrir í Reykjavíkurtjörn, var sprengd upp um áramótin 1960. Uppboðin í Fold á Rauðarárstíg og hefjast báða dagana klukkan 18.15


# Aðventukvöld

## Fríkirkjunnar í Reykjavík
## 6. desember kl.20.00

Ræðumaður kvöldsins er **Herdís Þorvaldsdóttir**, leikkona og fyrrum formaður Lífs og lands.

Sérstakir gestir eru tónlistarmennirnir **Magnús Eiríksson og Pálmi Gunnarsson**, sem flytja nokkur lög af sinni alkunnu snilld. **Anna Kristine Magnúsdóttir**, rithöfundur og fjölmiðlakona , les úr nýrri bók sinni, Milli mjalta og messu.

**Anna Sigga og Carl Möller ásamt kór Fríkirkjunnar** flytja fjölbreytta aðventu- og jólatónlist.

Allir hjartanlega velkomnir. Enginn aðgangseyrir.

***Einnig viljum við minna á jólatrésskemmtunina***

***13.desember kl.14:00***


# LÉR KONUNGUR EFTIR ÁR

**Lér konungur eftir William Shakespeare verður jólaleikrit Þjóðleikhússins að ári og mun Benedict Andrews, einn þekktasti leikstjóri okkar tíma, bæði í Ástralíu og Evrópu, setja verkið á svið. Andrews hefur verið hampað sem skærustu stjörnu samtímans í áströlsku leikhúsi og sýningar hans í Berlín hafa notið mikillar hylli.**


**LEIKLIST** Cate Blanchett í frægu atriði úr Rósastríðunum í sviðsetningu Andrews.
MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sýningar Benedicts Andrews einkennast af djörfung og frumleika, en um leið er hann þekktur fyrir framúrskarandi vinnu með leikurum sínum og einstakt myndrænt næmi. Benedict Andrews þykir sameina á einstæðan hátt nútímalega og frumlega nálgun annars vegar og hins vegar djúpan skilning og þekkingu á leikhúshefðinni. Meðal þekktustu leikstjórnarverkefna hans eru uppsetning á Rósastríðunum, byggð á konungaleikjum Shakespeares í Sydney með Cate Blanchett í aðalhlutverki, og fjöldi sviðsetninga á verkum þýska leikskáldsins Mariusar von Mayerburg.

Benedict Andrews fæddist árið 1972 í Adelaide í Ástralíu. Hann vakti strax mikla athygli fyrir fyrstu sýningar sínar sem hann setti upp að loknu leikstjórnarnámi, hálfþrítugur að aldri. Hann hefur síðan þá sett upp fjölda rómaðra sýninga á verkum eftir Shakespeare, Tsjekhov, Beckett, Goethe, Calderó, Marivaux, Brecht, Patrick White, David Gieselmann, Jez Butterworth og Martin Crimp og jafna þótt fara ótroðnar slóðir. Hann hefur reglulega sett upp sýningar við Schaubühne í Berlín frá árinu 2002, meðal annars á verkum eftir Sarah Kane, David Harrower, Marius von Mayenburg, Caryl Churchill og Tennessee Williams. Hann vinnur nú að uppsetningu á Hjálp eftir Edvard Bond hjá Schaubühne en heldur svo til Ástralíu til að leikstýra óperunni Brúðkaupi Fígarós hjá Sydney Opera House og Allt í misgripum eftir Shakespeare hjá Sydney Theatre Company.

Benedicts Andrews mun svo ljúka árinu 2010 með því að setja upp jólasýningu Þjóðleikhússins, Lé konung eftir Shakespeare. Benedict hefur dvalið hér á landi undanfarnar vikur og unnið að því að velja samstarfsfólk og leikara. Undirbúningur við sýninguna er nú vel á veg kominn, og munu margir af fremstu leikurum þjóðarinnar taka þátt í henni. Leikmynd sér Börkur Jónsson, Helga I. Stefánsdóttir gerir búninga og tónlist semur Hildur I. Guðnadóttir. Verður þetta fjórði flutningur verksins hér á landi: Þorsteinn Ö. Stephensen lék hinn aldna kóng hjá Ríkisútvarpinu undir lok ferils síns, Rúrik Haraldsson lék hann í rómaðri sýningu Þjóðleikhússins 1972 og Pétur Einarsson fór með hlutverkið í sýningu Leikfélags Reykjavíkur 2001. Tvö höfuðskáld hafa þýtt verkið á íslensku, Steingrímur Thorsteinsson og Helgi Hálfdanarson.

pbb@frettabladid.is


# Jól í Salnum

**Tónleikar á aðventu**



Lau 05. des Kl. 21 — **Stefán Hilmarsson** — AF FINGRUM FRAM

Sun 06. des Kl. 15 — **Ljótu hálfvitarnir** — FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR

Fim 10. des Kl. 20.30 — **Sniglabandið** — JÓL, MEIRI JÓL

Mið 16. des Kl. 20.30 — **Megas og Senuþjófarnir** — SEGÐU EKKI FRÁ

Fös 18. des Kl. 21 — **Lárusdætur** — INGIBJÖRG, ÞÓRUNN OG DÍSELLA

Tryggðu þér miða á **salurinn.is**

Einnig er hægt að kaupa eða panta miða í Salnum virka daga milli kl. 14 og 18 og fram að tónleikum á tónleikadögum. Sími í miðasölu er **5 700 400.**


## Saga Melkorku

Arfurinn er tekinn að færast á mynddiskinn. Melkorka – rætur íslenskrar menningar er myndskreytt hljóðbók. Diskurinn er gefinn út á íslensku og ensku og geymir söguna af Melkorku, sem er ein af lykilpersónum Íslandssögunnar. Henni tengjast margir þættir sem skýra mótun Íslendinga. Hún var ambátt og nýbúi á Íslandi en um leið formóðir merkra sögupersóna. Frá henni segir hér í þessari myndskreyttu hljóðbók. Sagan er rakin samkvæmt Laxdælu, fyllt í eyður og rýnt í leyndardóma. Skýringar og stuðningsefni fylgir svo auðvelt sé að átta sig á samhenginu. Ljósmyndir teknar á söguslóðum og í Sögusafninu í Perlunni ásamt lýsandi teikningum koma á skjáinn á meðan sögunni vindur fram. Höfundur og sögumaður er Jakob Ágúst Hjálmarsson og listræn og tæknileg útfærsla er í höndum Emils Sigurbjörnssonar. Efnið er sett fram á DVD-diski sem upplestur með myndum sem birtast á skjánum eftir því sem sögunni vindur fram. Saga Melkorku er aðalefni disksins en að auki er ítarefni sem á að skýra bakgrunninn í fimm flokkum: Heimur Melkorku, Heimur Höskuldar, Papar, Víkingar, Kristni á landnámsöld. Sögusafnið í Perlunni dreifir gripnum.

- pbb

# HIMNESKUR SKÁLDSKAPUR OG URRRRRRRANDI SPENNA




„Snilldarverk“
– Kolbrún Bergþórsdóttir
Kiljan

★★★★★
*Steinunn Inga Óttarsdóttir
Morgunblaðið



## „HIMNESKT“*

„Frásagnartækni Jóns Kalmans nær hér hæstu hæðum ... frásögnin hrífur í sjálfri sér, og grípur lesandann með.“
– Gauti Kristmannsson, Víðsjá

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING
1989 - 2009




## „MERGJAÐUR SKÁLDSKAPUR“

„Þetta er blátt áfram bráðfalleg saga um ást og aðskilnað, um endurfundi og óendurgoldna ást, um móðurást, um ofurást og um eirðarlausan ferðamann sem þráir að verða hamingjumaður ... mergjaður skáldskapur.“
– Þröstur Helgason, Víðsjá









„Gríðarlega vel skrifaðir og flottir krimmar.“
– Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljan janúar 2009

## VINSÆLUSTU HÖFUNDAR Í HEIMI




Það er bara einn Dan Brown

BJARTUR
www.bjartur.is

DYNAMO REYKJAVÍK

JÓLADAGATAL NORRÆNA HÚSSINS ALLA DAGA KL: 12:34
Í GÆR VORU EPLASKÍFUR OG YOGA
HVER VERÐUR Í DAG?

Finnsk menningarhátíð fyrir alla fjölskylduna
Norræna húsið 5. desember kl. 12-17

**Fjölbreytt kynning í anddyri** á finnskri menningu, tónlist, dans, bókakynningar, spurningaleikur (Nokia farsími í vinning), kökubasar, bíó, hönnun, nám o.fl.

**Múmínálfadagskrá** í bókasafni

**Dagskrá** í fyrirlestrasal:

12.10 Ávarp sendiherra Finnlands
12:34 Jóladagatal Norræna hússins
13:00 Letkajenkka dans
13:30 Tove Jansson og Múmínálfarnir
14:00 Bókaupplestur, nýjar finnskar þýðingar
14:30 Kalevala, þjóðarkviða Finna
15:00 Finnsk hönnun og arkitektúr
15:30 Aki Kaurismäki og norræn kvikmyndagerð
16.00 Bíó: Hugaðu að treflinum þínum, Tatjana

Allir velkomnir. Enginn aðgangseyrir

NORRÆNA HÚSIÐ · SENDIRÁÐ FINNLANDS REYKJAVÍK · HÁSKÓLI ÍSLANDS · SUOMI-FÉLAGIÐ

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um
*starf háskólakennara í leiklist*

Laust er til umsóknar starf háskólakennara í leiklist við leiklistardeild með stöðuheiti lektors, dósents eða prófessors. Umsækjandi skal vera skapandi listamaður, s.s. leikstjóri eða leikari, og hafa kennt við viðurkennda listaskóla. Gerð er krafa um meistaragráðu á sviði leiklistar, eða sambærilega háskólagráðu, eða jafngilda þekkingu og reynslu.

Starf háskólakennara skiptist í kennslu, stjórnun, og listsköpun/rannsóknir með áherslu á leiktúlkun. Í starfinu felst að háskólakennari er fagstjóri á leikarabraut. Háskólakennari er sjálfstæður listamaður og er það hluti af hans starfi við skólann að þróa áfram verkefni sín og rannsóknir og miðla afrakstri þeirra og niðurstöðum til samfélagsins.

Umsóknum og meðfylgjandi gögnum skal skila ekki síðar en mánudaginn **4. janúar** næstkomandi til Listaháskóla Íslands, aðalskrifstofu, Skipholti 1, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans **www.lhi.is**

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

# Tónlistararfinum fagnað

Bókmenntir ★★★★★

**100 bestu plötur Íslandssögunnar**
Jónatan Garðarsson og Arnar Eggert Thoroddsen




Góðu heilli hefur íslenskri dægurtónlistarsögu verið sinnt af nokkurri alúð á um það bil áratugsfresti frá því í upphafi níunda áratugarins, með merkisritum eftir Jens Guð, Gest Guðmundsson og Dr. Gunna. Tímasetningin á 100 bestu plötum Íslandssögunnar fylgir hefðinni að því leyti en þó er um annars konar verk að ræða, fyrstu svokölluðu sófaborðsbókina sem tileinkuð er íslenskri tónlist. Því er í raun um brautryðjendaverk að ræða, og er það einstaklega vel heppnað sem slíkt.

Plöturnar hundrað sem fjallað er um voru valdar af almenningi og fagfólki í kosningu fyrr á árinu. Í bókinni gefur að líta sögurnar á bak við plöturnar, farið er yfir upptökuferlin, rifjuð upp forvitnilega atvik sem þeim tengjast og einnig viðbrögð almennings og poppskríbenta, svo fátt eitt sé nefnt.

Vandséð er að betri menn en Jónatan og Arnar Eggert hefðu getað valist til verksins. Yfirgripsmikil þekking og óbilandi áhugi þeirra á viðfangsefninu leynir sér ekki í lipurlega skrifuðum og á köflum launfyndnum textanum, og er takmarkað rýmið sem hverri plötu er ánafnað, af skiljanlegum ástæðum, afar vel nýtt. Helst mætti finna að þeim örfáu tilfellum þar sem upptalning á tónlistarfólki er tvítekin, kemur fyrir bæði í megin- og upplýsingatexta, sem er ofrausn þegar plássið er af skammti afar skornum (svo vitnað sé í hljómsveit sem á tvær plötur á listanum).

Það hlýtur að ískra af gleði í mörgum poppnördinum yfir þeirri gnótt óvæntra fróðleiksmola sem í boði eru (til dæmis er ekki á allra vitorði að meðlimir Ham hafi fagnað goðsagnakenndum kveðjutónleikum sínum með því að glápa á gamla Prúðuleikaraþætti heima hjá Páli Óskari, eða að sérstæða raddbeitingu Valgeirs Guðjónssonar í Afasöngnum á Hrekkjusvínaplötunni megi rekja til Brodda Broddasonar fréttamanns), en engu að síður ætti bókin að gagnast lesendum á öllum stigum tónlistaráhuga.

Þá er öll uppsetning eins og best verður á kosið. Bókin er mjög aðgengileg, umslögum platnanna gert hátt undir höfði með stórum myndum og upplýsingum, og prentun og útlitið er upp á tíu.

Eins og áður sagði eru kostirnir mýmargir, og hlýtur einn þeirra að teljast sú staðreynd að úrslit kosninga af þessu tagi verða aldrei óumdeild.

Fátt jafnast á við gott popprifrildi, og staða ýmissa platna á listanum og fjarvera annarra eru til þess fallnar að sjá lesendum fyrir skeggræðum fram á næstu öld ef því er að skipta (eða þar til næsta kosning fer fram). Hvernig stendur á því að frumraun Rottweilerhundanna er ekki á topp hundrað? Er Millilending nokkuð síðri en Loftmynd? Hvar í ósköpunum er Helgi Björns???! Möguleikarnir eru endalausir, og flestir jafn skemmtilegir.

100 bestu plötur Íslandssögunnar er einfaldlega frábær bók, glæsilegt verk sem vonandi ryður brautina fyrir fleiri slík, því næg eru víst tilefnin til að hampa íslenskri tónlistarsköpun. Skyldueign fyrir allt tónlistaráhugafólk, hvorki meira né minna.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Aðgengileg, fróðleg og umfram allt stórskemmtileg sófaborðsbók með alfræðiívafi. Skyldueign fyrir allt tónlistaráhugafólk.

LJÁÐU MÉR EYRA!
FORLAGIÐ www.forlagid.is
Upplestrarkvöld Forlagsins á Rosenberg á Klapparstíg, sunnudagskvöldið
6. DESEMBER KL. 20
Kynnir: Svavar Knútur
Viktor Arnar Ingólfsson / Sólstjakar
Eiríkur Örn Norðdahl / Gæska
Guðmundur Brynjólfsson / Þvílík vika
Árni Heimir Ingólfsson / Jón Leifs – Líf í tónum
Steinar Bragi / Himinninn yfir Þingvöllum
Pétur Gunnarsson / ÞÞ – Í forheimskunarlandi
Allir hjartanlega velkomnir meðan húsrúm leyfir

## NÝ TÍMARIT

Út er komið vetrarhefti af Þjóðmálum sem Jakob F. Ásgeirsson ritstýrir. Að venju kennir margra grasa í heftinu, sem er 96 síður að stærð. Ögmundur Jónasson skrifar um Umsátrið, bók Styrmis Gunnarssonar, Björn Bjarnason fjallar um spurninguna hvort íslensk utanríkisstefna sé úr sögunni, en hann á einnig ritdóm í heftinu um starfssögu Jónasar Kristjánssonar. Vilhjálmur Eyþórsson ræðst til atlögu gegn hugmyndinni um gróðurhúsavandann. Þá eiga í heftinu greinar eftirtaldir höfundar; Atli Harðarson, Bryndís Schram, Styrmir Gunnarsson, Lárus Jónsson, Páll Vilhjálmsson og Þorsteinn Pálsson, meðal annarra. Rætt er við biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, og John Curran um Agöthu Christie. Heftið fæst í öllum betri bókaverslunum. Bókmenntafélagið Uglan gefur út.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu
Listmunauppboð í Galleríi Fold
fer fram mánudaginn og þriðjudaginn
7. og 8. desember, kl. 18.15 báða daganna
í Galleríi Fold við Rauðarárstíg




Verkin verða sýnd í Galleríi Fold:
laugardag kl. 11–17 (öll verk),
sunnudag kl.12–17 (öll verk),
mánudag kl. 10–17 (öll verk)
þriðjudag kl. 10–17
(verkin sem ekki eru boðin upp á mánudag)

Af gefnu tilefni bendum við á að öll verk eru skoðuð af sérfræðingum til að koma í veg fyrir að falsanir rati á uppboðið

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is
LISTMUNASALA fold
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Canon you can EOS



# Fangaðu heiminn með Canon EOS

**Myndavélar sem uppfylla þarfir ljósmyndara**

Farðu lengra með Canon EOS – yfirgripsmesta stafræna SLR kerfinu í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Þrautreynt af atvinnu- og áhugaljósmyndurum. Uppáhald ljósmyndara um allan heim. Traustur íslenskur dreifingaraðili - Sense ehf, dótturfélag Nýherja, umboðsaðili Canon á Íslandi.

## EOS myndavélar fyrir byrjendur og áhugaljósmyndara



### Canon EOS 1000D
Leiðin að þinni sköpun

- 10.1 megapixla CMOS sensor
- Tekur 3 ramma á sek.
- 7 punkta fókuskerfi
- 2.5" skjár m/ Live View
- DIGIC III örgjörvi
- Innbyggt rykhreinsikerfi

**EISA Award:** *„Best Consumer Camera 2008-2009"*



### Canon EOS 450D
Leiktu þér

- 12.2 megapixla CMOS sensor
- Tekur 3.5 ramma á sek.
- 9 punkta fókuskerfi
- 3.0" skjár m/ Live View
- DIGIC III örgjörvi
- Innbyggt rykhreinsikerfi

**TIPA Award:** *„Best D-SLR Advanced 2008"*



### Canon EOS 500D
Segðu alla söguna með Full HD vídeó

- 15.1 megapixla CMOS sensor
- Full HD vídeó (1080p)
- High ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- Tekur 3.4 ramma á sek.
- 9 punkta fókuskerfi
- 3.0" há-upplausna skjár m/ Live View
- DIGIC 4 örgjörvi
- Innbyggt rykhreinsikerfi

**EISA Award:** *„Best SLR Camera 2009-2010"*

## EOS myndavélar fyrir áhuga- og atvinnuljósmyndara



### Canon EOS 50D
Gefðu ljósmyndaranum í þér lausan tauminn

- 15.1 megapixla APS-C CMOS sensor
- Tekur 6.3 ramma á sek.
- DIGIC 4 örgjörvi
- ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- 3.0" há-upplausna skjár m/ Live View
- Hár-nákvæmt „wide-area" AF kerfi
- Magnesíum hús með vörn gegn veðri
- EOS innbyggt rykhreinsikerfi

**www.depreview:** *„Highly recommended"*



### Canon EOS 7D
Hönnuð af þér, smíðuð af Canon

- 18 megapixla APS-C CMOS sensor
- Tekur 8 ramma á sek.
- ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- 100% sjónglugggi (viewfinder)
- 19 cross-type AF punktar
- iFCL mælingakerfi
- Dual „DIGIC 4" örgjörvar
- Full HD vídeó (1080)
- Innbyggður Speedlite Transmitter
- 3" Clear View II LCD skjár
- Magnesíum hús með vörn gegn veðri

**dpreview.com:** *„Highly Recommended"*
**dpreview.com:** *„Make no mistake, Canon wants to be the default choice again..."*



### Canon EOS 5D Mark II
Farðu enn lengra í þinni ljósmyndun

- 21.1 megapixla full frame CMOS sensor
- DIGIC 4 örgjörvinn skilar framúrskarandi litum & blæbrigðum
- ISO allt að 25600
- Full HD (1080) vídeó
- 3.0" há-upplausna LCD skjár m/ Live View
- Tekur 3.9 ramma á sek.
- 9 punkta AF kerfi + 6 auka AF punktar
- EOS innbyggt rykhreinsikerfi
- Magnesíum hús – Byggð fyrir kröfuharða notendur
- Víðtækt úrval af linsum og aukahlutum

**dpreview.com:** *„Highly Recommended"*
**dpreview.com:** *„We have always placed a heavy emphasis on image quality, and all other things aside this means the 5D Mark II has to receive our highest rating."*
**TIPA Award:** *„Best D-SLR Expert 2008"*
**EISA Award:** *„Best Advanced Camera 2009-2010"*

Hafðu samband við eða kíktu í heimsókn til viðurkennds Canon söluaðila og prófaðu EOS.
Einnig nánari upplýsingar á www.canon.nyherji

sense

Dreifingaraðili Canon neytendavara

# Höfundur í stöðugri þróun

**Andlitsdrættir samtíðarinnar heitir ný bók eftir Hauk Ingvarsson, bókmenntafræðing og útvarpsmann. Þar rýnir hann í síðustu þrjár skáldsögur Halldórs Laxness, Kristnihald undir Jökli, Guðsgjafarþulu og Innansveitarkróniku. Hann segir að þótt þær tvær síðarnefndu hafi fengið minni athygli en fyrri skáldsögur höfundarins sýni þær að Halldór hafi verið í stöðugri endurnýjun.**



**HAUKUR INGVARSSON** Segir Halldór einn af andlitsdráttum samtíðarinnar. „Hver ný kynslóð þarf að gera af honum sína mynd.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tilurð bókarinnar má rekja aftur til 2002 þegar Haukur vann að rannsókn á viðtökum verka Halldórs Laxness í Danmörku: „Ég einbeitti mér fyrst og fremst að sjötta og sjöunda áratugnum og skoðaði veitingu Sonning-verðlaunanna sérstaklega. Mótmælin í tengslum við þau sýndu að lesendur Halldórs gerðu til hans strangar siðferðilegar kröfur. Þeir óskuðu eftir höfundi Sölku Völku en hittu fyrir annan höfund sem var kominn á aðrar slóðir. Ég fékk í kjölfarið áhuga á þremur síðustu skáldsögum Halldórs: Kristnihaldi undir Jökli, Innansveitarkróniku og Guðsgjafarþulu sem komu út á árunum 1968, 1970 og 1972.“

### Verk sem lágu óbætt hjá garði

Haukur kveðst hafa fengið áhuga á seinni hluta ferils Halldórs, þar sem hann hafi fengið minni athygli en sá fyrri. „Talað hefur verið um taóismann og annað í þeim dúr, en menn hafa ekki lagt sig mikið eftir því að greina þá umræðu sem fer fram í þessum bókum um til dæmis tungumál, sögu og árekstur skáldskapar og raunveruleika svo dæmi séu nefnd.“

### Í takt við það sem var að gerast

Haukur nefnir það sem sameiginlegt einkenni á bókunum þremur sem hann fjallar um að þær séu fyrstu persónu frásagnir. „Kristnihaldið er auðvitað þekktast þessara bóka, þar er sögupersónan ekki nafngreind með sérnafni heldur ávallt kölluð Umbi. Það sem er til dæmis merkilegt við hinar tvær, Innansveitarkróniku og Guðsgjafarþulu, er að þær daðra við sjálfsævisagnaformið. Þær hafa því hingað til gjarna verið afgreiddar sem dulbúnar sjálfsævisögur; millispil milli skáldsagna og endurminningabókanna sem fylgdu í kjölfarið.

Mér hefur aftur á móti þótt spennandi hversu margt í síðustu tveimur skáldsögum Halldórs er í takt við það sem hefur verið að gerast í skáldsagnagerð á seinni árum, þar sem menn hafa verið að leika sér á mörkum skáldskapar og sjálfsævisagna. Ég nefni sem dæmi Andra-bækur Péturs Gunnarssonar. Þar má finna ævisögulegar tengingar en slíkur lestur hefur ekki freistað manna þegar hann er annars vegar. Pétur er höfundur af annarri kynslóð og því koma lesendur auga á það sem er nýtt, ekki það sem er kunnuglegt. Halldór er kominn á sjötugsaldur þegar þarna er komið sögu og lesendur hans eru fastheldnir á þær hugmyndir sem þeir hafa gert sér um hann.“

### Guðsgjafarþula minnti á Zelig

Bókin skiptist í þrjá kafla, þar sem Haukur rýnir í verkin frá ólíkum sjónarhornum. „Í fyrsta kaflanum fjalla ég um það hvaða augum ritdómarar litu bækurnar þegar þær komu út. Í ritdómunum er gjarnan dregin upp mynd af Halldóri og ég flokka dómana í þrennt eftir þeim: þjóðskáldið, þjóðfélagsskáldið og bókmenntamaðurinn. Í öðrum kafla fjalla ég meira um hvað Halldór gengur í gegnum á sjöunda áratugnum og hvað hann er að spá. Þar er ítarleg umfjöllun um ritgerðina „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“ og endurminningabókina Skáldatíma. Skáldatími hefur fram að þessu verið afgreiddur sem pólitískt uppgjör. Ég reyni aftur á móti að draga fram hugleiðingar Halldórs um bókmenntir í því verki og tilraunir sem hann gerir með frásagnarhátt sem vísa veginn til síðustu skáldsagnanna þriggja.

Í þriðja hlutanum rýni ég í skáldsögurnar þrjár og túlka þær. Ég skoða Kristnihaldið í tengslum við glæpasögur og hrollvekjur, Innansveitarkróniku í tengslum við Íslendingasögur, helgisögur og aðrar bókmenntagreinar, og Guðsgjafarþulu í tengslum við til dæmis kvikmyndir. Sú bók minnir mig mjög á Zelig eftir Woody Allen en hún er gjarnan nefnd sem dæmi um kvikmynd þar sem gætir póstmódernískra áhrifa svo veifað sé hugtaki sem margir hata.“

### Höfundur í stöðugri endurnýjun

Haukur segir brýnt að fólk fái ekki afmarkaða og lokaða mynd af Halldóri Laxness: „Á forsíðu bókarinnar er mynd sem Ari Sigvaldason ljósmyndari tók á bar að nóttu til. Á henni faðmar ungur maður að sér stúlku. Aftan á jakkann hans er prentuð mynd af Halldóri Laxness. Halldór er einn af andlitsdráttum samtíðarinnar og það þarf hver ný kynslóð að gera af honum sína mynd.“ **bergsteinn@frettabladid.is**


Loftkastalinn

Laddi

JÓLASAGA

eftir Charles Dickens

SÍÐUSTU SÝNINGAR!

| | | |
|---|---|---|
| 6. desember | kl. 14 & 17 | Örfá sæti laus |
| 13. desember | kl. 14 | Laus sæti |
| 20. desember | kl. 14 | Laus sæti |

Miðaverð er 1.500 kr. Miðasala á midi.is

HRINGURINN BARNASPÍTALI

Jólakaffi Hringsins

Árlegt jólakaffi og happdrætti Hringsins verður haldið á Brodway sunnudaginn 6. desember kl. 13:30. Miðasala hefst kl. 13.00.

Að vanda er boðið upp á girnilegt kaffihlaðborð með heimabökuðum brauðum að hætti Hringskvenna. Happdrætti með glæsilegum vinningum og síðast en ekki síst, frábær skemmtiatriði úr ýmsum áttum. Allur ágóði rennur í Barnaspítalasjóð Hringsins sem styrkir veik börn á Íslandi.

Girnilegt kaffihlaðborð - Glæsilegt happdrætti

Hringskonur

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um *starf háskólakennara í dansi*

Laust er til umsóknar starf háskólakennara í dansi við leiklistardeild með stöðuheiti lektors, dósents eða prófessors. Umsækjandi skal vera skapandi listamaður, s.s. danshöfundur eða dansari, og hafa kennt við viðurkennda listaskóla. Gerð er krafa um meistaragráðu á sviði danslistar eða sambærilega háskólagráðu, eða jafngilda þekkingu og reynslu.

Starf háskólakennara skiptist í kennslu, stjórnun, og listsköpun / rannsóknir. Í starfinu felst að háskólakennari er fagstjóri á dansbraut. Háskólakennari er sjálfstæður listamaður og er það hluti af hans starfi við skólann að þróa áfram verkefni sín og rannsóknir og miðla afrakstri þeirra og niðurstöðum til samfélagsins.

Umsóknum og meðfylgjandi gögnum skal skila ekki síðar en **mánudaginn 4. janúar** næstkomandi til Listaháskóla Íslands, aðalskrifstofu, Skipholti 1, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans **www.lhi.is**

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS · ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

512 50 50 Auglýsingasími Mest lesið

SYNGJUM SAMAN

Glæsileg bók og skemmtilegur geisladiskur sem þjóðin tekur fagnandi



Barna- og unglingabækur 29.11

1. Sæti

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

Bókin geymir yfir 120 nýja og sígilda söngtexta og diskurinn 47 lög í frábærum flutningi Skólakórs Kársness sem upplagt er að taka undir, heima eða í bílnum.

MÁL OG MENNING www.forlagid.is

3. PRENTUN VÆNTANLEG



Jólagjafirnar fást í Skífunni
S·K·Í·F·A·N
Helgartilboð
Helgar tilboð 1.999 kr.
Helgar tilboð 2.299 kr.
Fjallabræður
Helgar tilboð 1.999 kr.
1CD
Helgar tilboð 2.199 kr.
Jólagestir
DVD &CD
Helgar tilboð 2.999 kr.
Helgar tilboð 2.399 kr.
Áritanir í Kringlunni laugardag
Á MÓTI SÓL
1.899 kr.
Veðurguðirnir
2.299 kr.
Kl. 14.00
Á móti sól
spila og árita
Kl. 15.00
Veðurguðir
spila og árita
1.999 kr.
2.299 kr.
Kl. 16.00
Lára
spilar og árita
Kl. 17.00
Þóra Björk
spilar og áritar
DVD tilboð
Vaughn Witherspoon
FOUR CHRISTMASES
2.399 kr.
JÓHANNES
2.699 kr.
FANGAVAKTIN
3.999 kr.
STRUMPARNIR
STRUMPASAFNIÐ 3
1.999 kr.
SOME GUYS JUST CAN'T HANDLE VEGAS
HANGOVER
2.499 kr.
Nýtt tónlist
ANDREA BOCELLI
My Christmas
I Dreamed A Dream
SUSAN BOYLE
THEM CROOKED VULTURES
50 CENT
NORAH JONES
THE FALL

> **POP-UP VERSLUN Á AKUREYRI**

Í gær var opnuð „Pop-up“ verslun á Akureyri með hönnun Birnu, Einveru og Nakta apans. Búðin verður starfrækt til 9. janúar í Skipagötu 2.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í …



Æðislegan fjólubláan augnskugga í partíin frá Make Up Store.



Glimrandi flottar svartar „harem“-buxur frá Soniu Rykiel.



Hlýja og fallega peysu frá Max Mara. Fæst í GK.



**DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA**
**Anna Margrét Björnsson**

# *Hlýtt og fallegt*



Nú þegar fimbulkuldi færist yfir landið getur verið snúið en jafnframt skemmtilegt að finna fallega lausn á klæðaburðinum. Það er ekkert töff við að horfa upp á fólk skjálfandi af kulda í efnislitlum fötum, og hversu flottir sem litlir leðurjakkar eða aðsniðnir blazer-jakkar eru þá er bara ekki hægt annað en að fjárfesta í góðri kápu, úlpu eða pels fyrir veturinn. Sjálf er ég gefin fyrir straumlínulagaða tísku og er lítið fyrir risastórar hettuúlpur og sjö lög af fatnaði. Það sem hefur reynst mér best undanfarna vetur eru eins konar „goretex“ gammósíur frá 66°N sem eru mjúkar og þægilegar og halda verulega á manni hita. Svo eru þær þröngar og flottar og ganga vel við stígvél og þykka peysu. Annað sem er ómissandi fyrir okkur sem ganga mikið í pilsum eru háir ullarsokkar. Þeir fást víða í allskyns litum og eru gífurlega fallegir yfir sokkabuxur bæði dagsdaglega og við hælaskó að kvöldlagi. Ég er svo kulsækin að meira að segja gamli vintage refapelsinn minn heldur ekki á mér hita. Eftir að kærastinn keypti sér stóra og hlýja hettuúlpu um daginn hef ég verið gjörn á að stela henni og býst við að slík flík rati fljótt í eigin fataskáp því að hún jafn hlý og hús. Krútt Reykjavíkur eiga eflaust auðvelt með að klæða af sér kuldann þar sem þau hafa náð valdi á tækninni við að bæta fleiri og fleiri lögum á sig eftir því sem kólnar. Regnbogalitaðir treflar og víðir kjólar með enn regnbogalitaðri peysum og húfum í stíl. Slík tíska minnir mig eitthvað aðeins of mikið á skemmtistaðinn Sirkus heitinn fyrir um fimm árum og finnst mér þetta dálítið búið spil. En fyrst Sirkus er að opna í Færeyjum á næstunni þá förum við kannski að smita Færeyinga af flipp-lúkkinu góða og einbeita okkur að einhverju öðru hér í 101 Reykjavík. Ég óska öllum góðra og rómantískra stunda í snævi þakinni borg.


N1 Deildin
2009 - 2010

KONUR
Laugardagur

| | | |
|---|---|---|
| KA heimilið | KA/Þór - FH | 14:00 |
| Digranes | HK - Haukar | 14:00 |
| Víkin | Víkingur - Valur | 16:00 |

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




**GÆRUSKINN** Flottur og hlýr frakki fyrir herrana frá Dolce & Gabbana.



**SVALUR** Skærgrænn og mikill refajakki frá Gucci.



**FERSKJULITAÐ** Dásamlega fallegur ferskjulitaður pels við stuttan kjól frá Soniu Rykiel.

LOÐFELDIR KOMA STERKIR INN Í SNJÓNUM:

# Klæddu af þér kuldann

Fátt er hlýrra en loðinn og fallegur pels í vetrarkuldann. Fjöldi hönnuða sýndi alls konar loðfeldi og lambaskinnskápur fyrir veturinn 2009-10. Pelsar geta verið rokkaðir við peysur og þröngar buxur í vetur og setja svo auðvitað punktinn yfir i-ið þegar farið er út á lífið. Hér gefur að líta nokkra dásamlega loðfeldi. - amb



**SKINN** Flott lambaskinnshetta með refabryddingum frá Missoni.



**VÍÐUR** Stór og fallegur svartur pels frá Burberry Prorsum.

# 5-6/12

# JÓLAOPNUN Í VERSLUN EMAMI LAUGAVEGI 66

## BJÓÐUM 15% AFSLÁTT AF ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUN

**FRÁ LAUGARDEGI TIL SUNNUDAGS!**

**OPIÐ 10-18 LAU / 12-17 SUN**



WWW.EMAMI.IS

EMAMI

NÝJA LÍNAN ER EINNIG FÁANLEG Í :

galleri sautján KRINGLAN, SMÁRALIND   Nína AKRANESI   focus AKUREYRI   sentrum EGILSSTÖÐUM

> PAMELA Í TÓNLIST

Pamela Anderson undirbýr nú tónlistarferil sinn. Fyrsta lagið sem hún mun gefa út nefnist High og fjallar um tískubransann. Fyrrum Baywatch-stjarnan vinnur lagið í samvinnu við Richie Rich og í viðtali við dagblaðið New York Post segir hann Pamelu ekki vilja syngja neitt of flókið. Saman eru þau Richie einnig að undirbúa nýja fatalínu sem verður frumsýnd á tískuviku í New York í febrúar næstkomandi.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Huldumaður greiddi kokkakertin

„Það var hringt í okkur frá Sólheimum í Grímsnesi og spurt hvert ætti að senda kertin. Það var bara einhver sem greiddi,“ segir matreiðslumaðurinn Úlfar Eysteinsson.

Úlfar og félagi hans, hamborgarakóngurinn Tómas Tómasson, ætla að dreifa kertum og spilum til barna í næstu viku. Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum þá biðluðu kokkarnir til Seðlabanka Íslands um styrk fyrir kertum frá Sólheimum. Í kjölfar fréttarinnar hafði huldumaður samband við Sólheima og greiddi kertin og Úlfar segir engu máli skipta hver var þar að verki. „Það kom okkur mjög á óvart. Við þurfum ekki að ónáða neinn með það,“ segir hann. „Við erum ekkert að kafa í þetta. Það eru einhverjir að mótmæla á jákvæðan hátt eins og við.“

Eins og kunnugt er þá eru Úlfar og Tómas að mótmæla háum stýrivöxtum Seðlabankans, en þeir ætla ekki að raka sig fyrr en vextirnir lækka um 1,5 prósent. Kokkarnir dreifa huldukertunum og spilunum, sem Icelandair gaf, í leikskóla, barnaspítala Hringsins og víðar í næstu viku. Úlfar segir að allt sé að smella saman og búið sé að redda því sem þarf að redda. „Hestvagninn kemur úr Grindavík og hesturinn og ökumaðurinn úr Hafnarfirði. Þetta er allt að bresta á,“ segir hann.

En hvað heitir hesturinn?

„Hann er bleikur og við köllum hann það. Það var eins nálægt og við komumst að jólasveinalitnum.“ - afb



**GJAFMILDIR JÓLASVEINAR** Úlfar og Tómas dreifa gjöfum til barna í næstu viku.

# Hótaði kærustunni

Tónlistarmaðurinn Ronnie Wood var handtekinn á miðvikudagskvöld fyrir að hafa ráðist á unga kærustu sína á götu úti. Wood var leystur úr varðhaldi gegn tryggingu daginn eftir, þetta staðfestir lögfræðingur Woods.

Íbúar í Surrey heyrðu konu öskra á miðvikudagskvöldið og sáu mann draga stúlku eftir götunni og hóta henni líkamsmeiðingum. „Við heyrðum konu öskra, því næst sáum við mann henda henni niður á götuna. Hann öskraði á hana og svo fannst okkur við heyra hljóð eins og verið væri að kyrkja einhvern. Þá hljóp kærasti minn út til að skakka leikinn. Þegar hann kom út áttaði hann sig á því hver maðurinn var,“ var haft eftir konunni sem hringdi á lögregluna og tilkynnti málið.

„Ekaterina var miður sín og var illa rispuð á hnjám og fótleggjum og svo virtist sem Wood hafi dregið hana eftir götunni nokkra vegalengd. Hún vildi alls ekki leggja inn kæru, en vegna framburða vitna gæti verið að Wood verði kærður fyrir líkamsárás,“ sagði lögreglan um málið.

Wood og Ekaterina hafa verið saman í rúmt ár, en samband þeirra varð til þess að eiginkona Woods til tuttugu ára sótti um skilnað.



**STORMASAMT SAMBAND** Ronnie Wood var handtekinn fyrir að hafa ráðist á kærustu sína.

# Smökkuðu sæagrasúpu

**Snorri Helgason, Bjarni Lárus Hall, María Magnúsdóttir og Kristín Bergsdóttir eru öll að gefa út sínar fyrstu sólóplötur um þessar mundir. Blaðamaður hitti þau á Sægreifanum og spurði þau spjörunum úr á meðan þau gæddu sér á sæagrasúpu sem er ný á matseðlinum.**

Bjarni Lárus Hall, betur þekktur sem Baddi úr hljómsveitinni Jeff Who? hefur nú sent frá sér sína fyrstu sólóplötu sem nefnist The Long Way Home. Snorri Helgason úr Sprengjuhöllinni er einnig að þreyta frumraun sína sem sólólistamaður og sendi nýverið frá sér plötuna I'm Gonna Put My Name On Your Door. Þær María og Kristín eru hins vegar að stíga sín fyrstu skref í tónlistarútgáfu, María með plötuna Not Your Housewife og Kristín með plötuna Mubla.

**Er mikil vinna fyrir tónlistarmenn að koma sér á framfæri um jólin?**

„Maður þarf bara að vera svolítil frekja,“ segir María. „Manni er yfirleitt vel tekið, en maður þarf að vera duglegur að láta vita af sér,“ segir Kristín. „Ég reyndi að vera með fyrir jólatörnina, en mér var sagt að það væru 200 titlar að koma út fyrir jól svo það er ekkert djók,“ segir María. Þeir Baddi og Snorri segja það mikil viðbrigði að gefa út plötur upp á eigin spýtur. „Það er allt öðruvísi og því fylgja bæði kostir og gallar,“ segir Baddi og Snorri tekur undir. „Maður ræður öllu, en þarf líka að gera allt,“ segir hann.

Sæagrasúpan er borin fram með brauðkörfu og smjöri. „Það eru sæbjúgu ofan í,“ segir Kolbrún sem ber fram súpuna og sýnir bita í einni skálinni. „Hvað er það?“ spyr Kristín „Eitthvert loðdýr?“ segir hún og hlær.

**Eruð þið stressuð yfir viðbrögðum fólks þegar tónlistin ykkar er annars vegar?**

„Já, ég verð að viðurkenna að ég er mjög stressuð, en ég hef fengið frekar jákvæða umfjöllun. Maður þarf að læra að taka hvorki inn á sig það slæma né það góða,“ segir María og Baddi tekur í sama streng. „Mér finnst þetta mjög stressandi. Þegar maður er búinn að vera í hljómsveit fær maður kannski meiri umfjöllun, sem er frekar ósanngjarnt því ég er ekki að gera neitt annað en María og Kristín, en á móti kemur er að þeirra diskar eru dæmdir út frá því hvernig þeir eru á meðan ég er hræddur um að tónlistin mín verði tengd við hljómsveitina,“ segir hann. Kristín og Snorri eru á öðru máli. „Ég er bara ótrúlega spennt að fá álit frá einhverjum sem þekkir mig ekki neitt,“ segir hún og Snorri er jafnafslappaður. „Ég hef verið skeindur svo harkalega að ég er ýmsu vanur,“ segir hann og brosir.

Sæagrasúpan rann ljúflega niður og allar skálar eru tómar. En skyldu kynörvandi áhrif súpunnar vera farin að láta á sér kræla? „Hún er ekki farin að kikka inn strax,“ segir Snorri. - ag



**LJÚFFENG SÚPA** Vel fór á með þeim Snorra, Kristínu, Badda og Maríu á Sægreifanum þar sem þau borðuðu sæagrasúpu á meðan þau ræddu um tónlistina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Jólabúðin þín

byggtogbúið

Skreytum, bökum, eldum, borðum, pökkum, gefum og njótum jólanna

Við erum á facebook

**Allir Facebook vinir okkar fara í jólalukkupott. Við drögum daglega um vinninga út alla aðventuna. Viltu vera vinur okkar? Við viljum vera vinur þinn.**

**www.facebook.com/byggt.og.buid**

## MAGNAÐ helgartilboð



**Schou Blandari**
25%
Tilboð 7.499 kr.
Þú sparar 2.500 kr.



**Bodum pressukanna**
8 bolla
28%
Tilboð 6.490 kr.
Þú sparar 2.500 kr.



**Íslenska Pönnukökupannan**
20%
Tilboð 4.790 kr.
Þú sparar 1.200 kr.



**Veggklukka**
23cm
50%
Tilboð 997 kr.
Þú sparar 1.000 kr.



**iPod/MP3 hátalari**
50%
Tilboð 1.998 kr.
Þú sparar 1.999 kr.



**Nafnabangsi**
33%
Tilboð 999 kr.
Þú sparar 500 kr.



**Sléttujárn Keramik**
50%
Tilboð 3.495 kr.
Þú sparar 3.500 kr.



**Allar Eldhúsvogir**
30%



**Allar Hraðsuðukönnur**
25%

## TOPP 10

### JÓLAGJAFIRNAR



1. Kitchen Aid Jólatilboðið
2. Wassermaxx Sódavatnstæki
3. iRobot Ryksuguvélmenni 520
4. Íslenska Pönnukökupannan
5. Bodum Pessukanna 8 bolla
6. Mebus Veðurstöð
7. Thermos Milan Hitakanna
8. Alias Orðaleiksspilið
9. iPOD Docka
10. Cloer Vöfflujárn

## TÉKKLISTI

*- MIKILVÆGAR JÓLAVÖRUR*

- ☐ Aðventuljósaperur
- ☐ Sogskálar
- ☐ Grenilengjur
- ☐ Fjöltengi
- ☐ Kökukefli
- ☐ Piparkökumót
- ☐ Kjöthitamælar
- ☐ Seríufestingar
- ☐ Reykskynjarar
- ☐ Hnetubrjótar
- ☐ Laufabrauðsjárn
- ☐ Límbönd
- ☐ Jólapappír
- ☐ Litaðar ljósaperur
- ☐ Girni
- ☐ Merkimiðar
- ☐ Gaskveikjari
- ☐ Dragbönd
- ☐ Krókar
- ☐ Kjöttvinni

## ÖÐRUVÍSI vörur



**Jurtapottur og fræ**
Þarf aðeins vatn og smá mold og þá taka fræin við sér.
Verð 1.999 kr.



**Jólalöber sería**
Löber á borðið með 60 ljósum, fyrir rafmagn eða batterí.
Verð 2.713 kr.



**Skófla og hakkari**
Hnífur og skófla í senn, vinsæl vara.
Verð 1.890 kr.



**Spábollasett**
Viðarskrín með tveimur spábollum, spádómabók og pakka af kaffi.
Verð 4.990 kr.



**Jóla Kúrekahattur**
Kemur okkur í jólaskapið, ekki verra að vera með línudansinn á tæru
Verð 1.249 kr.



**Ultra Hreinsitæki**
Hreinsar ótrúlegustu hluti; skartgripi, úr, gleraugu og jafnvel falskar tennur.
Verð 9.999 kr.



**Kauptu tvær seríur og *fáðu ódýrari á ½ virði!***

NÝTT KORTATÍMABIL

Athugið! Opið til 22 til jóla.

byggtogbúið
KRINGLUNNI
Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is
www.facebook.com/byggt.og.buid

# Sól, sandur og fimm stjörnu hótel

**Ferðamálaráð Kanaríeyja fór í haust af stað með verkefnið No Winter Blues. Þeir fyrstu sem boðið var til eyjanna voru eitt hundrað Íslendingar. Hópurinn gisti á fimm stjörnu hótelum og borðaði kvöldverð á 268 rétta hlaðborðum þar sem vínið flaut eins og bjór. Atli Fannar Bjarkason slóst í för með hópnum á fjórða degi og fylgdi honum þangað til eyjarnar voru kvaddar.**



**ÞRJÚ TONN AF SANDI** Íslendingarnir hlaupa upp á sandhól á eyjunni Fuerteventura. Leiðsögumaðurinn Roger sagðist hafa hugleitt að skipuleggja kapphlaup, en hætti við vegna þess að hann var hræddur um að einhver fengi hjartaáfall, enda ekki á allra færi að spretta upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI FANNAR

Ímyndum okkur aðstæður. Ímyndum okkur að við búum í kreppuhrjáðu landi þar sem stjórnmálamennirnir eru búnir að elta eigið skott í meira en ár. Verðlag í landinu hefur hækkað mikið vegna þess að gjaldmiðillinn er ónýtur og það hefur einnig ryksugað sjarmann af utanlandsferðum. Já, svo er drullukalt í ímyndaða landinu.

Þetta er um það bil það síðasta sem ég hugsaði um á þriðjudagskvöld þegar ég bað kokk á Princesa Yaiza-hótelinu á Lanzarote-eyju á Kanarí að koma mér á óvart. Hvenær segir maður það við kokk? Jú, þegar maður er á hóteli sem setur „L“ við hliðina á stjörnunum fimm, svo að lúxusinn fari örugglega ekki á milli mála.

Íslendingarnir 100 sem fóru til Kanaríeyja í boði ferðamálaráðs eyjanna upplifðu ótrúlegan lúxus án þess að borga krónu fyrir. Lúxushótel, margrétta máltíðir (268 réttir voru metið – minnir mig), góð vín og nánast endalausar ferðir. Bretum og Hollendingum finnst ekki mikið til Íslendinga koma, en á Kanarí var komið fram við þá eins og kóngafólk. Það kom samt fljótt í ljós að þeir (og ég meðtalinn) eru öllu frjálslegri í fasi en hefðbundið kóngafólk, sem kann til dæmis ekki við að segja „bæði“ þegar þjónninn spyr: „Rautt eða hvítt?“ – og bæta svo við „y una cerveza por favor“.

Ég hitti íslenska hópinn síðasta laugardag á Cordial Mogan-hótelinu á suðurströnd Gran Canaria-eyjunnar, sem liggur austan við Tenerife. Þá hafði hópurinn þegar heimsótt tvær eyjar í Kanaríklasanum og átti þrjár eftir. Allir sem ég talaði við voru sammála um að lúxusinn væri ótrúlegur. Eitthvað sem aðstandendur ferðarinnar vona að Íslendingarnir verði duglegir við að tala um í framtíðinni – sem á að skila sér í fleiri íslenskum ferðamönnum.



**Í SVIÐSLJÓSINU** Myndatökufólk fylgdi Íslendingunum hvert sem þeir fóru, en oftast var aðeins verið að taka upp fyrir No Winter Blues-verkefnið. Fjölmiðlar mættu þó á svæðið þegar hópurinn fór á veitingastaðinn El Diablo á eldfjallaeyjunni Lanzarote.



**Á STRÖNDINNI** Ari Eldjárn, Draupnir Draupnisson og Linda Guðrún Karlsdóttir voru eldhress í ferðinni. Þarna eru þau á ströndinni á eyjunni Fuerteventura í einkennisbolum ferðarinnar – sem þóttu afar glæsilegir.

Ferðamönnum á Kanarí hefur sem sagt fækkað og Ari Eldjárn, einn af heppnu Íslendingunum, uppistandari og starfsmaður auglýsingastofunnar Jónsson og Le Mack, orðaði þetta best og líkti ferðamönnum við þorskstofninn. Íslenski ferðamaðurinn er hnignandi stofn sem þarf að rækta, en eins og flest kostar það peninga. No Winter Blues-verkefnið kostar milljarða og var bókstaflega öllu tjaldað til í ferðinni. Nú eru íslensku þorskarnir farnir til síns heima og ferðamálaráð Kanaríeyja vonar að þeir hrygni og afkvæmin syndi suður. Verkefnið verður svo keyrt í fleiri löndum, en hvergi verður jafn mörgum boðið. Íslendingarnir eru fjölmennasti hópurinn og gætu verið búnir að sjá til þess að ferðamálaráðið endurskoði að bjóða upp á frítt áfengi heilu kvöldin. Segi svona.

Á mánudag var flogið til eldfjallaeyjunnar Lanzarote þar sem stefnan var tekin á Princesa Yaiza-hótelið. (Þið vitið, fimm stjörnu hótelið með „L“-inu). Þar riðu Íslendingarnir kameldýrum og borðuðu á veitingastaðnum El Diablo. Maturinn þar var eldaður með hita úr eldfjalli og bragðaðist vel, þrátt fyrir sósuskortinn. Á hótelinu biðu svítur sem voru stærri en meðalíbúð. Í sturtunni gekk ég um og hugleiddi hvort ég ætti að stela sloppnum sem fylgdi svítunni. Niðurstaðan var sú að hann myndi verja flatskjáina tvo fyrir höggum í töskunni minni.

Daginn eftir sigldum við til Fuerteventura þar sem við skoðuðum gullnar strendur og syntum í heiðbláum sjónum. Eyjarskeggjar skelltu sér reyndar ekki í sjóinn með okkur þar sem það var skýjað og ekkert hrikalega hlýtt. En við erum Íslendingar og látum ekki nokkur ský stoppa okkur. Börn hafsins láta ekki að sér hæða. Næsta dag var flogið til Tenerife og heim. Almennt voru Íslendingarnir gríðarlega ánægðir með ferðalagið. Dagskráin var stíf og fólk kom gríðarlega sátt og á sama tíma gríðarlega þreytt heim. Gaman verður að sjá hvort átakið skili árangri og Íslendingar hópist til Kanarí á næstu árum.

## Mikið ferðalag






# Loksins aftur habitat

YUTO krúsir
Verð 1.540 kr.



Natale – jólaljósatré
á jólatilboði
meðan birgðir endast:
7.500 kr.
Fullt verð: 12.500 kr.
Ein stærð: 40x57cm





SKITTLE kollur/borð
Verð 20.790 kr.



JESSIE skál
Verð 1.550 kr.

KILO innskotsborð
Verð frá 20.790kr.





HAMBURG glasalína
Margar stærðir



Úrval af notalegum ábreiðum
Verð frá 10.780 kr.

FABRIKAN

habitat Holtagörðum | S. 566 7070 | www.habitat.net




# Í vondum málum

Fréttir af slysi og meintu framhjáhaldi kylfingsins Tiger Woods hafa verið á allra vörum undanfarna daga. Tímaritið US Weekly heldur því fram að Elin Nordegren, eiginkona Tiger Woods til fimm ára, ætli sér að standa með manni sínum í gegnum þessa erfiðu tíma. Tímaritið vill þó meina að Nordegren geri það aðeins peninganna vegna því Woods hefur lofað að greiða henni ríkulega fyrir. Samkvæmt kaupmála sem hjónin gerðu með sér þarf Nordegren að vera gift Woods í tíu ár til þess að fá tuttugu milljónir Bandaríkjadala af auðæfum Woods.

Nú hefur þessi fjárhæð verið hækkuð til muna. Sænski kylfingurinn Jesper Parnevik, sem Elin Nordegren vann eitt sinn hjá, segist sjá eftir því að hafa kynnt stúlkuna fyrir Woods á sínum tíma. „Við héldum greinilega að hann væri betri maður en hann er. Ætli ég skuldi Elinu ekki afsökunarbeðni,“ var haft eftir Parnevik.

Rachel Uchitel, konan sem á að hafa hrundið þessu öllu af stað, er orðin stórstjarna í Bandaríkjunum og önnur konan, Jaimee Grubbs, sagði í nýlegu viðtali að það hafði sært hana mjög að komast að því að Woods ætti fleiri hjásvæfur en hana.


**BROTIN FJÖLSKYLDA** Fjöldi kvenna hefur komið fram og viðurkennt að hafa átt í sambandi við hinn gifta Tiger Woods.





**FYNDNAR STÚLKUR** Helga Katrín og vinkonur hennar halda stelpu-uppistand á Næsta bar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fyndnar stelpur

**Sérstakt uppistandskvöld verður haldið á Næsta bar á miðvikudaginn næstkomandi því þar koma fram fimm vinkonur en þetta verður í fyrsta sinn sem þær reyna við uppistand.**

„Þetta byrjaði þannig að við vorum nokkrar vinkonur að ræða hvers vegna engar stelpur væru með uppistand. Við vitum það sjálfar að stelpur geta verið mjög fyndnar þó þær geri ekki mikið af því opinberlega. Í kjölfarið ákváðum við að gera þetta sjálfar og skipulögðum uppistandskvöld,“ segir Helga Katrín Tryggvadóttir, en hún ásamt Kötlu Ísaksdóttur, Þórdísi Nadiu Óskarsdóttur, Soffíu Hrönn Gunnarsdóttur og Uglu Egilsdóttur munu stíga á svið á miðvikudagskvöldið.

Helga Katrín, sem stundar meistaranám í þróunarfræði, segist lítið vilja gefa upp um umfjöllunarefni sitt og tekur fram að sé fólk forvitið verði það bara að mæta á staðinn sjálft. Aðspurð segist hún ekki sannfærð um að karlar séu fyndnari en konur. „Alveg eins og konur eru ekki fyndnari en karlar. Ég er ekki gefin fyrir að alhæfa svona, ég held að húmor sé fyrst og fremst persónubundinn.“

Hún segist síðast hafa staðið á sviði í grunnskóla en sé þrátt fyrir það lítið stressuð fyrir kvöldinu. „Það getur vel verið að stressið komi klukkutíma áður en ég stíg á svið. Við erum flestar búnar að fullmóta efnið okkar. Ég ætlaði fyrst að spinna efnið á staðnum en hætti við það og kom með aðeins fastmótaðra efni. Annars held ég að þetta fari allt eftir áhorfendunum og ég held ég muni reyna að spila þetta svolítið eftir eyranu,“ segir Helga Katrín að lokum.

Uppistandið hefst klukkan 22á Næsta bar og er aðgangur ókeypis.

- sm




# Leikrit um einelti

„Þetta er unglingaleikrit fyrir alla aldurshópa,“ segir Kári Viðarsson leikari í leikhópnum The Fiasco Division. Hann setur upp leikritið Devotion í Leikfélagi Hafnarfjarðar ásamt Aldísi Davíðsdóttur leiklistarnema og Árna Grétari Jóhannssyni leikstjóranema. Bæði nema þau við Rose Bruford College í London en Kári er útskrifaður frá skólanum.

„Okkur langaði að gera leikrit sem fjallar um ofbeldi og einelti því að það er mikil umræða um þetta í samfélaginu, Okkur langaði líka til að fá tækifæri til að skoða þetta sjálf. Þegar maður er að vinna svona leikrit gefst oft tækifæri fyrir leikara til að kafa djúpt ofan í viðfangsefnið og við erum búin að læra mikið af því að búa þetta til,“ segir Kári. Tvær sýningar verða 18. desember og ein hinn 19. og þar sem einn leikarinn er frá Bretlandi verður leikið á ensku. „Leikritið er hrátt, fyndið, ögrandi og veltir upp hugmyndinni um hvenær leikur hættir að vera leikur og verður að alvöru. Það snertir einnig á viðkvæmum málum eins og einelti og annars konar ofbeldi og býður upp á tækifæri fyrir áhorfandann til að íhuga eigin skoðanir og hugmyndir hvað varðar ýmiss konar árekstra milli hópa og einstaklinga og þau vandamál


**FRÆÐANDI LEIKRIT** Kári segir Devotion vera unglingaleikrit fyrir alla aldurshópa, en leikritið verður sýnt í Leikfélagi Hafnarfjarðar 18. og 19. desember.

sem þessir árekstrar geta valdið,“ útskýrir Kári. „Eftir áramót förum við í eldri bekki grunnskóla og í framhaldsskólum víðs vegar um landið, í þeim tilgangi að varpa ljósi á og opna umræðu um einelti og ofbeldi. Þetta hefur mikið fræðslugildi fyrir alla aldurshópa og ég held að allir hefðu gagn og gaman af því að sjá sýninguna,“ segir hann.

- ag

# 1001 nótt með Hugleik!




Aðeins
1001
eintak



**Hugleikur áritar bók sína
í verslun Eymundsson
í Austurstræti kl. 14-17
laugardaginn 5. desember.**

**Einstakt safn listaverka Hugleiks Dagssonar er nú fáanlegt í einu bindi. 1001 OKKUR geymir 1001 mynd úr „Okkur“ seríunni í viðhafnarútgáfu, tölusett og árituð af höfundi – ásamt plakati.**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# Hitar upp fyrir soninn

**Hljómsveitin Ríó tríó hitar upp fyrir Snorra Helgason á útgáfutónleikum hins síðarnefnda í Þjóðleikhúskjallaranum 17. desember. Um skemmtilegt uppátæki er að ræða því Helgi Pétursson í Ríó tríó er einmitt faðir Snorra. Bæði Snorri og Ríó tríó sendu frá sér plötur á dögunum. Plata Snorra nefnist I´m Gonna Put My Name On Your Door en Ríó tríóið gaf út jólaplötu sem nefnist Gamlir englar – Sígildir á jólum. Hljómsveitin Sigríður Thorlacius & Heiðurspiltar kemur einnig fram á tónleikunum sem hefjast klukkan 20.30. Miðaverð er 1.500 krónur.**



**FEÐGAR** Snorri Helgason og faðir hans Helgi Pétursson spila í Þjóðleikhúskjallaranum 17. desember.

Helgartilboð

IÐA




7.995,-
5.995,-

Lækjargata 2a sími 511-5001 opið alla daga frá 9.00 - 22.00



**ZAC EFRON** Efron ber mikla virðingu fyrir kollega sínum Leonardo DiCaprio.

# Vill líkjast Leo

Leikarinn Zac Efron ætlar að taka sér Leonardo DiCaprio til fyrirmyndar þegar kemur að kvikmyndaferlinum. Ástæðan er sú að DiCaprio hefur leikið í mjög fjölbreyttum myndum, sem er einmitt það sem Efron langar að gera. „Ég fylgist mjög vel með þróuninni á ferli Leos. Hann er besti mælikvarðinn fyrir mig. Það er magnað að sjá leikara halda jákvæðni sinni ár eftir ár og einbeita sér að vinnunni í von um að standa sig sem allra best," sagði hinn 22 ára Efron, sem sló í gegn í High School Musical-myndunum. Efron hefur einnig mikinn áhuga á að leika í James Bond-mynd í framtíðinni. „Ég er mikill James Bond-aðdáandi. Ég væri til í að leika illmennið. Ég hef séð eiginlega allar Bond-myndirnar og Sean Connery er í mestu uppáhaldi."




# Poppævisögur framtíðarinnar

Ævisögur Magga Eiríks, Gylfa Ægis og Villa Vill fljúga nú út úr bókabúðunum. Því er líklegt að fleiri popparar hugsi sér gott til glóðarinnar á komandi árum og áratugum að segja sögu sína í bók. Hér eru nokkrar ævisögur sem fastlega má búast við að gefnar verði út í framtíðinni.




**Herra Popp!**
*Páll Óskar leysir frá skjóðunni (2030)*
Í tilefni af sextugsafmæli herra Páls Óskars Hjálmtýssonar, forseta lýðveldisins, kemur Herra Popp! – óritskoðaðar æviminningar einnar litríkustu persónu lýðveldissögunnar. Kíkt er bak við tjöldin, bæði á Bessastöðum og á risatónleikasölum víðs vegar um heim. Lesendur eru beinlínis með nefið ofan í atburðunum sem skóku þjóðfélagið. Stórkostleg bók!

**Leiðin til Las Vegas**
*Lífssaga Jóhönnu Guðrúnar (2042)*
Ung að árum sigraði hún hjörtu heimsins í Eurovision, en það var bara byrjunin. Eftir að hún söng titillagið í stórslysamyndinni Dubai Burns! lá leiðin um stærstu tónleikahús heimsins, þar til hún sló endanlega í gegn með sýningu sinni í Las Vegas. Í þessari mögnuðu bók horfir Jóhanna um öxl og dregur hvergi undan.







**Hjálpaðu mér upp**
*Bransasaga Björns Jörundar (2020)*
Í þessari mögnuðu ævisögu segir Björn Jörundur sögu sína af einstakri hreinskilni. Hvort heldur sem Björn skrifar um víf og vín, tvíbura, árin með Nýdönsk, villtu árin í Brasilíu, kynni hans af sálarrannsóknum og frímerkjasöfnunaráströðuna, getur lesandinn alltaf verið viss um eitt: Björn leggur öll spilin á borðið.

**Úr Mínus í plús**
*Hin lygilega ævisaga Krumma Björgvinssonar (2040)*
Í þessari ævintýralegu bók segir Krummi á hreinskilinn hátt frá árunum með Mínus, sigurgöngunni í Eurovision 2031 og hvernig honum tókst að slá í gegn á verðbréfamarkaðinum með sínum einföldu töfralausnum. Í aukakafla kennir Krummi lesendunum að koma lagi á heimilisbókhaldið.







**Magnaður!**
*Magni í lífsins ólgusjó (2038)*
Saga söngvarans goðsagnakennda, frá Rock Star Supernova ævintýrinu til sautjándu plötu Á móti sól, 17. Hvað gerðist bak við tjöldin í Hollywood og hvað gerðist bak við tjöldin í Húnaveri? Með bókinni fylgir sautjánda plata Á móti sól, 17, á örflögu.

**Frumskógatrommur**
*Ótrúleg ævisaga Emilíönu Torrini (2033)*
Ung að árum sneri Emilíana frá villu síns vegar, yfirgaf gerviheim popptónlistarinnar og helgaði líf sitt Jesúm í gegnum kristniboðssamtökin Hvítu dúfuna. Í þessari vönduðu ævisögu segir systir Torrini frá kynnum sínum af fólkinu sem breytti lífi hennar og starfi kristniboðssamtakanna í fátækustu löndum Afríku.







**Svona varð ég ríkasti maður Íslands**
*Ingó segir frá (2045)*
Segja má að Bahama-eyjar hafi verið örlagavaldur í lífi Ingós. Smellurinn kom honum á kortið en Ingó kom Bahama-eyjum á kortið eftir að hann breytti höfuðborginni Nassau í spilavítishöfuðborg heimsins. Í þessari einkar glæsilegu bók segir Ingó sögu sínu og landsfrægur kveðskapur hans er hvergi langt undan. Bókinni fylgir viðauki þar sem allar sjö eiginkonur Ingós tjá sig um árin með honum.

**Sæljónsi**
*Ævisaga Jónsa í Sigur Rós (2035)*
Í þessari mögnuðu bók er sögð saga eins mesta athafnamanns Íslandssögunnar. Spennandi og lifandi frásögn af árunum með Sigur Rós og Sea Lion Worldævintýrinu, sem gerði Jónsa að einum alræmdasta og auðugasta manni Íslands. Hér fær lesandinn sannleikann. Allan sannleikann.




GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
999,-
ÞYKKIR OG KÓSÝ
JÓLASOKKAR, DÖMU
599,-
SKEMMTILEGIR KÓSÝSOKKAR,
BARNA, MARGAR GERÐIR
999,-
FLÍSFÓÐRAÐAR
ULLARHÚFUR OG
VETTLINGAR
399,-
BARNA SOKKABUXUR
MARGAR GERÐIR
ÁÐUR 999
499,-
FLÍSFÓÐRAÐAR
BARNALÚFFUR
ALLUR PAKKINN
JAKKAFÖT - SKYRTA - BINDI
14.990,-
NÝTT KORTA TÍMABIL
NÝTT KORTA TÍMABIL
OPIÐ FRÁ 10-21 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 5. desember 2009

**Tónleikar**

15.00 Harmonikufélag Reykjavíkur verður með tónleika í **Ráðhúsi Reykjavíkur.**

16.00 og 21.00 Jólagestir, tónleikar Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll við Engjaveg í Laugardalnum, fara fram í dag. Nánar á **www.midi.is.**

17.00 Óratórían Messías eftir Händel verður flutt á tónleikum í **Neskirkju** við Hagatorg. Flytjendur eru Kór Neskirkju, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.

20.00 Söngvarar úr óperudeild Söngskóla Sigurðar Demetz flytja **„Brúðkaup Fígarós“** eftir W.A. Mozart í Langholtskirkju við Sólheima. Arnar Jónsson leikari flytur söguþráð milli atriða.

20.30 **Megas** heldur aðventutónleika í Bústaðakirkju við Tunguveg. **Húsið verður opnað kl. 19.30.**

21.00 Í Hallgrímskirkju við **Skólavörðuholt** fara fram fyrri jólatónleikar Mótettukórsins. Á efnisskránni verða tónlist eftir m.a. Palestrina, Gjeilo, Mortensen og Áskel Jónsson.

21.30 Tónleikaröðin **Duplex** fer fram á Batteríinu við Hafnarstræti og Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Fram koma: Bloodgroup, Agent Fresco, Útidúr, Lára, Mikado, Me, the Slumbering Napeleon, Morðingjarnir, Koi og Pascal Pinon. **Húsin verða opnuð kl. 21.00.**



22.00 **Baggalútur** verður með jólatónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

**Sýningar**

Í gallerí BOXi við Kaupvangstræti 10 á Akureyri hefur verið opnuð sýning sem fjallar um bækur, rithöfunda, skáld, prentsmiðjur og útgáfustarfsemi í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. **Opið lau. og sun. kl. 14-17.**

### Sunnudagur 6. desember 2009

**Tónleikar**

15.00 Ljótu hálfvitarnir verða með fjölskyldutónleika í Salnum við **Hamraborg í Kópavogi.**

17.00 Í **Hallgrímskirkju** við Skólavörðuholt fara fram seinni jólatónleikar Mótettukórsins. Á efnisskránni verður tónlist efitr m.a. Palestrina, Gjeilo, Mortensen og Áskel Jónsson.

17.00 Selkórinn heldur **jóla- og aðventutónleika** í Seltjarnarneskirkju við Kirkjubraut.

16.00 og 20.00 Söngfólk úr Biskupstungum og kór Kristskirkju halda saman tvenna tónleika í Kristskirkju, Landakoti.

20.00 Aðventutónleikar Söngsveitarinnar Fílharmóníu fara fram í Langholtskirkju við Sólheima. **Ágúst Ólafsson syngur einsöng.**

Aðventutónleikar í Hjallakirkju við Álfaheiði í Kópavogi. Kórin flytur fjölbreytta **aðventu- og jólatónlist.**

**Fjölskyldudagskrá**



12.34 og 13.00 Í **Norræna húsinu** við Sturlugötu koma listamenn í heimsókn í hádeginu kl. 12.34, alla daga fram að jólum og verða með uppákomur. Í dag kl. 13 verður einnig boðið upp á upplestur fyrir yngri kynslóðina. **Ragnheiður Gestsdóttir les fyrir börnin.**

14.00 Fjölskyldudagskrá Í **Þjóðminjasafninu** við Suðurgötu. Farið í ratleik, leitað af jólakettinum, leynigestur og jólasýning. Nánar á **www.natmus.is.** Enginn aðgangseyrir.

15.00 Harmonikufélag Reyjavíkur og Víkin-Sjóminjasafnið efna til hátíðar á safninu við Grandagarð í tilefni af **Nikulásarmessu**. Harmonikuspil, marseringu og hringdans er meðal þess sem boðið verður upp á.

**Leikrit**

15.00 og 18.00 Leikfélagið Peðið verður með tvær sýningar á kabarettnum Grandlendingasögu eftir Jón Benjamín Einarsson. Sýningar fara fram á Grand Rokk við Smiðjustíg. Nánari upplýsingar á **www.pedid.is.**

**Upplestur**

14.00 Boðið verður upp á upplestur úr barnabókum í Bókabúð **Máls & menningar** við Laugaveg 18.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**




# Clooney bestur

Nýjasta mynd George Clooney, Up in the Air, var kjörin besta kvikmyndin af hinum virtu bandarísku samtökunum National Board of Review. Litið er á verðlaunin sem þau fyrstu stóru af þeirri verðlaunabylgju sem er fram undan. Þau þykja gefa góða vísbendingu um það sem koma skal því síðustu tvær myndir sem hafa verið valdar bestar af samtökunum, No Country for Old Men og Slumdog Millionaire, voru báðar kjörnar bestu myndirnar á Óskarsverðlaununum. Clooney var einnig kjörinn besti leikarinn en í myndinni, sem Jason Reitman leikstýrir, leikur hann mann sem vinnur við það að reka fólk. Morgan Freeman var sömuleiðis valinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt í Invictus undir leikstjórn Clints Eastwood, var einnig verðlaunaður sem besti leikstjórinn. Invictus fjallar um stuðning Nelsons Mandela, fyrrverandi forseta Suður-Afríku, við ruðningslið landsins.



**GEORGE CLOONEY** Nýjasta mynd George Clooney, Up in the Air, vann National Board of Review-verðlaunin.




**CLINT EASTWOOD** Hollywood-goðsögnin verður áttræð á næsta ári en hefur engan áhuga á því að halda upp á daginn.

# Vill engin veisluhöld

**Leikstjórinn Clint Eastwood hefur engan áhuga á því að halda upp á áttræðisafmælið sitt á næsta ári. Hann nær þessum merka áfanga í maí en hefur bannað eiginkonu sinni að gefa sér gjafir. Hann vill heldur ekki að afmælisveisla verði haldin fyrir sig. „Þegar maður kemst á áttræðisaldurinn gerast ákveðnir hlutir. Einn er sá að maður hættir að halda upp á afmælið,“ sagði Eastwood, sem vill miklu frekar fá sér rauðvínsglas með konunni og hafa það náðugt.**

# Jólamarkaður í Kjós

„Við hættum að kalla þetta jólamarkað og ákváðum að kalla þetta frekar Aðfangamarkað, þar sem fólk kemur og kaupir aðföng fyrir jólin,“ segir Sigurbjörn Hjaltason, oddviti Kjósarhrepps. Aðfangamarkaðurinn fer fram í Félagsgarði í Kjós í milli klukkan 12 og 17, en þar munu heimamenn hafa framleiðsluvörur sínar á boðstólum og kvenfélagið sjá um veitingasölu. Þá verður einnig hægt að ná sér í jólatré inni í Hvalfirði.

„Það er mikil umferð upp í jólatrjáaskóginn í Kjós og þá er kjörið að fara á markaðinn í leiðinni,“ segir Sigurbjörn, en á boðstólum verður meðal annars, nautakjöt, tvíreykt hangikjöt, glingur úr horni, málverk, jólakort og ýmiss konar listmunir og nytjavara.



**JÓLASTEMNING Í KJÓS** Heimamenn verða með framleiðsluvörur sínar á Aðfangamarkaðnum í Kjós í dag.

„Þetta var vel sótt í fyrra og hefur alltaf verið að aukast. Fleiri og fleiri úr sveitinni eru að bjóða sínar vörur og það er frábært að geta komið afurðinni til fólks svona beint frá bóndanum“.

- ag

# Eitt ár frá andláti Rúnars

Í dag er liðið eitt ár síðan Rúnar Júlíusson tók upp á því að yfirgefa okkur.

„Það verður svo sem ekkert gert í tilefni þess nema að taka til í stúdíóinu og bara verið á Skólaveginum með mömmu og svona,“ segir Júlíus Guðmundsson, sonur Rúnars. „Við héldum vel heppnaða uppskeruhátíð Geimsteins á Ránni á fimmtudaginn. Pabbi hafði komið upp þeirri hefð að halda þetta alltaf fyrsta fimmtudaginn í desember.“

Bræðurnir Júlíus og Baldur halda merki Geimsteins á lofti og gefa út þrjá titla í ár. Allir þrír eru tvöfaldir geisladiskapakkar: Minningartónleikarnir um Rúnar frá því 2. maí, sex ævintýraplötur Gylfa Ægissonar á tveimur diskum og safnplatan Geimsteinn 33 1/3.

Í vikunni kom út ljósmyndabókin Dagur með Rúnari í hundrað eintökum. Í bókinni eru ljósmyndir sem Þorfinnur Sigurgeirsson tók af Rúnari í ágúst í fyrra og birtist hluti þeirra í umslagi safnpakkans Söngvar um lífið.

- drg



**LIFIR Í TÓNLISTINNI** Rúnar í Geimsteini í fyrra.

MYND/ÞORFINNUR SIGURGEIRSSON



**KIMONO** Easy Music for Difficult People er komin út.

# Kimono í Havarí

**Nóg verður í gangi í versluninni Havarí í Austurstræti í dag. Nýjasta plata Kimono er komin út og ætlar sveitin að halda tónleika í búðinni kl. 17. Myndlistarmaðurinn Harry Jóhannsson hefur bæst í hóp þeirra listamanna sem eiga verk í Havarí. Þá hefur bókverkaverslunin Útúrdúr flutt inn í verslunina. Útúrdúr var áður með bækistöð í Nýló og er algjör fjársjóðskista fagurra bóka.**



**PEE WEE HERMAN** Leikarinn Paul Reubens er þarna undir.

# Pee Wee snýr aftur

Það versta sem getur hent barnastjörnu er sennilega að vera gripinn af löggunni með allt niður um sig í klámbíói. Einmitt þessu lenti Paul Reubens í árið 1991.

Hann hafði slegið í gegn snemma á níunda áratugnum í hlutverki Pee Wee Hermans, bæði í vinsælum sjónvarpsþáttum og í kvikmyndinni Pee Wee's Big Adventure, sem Tim Burton leikstýrði 1985. Eftir atvikið hrundi heimur Pauls, þættirnir voru teknir af dagskrá og leikfangabúðir fjarlægðu Pee Wee Herman dót. Atvikið lagðist þungt á leikarann og hann fór huldu höfði árum saman. Nú er hins vegar allt á uppleið og Pee Wee hefur birst hjá bæði Leno og Conan.

Með hjálp förðunarsnillinga lítur hann ekki út fyrir að hafa elst um einn dag. Í janúar fer sýningin The Pee Wee Herman Show á svið í Los Angeles og í undirbúningi er ný kvikmynd um ævintýri grallarans.

- drg




# JÓLATÓNLEIKASPRENGJA Í ÁR

**Fjörtíu þúsund miðar hafa selst inn á hvers kyns jólatónleika í ár. Þeir hafa sjaldan eða aldrei verið fleiri enda veltir þessi „nýi“ iðnaður í tónlistarbransanum í kringum 200 milljónum.**

Úr mörgu er að moða fyrir þá sem vilja fá jólastemninguna beint í æð. Stórtækasti jólasveinninn hlýtur að vera Samúel Kristjánsson, sem hefur séð um Frostrósartónleikana undanfarin ár. Síðustu árin hafa um tólf þúsund manns að jafnaði mætt samtals á tónleikana, en í ár stefnir í tvöföldun, vel yfir tuttugu þúsund gesti.

„Þetta er langt fram úr öllu sem manni hefði mögulega getað dottið í hug,“ segir Samúel. „Það eru átján tónleikar í allt, þar af fernir í Laugardalshöll, sem er í fyrsta skipti sem það gerist. Það eru um fimm þúsund manns að koma á Norðurlandi og svo eru tónleikar í kirkjum og smærri stöðum úti um allt land.“

Samúel segir ástæðuna fyrir þessari miklu aukningu vera blöndu af ýmsu. „Fólk fer ekki til útlanda eins og áður, en hefur hugsanlega ákveðið að leyfa sér þetta í staðinn til að gera vel við sig. Svo hafa Frostrósir vonandi spurst út jafnt og þétt.“

Jólagestir Björgvins verða haldnir í þriðja skipti í Laugardalshöll á morgun. Verið er að selja óseldar pantanir á aukatónleikana. Sex þúsund manns munu njóta.

Jólatónleikar Sinfóníunnar eru fastur liðir í jólaundirbúningi margra. Í ár hjálpar Páll Óskar upp á stemninguna og les og syngur ævintýrið um snjókarlinn með tónlist eftir Howard Blake. Nú hefur fjórðu tónleikunum verið bætt við svo búast má við að hátt í fjögur þúsund manns fái jólaandann yfir sig á Hagatorgi.

Svo eru allir hinir jólatónleikarnir; kórar, hljómsveitir og söngvarar að syngja og leika úti um allt land og blása fólki jólaandann í brjóst. Þegar allt kemur til alls má því auðveldlega gera ráð fyrir að um fjörutíu þúsund miðar seljist á jólatónleika á Íslandi í ár. Verð miða er afar mismunandi, frá sirka 2.500 kr. upp í 9.990 krónur í dýrustu sætin í Höllinni. Sé miðað við meðalverð má búast við að jólatónleikavertíðin velti tvö hundruð milljónum.

Það má finna kreppuna víða, en hún er allavega ekki á tónlistarsviðinu!

drgunni@frettabladid.is





## MIKIL AÐSÓKN Á JÓLATÓNLEIKA

**Samúel Kristjánsson** er í skýjunum með tvöföldun á aðsókn að Frostrósum. Jólagestir **Björgvins** fara tvisvar sinnum fram á morgun í fullri Höll og **Páll Óskar** og Sinfó halda ferna jólatónleika í Háskólabíói. Búast má við að jólatónleikavertíðin velti um 200 milljónum króna.

## AÐSÓKNIN

Gróft áætlaðar aðsóknartölur:

**Frostrósir:** 22.000
**Jólagestir Björgvins:** 6.000
**Jólatónleikar Sinfóníunnar með Páli Óskari:** 3.800
**Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju:** 1.200
**Jólatónleikar Siggu Beinteins:** 1.000
**Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju:** 1.000
**Jólatónleikar KK & Ellenar í Borgarleikhúsinu:** 900
**Jólatónleikar Baggalúts í Salnum:** 600
**Jólatónleikar Borgardætra á Café Rosenberg:** 500
**Sniglabandið – Jól meiri jól í Salnum:** 300





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NINJA ASSASSIN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| TWILIGHT 2 | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40 | 12 |
| TWILIGHT 2 | kl. 2 - 5:20 | VIP |
| XMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) | 7 |
| XMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| XMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 7 |
| XMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 1:30 - 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 | 12 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 3 - 6 - 8 - 9 - 10:10 | 12 |
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| MY LIFE IN RUINS | kl. 5:50 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 1 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 6 | L |
| THE TWILIGHT SAGA | kl. 2- 8 - 10:30 | 7 |
| MORE THAN A GAME | kl. 6 | 7 |
| NINJA ASSASSIN | kl 8 - 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| JULIE AND JULIA | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 1 - 4 - 6 | L |
| THE BOX | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 8 | L |
| 2012 | kl. 1 - 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 1 - 4.45 - 8 | 10 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 1 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| WHATEVER WORKS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| 2012 | kl. 2.30 - 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 10 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 5 - 8 | 10 |
| THE BOX | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 6 | L |
| 9 | kl. 4.30 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| JULIE AND JULIA | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 - 10 | 16 |
| 2012 | kl. 2.40 - 6 - 9.15 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 3.20 - 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |
| ZOMBIELAND | kl. 4 - 6 | 16 |










LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EXTRACT | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| ARTHÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 2, 4 og 6 | L |
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 5, 8 og 10.10 | L |
| 2012 | kl. 2, 7 og 10.10 | 10 |

SPARBÍÓ



**TWILIGHT 2**
kl. 2 í Álfabakka

**XMAS CAROL** (ATH kr. 850 á 3D)
kl. 1.30 í Álfabakka (3D og 2D) og 1.30 í Kringlunni (3D)

**TOY STORY (3D)** M/ ísl. Tali kr. 850
kl. 2 í Kringlunni

**UPP** M/ ísl. Tali kr. 550
kl. 1:30 í Álfabakka og 1 í Kringlunni

# Mesta úrvalið

## af snyrtivöru*

OPIÐ TIL 22:00 í kvöld






**CLINIQUE** gjafataska fyrir dömur
augnskuggi, maskari, gloss, augnfarðahreinsir, augnkrem og taska.




**Avril Lavigne** gjafataska fyrir dömur
Eau de Parfum 30 ml, body lotion 50 ml og taska.




**Diorshow** gjafakassi fyrir dömur
Diorshow maskari og Dior Rouge varalitur nr. 537 (lítill).




**Cacharel Scarlett** gjafakassi fyrir dömur
Eau de Toilette 35 ml ilmur, body krem 50 ml.




**L´OREAL Revitalift** gjafakassi fyrir dömur
andlitskrem og andlitshreinsir.




**Versace Eau Fraiche** gjafakassi fyrir herra
Eau de Toilette 30 ml og sturtusápa




**Clarins Men** gjafakassi fyrir herra
andlitskrem, hreinsigel og Fatigue Fighter.

**NÝTT kortatímabil**

Mesta úrvalið í Smáralind, Kringlunni og Holtagörðum.
Minna úrval í öðrum verslunum.

* Samkv. könnun Capacents júní 2009

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## > Hafnarfjarðarslagur í bikarnum

Það er bikarhelgi í boltanum hér heima. Á sunnudag byrja átta liða úrslitin í Eimskipsbikar karla. Þá mætast Hafnarfjarðarliðin FH og Haukar í Kaplakrika í stórleik umferðarinnar. Selfoss tekur á sama tíma á móti HK. Á mánudag klárast átta liða úrslitin með leikjum Víkings og Gróttu annars vegar og leik Vals og Fram hins vegar. Á laugardaginn er síðan spilað í Subway-bikarnum í körfubolta hjá báðum kynjum. Flestir leikir eru lítt spennandi fyrir fram og helst vekur athygli viðureign Keflavíkur og Grindavíkur í kvennaflokki.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ÞÓRUNN HELGA JÓNSDÓTTIR:** ÞREFALDUR MEISTARI MEÐ BRASILÍSKA LIÐINU SANTOS

# *Ekki búin að venjast því að æfa í 40 stiga hita*

Þórunn Helga Jónsdóttir og félagar í Santos tryggðu sér bikarmeistaratitilinn í Brasilíu í vikunni og þetta er annað árið í röð sem Þórunn vinnur bikarinn í Brasilíu. Santos vann þrjá af fjórum titlum í boði á árinu. Santos tryggði sér bikarinn með 3-0 sigri á Botucatu í úrslitaleik. „Þetta var rosalegur stressleikur en mjög vel spilaður leikur hjá báðum liðum. Ég held að þetta séu klárlega tvö bestu kvennalið Brasilíu í dag," segir Þórunn, sem þurfti að sætta sig við að byrja á bekknum í leiknum. „Auðvitað vilja allir fá að spila úrslitaleik í svo stórri keppni. Mér gekk vel í undanúrslitaleiknum og gat alveg eins átt von á að byrja þess vegna, en samkeppnin í liðinu er gríðarleg og ég er að keppa við landsliðsmiðju Brasilíu og það var landsliðsmaðurinn Ester sem kom inn í byrjunarliðið fyrir mig. Ég spilaði allan undanúrslitaleikinn og kom inn á í úrslitaleiknum, svo ég er bara sátt við minn hlut," segir Þórunn.

Það var líka mikið fjör í lokin þegar þriðji titill ársins var í höfn. „Fagnaðarlætin voru gríðarleg. Þetta er eina keppnin í Brasilíu í kvennaboltanum þar sem bestu liðin frá öllum fylkjum landsins taka þátt svo að á eftir Copa Libertadores er þetta sú keppni sem hefur fengið mesta fjölmiðlaumfjöllun," segir Þórunn.

„Það er búið að vera frábært að spila með svona góðum einstaklingum í svona góðu liði með besta þjálfara sem ég hef kynnst. Ég held að ég hafi bætt mig í öllum smáatriðum. Það eru gerðar mjög miklar kröfur hérna," segir Þórunn Helga.

Þórunn segist ekki vera að breytast í Brasilíumann þrátt fyrir langa dvöl í landinu. „Ég fæ að minnsta kosti engan lit sama hversu oft ég fer á ströndina og ég er ekki ennþá búin að venjast því að æfa í fjörutíu stiga hita eða sofa í óloftræstu húsi. Annars kann ég mjög vel við Brasilíu og Brasilíumenn og hefði ekkert á móti því að breytast svolítið í Brasilíumann," segir Þórunn sem segist hafa fengið mikla æfingu í portúgölskunni þökk sé því að búa með svona mörgum stelpum. „Ég bý ennþá með stærstum hluta liðsins, um þrjátíu stelpum, svo að það er aldrei þögn á heimilinu, svo að tungumálið lærðist nokkuð fljótt," segir Þórunn í léttum tón.



MYND/PEDRO ERNESTO GUERRA AZEVEDO

Signý Hermannsdóttir hjá KR í kvennakörfunni:

# Hefur mikil áhrif

**KÖRFUBOLTI** Signý Hermannsdóttir, miðherji KR, hefur fundið sig vel með KR það sem af er í Iceland Express-deild kvenna. Signý kom í Vesturbæinn í sumar og KR hefur unnið fyrstu þrettán leikina í öllum keppnum með hana innanborðs.

Áhrif Signýjar leyna sér ekki í hinni nýju plús og mínus tölfræði en KR hefur unnið leikina með 24 stigum að meðaltali þann tíma sem hún hefur verið inni á vellinum. KR er þannig í mínus (-3) þegar Signý hefur setið á bekknum í deildinni í vetur.

Signý lætur reyndar til sína taka í öðrum tölfræðiþáttum því hún er efst í deildinni í fráköstum (11,1 í leik) og vörðum skotum (4,8 í leik) auk þess að skora 12,2 stig og gefa 2,5 stoðsendingar að meðaltali í leik.

Signý átti mjög góðan leik með KR-liðinu á móti Grindavík á miðvikudaginn þar sem hún var með 17 stig, 23 fráköst, 9 varin skot og 5 stoðsendingar. KR vann líka leikinn með 22 stigum þær 33 mínútur sem hún var inn á vellinum.

Signý (+240) er að sjálfsögðu efst í plús og mínus í Iceland Express-deildinni til þessa í vetur en næstar eru liðsfélagar hennar úr KR; Margrét Kara Sturludóttir (+212), Hildur Sigurðardóttir (+189) og Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir (+160).

KR tekur næst á móti Hamar átta liða úrslitum Subwaybikarsins klukkan 19.16 á sunnudagkvöldið. **- óój**



**+240** KR-liðið er mikið í plús með Signýju inni á vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Englendingar sluppu vel

**G-riðillinn verður dauðariðillinn á HM næsta sumar en England, Spánn, Ítalía og Frakkland sluppu öll afar vel. Heimamenn mæta Mexíkó í opnunarleiknum.**

**FÓTBOLTI** Gríðarleg spenna var í Höfðaborg í gær þegar dregið var í riðla fyrir heimsmeistarakeppnina sem fram fer næsta sumar.

Menn voru misjafnlega kátir eftir dráttinn enda sluppu sumar þjóðir vel á meðan aðrar þjóðir horfa fram á erfitt verkefni við að komast upp úr riðlakeppninni. Dauðariðillinn að þessu sinni er G-riðillinn. Þar eru Brasilía, Portúgal, Fílabeinsströndin og Norður-Kórea. Tvö lið fara upp úr hverjum riðli og því verður eitthvert sterkt lið að sitja eftir í þessum riðli.

Veðbankar telja líkurnar á því að England geri eitthvað af viti á HM enn meiri eftir dráttinn í gær. England mætir Bandaríkjunum, Alsír og Slóveníu. Vel sloppið fyrir Englendinga.

Diego Maradona, landsliðsþjálfari Argentínu, mun endurupplifa Heimsmeistarakeppnina frá 1994 að einhverju leyti því Argentína er í riðli með Nígeríu, Grikklandi og Suður-Kóreu. Maradona féll á lyfjaprófi á HM 1994 en þá var Argentína einmitt í riðli með Nígeríu og Grikklandi.

Heimamenn í Suður-Afríku eru nokkuð sáttir með sitt en þeir munu spila opnunarleik keppninnar gegn Mexíkó. Frakkar eru þó eflaust allra þjóða sáttastir í þessum riðli en þeir hefðu hæglega getað lent í mun sterkari riðli. Lukkan heldur því áfram að leika við Frakkana. **henry@frettabladid.is**




**DAUÐARIÐILLINN** G-riðilinn sést hér á skjánum í Höfðaborg í gær en hann er fyrir fram áhugaverðasti riðill HM 2010. NORDIC PHOTOS/AFP

### HM 2010 Í SUÐUR-AFRÍKU

**Svona líta riðlarnir út.**

A-riðill: Suður-Afríka, Mexíkó, Úrúgvæ, Frakkland.
B-riðill: Argentína, Suður-Kórea, Nígería, Grikkland.
C-riðill: England, Bandaríkin, Alsír, Slóvenía.
D-riðill: Þýskaland, Ástralía, Gana, Serbía.
E-riðill: Holland, Japan, Kamerún, Danmörk.
F-riðill: Ítalía, Nýja-Sjáland, Paragvæ, Slóvakía.
G-riðill: Brasilía, Norður-Kórea, Fílabeinsströndin, Portúgal.
H-riðill: Spánn, Hondúras, Chile, Sviss.

Arnar Birkir Hálfdánarson beitti „Júggabragðinu" í leik Gróttu og Fram:

# Aldrei þolað Jón sem átti þetta skilið

**HANDBOLTI** Ljótt atvik átti sér stað í leik Gróttu og Fram í N1-deild karla á fimmtudagskvöldið. Framarinn ungi og efnilegi Arnar Birkir Hálfdánarson beitti þá hinu alræmda „Júggabragði" á Jón Karl Björnsson, leikmann Gróttu.

Bragðið gengur út á að taka í fót andstæðingsins er hann stekkur inn af línunni og koma honum þannig úr jafnvægi. Bragðið er stórhættulegt enda hafa menn dottið illa sem lenda í slíku. Húsvíski ljósmyndarinn Einar Ólason var ljósmyndari hjá Þjóðviljanum þegar hann náði fyrstur allra mynd af slíku atviki árið 1987.

Það var í landsleik Íslands og Júgóslavíu en einn Júgginn tók þá í fót Guðmundar Guðmundssonar, núverandi landsliðsþjálfara. Júgóslavar beittu þessu bragði á þeim tíma og er það því nefnt í höfuðið á þeim.

Fréttablaðið hafði samband við hinn sextán ára gamla Arnar Birki og spurði hann einfaldlega að því hvað hann hefði verið að spá.

„Þetta gerðist í hita leiksins. Þetta voru ósjálfráð viðbrögð og ekkert planað. Ég viðurkenni vel að þetta var gróft en þetta var samt ekki ákveðið fyrir fram," segir Arnar Birkir en hann segist aldrei hafa gert þetta áður. Hann virtist samt ekki sjá mikið eftir atvikinu enda virðist honum ekki líka vel við Jón Karl.

„Ég held að hann eigi þetta alveg skilið. Hann var að þjálfa 4. flokk Hauka þegar ég var í 4. flokki. Þá lagði hann alltaf upp með að láta strákana æsa mig nógu mikið til að ég fengi rautt. Ég hef aldrei þolað þennan mann og alltaf reynt að gera eitthvað við hann og þarna kom að því," sagði Arnar Birkir, sem gerir ráð fyrir að fá nokkurra leikja bann fyrir viðvikið. **- hbg**



**ÓÞVERRABRAGÐ** Arnar Birkir sést hér krækja í fótinn á Jón Karli. MYND/EYJÓLFUR GARÐARSSON

**Skoða öll skipti hérlendis sem erlendis**




# Til sölu

Erum með sólbaðstofu í góðum rekstri til sölu.
Ásett er á reksturinn 19,5 milljónir.

**Tilboð 11 milljónir.**
Reksturinn er veðbandlaus.

**Uppl.fjarfesting@internet.is • S. 618-1742**

**Vönduð tvöföld jólakort með þinni mynd • Aðeins 99 kr. • Tilbúin á 24 tímum**



# Jólin í BT
## nýtt kortatímabil

OPIÐ TIL 22:00
ALLA DAGA
Í BT SKEIFUNNI

### MIRAI 32"
DTL-832E600

HDMI

| | |
|---|---|
| Stærð | 32" |
| Upplausn | 1366 x 768 |
| Sóknartími | 6.5 ms |
| Kontrast | 6000 : 1 Dynamic |
| Birta | 500 cd/m² |
| Stafrænn móttakari | DVB-T, |
| Tengi | VGA, 2x scart tengi, HDMI, component, audio out |
| Hátalarar | 10W x 2 |

ótrúlegt verð




99.999

DAGVAKTIN 2.999
FANGAVAKTIN 3.999
NÆTURVAKTIN 2.999

JÓHANNES
Harry Potter

2.399 · 2.799 · 2.399 · 3.499

### CASIO EXZ2
EXZ2




12.1 milljón punkta upplausn
3x aðdráttarlinsa (35,5-106,5mm)
2,7" LCD skjár
EXILIM Engine 2.0
23 myndstillingar - Bestshot
Face Detection function gefur betri andlitsmyndir
ISO 64-1600
Videoupptaka með hljóði,16:9 (Hámarksupplausn 848x480 - 30fps)
Styður SD og SDHC minniskort
Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

29.999

### NINTENDO WII
LIMITED EDITION

Þessi stórskemmtilega leikjavél er nú fáanleg í nýrri útfærslu.

54.999

Nú er það svart



### SONY PS3
120 GB

69.999




FIFA 10 fylgir

11.499

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444



**HARKA** Joe Cole og Vincent Kompany berjast hér í fyrra. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

### Áhugaverðir leikir í enska boltanum um helgina:

# Uppgjör ríku liðanna

**FÓTBOLTI** Chelsea fer inn í helgina með fimm stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar en Man. Utd situr í öðru sæti.

Fram undan hjá Chelsea er próf á útivelli gegn jafntefliskóngunum í Manchester City. Chelsea hefur gengið lygilega vel með City á síðustu árum og unnið átta síðustu leiki liðanna.

Óvissa er með þáttöku Shauns Wright-Phillips, leikmanns Manchester City, í leiknum en hann meiddist gegn Arsenal í vikunni. Á meiðslalista Chelsea eru Salomon Kalou, Jose Bosingwa og Alex.

West Ham fær Manchester United í heimsókn. Má búast við fjörugum leik enda hefur verið skorað mest á Upton Park í vetur. United vann báðar viðureignirnar í fyrra.

Carlton Cole og Valon Behrami verða ekki með West Ham. Edwin van der Sar gæti komið aftur í mark United. **- hbg**

### LEIKIR HELGARINNAR

**Laugardagur:**

Portsmouth - Burnley
Arsenal - Stoke City
Aston Villa - Hull City
Blackburn - Liverpool
West Ham - Manchester United
Wigan - Birmingham
Wolves - Bolton
Manchester City - Chelsea

**Sunnudagur:**

Everton - Tottenham
Fulham - Sunderland

# Æfingaferð kostar sama og góður leikmaður í eitt ár

**Íslensk knattspyrnulið munu fjölmenna í æfingaferðir á ný á næsta ári. Aðeins þrjú lið fóru utan í æfingaferð fyrir síðasta tímabil en þau verða líklega um fimmtán talsins að þessu sinni. Leikmenn safna sjálfir fyrir ferðunum.**

**FÓTBOLTI** Hrunið á síðasta ári hafði mikil áhrif á íþróttalífið í landinu og það sást hvað best á því að knattspyrnuliðin hættu nær öll við hinar árlegu æfingaferðir sínar. Aðeins þrjú félög – FH, Keflavík og ÍBV – lögðu út í þann kostnað.

Þessi áhrif voru ekki varanleg því nú er fastlega búist við því að um fimmtán félög leggi land undir fót næsta mars og skelli sér í sólina þar sem þau munu æfa við bestu mögulegu aðstæður.

„Ég er líklega kominn með átta til tíu lið hjá mér og fleiri eru að skoða málið. Það er ekki óvarlega áætlað að fimmtán lið fari út,“ sagði Lúðvík Arnarson hjá Vitaferðum. Lúðvík býst við því að flest liðin muni fara til Algarve.

Flest liðin í Pepsi-deild karla stefna á að fara í æfingaferð, einhver kvennalið eru einnig að skoða ferð og svo jafnvel einhver lið í neðri deildunum.

„Það er þannig í öllum tilvikum að það eru leikmenn sem safna. Ég veit ekki um neitt félag sem borgar fyrir sína leikmenn,“ sagði Lúðvík en leikmenn safna peningum á herrakvöldum, með getraunaleikjum og öðrum fjáröflunum.

„Það má ekki gleyma því að góður leikmaður á Íslandi kostar sitt. Svona ferð fyrir heilt lið kostar ekki mikið meira en góður leikmaður að ég tel. Ég held að margir þjálfararnir myndu segja að ein svona vikuferð væri meira virði en góður leikmaður. Hún gerir nefnilega heilmikið fyrir liðin,“ segir Lúðvík en af hverju fóru svona fá lið fyrir síðasta tímabil?

„Það ríkti náttúrlega algjör svartsýni á þeim tíma. Menn þurfa að bóka ferðirnar í desember og janúar og það var enginn að fara neitt á þeim tíma í fyrra. Óvissan var svo mikil að það þorði enginn að hreyfa sig neitt. Félögin sögðu svo reyndar í mars að það hefðu verið algjör mistök að fara ekki. Þessi óvissa og hræðsla er ekki lengur fyrir hendi og menn orðnir vanir þessu gengi,“ segir Lúðvík en slík æfingaferð kostar um 140 þúsund krónur á manninn. Leikmenn eru oftast ekki lengi að safna fyrir lunganum af þeirri upphæð.

**henry@frettabladid.is**



**Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU DAGA** Íslensk knattspyrnulið hafa farið utan til Algarve í æfingabúðir í mörg ár. Þessi mynd er frá árinu 2004 og er tekin fyrir leik FH og Vals. MYND/EYJÓLFUR ÓLAFSSON


## AÐALFUNDUR

Golfklúbbsins Keilis. Mánudaginn 14. desember 2009. Aðalfundur Golfklúbbsins Keilis verður haldinn mánudaginn 14. desember n.k. í Golfskála Keilis. Fundurinn hefst stundvíslega klukkan 19:30.

**Dagskrá :**

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á árinu.
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis.
4. Stjórnarkosning.
5. Kosning endurskoðanda.
6. Kosning fulltrúa og varafulltrúa í samtök, sem Keilir er aðili að.
7. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2010.
8. Önnur mál

Stjórn Golfklúbbsins Keilis


### Breytingar á mótafyrirkomulagi HSÍ um jólin:

# Deildarbikarinn verður sleginn af

**HANDBOLTI** Deildarbikarkeppni HSÍ, sem hefur farið fram síðustu tvö ár milli jól og nýárs, verður að öllum líkindum slegin af á stjórnarfundi HSÍ sem fram fer næsta þriðjudag.

„Það er afar líklegt að þetta mót verði slegið af. Þessi keppni var upphaflega sett á þar sem það var engin úrslitakeppni en nú er hún komin aftur og þá er þessi keppni í raun orðin óþörf,“ segir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, en Evrópusæti var í boði fyrir sigurvegara keppninnar. Um það sæti verður nú keppt í deildarkeppninni.

Ekki hjálpar til að eina leiðin til að fá þetta í sjónvarpi er að spila á annan í jólum og 27. desember. Það vekur athygli hversu seint þessi ákvörðun er tekin og hefur Fréttablaðið heyrt óánægjuraddir frá Akureyri vegna málsins. Vilja einhverjir þar meina að hætt hafi verið við keppnina svo HSÍ þurfi ekki að borga flug og uppihald fyrir lið Akureyrar sem hefði líklega orðið með í keppninni.

„Það er ekkert slíkt í gangi. Ég vísa slíkum sögusögnum algjörlega á bug,“ segir Einar. **- hbg**




# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR






**Philips 42PFL5624H**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, USB, VGA tengi, BBE hljóðkerfi, 3x HDMI, S-Video, S/PDIF ofl.

**VERÐ**
**249.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PIXEL PLUS HD




**Philips 37PFL5604**
37" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Plus HD, dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T og DVB-C móttakara, USB, VGA tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 219.995




**Panasonic TXP42G10**
42" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal 4 Pro, Intelligent Frame Creation Pro, 600Hz, 24p Playback, x.v Colour, Dynamic: Infinite Black 40.000:1 skerpa, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub Pixel Control, 3D Comb Filter C.A.T.S, VIERA Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, CI rauf, PC tengi ofl.

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ 319.995




**Panasonic TXP46GA11**
46" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920 x1080p uppl-ausn, Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T mótt., kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ**
**349.995**
FULLT VERÐ 449.995

# FLOTT KENWOOD ELDHÚSTÆKI Á GÓÐU VERÐI



**Kenwood DS606**
Rafræn ELDHÚSVOG með glerplötu, LCD skjá og aðgerðahnapp. Fínleiki vigtar er 1g. Slekkur sjálkrafa.

**VERÐ**
**4.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Kenwood TT900**
2ja sneiða 900w BRAUÐRIST með rafrænum skynjara, upphitun, mylsnubakka, mjög stórum raufum og grind fyrir lítil brauð. Stál.

**VERÐ**
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Kenwood SJM601**
1,7 lítra HRAÐSUÐUKANNA með vatnssíu. 2200w. Stál.

**VERÐ**
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Kenwood BL636**
600w BLANDARI með 1,6l skál, 3 hröðum, púls, klakakremjara. Malari fylgir.

**VERÐ**
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Kenwood BL740**
Öflugur 550w BLANDARI með 1,5l glerskál, 5 hröðum, púls og klakamölun. Taka má hnífa frá til að hreinsa. Króm. Gúmmítappar fyrir stöðugleika.

**VERÐ**
**14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500


adidas
Kraftar í kögglum
Stuttbuxur
Verð frá 3.490kr.
Bolir
Verð frá 3.990kr.
Sippubönd
Verð frá 2.490kr.
Hlaupaskór
Verð frá 19.990kr.
THE NORTH FACE
Dúnúlpur frá
The North Face
á jólatilboði
25% afsláttur
SPALDING
TRUE TO THE GAME
Boltar
Verð frá 1.990kr.
Úlpur frá Zo-On
Barnaúlpur
Verð frá 10.990kr.
Fullorðinsúlpur
Verð frá 24.990kr.
ZO•ON
ICELAND
ROSSIGNOL
SNOWBOARDS
Bretta-
og skíðapakkar
20% afsláttur
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500


Nike
jólagjöfin í ár
Buxur
Verð frá 7.290kr.
Bolir
Verð frá 3.590kr.
Peysur
Verð frá 10.990kr.
Leki göngustafir
fyrir þá sem gera kröfur
Verð: 9.990 kr.
Tilboð:
7.990kr.
parið
LEKI
Hlý,
mjúk
og notaleg
nærföt
Jólatilboð:
20% afsláttur
HH
HELLYHANSEN.COM
Gönguskór
á jólatilboði
20% afsláttur
Húfur og vettlingar í jólapakkann
Verð frá 1.490kr.
ÚTILÍF



> **January Jones**

„Hvers vegna að fela það sem maður hefur?“

*Jones fer með hlutverk Betty Draper í Þættinum Mad Men sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 22.20.*

# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.40**

### The Mentalist

Önnur serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. En þrátt fyrir það nýtur hann lítillar hylli innan lögreglunnar.



**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**
**Chevron World Challenge, beint**

**Stöð 2 Sport kl. 20.00**

Bein útsending frá lokadegi Chevron World Challenge en mótið er stofnað af Tiger Woods. Margir af snjöllustu kylfingum heims munu mæta til leiks og má búast við skemmtilegri viðureign sem áhugamenn um þessa frábæru íþrótt ættu alls ekki að láta framhjá sér fara.



### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Friðþjófur forvitni, Lítil prinsessa, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans og Hanna Montana.
**10.15 Ósýnilegur vinur** (Fuzzbucket)
**11.00 Stórviðburðir í náttúrunni** (e)
**11.55 Hvað veistu? - Flugið**
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Stelpurnar okkar** (e)
**15.20 Bóndasonur í Brüssel** (Fra bondeson til NATO-chef) (e)
**15.50 Bikarkeppnin í handbolta** Bein útsending frá leik FH og Hauka í 8 liða úrslitum Eimskipsbikarsins.
**17.30 Táknmálsfréttir**
**17.40 Spaugstofan** (e)
**18.05 Stundin okkar**
**18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Fréttaaukinn**
**20.15 Himinblámi** (Himmelblå) (6:16) Norskur myndaflokkur um konu sem flyst ásamt tveimur börnum sínum og besta vini til lítillar eyjar norðarlega í Noregi.
**21.05 Mannaveiðar** (La traque) Þýsk/frönsk sjónvarpsmynd frá 2008. Hér segir frá Klarsfeld-hjónunum sem unnu ötullega að því að koma lögum yfir stríðsglæpamenn nasista. Aðalhlutverk: Franka Potente, Yvan Attal og Hanns Zischler.
**22.50 Silfur Egils** (e)
**00.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BBC entertainment

**11.00** Any Dream Will Do **12.30** My Hero **13.00** My Hero **13.30** My Hero **14.00** My Hero **14.30** My Hero **15.00** Doctor Who **15.45** Doctor Who **16.30** Robin Hood **17.15** Robin Hood **18.00** Robin Hood **18.45** Primeval **19.35** Primeval **20.30** Lead Balloon **21.00** Lead Balloon **21.30** Lead Balloon **22.00** Lead Balloon **22.30** Extras **23.00** Extras **23.30** Extras

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Algjör Sveppi**
**09.20 Scooby-Doo og félagar**
**09.45 Stuðboltastelpurnar**
**10.10 Flushed Away**
**11.35 Nágrannar**
**12.55 Nágrannar**
**13.20 Grey's Anatomy** (6:23)
**14.10 So You Think You Can Dance**
**15.40 Chuck** (13:22)
**16.30 Back To You** (16:17)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur** Fréttaskýringaþáttaröð þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.02 Veður**
**19.10 The Moment of Truth** (22:25) Spurningaþáttur þar sem þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir.
**19.55 Sjálfstætt fólk** Seinni hluti þáttarins um Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi bankastjóra og höfund Ævintýraeyjunnar.
**20.40 The Mentalist** (2:22) Spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
**21.30 Numbers** (21:23) Tveir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðisnéni.
**22.20 Mad Men** (8:13) Önnur þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
**23.10 60 mínútur**
**23.55 NCIS** (17:19)
**00.40 Road to Perdition**
**02.35 When Will I Be Loved**
**03.55 The Mentalist** (2:22)
**04.40 Mad Men** (8:13)
**05.30 Back To You** (16:17)
**05.55 Fréttir**

### SPORT *besta sætið*

**08.00 PGA Championship 2009** Útsending frá lokadeginum á PGA Championship mótinu í golfi.
**12.00 Valenciennes - Mónakó** Útsending frá leik franska boltanum.
**13.40 Real Madrid - Almeria** Útsending frá leik í spænska boltanum í knattspyrnu.
**15.20 Deportivo - Barcelona** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**17.00 Chevron World Challenge** Útsending frá Chevron World Challange mótinu í golfi.
**20.00 Chevron World Challenge** Bein útsending frá lokadegi Chevron World Challenge mótsins í golfi en þangað mæta margir af bestu kylfingum heims til leiks.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**09.00 Mörk dagsins** Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.
**09.40 Wolves - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**11.20 Arsenal - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**13.00 West Ham - Man. Utd.** Frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**14.40 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**15.10 Mörk dagsins** Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll bestu tilþrifin og mörkin á einum stað.
**15.50 Everton - Tottenham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Fulham - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Leikurinn er sýndur beins á Sport 2 kl. 14.50.
**19.40 Portsmouth - Burnley** Frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.20 Man. City - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Blackburn - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**00.40 Everton - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### EXTRA

**11.45 The Doctors**
**12.25 The Doctors**
**13.05 The Doctors**
**13.45 The Doctors**
**14.30 The Doctors**
**15.15 Oprah**
**16.00 Doctors** (18:25)
**16.30 Doctors** (19:25)
**17.00 Doctors** (20:25)
**17.30 Doctors** (21:25)
**18.00 Doctors** (22:25)
**18.30 Seinfeld** (24:24)
**18.55 Seinfeld** (1:22)
**19.20 Seinfeld** (20:24)
**19.45 Seinfeld** (21:24)
**20.10 So You Think You Can Dance** (13:25) Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.
**21.35 Blade** (10:13) Blade er hálfur maður og hálf vampíra og berst við nýja tegund vampíra sem ætlar sér alger yfirráð yfir mannkyninu.
**22.20 ET Weekend** Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**23.10 Seinfeld** (24:24)
**23.35 Seinfeld** (1:22)
**00.00 Seinfeld** (20:24)
**00.25 Seinfeld** (21:24)
**01.15 Fréttir Stöðvar 2**
**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### ÍNN

**17.00 Græðlingur**
**17.30 Mannamál**
**18.00 Maturinn og lífið**
**18.30 Neytendavaktin**
**19.00 60 plús**
**19.30 Óli á Hrauni**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Í kallfæri**
**21.30 Birkir Jón**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Segðu mér frá bókinni**
**23.30 Græðlingur**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.50 World Cup of Pool 2008** (e)
**12.40 Dynasty** (21:29) (e)
**13.30 Dynasty** (22:29) (e)
**14.20 Still Standing** (2:20) (e)
**14.45 Yes Dear** (13:15) (e)
**15.10 Innlit/ Útlit** (6:10) (e)
**15.40 Nýtt útlit** (9:10) (e)
**16.30 Spjallið með Sölva** (11:13) (e)
**17.20 The Office** (7:28) (e)
**17.45 30 Rock** (9:22) (e)
**18.10 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**18.40 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
**19.10 Survivor** (5:15) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
**20.00 Top Gear** (2:12) Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May ferðast til Bandaríkjanna og keyra frá San Francisco til Bonnevilel í Utah. Jeremy prufukeyrir einnig nýjan Fiat 500 Abarth og popparinn Will Young tekur hringinn á hagkvæma bílnum.
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (13:19) Ungur gyðingspiltur verður fyrir barsmíðum og kynferðisofbeldi og rannsókn málsins leiðir í ljós að það eru ef til vill fleiri fórnarlömb.
**21.50 Harper's Island** (13:13) Það er komið að lokaþættinum og það kemur í ljós hver hefur unnið með John Wakefield allan tímann... og hvers vegna.
**22.40 House** (7:24) (e)
**23.30 Nurse Jackie** (7:12) (e)
**00.00 Penn & Teller: Bullshit** (e)
**00.30 Penn & Teller: Bullshit** (e)
**01.00 Harper's Island** (13:13) (e)
**01.50 Pepsi MAX tónlist**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### BÍÓ

**08.00 On A Clear Day**
**10.00 Tenacious D. in The Pick of Destiny**
**12.00 Beethoven's 2nd**
**14.00 On A Clear Day**
**16.00 Tenacious D. in The Pick of Destiny**
**18.00 Beethoven's 2nd**
**20.00 Prime** Rómantísk gamanmynd með Meryl Streep og Uma Thurman í aðalhlutverkum.
**22.00 Eyes Wide Shut** Ein mest umtalaða kvikmynd síðari ára. Aðalhlutverk: Tom Cruise og Nicole Kidman.
**00.35 Secrets of Angels, Demons and Masons**
**02.10 Bodywork**
**04.00 Eyes Wide Shut**

### DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** Sugar Rush **11.55** Sugar Rush **12.20** Hjerteflimmer Classic **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.40** OBS **13.45** DR1 Dokumentaren - Manden der ville do **14.45** Håndboldsondag **16.30** Julefandango **17.00** Hammerslag **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Fodegangen **18.30** Pagten **19.00** Unge Andersen **20.00** 21 Sondag **20.40** SportNyt med SAS liga **21.05** Sleepers **23.25** Seinfeld **23.45** Seinfeld

### NRK 1

**11.30** V-cup kombinert **11.40** V-cup kombinert **12.20** Sport i dag **12.40** V-cup hopp **14.30** V-cup skiskyting **15.40** V-cup langrenn **16.30** Åpen himmel **17.00** Jul i Svingen **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Guddommelig galskap - Knut Hamsun **20.05** God natt, elskede **21.05** Med klima ovst på trona **21.35** Program ikke fastsatt **22.15** Karbon - venn og fiende **23.05** Beat for beat

### SVT 1

**11.30** Vinterstudion. OS-klassiker **12.55** Skidskytte. Världscupen Östersund **14.20** Vinterstudion **14.30** Längdskidor. Världscupen Düsseldorf **15.15** Vinterstudion **15.55** Skavlan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Från Lark Rise till Candleford **18.15** Julkalendern. Superhjältejul **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Playa del Sol **19.30** Sportspegeln **20.15** Alpint. Världscupen Lake Louise **21.15** Tortyr **21.45** Hubbles universum **22.15** Andra Avenyn **23.00** Byss **23.15** Brottskod. Försvunnen





30% AFSLÁTTUR AF UMBRA

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY
Sími 564 4400
www.tekk.is

Holtagarðar
Opið: Laugardag 10-17
Sunnudag 13-17

Kringlan
Opið: Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17

# Jólatilboðin í Betra BAK




# Allt að 30% afsláttur

Yfir 20.000 íslendingar sofa á Tempur heilsudýnu
Yfir 50.000 íslendingar sofa á Tempur heilsukodda

**Chiro Collection heilsurúm**

30% afsláttur



**Tempur Spring heilsurúm**

25% afsláttur



**Stillanleg heilsurúm**

20% afsláttur



AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK



> **Amanda Bynes**

„Ég get ekki dæmt partístelpur eins og Lindsay Lohan því ég veit ekki hvað er í gangi hjá þeim. Sjálf drekk ég ekki og finnst ekkert spennandi að hanga á skemmtistöðum."

***Bynes fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Love Wrecked sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.05.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON ER ÁNÆGÐUR MEÐ FJÖLHÆFNI GUMMA BEN

# Yfirburðamaður jafnt á velli sem í myndveri

Í vikunni rakst ég á könnun sem fram fór á bloggsíðu íslenskra Liverpool-aðdáenda, kop.is, þar sem kosið var um hæfasta sjónvarpslýsandann á leikjum í ensku knattspyrnunni. Úrslitin voru mér mjög að skapi enda töldu lesendur síðunnar Guðmund Benediktsson, eftirlætis íslenska knattspyrnumanninn minn fyrr og síðar, bera höfuð og herðar yfir aðra í þeim efnum. Niðurstaðan þarf ekki að koma á óvart, og ekki þarf neina Mensa-meðlimi til að átta sig á því hvað gerir Guðmund að slíkum yfirburðamanni í faginu.

KR-ingurinn (því í mínum huga mun Guðmundur ávallt tilheyra Vesturbæjarfélaginu, þrátt fyrir að hafa alist upp á Akureyri, átt sitt týnda tímabil á Hlíðarenda og hafa nú tekið við þjálfun Selfossliðsins) er einfaldlega einn af þeim sem fæðast með gríðarlega sterka tilfinningu fyrir íþróttinni. Sem leikmaður var hann og er í uppáhaldi hjá áhorfendum, leikinn markaskorari sem nýtur sín best og og þrífast á spennunni sem fylgir mikilvægum leikjum. Þá hafa samherjar Guðmundar lýst því hvílík unun er að spila með leikmanni sem býr yfir nánast



ótakmarkaðri útsjónarsemi og megnar jafnvel að framkvæma hluti með einni hreyfingu þar sem aðrir þurfa þrjár eða fjórar snertingar til. Margir, þar á meðal ég, eru sannfærðir um að ef ekki hefði komið til alvarlegra og ítrekaðra meiðsla snemma á ferlinum hefði hann hæglega getað komist jafn langt eða lengra en Eiður Smári og Ásgeir Sigurvinsson.

Leikskilningurinn og yfirvegunin sem Guðmundur sýndi einatt á knattspyrnuvellinum skilar sér einkar vel í sjónvarpslýsingunum. Þegar við bætist lúmskur húmor og dýrmætt hlutleysi, sem er fráleitt á allra færi, er ekki að spyrja að útkomunni. Ef ég væri guð myndi Gummi Ben lýsa öllum leikjum.

Þrátt fyrir himinháan aldur í fótboltaárum talið var Guðmundur einn besti leikmaður KR síðastliðið sumar. Lítill vafi leikur á því að hann býr yfir mörgum af helstu kostunum sem prýða ættu góðan þjálfara, og óska ég honum velfarnaðar (takmarkaðs þó) með Selfossi í Úrvalsdeildinni næsta sumar.

## LAUGARDAGUR



▶ **14.45** Blackburn – Liverpool, beint STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **16.10** Jólaveisla Jamie Olivers STÖÐ 2



▶ **19.15** Identity STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.40** Spaugstofan SJÓNVARPIÐ



▶ **21.10** Wimbledon SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pálína, Skellibær, Sögustund með Mömmu Marsibil, Tóta trúður, Tóti og Patti, Ólivía, Tsitsi, Elías Knár, Kobbi gegn Kisa og Skúli skelfir.
**10.15 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (e)
**10.45 Leiðarljós** (e)
▶**11.25 Leiðarljós** (e)
**12.10 Kastljós** (e)
**12.50 Kiljan** (e)
**13.40 Vínarfílharmónían í Sjanghai** Upptaka frá tónleikum Fílharmóníusveitar Vínarborgar í Sjanghai fyrir skemmstu.
**15.10 Vatn** (Flow: For Love of Water) (e)
**16.35 Lincolnshæðir**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Eldað með Jóhönnu Vigdísi** (e)
**18.00 Marteinn** (5:8)(e)
**18.30 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
**18.40 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Spaugstofan**
**20.10 Útsvar** (Reykjavík - Snæfellsbær)
**21.20 Dauði við útför** Gamanmynd frá 2007. Maður reynir að svipta hulunni af leyndarmáli sem snertir nýlátinn ættarhöfðingja í sundraðri fjölskyldu. Aðalhlutverk: Matthew MacFadyen, Keeley Hawes, Kris Marshall og Rupert Graves.
**22.55 Löggulíf í Hong Kong** (Xin jing cha gu shi) Aðalhlutverk: Jackie Chan.
**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.15 Running with Scissors**
**10.15 A Good Year**
**12.10 Eragon**
**14.00 Running with Scissors**
**16.00 A Good Year**
**18.00 Eragon**
**20.00 The Holiday**
**22.15 The Prestige**
**00.25 Jesse Stone: Night Passage**
**02.00 Irresistible**
**04.00 The Prestige**
**06.10 Prime**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Algjör Sveppi**
**09.55 Latibær** (1:18) Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ.
**10.20 Kalli litli Kanína og vinir**
**11.15 Glee** (5:22)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 Sjálfstætt fólk** Fyrri hluti þáttarins um Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi bankastjóra og höfund Ævintýraeyjunnar.
**14.35 Eldsnöggt með Jóa Fel** (10:12)
**15.15 Monk** (6:16)
**16.10 Jólaveisla Jamies Olivers** Sérstakur jólaþáttur með Jamie Oliver þar sem hann sýnir hvað hann býður fjölskyldunni sinni upp á yfir jólahátíðina.
**17.10 ET Weekend** Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins tíundað á hressilegan hátt.
▶**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Veður**
**19.10 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.35 Madagascar** Teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.
**21.05 Love Wrecked** Rómantísk gamanmynd með Amöndu Bynes í aðalhlutverki. Hún leikur lánlausa stelpu sem allt í einu dettur í lukkupottinn þegar hún er á siglingu á Karíbahafinu og strandar á eyðieyju með átrúnaðargoðinu sínu.
**22.35 Antwone Fisher** Kvikmynd byggð á sannsögulegum atburðum. Antwone Fisher fæddist í kvennafangelsi og átti erfiða æsku. Seinna starfaði hann sem sjóliði og öryggisvörður og átti þá erfitt með að hemja skap sitt. Hann fékk loksins aðstoð og þá fyrst varð ljóst hversu miklar hremmingar hann mátti þola.
**00.35 Solaris**
**02.10 Knights of the South Bronx**
**03.40 Havoc**
**05.05 ET Weekend**
**06.00 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.40 Man. Utd. - Tottenham** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**10.20 Man. City - Arsenal** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**12.00 Cleveland - Chicago** Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.
**13.50 PGA Championship 2009** Útsending frá þriðja keppnisdegi PGA Championship mótsins í golfi.
**18.20 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**18.50 Real Madrid - Almeria** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
**20.50 Deportivo - Barcelona** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
**22.50 PGA mótaröðin** Útsending frá Chevron World Challenge mótinu í golfi þar sem margir af bestu kylfingum heims mæta til leiks..
**01.00 Box: Amir Khan - Dimitry Salita** Útsending frá bardaga Amir Khan og Dimitry Salita.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.00 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**09.55 Arsenal - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**11.35 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**12.05 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**12.35 Portsmouth - Burnley** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**14.45 Blackburn - Liverpool** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. West Ham - Man. Utd Sport 4. Arsenal - Stoke Sport 5. Wolves - Bolton Sport 6. Aston Villa - Hull
**17.15 Man. City - Chelsea** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.30 Mörk dagsins** Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.
**20.10 Leikur dagsins**
**21.55 Mörk dagsins**
**22.35 Mörk dagsins**
**23.15 Mörk dagsins**
**23.55 Mörk dagsins**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.00 Dynasty** (17:29) (e)
**11.50 Dynasty** (18:29) (e)
**12.40 Dynasty** (20:29) (e)
**13.30 What I Like About You** (e)
**13.55 America's Next Top Model** (e)
**14.45 90210** (9:22) (e)
**15.30 Melrose Place** (9:18) (e)
**16.15 Lipstick Jungle** (7:13) (e)
**17.05 Top Gear** (1:12) Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum (e)
**18.05 According to Jim** (14:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki. (e)
**18.30 Yes Dear** (13:15) Bandarísk gamansería um grallaraspóana Greg og Jimmy sem eru giftir systrunum Kim og Christine.
▶**19.00 Game Tíví** (12:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
**18.30 Yes Dear** (13:15) (e)
**21.10 Wimbledon** Rómantísk gamanmynd með Kirsten Dunst og Paul Bettany í aðalhlutverkum. Peter Colt er farinn að nálgast endinn á frekar daufum tennisferli.
**22.50 Nýtt útlit** (9:10) (e)
**23.40 Spjallið með Sölva** (11:13) (e)
**00.30 World Cup of Pool 2008** (e)
**01.20 The Jay Leno Show** (e)
**02.05 The Jay Leno Show** (e)
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**17.00 Segðu mér frá bókinni**
**17.30 Græðlingur**
**18.00 Hrafnaþing**
**19.00 Segðu mér frá bókinni**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Mannamál**
**22.00 Maturinn og lífið**
**22.30 Neytendavaktin**
**23.00 60 plús**
**23.30 Óli á Hrauni**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




SUPREME DELUXE SVEFNSÓFI
~~kr. 221.000~~
Lagersöluverð
kr. 176.800

LAGERSALA
Seljum eingöngu beint af lager okkar sem er aðeins opinn um helgar.
Lítil yfirbygging = betra verð

LÍNAN

Edge hornsófi
~~kr. 298.900~~
Lagersöluverð
kr. 238.900

Dagur 200x98 cm



Nótt 200x140 cm
Rúmfatageymsla í sökkli
Litir: Svart - Hvítt

OPIÐ UM HELGINA
LAUG. 12 - 16
SUNN. 13 - 16



Stærð: 200x280 cm

Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 19.35

### Madagascar

Ein allra vinsælasta teiknimynd síðari ára. Bráðfyndin skemmtun fyrir alla fjölskylduna um hóp skrautlegra dýra sem eiga það eitt sameiginlegt að þurfa að dúsa í þröngum búrum dýragarðsins í New York. Öll eiga dýrin sér þann draum að sleppa og komast aftur á heimaslóðir sínar í Afríku. Vandinn er bara sá að ekkert þeirra kann að takast á við lífið í frumskóginum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
## Man. City - Chelsea, beint

**Stöð 2 Sport 2 kl. 17.15**




Sannkallaður stórleikur verður á Borgarleikvanginum í Manchester í dag þegar lærisveinar Mark Hughes taka á móti toppliði Chelsea undir stjórn Carlo Ancelotti. Bæði liðin eru stjörnum prýdd en lið Man. City hefur valdið töluverðum vonbrigðum með slökum árangri þrátt fyrir að hafa fjárfest í hverri stjörnunni á fætur annarri.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** Vítt og breitt
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Breiðstræti
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Raddir barna
**21.10** Á tónsviðinu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.25** Hvað er að heyra?
**23.15** Stefnumót
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**11.45 Dagur rauða nefsins** Útsending sem haldin er vegna söfnunarátaks UNICEF á Íslandi handa bágstöddum börnum í Afríku.
**16.20 Nágrannar**
**16.45 Nágrannar**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Nágrannar**
**18.00 Nágrannar**
**18.25 Ally McBeal** (8:23) Jólin nálgast og Larry fær óvænta heimsókn frá fyrrverandi kærustu og faðir Nelle, sem trúir því að hann sé jólasveinninn, kærir fyrrverandi vinnuveitendur sína.
**19.15 Identity** (10:12) Frumlegur skemmtiþáttur með grínistanum Penn Jillette þar sem þátttakendur reyna að tengja saman 12 ókunnugar manneskjur við lista með auðkennum þeirra.
**20.00 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
**20.45 ER** (18:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**21.30 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**22.15 The Best Years** (13:13) Framhaldsþættir um unglingstúlkuna Samönthu Best sem hefur þurft að flytja milli fósturheimila síðustu ár en er nú að hefja skólagöngu í virtum háskóla.
**23.05 Ally McBeal** (8:23)
**23.50 Oprah**
**00.35 Sjáðu**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** My Hero **10.30** My Hero **11.00** My Hero **11.30** My Hero **12.00** Any Dream Will Do **13.30** Any Dream Will Do **15.00** Robin Hood **15.45** Robin Hood **16.30** Doctor Who **17.15** New Tricks **18.05** Hustle **19.00** Ashes to Ashes **19.50** The Jonathan Ross Show **20.40** Lead Balloon **21.10** Lead Balloon **21.40** Lead Balloon **22.10** Extras **22.40** Extras **23.10** Extras **23.40** Extras

## DR 1

**10.00** Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Troldspejlet **11.30** Family Guy **11.55** Spam **12.20** Boogie Update **12.50** S P eller K **13.00** Fighter - Bag Kameraet **13.45** Cirkusrevyen 2008 **14.35** Flintesønnerne **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Julefandango **17.00** Mr. Bean **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Min Sport. Verdens bedste dansere **18.30** Pagten **19.00** Fætrene på Torndal **20.40** Kriminalkommissær Barnaby **22.20** Anne, dronning i tusind dage

## NRK 1

**10.20** V-cup skiskyting **11.50** V-cup langrenn **13.25** V-cup skiskyting **14.50** V-cup hopp **16.45** Sport i dag **17.00** Jul i Svingen **17.30** Krem Nasjonal **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Hvilket liv! **19.25** Kvitt eller dobbelt **20.20** Med hjartet på rette staden **21.05** Kvitt eller dobbelt **21.30** Viggo på lørdag **22.00** Kveldsnytt **22.15** Nattkino. Den Sjette Sansen

## SVT 1

**10.15** Vinterstudion **10.25** Skidskytte. Världscupen Östersund **11.40** Vinterstudion **11.45** Längdskidor. Världscupen Düsseldorf **13.15** Vinterstudion **13.25** Skidskytte. Världscupen Östersund **14.50** Vinterstudion **15.00** Handboll. Elitserien **16.35** Byss **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Disneydags **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Guds tre flickor **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Dansbandskampen **20.30** Robins **21.00** Alpint. Världscupen Lake Louise **21.45** Brottskod. Försvunnen **22.30** Nurse Jackie **23.00** Snatch




## PERSÓNAN

*Marvin Valdimarsson*



**Aldur:** 28 ára.
**Starf:** Starfar við auglýsinga- og skiltagerð.
**Foreldrar:** Valdimar Bragason prentari og Hafdís Marvinsdóttir, starfsmaður hjá Strók á Selfossi.
**Fjölskylda:** Kærastan heitir Arna Jónasdóttir, skrifta hjá Stöð 2, og þau eiga nýfætt barn.
**Búseta:** Kleppsvegur í Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Ljón.

Marvin, leikmaður Hamars, hefur slegið í gegn Iceland Express-deildinni í körfubolta og er stigahæsti íslenski leikmaðurinn.

# HBO kaupir Sólskinsdrenginn

Bandaríska sjónvarpsfyrirtækið HBO hefur keypt dreifingarréttinn að íslensku heimildarmyndinni Sólskinsdrengnum eftir Friðrik Þór Friðriksson. Myndin verður frumsýnd á einni af sjónvarpsrásum fyrirtækisins en HBO er eitt stærsta sjónvarpsfyrirtæki Bandaríkjanna, tilheyrir Warner-fjölmiðlaveldinu og nær til yfir 38 milljóna áskrifenda.

Margrét var auðvitað í skýjunum þegar Fréttablaðið náði tali af henni en það var fyrir tilstilli Rosie O'Donnell, sjónvarpskonunnar frægu, að hjólin fóru að snúast fyrir alvöru og HBO-samningurinn komst í höfn. Að sögn Margrétar kom hún á fundi við æðstu menn HBO en slíkt er víst nánast ógjörningur. „Rosie sá myndina og heillaðist algjörlega af henni. Þetta er náttúrlega ótrúlegt en Rosie er mjög stórt nafn hérna úti," segir Margrét sem sjálf hafði ekki hugmynd um hvers slags völd og áhrif sjónvarpskonan hefur.

HBO stefnir á að senda Sólskinsdrenginn í Óskarsforvalið fyrir þetta ár en slíkt kostar mikla peninga. Þeir gera sér vonir um að myndin kunni hljóta náð fyrir augum Akademíunnar. Margrét segir að bæði Rosie og Kate Winslet, sem talar inn á ensku útgáfuna af myndinni, ætli að leggja sitt á vogarskálarnar. „Þær vilja ljá þessum einhverfu börnum rödd og styðja við bakið á myndinni þegar hún verður frumsýnd." Sólskinsdrengurinn segir sögu Kela sem er einhverfur og baráttu móður hans, Margrétar, við að skilja bæði sjúkdóminn og þann hulda heim sem einhverfir búa við. **- fgg**





**Í STJÖRNUFANS** Sólskinsdrengurinn **Keli** heillar alla upp úr skónum, hvar sem hann stígur niður fæti. Nú hefur HBO keypt heimildarmyndina og ætlar sér stóra hluti með hana. Sjónvarpskonan **Rosie O'Donnell** hafði milligöngu um samninginn.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** nef, **6.** úr hófi, **8.** klettasprunga, **9.** meðal, **11.** strit, **12.** frumefni, **14.** losti, **16.** í röð, **17.** meiðsli, **18.** til viðbótar, **20.** komast, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** einnig, **4.** fúslega, **5.** varkárni, **7.** harðsnúinn, **10.** rotnun, **13.** slöngu, **15.** morð, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. gogg, 6. of, 8. gjá, 9. lyf, 11. at, 12. flúor, 14. girnd, 16. hí, 17. mar, 18. enn, 20. ná, 21. snúa.
**LÓÐRÉTT:** 1. golf, 3. og, 4. gjarnan, 5. gát, 7. fylginn, 10. fúi, 13. orm, 15. dráp, 16. hes, 19. nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Kristján Gauti Emilsson.
2 Þorbjörn Jensson.
3 Miðjan.is.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**BALDUR OG MJÖLL** Baldur Brjánsson ásamt tíkinni Mjöll sem fer með hlutverk í söngleiknum Oliver! í Þjóðleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BALDUR BRJÁNSSON: MJÖLL Á EFTIR AÐ SLÁ Í GEGN

# Töframannshundur í Oliver

„Þetta er svo góður hundur og vel upp alinn. Hann fer létt með þetta," segir töframaðurinn fyrrverandi, Baldur Brjánsson.

Tíkin hans, bolabíturinn Mjöll, leikur í söngleiknum Oliver! sem verður settur á fjalirnar í Þjóðleikhúsinu annan í jólum í leikstjórn Selmu Björnsdóttur. „Selma heimsótti mig einhvern tímann fyrir ári. Hún vissi að ég átti hund. Svo hringdu þeir frá Þjóðleikhúsinu og spurðu hvort þetta væri einhver möguleiki. Ég gaf náttúrlega grænt ljós á það með vissum skilyrðum," segir Baldur.

Mjöll verður í áberandi hlutverki sem hundur vonda karlsins Bills Sikes, sem Þórir Sæmundsson leikur, og verður hún ansi ófrýnileg með lepp fyrir öðru auganu. „Hún er mjög meðfærileg og stillt," segir Baldur og er sannfærður um að hún eigi eftir að slá í gegn í söngleiknum. „Hún er voðalega hlýðin og hún getur velt sér yfir og gert einhverjar kúnstir."

Baldur er mikill hundavinur og ekki er langt síðan hann átti tvo bolabíta og fimm hvolpa. Hafði hann í nógu að snúast á heimilinu við umönnun þeirra eins og Fréttablaðið greindi frá í fyrra. Síðan hefur ýmislegt breyst því bæði bolabítarnir og hvolparnir eru horfnir á braut. „Annar bolabíturinn dó og hinn fór á gott heimili. Í millitíðinni skipti ég um parket á allri íbúðinni því það var orðið svo illa farið," segir Baldur, sem í framhaldinu eignaðist hina þriggja ára Mjöll sem hann er ákaflega ánægður með.

Hún verður reyndar ekki eini hundurinn í sýningunni því staðgengill hennar verður nágrannahundur sjálfs Þjóðleikhússtjórans, Tinnu Gunnlaugsdóttur. **freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Halldór Baldursson**, einn fremsti skopmyndateiknari landsins, fagnaði útgáfu á nýrri bók sinni, Skuldadaga, með smáteiti á bóhemstaðnum Boston við Laugaveg. Halldór hafði útbúið yfir hundrað manna lista með þeim fyrirsætum sem bregður fyrir í bókinni og höfðu þeir allir fengið boðskort. Eins og gefur að skilja voru forkólfar úr viðskipta- og stjórnmálalífinu áberandi á þeim lista en fæstir úr þessum hópi létu sjá sig.



Af öðrum þekktum andlitum má nefna að ráðherrarnir Ragna Árnadóttir og Árni Páll Árnason ákváðu að láta sjá sig. Enda hafa þau kannski ekki verið vinsælt fallbyssufóður hjá skopmyndateiknaranum. **Svandís Svavarsdóttir** var einnig meðal gesta á Boston sem og Atli Gíslason. Gísli Marteinn Baldursson var einn örfárra úr borgarmálapólitíkinni sem létu sjá sig en hann var meðal fyrstu manna.



Ungfrú Reykjavík, **Magdalena Dubik**, hefur spilað á fiðlu með fjölda íslenskra poppara, eins kom nýverið fram í Fréttablaðinu. Björgvin Halldórsson, Raggi Bjarna og strákarnir í Skítamóral hafa allir notið liðssinnis hennar. Litlu munaði að Magdalena myndi spila á nýjustu plötu Hjaltalín, Terminal, og yrði þar hluti af fjörutíu manna sinfóníuhljómsveit. Því miður kom babb í bátinn því svínaflensan bankaði á dyrnar hjá dísinni og þurfti hún að afboða komu sína á síðustu stundu. **- fgg, fb**



Humar 2.000 kr/kg
Skatan er komin!
Vestfirsk Hnoðmör
Stór, pilluð Eldeyjar-rækja
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Ruxpin í mynd Juliens Temple

„Það var nú bara einhver pródúser við myndina sem gróf upp þetta lag. Það er eldgamalt. Ég vissi ekki neitt fyrr en þeir höfðu samband og vildu nota það í myndinni," segir raftónlistarmaðurinn Jónas Þór Guðmundsson, eða Ruxpin eins og hann kallar sig. Lag hans „Watch the Packard" er notað í heimildarmynd Juliens Temple, Requiem for Detroit, sem verður sýnd á BBC 2. janúar. Julien er breskur kvikmyndagerðarmaður sem á að baki verk eins og The Future Is Unwritten um Joe Strummer úr The Clash og The Filth and the Fury um Sex Pistols.

„Þetta er heimildarmynd um hvernig Detroit blómstraði með bílaiðnaðinum og hvernig borgin sökk svo í sæ. Þeir ætla að senda mér DVD fyrir frumsýninguna."

Jónas getur ekki svarað því hvort BBC borgi almennilega. „Plötufyrirtækið sem gaf þetta út sér um það allt. Þeir borguðu mér bara ákveðnar fyrirframgreiðslur á sínum tíma og það kemur í ljós hvort greiðslan fari yfir það. Ég fæ ekki að vita neitt. Svona er þetta bara."

Margt fleira er í gangi hjá Ruxpin. „Fljótlega eftir jól kemur út safnplata með endurhljóðblöndunum listamanna á lögunum mínum. Þetta eru listamenn eins og Biogen, Worm Is Green, Galaktlan og Leon Somov, sem á dögunum var tilnefndur til „MTV EMA Best European Act"-verðlaunanna. Svo ætlar bandaríska plötufyrirtækið n5MD að gefa út plötuna Where Do We Float from Here? á disk um mánaðamótin mars/apríl." **- drg**



**ALLT Í GANGI** Jónas Þór Guðmundsson er Ruxpin. Lag með honum hefur ratað inn í heimildarmynd eftir Julien Temple. MYND/ERNIR EYJÓLFSSON




## Nýkomin sending af sófasettum, stökum sófum og stólum í leður- og tauáklæði



Gaia: 3+1+1 Camel og drapplitað tauáklæði.
Gaia: 3+1+1 Creme og antikbrúnt leðuráklæði.



Islandia borðstofulínan frá Spáni.
Fáanleg í eik og hnotu, öll borð stækkanleg.



A-529: Snúningsstóll.
Leður: Hvítt, svart og brúnt.



601: 3+1+1 / 3+2. Leður: Hvítt, svart og brúnt.



1195: 3+1+1 / 3+2. Leður: Hvítt, svart og brúnt.



1173: 3+1+1. Leður: Hvítt, svart og brúnt.

HEIMA HÚSIÐ

heima Öndvegi mood lifum

**Opið í dag, laugardag 11-16, á morgun, sunnudag 13-16.**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Geir eða Geir

Sem viðmælendur hjá Heimi og Sollu (með Heimi Karlssyni var Sólveig Bergmann, staðgengill Kollu) í þættinum Í bítið á Bylgjunni í gær mættu fjölmiðlamennirnir Óli Björn Kárason og Heimir Már Pétursson. Þeir fóru yfir fréttir vikunnar. Vera kann að hjarta einhverra hlustenda hafi tekið kipp þegar Heimir Már sagði umræðu um Icesave í raun hafa staðið ógnarlengi, allt frá því Geir Hallgrímsson var forsætisráðherra. Þegar hann bætti við „í október 2008“ varð ljóst að hann átti vitanlega við Geir Haarde.



### Svitameistari andstöðu

Svanhildur Hólm, nýráðinn framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðismanna, fylgdist fránum augum með blaðamannafundi stjórnarandstöðunnar í gær. Engir aðstoðarmenn fylgdu formanni Framsóknar, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Því hefur hann eflaust verið þakklátur Svanhildi, þegar hún áminnti „suma“ um að þurrka framan úr sér svitann. Sigmundur varð við þessu, en ekki nógu vel að hennar mati. Hún kallaði hann því til sín, og frá blaðamönnum, til að klára verkið. Svona mætti hann ekki sjást í sjónvarpinu.



### Áritar ekki með blóði

**Hugleikur Dagsson** áritar bókina 1001 okkur í Eymundsson í Austurstræti í dag klukkan 14. Bókin er mjög vegleg – níu sentimetra þykk, vegur kíló og inniheldur safn listaverka Hugleiks. Starfsfólk Forlagsins reyndi að fá Hugleik til að árita bækurnar með blóði sínu, en hann neitaði því. Ekki af neinum siðferðislegum ástæðum heldur taldi hann að blóðið myndi ekki líta nógu vel út þegar það væri þornað á bókunum. **- fb, afb**



## Mest lesið visir.is

1. Obama hugsanlega á leið til Íslands
2. Catalina aftur í gæsluvarðhald vegna vændismáls
3. Stálu peningum en týndu dópinu
4. Eiður Smári stefnir mögulega DV
5. „Drepum bin Laden“





